

# Úttekt á stjórnarsýslu, rekstri og fjármálum Seltjarnarnesbæjar og tillögur

---

## Seltjarnarnesbær Unnið fyrir bæjarstjórn

---

# Samantekt

---

## Inngangur

- Að beiðni bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar tók HLH ehf. að sér að gera úttekt á stjórnslu, rekstri og fjármálum Seltjarnarnesbæjar með það að markmiði að koma fram með tillögur að hagræðingu í stjórnslu og rekstri, þannig að reksturinn skili meiri framlegð, m.a. til að standa undir afborgunum lána, nýjum framkvæmdum og aukinni þjónustu.

## Íbúaföldi

- Eins og tafla 1 sýnir fjölgaði íbúum á landinu öllu um 11,8% á tímabilinu frá 2009 til 2019, þegar fjölgaði um 5,9% í Seltjarnarnesbæ og um 13,4% á höfuðborgarsvæðinu samtals.
- Eins og fram kemur á mynd 1 fjölgar íbúum höfuðborgarsvæðisins samtals hlutfallslega meira öll árin nema árið 2018 þegar fjölgunin var hlutfallslega meiri í Seltjarnarnesbæ.

## Skuldir sveitarfélaga

- Eins og mynd 5 sýnir var Reykjanesbær skuldugasta sveitarfélagið í árslok 2018 miðað við skuldir sem hlutfall af tekjum, eða 209,7%. Seltjarnarnesbær var samkvæmt þessu í 19. sæti í árslok 2018 með hlutfallið 110,9%.
- Rétt er að vekja athygli á því að einungis sex sveitarfélög voru með skuldir sem hlutfall af tekjum, skuldahlutfall, hærri en 150% í árslok 2018. Til samanburðar má geta þess að í árslok 2008 voru 24 sveitarfélög með hærra skuldahlutfall en 150%.

## Skuldir Seltjarnarnesbæjar

- Skuldahlutfall A-hlutans var hæst árið 2009, eða 86%.
- Árið 2018 var skuldahlutfall A-hluta komið niður í 80%.
- Skuldahlutfall A- og B-hluta samtals var hæst árið 2018, eða 111%.

## Veltufé og handbært fé frá rekstri og fjárhreyfingar

- Frá árinu 2015 til loka árs 2018 hefur veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum verið undir 10% og hefur það ekki verið svo lágt í jafn langan tíma á því tímabili sem skoðað var.
- Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum var 0,02% árið 2018 hjá A-hluta.
- Árin 2017 og 2018 var veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum, A- og B-hluta samtals, 3,4% og 4,8% hvort ár.
- Á 17 ára tímabili, þ.e. árin 2002 til 2018 tók A-hlutinn einungis lán árin 2003, 2004 og 2018, þ.e. þrisvar sinnum. Lántaka árið 2018 er að stórum hlut vegna byggingar hjúkrunarheimilis sem ríkið síðan leigir af Seltjarnarnesbæ.

## Fjárheimild samkvæmt fjárhagsáætlun

- Eins og tafla 11 sýnir er heildarniðurstaða rauntalna A-hluta neikvæðari en áætlun gerði ráð fyrir. Hins vegar var niðurstaða á rekstri B-hluta stofnana betri en áætlun gerði ráð fyrir.
- Samtals var halli á rekstri A-hlutans um 264 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var neikvæð um 174 milljónir króna árið 2018.
- Í krónum talið fór eignasjóður mest umfram fjárheimild, eða 109 milljónir króna. Næst koma fræðslu- og uppeldismál, þar sem farið var 105 milljónir króna fram úr fjárheimildum. Síðan er félagsþjónustan sem fór 55 milljónir króna fram úr fjárheimildum.
- Samtals fara málaflokkar nettó 265 milljónir króna fram úr fjárheimildum árið 2018.
- Eins og mynd 6 sýnir var tala sveitarfélaga, sem rekin voru með halla, um og yfir 40 á árunum fyrir 2012 með einni undantekningu árið 2007. Einnig hefur hlutfall þessara sveitarfélaga af heildar fjölda sveitarfélaga á þessum tímabili verið um og yfir 40%. Fór hæst í 74% árið 2003.
- Ljóst er að mikil breyting hefur átt sér stað á s.l. árum hvað rekstrarafkomu sveitarfélaga varðar, þar sem sveitarfélögum með neikvæða afkomu hefur farið fækkandi frá og með árinu 2012 með undantekningu árið 2015.
- Árin 2016 og 2017 voru sveitarfélög, sem voru með neikvæða afkomu, A- og B-hluta samtals, fimm hvort ár. Hins vegar fjölgaði um þrjú árið 2018 og voru samtals átta sveitarfélög rekin með halla það ár.
- Þegar samstæðureikningurinn er skoðaður, þ.e. A- og B-hluti samtals, var halli á rekstri Seltjarnarnesbæjar í 6 ár á þessu tímabili, þ.e. árin 2002, 2008, 2009, 2015, 2017 og 2018.

## Tekjur

- Eins og tafla 13 sýnir var eitt sveitarfélag með lægri skatttekjur á hvern íbúa árin 2017 og 2018 en Seltjarnarnesbær.
- Árið 2018 voru skatttekjur á hvern íbúa hjá Seltjarnarnesbæ 765 þúsund krónur. Hæstar voru skatttekjurnar í Fjarðabyggð þar sem þær voru 1.015 þúsund krónur á hvern íbúa.
- Eins og fram kemur í töflu 14 voru útsvarstekjur á íbúa hæstar hjá Seltjarnarnesbæ af samanburðar sveitarfélögum. Hins vegar var fasteignaskattur á hvern íbúa lægstur hjá Seltjarnarnesbæ.
- Seltjarnarnesbær var með lægsta framlagið frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga samtals í þessum samanburði, eða 33.217 krónur. Er framlagið langt undir meðaltali þessara 11 sveitarfélaga og landsmeðaltalinu á hvern íbúa.
- Eins og tafla 17 sýnir voru þrjú sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögum með hærri tekjur á hvern íbúa en Seltjarnarnesbær þegar útsvar og fasteignaskattur með tekjujöfnunarframlagi og framlagi til jöfnunar fasteignaskattstekna eru borin saman.

## Laun

- Eins og tafla 22 sýnir var eitt af samanburðar sveitarfélögum með laun sem hlutfall af tekjum hærri en hjá Seltjarnarnesbæ árið 2018.
- Hlutfall launa af tekjum hjá Seltjarnarnesbæ var 59% árið 2018, til samanburðar var

það að meðaltali fyrir þessi 11 sveitarfélög 52% og að meðaltali fyrir öll sveitarfélög á landinu var það einnig 52%.

- Árið 2018 voru fimm af samanburðar sveitarfélögum með lægri launakostnað á hvern íbúa en Seltjarnarnesbær.
- Eins og fram kemur í töflu 26 hækka laun, sem greidd voru vegna veikinda starfsmanna, um 34% á milli áráanna 2017 og 2018.
- Árið 2018 voru skráð veikindalaun samtals sem hlutfall af föstum launum og dagvinnulaunum 6,59%.

### Stöðugildi

- Miðað við 1. apríl 2019 voru samtals 269,6 stöðugildi hjá Seltjarnarnesbæ, A- og B-hluti.
- Frá árinu 2012 til 2019 fjölgaði stöðugildum hjá Seltjarnarnesbæ um 53,3. Á sama tíma fjölgaði íbúum um 351 og fækkaði um 2,6 íbúa á hvert stöðugildi á þessu tímabili.
- Á milli áráanna 2018 og 2019 fjölgaði stöðugildum um 27,7 þegar íbúum fjölgaði um 89, eða hlutfallsleg aukning stöðugilda um 11% þegar hlutfallsleg fjölgun íbúa var 2%.
- Árið 2012 voru 19,9 íbúar á hvert stöðugildi hjá Seltjarnarnesbæ. Árið 2019 voru 17,3 íbúar á hvert stöðugildi.

### Annar rekstrarkostnaður

- Eins og tafla 29 sýnir var hlutfall annars rekstrarkostnaðar af tekjum hæst hjá Seltjarnarnesbæ árið 2018, eða 42%, af samanburðar sveitarfélögum.
- Til mikils er að vinna að ná öðrum rekstrarkostnaði niður. Ætla má að það sé hægt, t.d. með útboðum. Líka má gera ráð fyrir að hægt sé að ná þessum kostnaði niður að einhverju leyti með hagræðingu án þess að skerða þjónustu. Má þar nefna til viðbótar við útboð aukna eftirfylgni og aga með innkaupum, endurskipulagningu á ræstingum o.s.frv.

### Stjórnsýslan

- Eins og fram kemur á mynd 8 heyra átta starfsmenn beint undir bæjarstjóra. Fjöldi verkefna er nokkuð mismunandi á milli þessara starfsmanna.

### Fjárhags- og stjórnsýslusvið

- Á fjárhags- og stjórnsýslusviði eru samtals átta stöðugildi.

### Fræðslusvið

- Eins og fram kemur á mynd 11 heyra samtals 182,72 stöðugildi undir fræðslusvið, þar með talinn sviðsstjóri.
- Eins og fram kemur í töflu 34 rúmlega tvöfaldast kostnaður við kaup á sálfræði- og talmeinafræðiþjónustu vegna leik- og grunnskóla á milli áráanna 2016 og 2018. Var samtals 6.229 þúsund krónur árið 2016 en 12.989 þúsund krónur árið 2018.
- Frístundamiðstöðin er með þrennskonar starfsemi. Yngri barnastarf fyrir 6 til 9 ára nemendur í grunnskólanum (1. til 4. bekkur), frístund, félagsmiðstöðin er fyrir

nemendur 10 til 16 ára (5. til 10. bekkur) og Ungmennaráð tengist félagsmiðstöðinni. Síðan er félagsstarf eldri íbúa, sem var flutt á fræðslusviðið s.l. sumar (2019).

- Eins og tafla 36 sýnir aukast útgjöldin nokkuð árið 2018 vegna dagvistunar í heimahúsum. Voru 13,9 milljónir króna árið 2016 en 40 milljónir króna árið 2018, eða aukning um 140%. Skýringu á mikilli kostnaðaraukningu að sögn fræðslustjóra á milli árána 2017-2018 má að hluta rekja til þess að frá 1. mars árið 2018 voru teknar upp svokallaðar heimgreiðslur til foreldra barna sem voru á biðlista eftir plássi í daggæslu eða leikskóla.

### Leikskóli Seltjarnarness

- Leikskóli Seltjarnarness er 12 deilda leikskóli.
- Í leikskólanum eru 223 börn (október 2019). Þau eru á aldrinum frá 15 mánaða þegar þau yngstu komu inn í lok ágúst hvert ár.
- Í þessum samanburði, tafla 39, var einn leikskóli með hærri laungjöld á hvert HDÍG en Leikskóli Seltjarnarness.
- Mánaðarlaun hækkuðu um 16% á milli árána 2017 og 2018 á leikskólanum. Það sem vekur athygli er mikil hækkun á yfirvinnu en hún tvöfaldaðist á milli þessara ára. Á milli árána 2016 og 2018 rúmlega þrefaldast yfirvinnan.
- Vörukaup almennt hækka einnig nokkuð mikið á milli þessara ára, eða um 32% á milli árána 2017 og 2018 og um 64% á milli árána 2016 og 2018.
- Veikindalaun voru samtals 36.247 þúsund krónur árið 2018, eða 10,4% af mánaðarlaunum. Veikindalaunin voru 32.289 þúsund krónur árið 2017, eða 10,8% af mánaðarlaunum. Þannig voru veikindalaun sem hlutfall af mánaðarlaunum nokkuð áþekk bæði þessi ár.
- Fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi var 3,2 árið 2018 samanborið við 3,9 árið 2013 hjá Leikskóla Seltjarnarness.

### Grunnskóli Seltjarnarness

- Eins og fram kemur á töflu 47 voru stöðugildin samtals 83,1 í október 2019 við Grunnskóla Seltjarnarness.
- 18 umsjónarkennarar skipta með sér að fylgja nemendum í mat. Sumir eru að fylla upp í vinnuskyldur sínar með því.
- Það vekur athygli á töflu 48 hvað útgjöldin aukast mikið á tímabilinu 2016 til 2018 hjá Grunnskóla Seltjarnarness.
- Launagjöldin aukast um 19% á milli árána 2016 og 2018, vörukaup um 61% og þjónustukaup án innri leigu um 9%. Samtals hækkaði rekstrarkostnaðurinn um 17% á tímabilinu. Á milli árána 2016 og 2018 hækkaði vísitala neysluverðs um 4,5%.
- Eins og tafla 49 sýnir var einn skóli með hærri launagjöld í þessum samanburði í krónum talið en Grunnskóli Seltjarnarness.
- Annar rekstrarkostnaður var hæstur hjá Grunnskóla Seltjarnarness

- Þegar nettó rekstrarkostnaður samtals án innri leigu er borinn saman var sá kostnaður hæstur hjá Grunnskóla Seltjarnarness og munar þar nokkru.
- Lægstur var kostnaðurinn hjá Akurskóla í Reykjanesbæ, þar sem hann var 547 milljónir króna samanborið við 865 milljónir króna hjá Grunnskóla Seltjarnarness, eða mismunur sem nemur 318 milljónum króna. Í Akurskóla voru 546 nemendur samanborið við 551 nemanda í Grunnskóla Seltjarnarness.
- Þegar stöðugildin samtals eru skoðuð var einn skóli með færri nemendur á hvert stöðugildi samtals en Grunnskóli Seltjarnarness.
- Eins og fram kemur í töflu 54 hækkar yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum á milli árána 2017 og 2018.
- Hlutfallið fyrir kennara var 9,4% árið 2017 en 11,4% árið 2018. Eða hækkun um 2 prósentustig, sem samsvarar 7.838 þúsund krónum. Yfirvinna annarra starfsmanna hækkar einnig á milli árána, eða úr 5,4% stigum í 5,7%.
- Eins og fram kemur á töflu 55 voru 21% af launaútgjöldum Grunnskóla Seltjarnarness vegna annarra starfsmanna. Meðaltalið fyrir grunnskóla Garðabæjar var 17%.

#### Tónlistarskóli Seltjarnarness

- Við tónlistarskólann eru um 190 nemendur í einkakennslu og 100 í forskóla 1. og 2. bekk grunnskólans.

#### Mötuneyti Leik- og grunnskóla Seltjarnarness

- Mötuneytið er með 12 starfsmenn í 11,25 stöðugildum. Þrír starfsmenn eru í leikskólanum, tveir í Valhúsaskóla og 6,25 stöðugildi í eldhúsinu í Mýrarhúsaskóla.
- Ekki hefur farið fram formlegt útboð vegna matar- og hráefniskaupa en leitað hefur verið verðtilboða.
- Eins og fram kemur í töflu 58 kostaði rekstur mötuneytisins 146 milljónir króna árið 2016 og 164 milljónir króna árið 2018. Dreginn hefur verið frá kostnaður vegna innri viðskipta.
- Miðað við uppgefinn hámarks fjölda þeirra sem hafa verið í mat, en ekki liggur fyrir nákvæm skráning um fjölda þeirra sem fá mat í hvert skipti, áætlast að kostnaður við hverja máltíð sé um 1.000 krónur.

#### Æskulýðs- og tómstundafulltrúi

- Samtals eru stöðugildin sem heyra undir frístundamiðstöð Seltjarnarness 17,25.
- Eins og fram kemur á skipuritinu, mynd 13, skiptist starfsemi æskulýðs- og tómstundafulltrúa í þrjár einingar, þ.e. barnastarf, unglingsstarf og félagsstarf eldri borgara.
- Undir barnastarfið heyrir frístundaheimilið, sumarskólinn og sumarnámskeið.
- Starfsemi frístundaheimilisins fer fram í Mýrarhúsaskóla og er fyrir nemendur 1. til 4. bekkjar.

- Starfsemin fer fram á tveimur stöðum innan skólans vegna þrengsla.
- Þannig má ljóst vera að eftir kl. 14:00 eru færri börn í frístund (Skjól) á hvern starfsmann en gert er ráð fyrir nema á tímabilinu frá kl. 16:00 til 16:15.
- Eins og tafla 59 sýnir eru útgjöld vegna frístundar að hækka umtalsvert á milli þessara ára. Fara úr 19,6 milljónum króna nettó árið 2016 í 45,2 milljónir króna ári 2018, eða hækka um 131% á milli þessara tveggja ára.
- Launagjöldin nánast tvöfaldast á milli áráanna 2016 og 2018, eða hækka um 92%.
- Eins og fram kemur á töflunni kostuðu sumarnámskeið innan við 7 milljónir króna að frádregnum námskeiðsgjöldum árin 2016 og 2017 en fara í rúmar 9 milljónir króna árið 2018, eða hækkan um 35% á milli áráanna.
- Undir unglिंगastarfið heyrir félagsmiðstöð, ungmennahús, ungmennaráð og sumarstarf unglinga. Forstöðumaður unglिंगastarfs veitir þessum einingum forstöðu. Starfsemi unglिंगastarfsins fer fram að Suðurströnd í kjallara heilsugæslustöðvarinnar.
- Forvarnarstarf heyrir undir félagsþjónustusvið en reyndin hefur verið að æskulýðs- og tómsundafulltrúi hefur farið með þau mál ásamt grunnskólanum að sögn æskulýðs- og tómsundafulltrúa.

### Íþrótt- og tómsundafulltrúi

- Íþrótt- og tómsundafulltrúi er í 50% starfi.
- Tómsundamál hafa að mestu færst frá íþrótt- og tómsundafulltrúa yfir á fræðslusvið þar sem æskulýðs- og tómsundafulltrúi annst þau verkefni.
- Af íþróttamannvirkjunum heyrir sundlaugin undir íþrótt- og tómsundafulltrúa.

### Sundlaug Seltjarnarness

- Sundlaug Seltjarnarness er opin frá kl. 6:30 til kl. 22:00 á virkum dögum. Um helgar er opið frá kl. 8:00 til 19:30.
- Vaktstjórar eru þrír og einn yfirvaktstjóri sem hefur meiri ábyrgð en aðrir vaktstjórar varðandi viðhald og umsjón sundlaugarbúnaðar og sinnir ýmsu viðhaldi fram yfir það sem kemur fram í starfslýsingu.
- Eins og fram kemur í töflu 63 hækka launagjöld nokkuð á milli áráanna 2016 til 2018, eða um 33%, hjá Sundlaug Seltjarnarness. Launagjöld hækkuðu um 20% á milli áráanna 2017 og 2018 þegar launavísitala opinberra starfsmanna hjá sveitarfélögum hækkaði um 5,2%.
- Vakin er athygli á háu hlutfalli yfirvinnu af mánaðarlaunum, eða 56% árið 2018. Yfirvinna hækkaði um 31% á milli áráanna 2017 og 2018.
- Vöru- og þjónustukaup hækkuðu nokkru meira en almennar verðlagshækkanir voru á milli þessara ára hjá Sundlaug Seltjarnarness.



- Vörukaup hækkuðu um 6% á milli áráanna 2017 og 2018 og um 13% á milli áráanna 2016 og 2018. Síðan hækkuðu þjónustukaup samtals um 14% á milli áráanna 2016 og 2018. Vísitala neysluverðs hækkaði um 2,7% á milli áráanna 2017 og 2018 og um 4,5% á milli áráanna 2016 og 2018.

### Menningar- og samskiptasvið

- Undir meginábyrgð menningar- og samskiptasvið falla annars vegar menningarmál bæjarins og hins vegar samskipta- og almannatengsl.
- Félagsheimili Seltjarnarness er í eigu bæjarins og hefur sviðsstjórinn haft ákveðna umsjón með því en einnig þjónustumiðstöðin. Til fjölda ára hefur Veislan haft umsýslu með félagsheimilinu en málefni þess hafa verið í ákveðnum lamasessi, skortur er á viðhaldi og ábyrgð.
- Félagsheimilið er farið að láta verulega á sjá vegna þess að ekki hefur verið sett mikið fjármagn í viðhald á því á undanförunum árum.
- Lækningaminjasafnið er í eigu Seltjarnarnesbæjar en ríkið og læknafélögin lögðu fjármagn í það á sínum tíma.
- Ráðagerði er eitt elsta hús Seltjarnarnesbæjar og það sem stendur vestast á Nesinu.
- Í Nesstofu er engin starfsemi, Þjóðminjasafnið á húsið en Seltjarnarnesbær hefur gert umsýslusamning við Þjóðminjasafnið varðandi umsjón með húsnæðinu.
- Heimasíða bæjarfélagsins heyrir undir skjalastjóra, sem heyrir undir fjármála- og stjórnsýslusvið.

### Bókasafn Seltjarnarness

- Bókasafnið heyrir undir sviðsstjóra menningar- og samskiptasviðs og er menningar-, mennta- og upplýsingastofnun.
- Stöðugildi fastra starfsmanna við Bókasafn Seltjarnarness eru 4,3.
- Við bókasafnið er ekki starfandi forstöðumaður heldur er sviðsstjóri menningarsviðs yfir safninu.
- Eins og tafla 64 sýnir voru útlán samtals 54.544 allt árið hjá Bókasafni Seltjarnarness. Flest voru útlánin í júlí, en þá voru þau 5.406. Fæst voru útlánin í desember, eða 3.959.
- Eins og mynd 17 sýnir voru útlánin flest á tímabilinu frá kl. 16:00 til 16:59 allt árið 2018, eða 9.198 bækur. Heildarútlánin voru 54.544. Þannig voru útlánin á þessari klukkustund 17% af útlánunum samtals yfir árið.
- Á opnunartíma safnsins voru útlánin fæst frá kl. 18:00 til 18:59, eða 3.838 allt árið.
- Eins og mynd 18 sýnir fjölgaði útlánunum á milli áráanna 2008 og 2009. Síðan hefur útlánunum farið fækkandi fram til ársins 2018 með tveimur undantekningum þegar útlánunum fjölgaði á milli ára. Á milli áráanna 2011 og 2012 fjölgaði útlánunum og svo aftur á milli áráanna 2017 og 2018.



## Byggingarfulltrúi

- Byggingarfulltrúi hefur notið aðstoðar með ýmis stjórnarsýslumál hjá lögfræðingi sem starfar á fjármála- og stjórnarsýslusviði.
- Að mati byggingarfulltrúa miðað við verkefnastöðuna í október 2019 telur hann að starfið eigi ekki að vera meira en 50% starf til framtíðar litið.
- Fyrirsjáanlegar eru breytingar verksviði byggingarfulltrúa með hliðsjón af breytingum sem gerðar hafa verið á byggingarreglugerð. Þannig að draga mun nokkuð úr umfangi starfsins frá því sem það hefur verið almennt hjá sveitarfélögum.

## Umhverfissvið

- Undir umhverfissvið heyrar allar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins, þjónustumiðstöð, garðyrkjustjóri, fráveita, vatnsveita, hitaveita og eignasjóður.
- Starfsmenn þjónustumiðstöðvar og hitaveitu eru 12. Síðan er sviðsstjóri á umhverfissviðinu, eða samtals 13 starfsmenn.
- Hjá þjónustumiðstöð eru þrjú vélamenn, sem eru á öllum tækjum hjá þjónustumiðstöðinni. Einn af þessum starfsmönnum á traktorsgröfu, tvær beltavélar (misstórar) sem leigðar eru af sveitarfélaginu, sem hann vinnur á og hinir tækjamennirnir einnig undir umsjón viðkomandi.
- Samkvæmt yfirliti á töflu 66 hefur þjónustumiðstöðin 10 bifreiðar til ráðstöfunar.
- Eins og fram kemur á töflu 67 voru heildargjöld vegna bifreiða og tækja þjónustumiðstöðvar og tengdra stofnana án afskrifta 7.117 þúsund krónur árið 2018. Eldsneytiskostnaður var samtals 1.932 þúsund krónur og tryggingar 1.597 þúsund krónur.
- Eldsneytiskostnaður á vélar og tæki var a.m.k. samtals 639 þúsund krónur.
- Þá standa eftir 1.293 þúsund krónur sem var eldsneytiskostnaður vegna 10 bifreiða.
- Viðhald véla og tækja hjá þjónustumiðstöð var samtals 2.437 þúsund krónur samanborið við að eldsneytiskostnaður vegna þessara tækja var samtals 608 þúsund krónur.
- Þjónustumiðstöð að Austurströnd 1 er í leiguhúsnæði. Í húsnæðinu eru leigðir 420,83 m<sup>2</sup> fyrir þjónustumiðstöðina, þar af eru 225 m<sup>2</sup> vegna skrifstofuástöðu, matsalar starfsmanna og tveggja fundarherbergja, ætlaðir starfsmönnum vegna matar o.s.frv. og 188,15 m<sup>2</sup> sem er vinnuástaða auk hlutdeildar í sameign 15,36 m<sup>2</sup>.
- Mánaðarleiga miðað við nóvember 2019 var 552.030 kr. krónur vegna skrifstofuástöðu, matsalar o.fl. og 262.154 kr. vegna vinnuástöðu, eða samtals 814.184 krónur. Miðað við heilt ár gerir það íársleigu upp á 9.770 þúsund krónur.
- Þrjú sveitarfélög voru með færri íbúa á hvert stöðugildi en Seltjarnarnesbær í þessum samanburði, sjá töflu 68.
- Útgjöld þjónustumiðstöðvar hækkuðu um 14% á milli árána 2017 og 2018, sjá töflu 69.

- Launagjöld þjónustumiðstöðvar hækkuðu um 24% á milli ára 2017 og 2018, sjá töflu 69. Á milli þessara ára hækkaði launavísitala opinberra starfsmanna hjá sveitarfélögum um 5,2%.
- Eins og tafla 71 sýnir voru samhlöð launagjöld vegna þjónustumiðstöðvar og tengdra stofnana 179 milljónir króna árið 2018. Launagjöldin hækkuðu um 14% á milli ára 2017 og 2018 og 31% á milli ára 2016 og 2018.

#### B-hluta stofnanir

#### Félagslegar leiguíbúðir

- Mynd 20 sýnir rekstrarreikning félagslegs íbúðarhúsnæðis á Seltjarnarnessi árið 2018. Eins og sjá má á rekstrarreikningnum var halli af starfseminni bæði árin 2017 og 2018. Árið 2017 var rekstrarafkoman neikvæð um 14,1 milljónir króna. Reikningurinn fyrir árið 2018 sýnir neikvæða afkomu upp á 10,4 milljónir króna.

#### Vatnsveita Seltjarnarness

- Rekstrarreikningur Vatnsveitu Seltjarnarness fyrir árið 2018 sýnir góða rekstrarniðurstöðu og efnahagsreikningurinn sýnir að fjárhagslegstaða Vatnsveitu Seltjarnarness er sterk.
- Vatnsveita Seltjarnarness er skuldlaus og greiddi 25 milljónir króna í arð fyrir rekstrarárið 2018. Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 13,4 milljónir kr.

#### Fráveita Seltjarnarness

- Rekstrarniðurstaða Fráveitu Seltjarnarness árið 2018 var jákvæð um 78,1 milljón króna samanborið við 37,7 milljónir króna árið 2017.
- Veltufé frá rekstri var 108,1 milljónir króna árið 2018. Samanborið við 60,7 milljónir króna árið 2017. Þannig hækkaði veltufé frá rekstri um 48 milljónir króna á milli ára.
- Í árslok 2018 skuldaði Fráveita Seltjarnarness aðalsjóði 442 milljónir króna.

#### Hitaveita Seltjarnarness

- Rekstrarniðurstaða Hitaveitu Seltjarnarness var jákvæð um 12,2 milljónir króna.
- Langtímaskuldir Hitaveitu Seltjarnarness voru 239 milljónir króna í árslok 2018.

# Efnisyfirlit

<b>GREINING</b> .....	<b>13</b>
INNGANGUR.....	13
ÍBÚAFJÖLDI .....	13
SKULDIR SVEITARFÉLAGA .....	17
SKULDIR SELTJARNARNESBÆJAR .....	18
VELTUFÉ OG HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI OG FJÁRHREYFINGAR .....	22
FJÁRHEIMILD SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN .....	24
TEKJUR.....	29
LAUN.....	35
STÖÐUGILDI .....	38
ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR .....	39
STJÓRNSÝSLAN.....	40
FJÁRHAGS- OG STJÓRNSÝSLUSVIÐ .....	42
FRÆDSLUSVIÐ .....	51
LEIKSKÓLI SELTJARNARNESS .....	54
GRUNNSKÓLI SELTJARNARNESS .....	63
TÓNLISTARSKÓLI SELTJARNARNESS.....	73
MÖTUNEYTI LEIK- OG GRUNNSKÓLA SELTJARNARNESS .....	75
ÆSKULÝÐS- OG TÓMSTUNDAFULLTRÚÍ .....	77
ÍBRÓTTA- OG TÓMSTUNDAFULLTRÚÍ.....	86
MENNINGAR- OG SAMSKIPTASVIÐ .....	89
BÓKASAFN SELTJARNARNESS .....	93
BYGGINGARFULLTRÚÍ .....	96
UMHVERFISSVIÐ.....	98
<b>B-HLUTA STOFNANIR</b> .....	<b>112</b>
FÉLAGSLEGT ÍBÚÐARHÚSNÆÐI Á SELTJARNARNESI .....	112
VATNSVEITA SELTJARNARNESS .....	112
FRÁVEITA SELTJARNARNESS .....	113
HITAVEITA SELTJARNARNESS .....	114
HJÚKRUNARHEIMILIÐ SELTJÖRN .....	115
LÆKNAMINJASAFNIÐ.....	115
<b>TILLÖGUR</b> .....	<b>116</b>
1. LANGTÍMASKULDIR .....	116
2. REKSTUR B-HLUTA STOFNANA VERÐI GERÐUR SJÁLFBÆR.....	116
3. FJÁRHEIMILDIR SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN .....	116
4. VINNA VIÐ GERÐ FJÁRHAGSÁÆTLUNAR.....	117
5. FJÁRHAGSÁÆTLUN .....	117
6. GREINARGERÐ MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN .....	117
7. GREIÐSLUÁÆTLUN .....	118
8. ÁÆTLUN UM SJÓÐSSTÖÐU .....	118
9. REGLULEGIR FUNDIR .....	118
10. REGLULEGIR FUNDIR BÆJARSTJÓRA MEÐ ÆÐSTU STJÓRNENDUM.....	119
11. FUNDIR VEGNA FJÁRHAGSÁÆTLUNAR OG ÁRSREIKNINGS .....	119
12. SAMÞYKKT REIKNINGA UMFRAM FJÁRHEIMILD .....	119
13. VIÐAUKAR .....	120
14. FJÁRHAGSÁÆTLUN SEGIR TIL UM FJÁRHEIMILD .....	120
15. VEIKINDI.....	120
16. HLUTFALL LAUNA AF TEKJUM SVEITARFÉLAGSINS .....	121
17. FJÖLDI STÖÐUGILDA SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN .....	121
18. FJÖLGUN STÖÐUGILDA.....	121
19. ÚTBOÐ .....	121
20. ÖRYGGISGÆSLA.....	122
21. ORKUNOTKUN .....	122

22. VIÐSKIPTAKORT OG KREDITKORT .....	123
23. KAUP Á MEÐLÆTI MEÐ KAFFI .....	123
24. FERÐAKOSTNAÐUR .....	124
25. MANNAUÐSSTJÓRI .....	124
26. GREIÐSLA REIKNINGA Á BÆJARSKRIFSTOFU .....	124
27. GÖGN FYRIR FUNDI NEFNDA, BÆJARRÁÐS OG BÆJARSTJÓRNAR .....	124
28. STÖÐUGILDI Á FJÁRHAGS- OG STJÓRNSÝSLUSVIÐI .....	124
29. SUMARSTARFSFÓLK Á BÆJARSKRIFSTOFU .....	125
30. DAGLEG LOKUN LEIKSKÓLANS .....	125
31. YFIRVINNA Á LEIKSKÓLANUM .....	125
32. FJÓLDI STÖÐUGILDA Á LEIKSKÓLA SELTJARNARNESS .....	125
33. GÆSLA MEÐ NEMENDUM Í MAT .....	126
34. STÖÐUGILDI ANNARRA STARFSMANNA .....	126
35. STÖÐUGILDI KENNARA, STJÓRNENDA OG ANNARRA FAGMENNTARA STARFSMANNA .....	126
36. STÖÐUGILDI RITARA .....	126
37. SAMKENNSLA .....	127
38. YFIRVINNA .....	127
39. MÖTUNEYTI .....	127
40. FRÍSTUND, SKJÓLIÐ .....	127
41. SUMARNÁMSKEIÐ .....	128
42. SMÍÐAVELLIR .....	128
43. ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDAFULLTRÚI .....	128
44. YFIRVINNA .....	128
45. HEIMASÍÐA SVEITARFÉLAGSINS .....	129
46. REKSTRARAÐILI FÉLAGSHEIMILISINS .....	129
47. HÚSNÆÐI FÉLAGSHEIMILISINS .....	129
48. LÆKNAMINJASAFNIÐ .....	129
49. INNRI VEFUR .....	129
50. SVIÐSSTJÓRI UMHVERFISSVIÐS OG SKIPULAGS- OG BYGGINGAR-FULLTRÚI .....	130
51. FJÓLDI STÖÐUGILDA Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ .....	130
52. VERKEFNI Í VERKTÖKU .....	130
53. VINNUTÍMI STARFSMANNA ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR .....	131
54. TÍMASKRÁNING OG VERKBÓKHALD .....	131
55. BIFREIÐAR, VÉLAR OG TÆKI .....	131
56. HÚSNÆÐI ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR .....	131
57. FASTEIGNASTJÓRNUNARKERFI .....	132
58. FJÖGUR SVIÐ .....	132
59. SVIÐSSTJÓRAR .....	133
60. FJÁRMÁLASVIÐ .....	133
61. ÞJÓNUSTU- OG SAMSKIPTASVIÐ .....	133
62. FÖLSKYLDUSVIÐ .....	134
63. SKIPULAGS- OG UMHVERFISSVIÐ .....	134
64. HÚSNÆÐI STJÓRNSÝSLUNNAR .....	134
65. SKIPULAGS- OG UMHVERFISNEFND .....	134
66. MENNINGAR- OG ÍPRÓTTANEFND .....	135
<b>LOKAORÐ .....</b>	<b>136</b>
<b>FYLGISKJÖL .....</b>	<b>138</b>

# Greining

## INNGANGUR

Að beiðni bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar tók HLH ehf. að sér að gera úttekt á stjórnslu, rekstri og fjármálum Seltjarnarnesbæjar með það að markmiði að koma fram með tillögur að hagræðingu í stjórnslu og rekstri, þannig að reksturinn skili meiri framlegð m.a. til að standa undir afborgunum lána, nýjum framkvæmdum og aukinni þjónustu.

Við vinnslu verkefnisins var stuðst við gögn frá sveitarfélaginu og til samanburðar við gögn sem fengin voru á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi önnur sveitarfélög af sambærilegri stærð, hvað íbúafjölda varðar. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum frá öðrum sveitarfélögum við vinnslu verkefnisins.

Í verkefninu fólst að m.a. eiga samtöl við forstöðumenn og fara yfir fyrirkomulag rekstrar viðkomandi stofnunar. Jafnframt voru skoðuð bókhaldsgögn og rekstrarútgjöld könnuð. Einnig var nokkuð stuðst við upplýsingar úr ársreikningum sveitarfélaga á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Rekstrar gjöld og -tekjur sveitarfélagsins voru borin saman við rekstrargjöld og -tekjur hjá 10 sveitarfélögum, sambærilegum að stærð hvað íbúafjölda varðar. Markmiðið með samanburðinum var að kanna frávik í rekstri Seltjarnarnesbæjar sem nýta mætti til hagræðingar í rekstri.

Einnig áttu skýrsluhöfundar fundi með bæjarstjóra og bæjarfulltrúum þar sem farið var yfir ýmis málefni tengd verkefninu. Áður hafði verktaki skilað skýrslu „Úttekt á félagsþjónustu Seltjarnarnesbæjar og tillögur“ í apríl 2019. Með vísan til þess er ekki fjallað sérstaklega um félagsþjónustu sveitarfélagsins í þessari skýrslu.

Öllum framangreindum aðilum eru þökkun hreinskiptin og opin svör við öllu sem varðar greiðan framgang verkefnisins. Tekið skal skýrt fram að þeir aðilar, sem leitað var til, bera enga ábyrgð á því sem fram kemur í skýrslunni. Allt sem þar stendur er á ábyrgð skýrsluhöfunda.

## ÍBÚAFJÖLDI

Íbúum Seltjarnarnesbæjar fækkaði á hverju ári frá árinu 2009 til ársins 2012. Frá árinu 2013 hefur íbúum fjölgað á hverju ári til ársins 2019. Samtals nam fjölgunin 351 íbúa eða 7,5% af heildar fjölda íbúa sveitarfélagsins 2019 á því tímabili.

Tafla 1: Fjöldi íbúa í Seltjarnarnesbæ, á höfuðborgarsvæðinu samtals og landinu öllu 2009 til 2019

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	Breyting 2009/2019	Breyting í %
<b>Seltjarnarnesbær</b>	<b>4.403</b>	<b>4.395</b>	<b>4.320</b>	<b>4.313</b>	<b>4.322</b>	<b>4.381</b>	<b>4.411</b>	<b>4.415</b>	<b>4.450</b>	<b>4.575</b>	<b>4.664</b>	<b>261</b>	<b>5,9%</b>
Breyting milli ára		-8	-75	-7	9	59	30	4	35	125	89		
Breyting í % milli ára		-0,2%	-1,7%	-0,2%	0,2%	1,4%	0,7%	0,1%	0,8%	2,8%	1,9%		
<b>Höfuðborgarsvæðið*</b>	<b>201.055</b>	<b>200.710</b>	<b>202.131</b>	<b>203.374</b>	<b>205.470</b>	<b>208.531</b>	<b>211.066</b>	<b>213.402</b>	<b>216.658</b>	<b>222.263</b>	<b>227.993</b>	<b>26.938</b>	<b>13,4%</b>
Breyting milli ára		-345	1.421	1.243	2.096	3.061	2.535	2.336	3.256	5.605	5.730		
Breyting í % milli ára		-0,2%	0,7%	0,6%	1,0%	1,5%	1,2%	1,1%	1,5%	2,6%	2,6%		
<b>Landið allt</b>	<b>319.368</b>	<b>317.630</b>	<b>318.452</b>	<b>319.575</b>	<b>321.857</b>	<b>325.671</b>	<b>329.100</b>	<b>332.529</b>	<b>338.349</b>	<b>348.450</b>	<b>356.991</b>	<b>37.623</b>	<b>11,8%</b>
Breyting milli ára		-1.738	822	1.123	2.282	3.814	3.429	3.429	5.820	10.101	8.541		
Breyting í % milli ára		-0,5%	0,3%	0,4%	0,7%	1,2%	1,1%	1,0%	1,8%	3,0%	2,5%		

\*Höfuðborgarsvæðið: Reykjavík, Seltjarnarnesbær, Kópavogsbær, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður og Mosfellsbær

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 1 sýnir fjölda íbúa í Seltjarnarnesbæ, á höfuðborgarsvæðinu samtals og landinu öllu árin 2009 til 2019 í janúar hvert ár. Eins og taflan sýnir fjölgaði íbúum á landinu öllu um 11,8% á þessu tímabili, þegar fjölgaði um 5,9% í Seltjarnarnesbæ og um 13,4% á höfuðborgarsvæðinu samtals. Þannig var hlutfallslega minni fjölgun í Seltjarnarnesbæ á tímabilinu en höfuðborgarsvæðinu samtals og á landinu öllu. Á tíu ára tímabili fækkaði íbúum á milli ára í Seltjarnarnesbæ þrisvar sinnum en fjölgaði á milli ára sjö sinnum.

Á milli áráanna 2010 og 2011 fækkaði íbúum Seltjarnarnesbæjar um 75, eða um 1,7%. Á sama tímabili þá fjölgaði íbúum höfuðborgarsvæðisins samtals um 1.421, árið áður fækkaði íbúum á höfuðborgarsvæðinu um 345, það er eina árið á tímabilinu 2009-2019 sem íbúum fækkar á höfuðborgarsvæðinu samtals.

Mynd 1: Hlutfallsleg breyting á fjölda íbúa á milli ára árin 2010 til 2019 í Seltjarnarnesbæ og á höfuðborgarsvæðinu samtals




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 1 sýnir hlutfallslega breytingu á milli ára árin 2010 til 2019 á fjölda íbúa í Seltjarnarnesbæ og á höfuðborgarsvæðinu samtals.

Eins og fram kemur á myndinni fjölgar íbúum höfuðborgarsvæðisins samtals hlutfallslega meira öll árin nema árið 2018 þegar fjölgunin var hlutfallslega meiri í Seltjarnarnesbæ.

Mynd 2: Hlutfallsleg skipting íbúa eftir aldursflokkum hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og á landinu öllu samtals í janúar 2019



Heimild: Hagstofa Íslands


Mynd 2 sýnir hlutfallslega skiptingu íbúa eftir aldursflokkum fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og fyrir landið allt miðað við íbúatölu í janúar 2019.

Að meðaltali fyrir landið allt voru 66,3% íbúa á aldrinum 17 til 66 ára. Þetta er sá aldurshópur sem að mestu stendur undir að greiða skatta og gjöld til ríkis og sveitarfélaga. Þetta hlutfall var 63,3% hjá Seltjarnarnesbæ í janúar 2019 eða undir landsmeðaltalinu. Hjá einu sveitarfélagi, Garðabæ, var hlutfallið lægra, eða 62,7%. Hæst var þetta hlutfall hjá Reykjavíkurborg, eða 68,3%

Hlutfallið er aðeins yfir meðaltalinu fyrir landið allt í aldurshópnum 0 til fimm ára og í aldurshópnum 6 til 16 ára. Það er hins vegar nokkuð yfir landsmeðaltalinu í aldurshópnum 67 ára og eldri þar sem það var 14,9% samanborið við 12,3% fyrir landið allt. Þetta hlutfall var hæst hjá Seltjarnarnesbæ af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 3: Aldursdreifing íbúa Seltjarnarnesbæjar árin 2017 til 2019




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 3 sýnir aldersdreifingu íbúa Seltjarnarnesbæjar árin 2017 til 2019.

Íbúum í aldurshópnum 0-5 ára fjölga hlutfallslega á tímabilinu úr 6,6% í 7,5%, hækkun um 0,9%. Í aldurshópnum 6-16 ára fjölga íbúum einnig hlutfallslega, fer úr hlutfallinu 13,8% árið 2017 í 14,3% í janúar 2019. Íbúum í aldurshópnum 17-66 ára fækkar hins vegar á milli ára á tímabilinu 2017 til 2019. Hlutfallið var 64,9% árið 2017 en var 63,3% í janúar 2019, sem er lækkun um 1,6% stig. Aldurshópurinn 67 ára og eldri fjölgaði hlutfallslega um 0,2% stig á tímabilinu.

Mynd 4: Hlutfall íbúa 17 ára til 66 ára af heildarfjölda íbúa í samanburðar sveitarfélögum árið 2019



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4 sýnir hlutfall íbúa 17 til 66 ára af samtals íbúum í samanburðar sveitarfélögum janúar 2019.


Eins og komið hefur fram hér að framan er um að ræða þann aldurshóp sem að mestu stendur undir að greiða skatta og gjalda til ríkis og sveitarfélaga. Það vekur athygli hversu breytilegt þetta hlutfall er hjá þeim sveitarfélögum sem tekið er mið af í skýrslu þessari til samanburðar, þ.e. næstu fimm fjölmennari sveitarfélög en Seltjarnarnesbær og næstu fimm með færri íbúa en Seltjarnarnesbær.

Ísafjarðarbær er með hæsta hlutfallið, þ.e. 65,6% janúar 2019. Til samanburðar var hlutfallið lægst hjá Sveitarfélaginu Árborg, eða 62,4%.

## SKULDIR SVEITARFÉLAGA

Þann 1. janúar 2012 tóku gildi ný sveitarstjórnarlög nr. 138/2011. Samkvæmt lögum mega sveitarfélög ekki skulda meira en sem nemur 150% af reglulegum tekjum sveitarfélagsins. Um er að ræða samtals fyrir A- og B-hluta. Reglugerð skýrir frekar hvernig skuldahlutfallið á að reiknast, svo kallað skuldaviðmið.

Mynd 5: Skuldir og skuldbindingar sveitarfélaga, A- og B-hluti, sem hlutfall af tekjum árið 2018 hjá sveitarfélögum með hærra hlutfall en 80%



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Mynd 5 sýnir skuldir og skuldbindingar sveitarfélaga, A- og B-hluta, sem hlutfall af tekjum árið 2018 hjá sveitarfélögum með hærra skuldahlutfall en 80%, raðað frá hæsta hlutfalli og niður. Um er að ræða heildarskuldir sem hlutfall af tekjum og þá ekki svo kallað skuldaviðmið, skv. reglugerð.

Eins og myndin sýnir var Reykjanesbær skuldugasta sveitarfélagið í árslok 2018 miðað við skuldir sem hlutfall af tekjum, eða með 209,7%. Seltjarnarnesbær var samkvæmt þessu í 19. sæti í árslok 2018 með hlutfallið 110,9%.

Hlutfallið samtals fyrir öll sveitarfélögin var 147,4% en var í árslok 2017 143,5%. Þannig hafa skuldir sveitarfélaga samtals sem hlutfall af tekjum þeirra hækkaði lítillega milli ára.

Rétt er að vekja athygli á því að einungis sex sveitarfélög voru með skuldir sem hlutfall af tekjum, skuldahlutfall, hærri en 150% í árslok 2018. Til samanburðar má geta þess að í árslok 2008 voru 24 sveitarfélög með hærra skuldahlutfall en 150%.

## SKULDIR SELTJARNARNESBÆJAR

Skuldir Seltjarnarnesbæjar hafa hækkað á undanförunum árum í krónum talið.


Tafla 2: Skuldir Seltjarnarnesbæjar, A-hluta og A- og B-hluti, 2002 til 2018, á verðlagi hvers árs í milljónum króna

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Breyting 2002/2018	Breyting í %
A-hluti	991	940	1.067	1.105	1.151	1.417	1.558	1.795	1.736	1.689	1.615	1.530	1.464	1.729	1.758	2.257	3.263	2.272	229%
A- og B-hluti	1.135	1.101	1.146	1.189	1.259	1.527	1.756	2.035	2.012	1.849	1.817	1.699	1.539	1.753	1.842	2.345	4.849	3.714	327%
Breyting milli ára		-34	45	43	70	268	229	279	-23	-163	-32	-118	-160	214	89	503	2.504		
Breyting í %		-3,0%	4,1%	3,8%	5,9%	21,3%	15,0%	15,9%	-1,1%	-8,1%	-1,7%	-6,5%	-9,4%	13,9%	5,1%	27,3%	106,8%		

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 2 sýnir skuldir Seltjarnarnesbæjar, A-hluta og A- og B-hluta, frá árinu 2002 til 2018 á verðlagi hvers árs í milljónum króna.

Skuldir A-hluta hafa hækkað úr 991 milljón króna árið 2002 í 3.263 milljónir króna árið 2018, eða um 2.272 milljónir króna á verðlagi hvers árs, sem er hækking um 229%, eða rúmlega tvöföldun skulda á tímabilinu í krónum talið. Á sama tíma jukust tekjur A-hlutans úr 1.415 milljónum króna í 4.058 milljónir króna, eða um 2.643 milljónir króna, sem er aukning um 187%, eða tæplega tvöföldun tekna á tímabilinu. Af þessu má ljóst vera að á tímabilinu hafa skuldirnar aukist meira hlutfallslega en tekjurnar miðað við árin 2002 og 2018 en tekjurnar aukist meira í krónum talið.



Samtals hafa skuldir sveitarfélagsins, A- og B-hluti, á þessum tímabili aukist úr 1.135 millj. kr. árið 2002 í 4.849 millj. kr. árið 2018, sem er aukning um 327%, eða rúmlega þreföldun. Á þessum tíma hækkaði meðaltalsvísitala neysluverðs um 104% og tekjur sveitarfélagsins, A- og B-hluti, um 189%, eða tæplega tvöfölduðust. Tekjurnar voru 1.512 millj. kr. árið 2002 en 4.372 millj. kr. árið 2018.


Á tímabilinu lækkuðu skuldir sveitarfélagsins sex sinnum á milli ára, þ.e. árin 2003, 2010, 2011, 2012, 2013 og 2014.

Tafla 3: Skuldir Seltjarnarnesbæjar, A-hluti og A- og B-hluti, 2002 til 2018, sem hlutfall af tekjum


	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Breyting 2002/2018
A-hluti skuldir/tekjur	70%	63%	67%	58%	61%	61%	69%	86%	77%	70%	61%	55%	49%	58%	52%	61%	80%	10%
A- og B-hluti skuldir/tekjur	75%	71%	68%	60%	64%	63%	73%	90%	83%	71%	64%	55%	48%	53%	50%	59%	111%	36%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 3 sýnir skuldir Seltjarnarnesbæjar, A-hluta og A- og B-hluta samtals, frá árinu 2002 til 2018 sem hlutfall af tekjum (skuldahlutfall). Skuldahlutfall sveitarfélagsins fór lækandi á árunum 2002 til 2007 en tók að hækka á árunum 2008 og 2009. Hækkaði árið 2010 en lækkaði síðan fram til ársins 2016 með undantekningu árið 2015 þegar það hækkaði. Skuldahlutfallið hækkaði síðan bæði árið 2017 og 2018.



Skuldahlutfall A-hlutans var hæst árið 2009, eða 86%. Árið 2018 var skuldahlutfall A-hluta komið niður í 80%. Til samanburðar var skuldahlutfall A-hluta árið 2002 70%, eða 10% stigum lægra en það var árið 2018. Skuldahlutfall A- og B-hluta samtals var hæst árið 2018, eða 111%.



Tafla 4: Samsetning skulda og skuldbindinga Seltjarnarnesbæjar, A-hluti og A- og B-hluti samtals, 2018 í milljónum króna

	A-hluti	A- og B-hluti	Hlutfall af skuldum samtals
<b>Skuldbindingar:</b>			
Lífeyrisskuldbindingar	1.343.897	1.415.129	29,2%
<b>Langtímaskuldir:</b>			
Skuldir við lánastofnanir	1.112.351	2.681.244	
Leiguskuldir	153.403	153.403	
<b>Langtímaskuldir samtals</b>	<b>1.265.754</b>	<b>2.834.647</b>	<b>58,5%</b>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Skuldir við eigin fyrirtæki	74.828	0	
Næsta árs afborgun langtímaskulda	68.889	72.369	
Næsta árs afborgun leiguskulda	9.859	9.859	
Næsta árs greiðslur lífeyrisskuldbind.	48.651	51.953	
Aðrar skammtímaskuldir	451.071	465.389	
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>653.298</b>	<b>599.570</b>	<b>12,4%</b>
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>	<b>3.262.949</b>	<b>4.849.346</b>	<b>100,0%</b>

Heimild: Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar 2018

Tafla 4 sýnir samsetningu skulda og skuldbindinga hjá Seltjarnarnesbæ í árslok 2018 í milljónum króna. Fram kemur í töflunni að lífeyrisskuldbindingar voru 29,2% af skuldum sveitarfélagsins í árslok 2018, langtímaskuldir 58,5% og skammtímaskuldir 12,4%.

Tafla 5: Skuldir og tekjur B-hluta stofnana samkvæmt ársreikningum 2018 í þúsundum króna og kröfur þeirra á aðalsjóð

	Skuldir samtals		Skuldir án skulda við aðalsjóð	Skuld við aðalsjóð, langtíma	Skuld við aðalsjóð, skammtíma	Skuldir samtals	Tekjur	Skuldir/ tekjur	Kröfur á aðalsjóð
	Langtíma-skuldir	Skammtíma-skuldir							
Hítaveita	310.575	24.213	82.827	239.343	12.618	<b>334.788</b>	173.015	194%	0
Vatnsveita	0	0	0	0	0	<b>0</b>	108.683	0%	70.374
Fráveita	404.825	36.962	48	404.826	36.913	<b>441.787</b>	170.166	260%	14.329
Félagslegt íbúðarh.	216.393	8.534	82.996	136.979	4.952	<b>224.927</b>	19.106	1177%	0
Lækningaminjasafn	0	168.720	0	0	168.720	<b>168.720</b>	0		0
Seltjörn	1.489.479	202.252	5.875	1.489.479	196.377	<b>1.691.731</b>	0		0
<b>Samtals:</b>	<b>2.421.272</b>	<b>440.681</b>	<b>171.746</b>	<b>2.270.627</b>	<b>419.580</b>	<b>2.861.953</b>	<b>470.970</b>	<b>608%</b>	<b>84.703</b>

Heimild: Ársreikningar Seltjarnarnesbæjar 2018

Tafla 5 sýnir skuldir og tekjur B-hluta stofnana árið 2018 og kröfur þeirra á aðalsjóð. Eins og taflan sýnir voru skuldir B-hluta stofnana við aðra en aðalsjóð samtals 772 milljónir króna. Skuldir B-hluta stofnana við aðalsjóð voru samtals 2.690 milljónir króna, eða samtals heildarskuldir B-hluta stofnana 2.862 milljónir króna.

Kröfur B-hluta stofnana á aðalsjóð voru samtals 85 milljónir króna. Þar vegur þýngst krafa vatnsveitu að upphæð 70 milljónir króna.

Tafla 6: Greining á langtímaskuldum Seltjarnarnesbæjar miðað við stöðuna í ágúst 2019

Aðalsjóður:	Visitala	Vextir	Lántökudags	Lokaár	Upphafsupphæð	Ágúst 2019
Íbúðalánasjóður.....	lvt	2,00%	22.6.1981	2023	106.739	2.021.537
Íbúðalánasjóður.....	lvt	2,00%	22.6.1981	2023	106.739	2.021.537
Íbúðalánasjóður.....	lvt	2,00%	22.6.1981	2023	106.739	2.021.537
Lánasjóður 0502020A.....	nvt	3,85%	14.10.2005	2022	21.176.472	17.880.026
Lánasjóður 1802 036.....	nvt	2,50%	28.2.2018	2055	861.896.158	887.528.950
Lánasjóður 1803 057.....	nvt	2,50%	6.4.2018	2055	355.928.151	364.637.713
Lánasjóður 1806 077.....	nvt	2,50%	8.6.2018	2055	253.828.073	258.485.818
<b>Eignasjóður:</b>						
Lánasjóður 1807 088.....	nvt	2,65%	31.7.2018	2034	300.000.000	298.042.257
Lánasjóður 1808 095.....	nvt	2,61%	31.8.2018	2034	350.000.000	354.543.000
Lánasjóður 1812 116.....	nvt	2,55%	19.12.2018	2034	500.000.000	501.195.000
Íslandsbanki 733349 (880307).....	nvt	5,40%	28.6.2006	2021	6.000.000	3.608.934
<b>Félagslegar íbúðir:</b>						
Íbúðalánasjóður 1993 302177.....	lvt	1,00%	24.6.1993	2043	5.906.850	13.928.061
Íbúðalánasjóður 1995 306164.....	lvt	1,00%	28.2.1995	2045	3.941.752	9.092.663
Íbúðalánasjóður 1998 310252.....	nvt	1,00%	1.2.1998	2048	4.917.959	10.857.398
Íbúðalánasjóður 1998 311211.....	nvt	1,00%	15.4.1998	2048	4.510.657	9.977.987
<b>Félagsheimili.....</b>						
Landsbankinn 153367 (Jöfnunarsjóður)....	nvt	2,00%	1.1.2012	2037	41.184.000	39.038.331

Heimild: Seltjarnarnesbær

Tafla 6 sýnir langtímaskuldir Seltjarnarnesbæjar eins og þær voru í ágúst 2019, A- og B-hluti.

Engar langtímaskuldir eru tengdar erlendri mynt. Allar skuldirnar eru vertryggðar. Vextir eru allt frá 1,0% upp í 5,40%. Einungis tvö lán eru með hærri vexti en 2,65%. Annars vegar er um lán að ræða hjá Íslandsbanka með eftirstöðvar að upphæð um 3,6 milljónir kórna og vexti sem eru 5,40%. Hins vegar er lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga með eftirstöðvar upp á 17,9 milljónir króna og vexti sem eru 3,85%. Ef mögulegt er væri er rétt að greiða þessi lán upp. Nokkur ávinningur ætti að vera að því að greiða upp a.m.k. dýr lán, lán með háum vöxtum, sé þess kostur.

## VELTUFÉ OG HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI OG FJÁRHREYFINGAR

Veltufé frá rekstri segir til um hvað eftir stendur af rekstrartekjum þegar búið er að greiða öll dagleg útgjöld sveitarfélagsins, svo sem laun, rafmagn og hita, skólamat o.s.frv. Ef veltufé frá rekstri er neikvætt á sveitarfélagið hvorki fyrir daglegum útgjöldum að fullu né afborgunum lána, hvað þá til nýframkvæmda. Fjármagna þarf sérstaklega neikvætt veltufé frá rekstri m.a. með lántökum, sölu eigna og/eða ganga á eigið fé.

Handbært fé frá rekstri sýnir hversu miklu reksturinn skilar að teknu tilliti til breytinga á skammtímalíðum. Eða með öðrum orðum hvað er eftir þegar búið er að standa skil á daglegum útgjöldum ásamt uppgjöri á skammtímalíðum og þá til að standa undir afborgunum langtímalána og nýframkvæmdum.


Tafla 7: Veltufé og handbært fé frá rekstri hjá Seltjarnarnesbæ árin 2002 til 2018 á verðlagi hvers árs í þúsundum króna, A-hluti

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Veltufé frá rekstri	172.199	140.862	208.889	339.420	697.381	524.618	23.705	-220.022	96.823	280.318	386.450	454.105	406.103	120.616	271.481	44.553	896
Handbært fé frá rekstri	170.514	111.093	240.030	373.878	170.152	546.780	90.747	-242.321	-19.677	307.179	414.622	348.375	313.815	195.397	207.272	328.709	-658.802
Veltufé frá rekstri/tekjur	12,2%	9,4%	13,2%	17,9%	37,1%	22,6%	1,1%	-10,5%	4,3%	11,5%	14,7%	16,3%	13,6%	4,0%	8,1%	1,2%	0,02%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 7 sýnir annars vegar veltufé og handbært fé frá rekstri Seltjarnarnesbæjar árin 2002 til 2018 í þúsundum króna og hins vegar veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum hjá A-hluta.

Veltufé frá rekstri, A-hluta, var jákvætt öll árin á tímabilinu fyrir utan árið 2009. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum var hæst árið 2006, eða 37,1%. Á því ári seldi sveitarfélagið byggingarrétt á Hrólfskálamelum og eignarlóð umhverfis Bygggarða/Sefgarða. Ef hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum er skoðað án óreglulegra liða fyrir árið 2006 fer hlutfallið úr 37,1% í 10,3%. Ef hlutfallið er leiðrétt fyrir óreglulegum liðum á tímabilinu þá er það hæst árið 2007. Frá árinu 2015 til loka árs 2018 hefur hlutfallið verið undir 10% og hefur það ekki verið svo lágt í jafn langan tíma. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum var 0,02% árið 2018 hjá A-hluta.





Tafla 8: Veltufé og handbært fé frá rekstri hjá Seltjarnarnesbæ árin 2002 til 2018 á verðlagi hvers árs í þúsundum króna, A- og B-hluti samtals

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Veltufé frá rekstri	144.679	98.435	199.248	319.730	690.696	499.670	33.961	-208.658	121.514	291.126	417.878	537.206	471.013	188.276	350.780	133.777	201.257
Handbært fé frá rekstri	118.975	67.507	222.562	353.424	173.484	514.176	92.659	-212.483	31.474	323.129	444.685	398.469	404.699	232.655	308.254	408.148	-472.638
Veltufé frá rekstri/tekjur	9,6%	6,4%	11,8%	16,1%	34,9%	20,6%	1,4%	-9,2%	5,0%	11,1%	14,6%	17,5%	14,6%	5,7%	9,6%	3,4%	4,8%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 8 sýnir veltufé og handbært fé frá rekstri hjá Seltjarnarnesbæ árin 2002 til 2018 og veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum hjá A- og B-hluta samtals.

Veltufé frá rekstri, A- og B-hluta samtals, var neikvætt árið 2009. Árin 2017 og 2018 var veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum, A- og B-hluta samtals, 3,4% og 4,8% hvort ár.

Tafla 9: Samantekið sjóðstreymi hjá Seltjarnarnesbæ fyrir A-hluta, árin 2002 til 2018 á verðlagi hvers árs í þúsundum króna

	2.002	2.003	2.004	2.005	2.006	2.007	2.008	2.009	2.010	2.011	2.012	2.013	2.014	2.015	2.016	2.017	2.018	Samtals
Veltufé frá rekstri	172.199	140.862	208.889	339.420	697.381	524.618	23.705	-220.022	96.823	280.318	386.450	454.105	406.103	120.616	271.481	44.553	896	3.948.397
Breytingar á skammtímalíðum	-1.685	-29.769	31.141	34.458	-527.229	22.162	67.042	-22.299	-116.500	26.861	28.172	-105.730	-92.288	74.781	-64.209	284.156	-606.488	-997.424
Afborganir langtímalána	-53.074	-28.550	-49.925	-62.370	-54.096	-53.940	-53.105	-58.592	-60.674	-60.291	-54.351	-57.713	-16.216	-16.732	-18.415	-18.774	-45.290	-762.108
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjárm.	-88.655	-47.115	-87.854	-254.479	-663.809	-292.466	-557.831	-72.638	-33.063	-109.120	-177.701	-151.968	-69.558	-89.850	-201.724	-201.032	-936.769	-4.035.632
Samtals til fjármögn. utan rekstrar	28.785	35.428	102.251	57.029	-547.753	200.374	-520.189	-373.551	-113.414	137.768	182.570	138.694	228.041	88.815	-12.867	108.903	-1.587.651	-1.846.767
Sala og eignabreytingar	24.450	23.984	-37.318	140.637	1.294.931	119.608	49.931	60.024	66.009	65.657	32.993	52.896	390.213	37.231	40.250	44.259	-132.085	2.273.070
Lántökur	0	90.000	0	40.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1.150.000	1.280.000
Aðrar fjármögnun. hreyfingar	-53.597	-128.119	0	-54.694	-35.861	-74.138	-14.208	11.220	-36.636	-189.320	-212.296	-182.900	-232.995	-135.046	-60.573	-728.421	637.500	-1.490.084
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	-362	21.293	64.933	182.972	711.317	245.844	-484.466	-302.307	-84.041	14.105	2.667	8.690	385.259	-9.000	-33.190	-575.259	67.764	216.219

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 9 sýnir samandregið yfirlit um sjóðstreymi hjá Seltjarnarnesbæ, A-hluti, árin 2002 til 2018 á verðlagi hvers árs í þúsundum króna.

Veltufé frá rekstri, A-hluti, var samtals 3.948 millj. kr. á verðlagi hvers árs á tímabilinu frá 2002 til 2018. Afborganir langtímalána voru samtals 762 millj. kr. á sama tímabili, þannig má ljóst vera að veltufé frá rekstri dugði vel til að standa undir afborgunum af lánnum á þessu tímabili. Á tímabilinu var fjárfest samtals fyrir 4.036 millj. kr. Á árinu 2018 var fjárfest fyrir um ¼ af heildar fjárfestingu tímabilsins eða um 937 millj. kr. Veltufé frá rekstri dugði ekki fyrir afborgun langtímalána og fjárfestingum í varanlegum rekstrarfjármunum ásamt breytingum á skammtímalíðum á þessu tímabili. Á tímabilinu var fjárvöntun fjármögnuð með eigin fé, sölu eigna og lántökum. Samtals var fjárvöntunin á tímabilinu 1.847 millj. kr., sala eigna árið 2006 stóð vel undir fjárfestingarþörf Seltjarnarnesbæjar fram til ársins 2018 en það ár var tekið lán fyrir fjárfestingum. Á þessu 17 ára tímabili, þ.e. árin 2002 til 2018, tók A-hlutinn einungis lán árin 2003, 2005 og 2018, þ.e. þrisvar sinnum. Lántaka árið 2018 er að stórum hlut vegna byggingar hjúkrunarheimilis sem ríkið síðan leigir af Seltjarnarnesbæ.

Tafla 10: Samantekið yfirlit yfir sjóðstreymi hjá Seltjarnarnesbæ, A- og B-hluti samtals, árin 2002 til 2018 á verðlagi hvers árs í þúsundum króna

	2.002	2.003	2.004	2.005	2.006	2.007	2.008	2.009	2.010	2.011	2.012	2.013	2.014	2.015	2.016	2.017	2.018	Samtals
Veltufé frá rekstri	144.679	98.435	199.248	319.730	690.696	499.670	33.961	-208.685	121.514	291.126	417.878	537.206	471.013	188.276	350.780	133.777	201.257	4.490.561
Breytingar á skammtímalíðum	-25.704	-30.928	23.314	33.694	-517.212	14.506	58.698	-3.798	-90.040	32.003	26.807	-138.737	-66.314	44.379	-42.526	274.371	-618.237	-1.025.724
Afborganir langtímalána	-70.983	-39.645	-60.849	-63.127	-54.938	-54.927	-54.198	-60.929	-63.178	-62.914	-57.138	-62.466	-21.112	-42.104	-21.647	-22.073	-48.683	-860.911
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjárm.	-93.963	-49.921	-93.258	-254.479	-684.913	-304.536	-629.824	-225.720	-144.245	-183.315	-296.899	-249.646	-144.497	-239.880	-308.933	-883.631	-2.032.673	-6.820.333
Samtals til fjármögn. utan rekstrar	-45.971	-22.059	68.455	35.818	-566.367	154.713	-591.363	-499.132	-175.949	76.900	90.648	86.357	239.090	-49.329	-22.326	-497.556	-2.498.336	-4.216.407
Sala og eignabreytingar	24.450	12.753	6.438	131.566	1.266.195	83.908	10.149	10.407	9.538	2.136	-15.504	18.910	365.055	50.795	50.300	1.613	100	2.028.809
Lántökur	14.226	90.000	0	40.000	13.327	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2.621.652	2.822.105
Aðrar fjármögnun. hreyfingar	6.424	-50.392	0	-23.000	0	11.519	75.980	186.244	85.868	-67.609	-115.932	-95.608	-214.074	-12.828	-60.926	-68.648	-64.876	-407.858
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	-871	30.302	74.893	184.384	713.155	250.140	-505.234	-302.481	-80.543	11.427	2.112	9.659	390.071	-11.362	-32.952	-564.591	58.540	226.649

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 10 sýnir það sama fyrir A- og B-hluta samtals og tafla 9 sýnir fyrir A-hluta.

Veltufé frá rekstri samtals fyrir árin 2002 til 2018 á verðlagi hvers árs var 4.490 millj. kr. fyrir A- og B-hluta.

Afborganir langtímalána voru samtals 861 millj. kr. og stóð veltufé frá rekstri vel undir þeim afbrogunum á tímabilinu. Það gerist einungis á árunum 2008 og 2009 að veltufé frá rekstri stendur ekki undir afbrogunum langtímalána, enda drógust tekjur saman og gjöld jukust á þessum árum. Önnur ár á tímabilinu dugar veltufé frá rekstri vel fyrir afbrogunum. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum voru samtals fyrir 6.820 millj. kr. á tímabilinu. Fjárvöntun samtals fyrir tímabilið, sem fjármagna þurfti utan rekstrar, var samtals 4.216 millj. kr. Fjárvöntunin var fjármögnuð með sölu eigna nettó fyrir 2.029 millj. kr. og nýjum lántökum samtals að upphæð 2.822 millj. kr., aðrar fjármögnunarhreyfingar á tímabilinu voru neikvæðar um 407 millj. kr. Handbært fé jókst á tímabilinu um 227 millj. kr. frá árinu 2002 til ársins 2018

Samkvæmt ársreikningi 2018 voru heildartekjur Seltjarnarnesbæjar það ár 4.058 millj. kr. Til samanburðar voru samanlagðar fjárfestingar á verðlagi hvers árs á þessu 17 ára tímabili 6.820 millj. kr.

---

## FJÁRHEIMILD SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN

---

Í viðræðum við stjórnendur sveitarfélagsins kom fram hjá sumum þeirra að þeir líta á fjárhagsáætlun sem áætlun og markmið um útgjöld frekar en fjárheimild. Ef þetta er rétt er um alvarlegan misskilning að ræða sem ber að leiðrétta. Hins vegar er rétt að fram komi að almennt voru stjórnendur nokkuð meðvitaðir um að fjárhagsáætlun segir til um fjárheimild viðkomandi stofnunar. Lögð skal áhersla á að samþykkt fjárhagsáætlun segir til um þá fjárheimild sem viðkomandi stofnun eða forstöðumaður hefur til ráðstöfunar. Fari stofnun fram úr þeirri fjárheimild, sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun stofnunarinnar og samþykkt liggur ekki fyrir því hjá bæjarstjórn, er um brot á sveitarstjórnarlögum að ræða.

Sveitarstjórnarlögin verða ekki öðruvísi skilin en þannig að það sé ekki heimild til þess að stofna til útgjalda nema gert sé ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun, ef ekki þá þurfi samþykki sveitarstjórnar til þess. Sú samþykkt þarf að liggja fyrir áður en til útgjalda er stofnað í sérstökum viðauka við fjárhagsáætlun. Þegar sveitarstjórn ákveður útgjöld utan fjárhagsáætlunar þarf að liggja fyrir hvernig þeim verður mætt, t.d. með niðurskurði á öðrum liðum, aukinni gjaldtöku, tekjuafgangi og/eða nýrri lántöku. Sveitarstjórnarlög sem tóku gildi 1. janúar 2012 kveða skýrar á um þetta.

Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að starfsmenn sveitarfélaga almennt geri sér grein fyrir því að útgjöld skv. fjárhagsáætlun eru ekki einungis markmið og áætlun út af fyrir sig heldur er um að ræða hreina fjárheimild, sem þýðir að umfram útgjöld eru óheimil nema samþykki sveitarstjórnar liggja fyrir, en þá þarf sveitarstjórn jafnframt skv. lögum að gera grein fyrir því hvernig umfram útgjöldum verði mætt.

Því er mikilvægt að forstöðumenn stofnana sveitarfélaga geri sér grein fyrir því strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir hvort starfsemi viðkomandi stofnunar, eins og hún er fyrirhuguð, geti staðist fjárheimildina sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, ef ekki þá verði gripið til viðhlítandi aðgerða.

Í gildandi sveitarstjórnarlögum er heimild til endurskoðunar á fjárhagsáætlun t.d. síðla árs ekki heimiluð. Sveitarstjórnnum er einungis heimilt að gera breytingu á gildandi fjárhagsáætlun með sérstökum viðauka. Þannig er ekki heimilt að taka áætlunina í heild sinni til endurskoðunar skv. lögum. Þetta á að leiða til mun markvissari fjárhaldstjórnar hjá sveitarfélögum almennt. 63. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga um þetta ákvæði hljóðar svo:

*Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.*

*Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags*

á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykkttri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvornig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

Í reglugerð sem sett er á grundvelli 75. gr. er heimilt að skilgreina þau tilvik þar sem tilfærslur innan málaflokka eru heimiladar án þess að fyrir liggji samþykktur viðauki, sbr. 1. málsl. 2. mgr. Þó skulu allar slíkar breytingar færðar í viðauka við fyrsta tækifæri.

Ljóst má vera að skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga er það brot á lögnum fari útgjöld fram úr fjárhagsáætlun, sbr. hér að framan. Einungis er það heimilt hafi sveitarstjórn áður samþykkt viðauka við áætlunina. Jafnframt er skýrt tekið fram að viðaukinn sé ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærslu á því hvornig útgjaldaaukanum verður mætt eða tekjulækkun. Þannig er ekki heimilt að leiðrétta fjárhagsáætlun með einhvers konar viðauka eftir á. Ef heimila á hærri útgjöld þarf það að gerast áður en stofnað er til þeirra. Þetta er mikil breyting frá því sem var og kallar á mikla aðhaldssemi og aga í fjármálum sveitarfélaga, kallar á vandaða fjárhagsáætlunargerð og ekki síður vandaðar greiðsluáætlanir og eftirfylgni.

Einnig er ákvæði í lögnum, sem kveður á um að ekki sé heimilt að reka sveitarsjóð með halla samtals þrjú ár í röð. A.m.k. þarf að vera svo mikill afgangur eitt árið af þremur að hann brúi hallarekstur hinna tveggja árunna sé um hallarekstur að ræða.

Tafla 11: Rauntölur úr rekstri og áætlun 2018 hjá Seltjarnarnesbæ, A- og B-hluti samtals, í þúsundum króna

	Árs- reikningur	Fjárhags- áætlun með viðaukum	Mis- munur	Hlutfall af áætlun
Félagsþjónusta	597.633	542.389	-55.244	110%
Heilbrigðismál	6.417	4.974	-1.443	129%
Fræðslu- og uppeldismál	1.961.819	1.856.379	-105.440	106%
Meningarmál	97.481	104.340	6.859	93%
Æskulýðs- og íþróttamál	518.798	521.889	3.091	99%
Brunamál og almannavarnir	38.062	46.561	8.499	82%
Hreinlætismál	24.932	5.999	-18.933	416%
Skipulags- og byggingarmál	34.668	35.734	1.066	97%
Umferðar- og samgöngumál	156.930	126.494	-30.436	124%
Umhverfismál	109.733	101.170	-8.563	108%
Atvinnumál	550	800	250	69%
Sameiginlegur kostnaður	250.103	224.147	-25.956	112%
Lífeyrisskuldbinding	107.349	200.079	92.730	54%
Eignasjóður	148.706	39.651	-109.055	375%
Áhaldahús	41.426	18.858	-22.568	220%
<b>Málaflokkar samtals nettó</b>	<b>4.094.607</b>	<b>3.829.464</b>	<b>-265.143</b>	<b>107%</b>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-264.639	-316.457	-51.818	84%
<b>Gjöld samtals, nettó</b>	<b>3.829.968</b>	<b>3.513.007</b>	<b>-316.961</b>	<b>109%</b>
Skatttekjur	-3.565.941	-3.430.656	135.285	104%
<b>A-hluti samtals</b>	<b>-264.027</b>	<b>-82.351</b>	<b>-181.676</b>	<b>321%</b>
Hitaveita Seltjarnarness	-12.232	-14.223	-1.991	86%
Vatnsveita Seltjarnarness	-35.607	-13.253	22.354	269%
Fráveita Seltjarnarness	-78.097	-31.608	46.489	247%
Félagslegar íbúðir á Seltjarnarnesi	10.419	4.508	-5.911	231%
Læknaminjasafn Íslands	287	0	-287	
Greiddur arður innan samstæðu	25.000	25.000	0	100%
<b>Sjóðir í B-hluta samtals</b>	<b>-90.230</b>	<b>-29.576</b>	<b>60.654</b>	<b>305%</b>
<b>Samantekið samtals, A- og B-hluti</b>	<b>-173.797</b>	<b>-52.775</b>	<b>-121.022</b>	<b>329%</b>

Heimild: Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar 2018

Tafla 11 sýnir rauntölur rekstrar árið 2018 á móti fjárhagsáætlun með viðaukum hjá Seltjarnarnesbæ.

Eins og taflan sýnir er heildarniðurstaða rauntalna A-hluta neikvæðari en áætlun gerði ráð fyrir. Hins vegar var niðurstaða á rekstri B-hluta stofnana betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Samtals var halli á rekstri A-hlutans um 264 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var neikvæð um 174 milljónir króna árið 2018.

Nokkuð er um að einstakir málaflokkar fari fram úr áætlun, sjá rauðletranir. Í krónum

talið fór eignasjóður mest umfram fjárheimild, eða 109 milljónir króna. Næst koma fræðslu- og uppeldismál, þar sem farið var 105 milljónir króna fram úr fjárheimildum. Síðan er félagsþjónustan sem fór 55 milljónir króna fram úr fjárheimildum. Samtals fara málaflokkar nettó 265 milljónir króna fram úr fjárheimildum árið 2018.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálastjóra voru samþykktir viðaukar við fjárhagsáætlun síðast liðin fimm ár sem hér segir:

2015	6
2016	4
2017	5
2018	5
2019	2

Í 76. gr. segir að viðauka, sem bæjarstjórn samþykki, eigi að tilkynna til ráðuneytisins/Hagstofunnar. Þetta ákvæði greinarinnar hljóðar svo:

*Skil á upplýsingum um fjármál.  
Fjárhagsáætlanir skal senda ráðuneytinu innan 15 daga frá afgreiðslu þeirra. Hið sama á við um viðauka sem eru gerðir við slíkar áætlanir*


Samkvæmt upplýsingum frá sveitarstjórnarráðuneytinu var ekki að sjá að ráðuneytinu (Hagstofu Íslands) hafi borist tilkynningar um viðauka frá Seltjarnarnesbæ árin 2016 til 2019. Síðasta tilkynning sem barst ráðuneytinu var vegna ársins 2015.

Samkvæmt reglugerð 1212/2015 ber að leggja fram viðauka til samþykktar á tilteknu formi, þar sem áhrif breytinga á fjárhagsáætlun vegna viðauka koma fram á rekstur, fjárstreymi og efnahag. Við skoðun á nokkrum viðaukum, sem gerðir hafa verið hjá sveitarfélaginu, er ekki að sjá að viðaukar hafi verið samþykktir í samræmi við reglugerðina.

Gera má ráð fyrir að betri árangur hefði náðst í rekstri sveitarfélagsins ef tekist hefði að halda þeim málaflokkum innan áætlunar sem mest fóru fram úr áætlun, sjá hér að framan. Til að ná því markmiði er mikilvægt að gerð sé greiðsluáætlun fyrir hvern mánuð og hún borin reglulega saman við rauntölur. Þannig er hægt að grípa strax til aðgerða ef kostnaður virðist vera að fara fram úr áætlun. Með því á að vera hægt að fylgja því betur eftir að fjárhagsáætlun standist. Mikilvægt er að þetta verði framkvæmt með vísan til sveitarstjórnarlaga.

Leggja ber áherslu á að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar fjárhagsáætlun og vegna einstakra útgjaldaliða. Ef um breytingar er að ræða á einstökum fjárhagslyklum umfram verðlagsbreytingar er mikilvægt að gerð sé grein fyrir því, þannig að forstöðumenn viti nákvæmlega hver ætlun bæjarstjórnar er.

Mynd 6: Fjöldi sveitarfélaga sem voru með hallarekstur og hlutfall þeirra af heildarfjölda sveitarfélaga árin 2002 til 2018 sem skiluðu ársreikningum tímanlega til Sambands íslenskra sveitarfélaga, A- og B-hluti



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Mynd 6 sýnir fjölda sveitarfélaga sem voru með hallarekstur á árunum 2002 til 2018, og hlutfall þessara sveitarfélaga af heildarfjölda sveitarfélaga, sem skiluðu ársreikningum tímanlega, línurit.

Eins og mynd 6 sýnir var tala sveitarfélaga, sem rekin voru með halla, um og yfir 40 á árunum fyrir 2012 með einni undantekningu árið 2007. Einnig hefur hlutfall þessara sveitarfélaga af heildarfjölda sveitarfélaga á þessum tímabili verið um og yfir 40%. Fór hæst í 74% árið 2003. Ljóst er að mikil breyting hefur átt sér stað á s.l. árum hvað rekstrarafkomu sveitarfélaga varðar, þar sem sveitarfélögum með neikvæða afkomu hefur farið fækkandi frá og með árinu 2012 með undantekningu árið 2015. Árin 2016 og 2017 voru sveitarfélög, sem voru með neikvæða afkomu A- og B-hluta samtals, fimm hvort ár. Hins vegar fjölgaði sveitarfélögum um þrjú árið 2018 og samtals voru átta sveitarfélög rekin voru með halla það ár.

Seltjarnarnesbær var með halla af reglulegri starfsemi samkvæmt ársreikningi sveitarfélagsins í sex ár á þessu 17 ára tímabili. Rauðu súlurnar sýna ár þar sem Seltjarnarnesbær var með hallarekstur. Þrjú af þessum árum voru á síðustu fjórum árum á tímabilinu. Bæði árin 2017 og 2018 var Seltjarnarnesbær rekinn með halla.

Í 64. gr. sveitarstjórnarlaga er ákvæði um rekstrarafkomuna en greinin hljóðar þannig:

**Viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga.**

*Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.*

*Skyldu skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn fullnægja m.a. með því að:*

- 1. samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv.*

60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærrí en nemur samanlögðum reglulegum tekjum, og

2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærrí en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Ráðherra skilgreinir í reglugerð nánar þau viðmið sem lögð eru til grundvallar skv. 2. mgr., þar á meðal um útgjöld, tekjur, eignir, skuldir og skuldbindingar og aðlögun sveitarfélaga að þeim. Þar skal jafnframt heimilt að undanþiggja nánar tilgreindar skuldir eða skuldbindingar einstakra sveitarfélaga þannig að þær hafi engin eða aðeins hlutfallsleg áhrif skv. 2. tölul. 2. mgr.

Ákvæði lagagreinarinnar er skýrt um það, að heildarútgjöld til rekstrar A- og B-hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærrí en nemur samanlögðum reglulegum tekjum. Þannig má ljóst vera að jöfnuður á að vera í rekstri fyrir óreglulega liði og lagaákvæðið heimilar t.d. ekki að nýta megi sér söluhagnað vegna sölu eigna til að ná jöfnuði í rekstri sveitarfélaga.

Tafla 12: Rekstrarafkoma árin 2002 til 2018 hjá Seltjarnarnesbæ, A- hluti og A- og B-hluti samtals, í þúsundum króna á verðlagi hvers árs

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Samtals
A-hluti	26.595	119.405	113.787	326.621	1.751.686	400.763	-95.019	-658.864	20.396	139.230	242.389	281.803	415.592	-174.047	3.648	-137.336	-264.027	2.512.622
A- og B-hluti	-63.308	27.870	48.212	276.365	1.705.559	293.887	-217.890	-728.274	659	92.757	229.498	353.864	434.339	-126.747	70.111	-99.592	-173.798	2.123.512

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 12 sýnir rekstrarniðurstöðu hjá Seltjarnarnesbæ árin 2002 til 2018 fyrir A-hluta og A- og B-hluta samtals í þúsundum króna á verðlagi hvers árs.

Eins og taflan sýnir var niðurstaða rekstrar neikvæð hjá A-hluta 5 sinnum á 17 ára tímabili, þ.e. árin 2008, 2009, 2015, 2017 og 2018 og þá jákvæð rekstrarniðurstaða hin 12 árin. Samtals var niðurstaða af rekstri A-hluta árin 2002 til 2018 á verðlagi hvers árs jákvæð um 2.513 millj. kr.

Pegar samstæðureikningurinn er skoðaður, þ.e. A- og B-hluti samtals, var neikvæður tekjuafgangur á rekstri 6 ár á þessu tímabili, þ.e. árin 2002, 2008, 2009, 2015, 2017 og 2018. Samtals var afkoman jákvæð hjá A- og B-hluta á þessu tímabili á verðlagi hvers árs um 2.124 milljónir króna.

## TEKJUR

Pegar kemur að tekjuhliðinni er rétt að bera tekjur Seltjarnarnesbæjar saman við tekjur 10 sveitarfélaga, fimm stærri og fimm minni hvað íbúafjölda varðar miðað við íbúafjölda 1. janúar 2019.



Tafla 13: Skatttekjur samtals á hvern íbúa í þúsundum króna hjá samanburðar sveitarfélögum árin 2002 til 2018

	Fjöldi íbúa í janúar 2019	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Fljótshálfjörðingur	3.600	280	293	320	381	370	457	435	513	527	648	666	699	744	803	882	956	1.000
Ísafjarðarbær	3.800	280	278	294	330	371	464	551	494	510	532	586	661	643	731	818	813	866
Borgarbyggð	3.807	263	294	317	340	400	449	473	489	503	555	605	635	678	755	833	891	944
Sveitarf. Skagafj.	3.992	276	279	306	338	393	472	499	507	516	550	588	644	668	719	904	950	994
Vestmannaeyjar	4.301	264	268	282	328	388	435	483	462	489	583	609	621	614	674	718	761	813
<b>Seltjarnarnesbær</b>	<b>4.664</b>	<b>264</b>	<b>281</b>	<b>300</b>	<b>351</b>	<b>360</b>	<b>433</b>	<b>426</b>	<b>407</b>	<b>441</b>	<b>488</b>	<b>520</b>	<b>537</b>	<b>581</b>	<b>585</b>	<b>642</b>	<b>714</b>	<b>765</b>
Fjarðabyggð	5.070	296	297	316	336	458	542	531	552	591	635	661	694	727	801	838	901	1.015
Akraneskaupstaður	7.411	238	247	265	299	337	373	406	428	438	513	534	576	611	640	704	757	820
Sveitarf. Árborg	9.485	245	264	269	297	336	374	392	418	435	507	534	566	579	620	671	711	745
Mosfellsbær	11.463	225	250	269	291	330	360	414	399	412	520	553	591	621	676	721	759	782
Garðabær	16.299	262	269	284	329	366	435	472	454	454	512	544	583	605	641	702	765	787

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 13 sýnir skatttekjur samtals á hvern íbúa á verðlagi hvers árs hjá samanburðar sveitarfélögum í þúsundum króna, fimm stærri sveitarfélög og fimm minni en Seltjarnarnesbær miðað við íbúafjölda 1. janúar 2019.

Eins og taflan sýnir var eitt sveitarfélag með lægri skatttekjur á hvern íbúa árin 2017 og 2018 en Seltjarnarnesbær. Árin 2011 til 2016 voru skatttekjurnar á hvern íbúa lægstar hjá Seltjarnarnesbæ nema árið 2014, þá var eitt sveitarfélag með lægri skatttekjur á hvern íbúa en Seltjarnarnesbær af samanburðar sveitarfélögum. Árið 2018 voru skatttekjur á hvern íbúa hjá Seltjarnarnesbæ 765 þúsund krónur. Hæstar voru skatttekjurnar í Fjarðabyggð þar sem þær voru 1.015 þúsund krónur á hvern íbúa.

Tafla 14: Greining á skatttekjum á íbúa hjá 11 samanburðar sveitarfélögum árið 2018 í þúsundum krónum

	Fljótshálfjörðingur	Ísafjarðarbær	Borgarbyggð	Sveitarf. Skagafjörður	Vestmannaeyjabær	Seltjarnarnesbær	Fjarðabyggð	Akraneskaupstaður	Sveitarf. Árborg	Mosfellsbær	Garðabær
Útsvar	518	537	499	523	565	622	594	554	502	542	613
Fasteignaskattur	103	78	131	107	75	60	158	71	81	76	93
Framlag úr jöfnunarsjóði	371	234	297	345	153	76	248	189	146	153	66
Aðrar tekjur með skattgildi	9	17	18	19	20	6	15	5	15	11	16
<b>Skatttekjur samtals</b>	<b>1.000</b>	<b>866</b>	<b>944</b>	<b>994</b>	<b>813</b>	<b>765</b>	<b>1.015</b>	<b>820</b>	<b>745</b>	<b>782</b>	<b>787</b>

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 14 sýnir skatttekjur á hvern íbúa í 11 samanburðar sveitarfélögum árið 2018 í þúsundum króna.

Eins og fram kemur í töflunni voru útsvarstekjur á íbúa hæstar hjá Seltjarnarnesbæ af samanburðar sveitarfélögum. Hins vegar var fasteignaskattur á hvern íbúa lægstur hjá Seltjarnarnesbæ. Eitt sveitarfélag, Garðabær, var með lægri framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á hvern íbúa en Seltjarnarnesbær. Eitt sveitarfélag, Akraneskaupstaður, var með lægri aðrar tekjur með skattgildi á hvern íbúa en Seltjarnarnesbær.

Þegar allar skatttekjurnar eru teknar saman var eitt sveitarfélag með skatttekjur samtals á hvern íbúa lægri en Seltjarnarnesbær af samanburðar sveitarfélögum, sbr. hér að framan.

Þegar framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru skoðuð þarf að hafa í huga að framlög vegna málefna fatlaðs fólks geta skekkt myndina þar sem sum sveitarfélög kunna að fá framlög vegna annarra sveitarfélaga, þar sem þau annast málaflokkinn fyrir þau og þá fá þau sveitarfélög ekki framlög.

Tafla 15: Framlög til 11 samanburðar sveitarfélaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2018 önnur en vegna málefna fatlaðs fólks í þúsundum króna

	Garðabær	Mosfellsbær	Sveitarfélagið Árborg	Akraneskaupstaður	Fjarðabyggð	Seltjarnarnesbær	Vestmannaeyjabær	Sveitarfélagið Skagafjörður	Borgarbyggð	Ísafjarðarbær	Fljótsdals-herað	Samtals 11 sveitarfélög	Samtals öll sveitarfélög
Íbúafjöldi 1. desember 2018	16.299	11.463	9.485	7.411	5.070	4.664	4.301	3.992	3.807	3.800	3.600	73.892	356.789
Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga					235.090						2.925	238.015	411.225
Framlög vegna sérstakra verkefna										10.000	10.000	20.000	45.615
Tekjujöfnunarframlög			160.696	19.868								180.564	1.250.000
Útgjaldajöfnunarframlög	172.735	246.603	252.243	336.230	232.963	135.169	325.551	507.783	453.911	424.049	491.853	3.579.090	10.100.000
Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla	325.439	468.852	448.223	274.213	388.989		9.887	174.249	274.588	177.189	299.380	2.841.009	8.921.883
Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda	57.450	77.000	57.750	48.300	28.150	9.350	28.250	11.950	18.800	13.400	18.900	369.300	2.333.691
Framlög vegna nýbúafraeðslu	14.950	8.970	10.530	8.840	15.470	4.420	5.980	3.250	6.110	7.670	5.980	92.170	321.230
Framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna		31.551	156.618	122.032	259.161		134.928	208.188	189.105	268.104	157.889	1.527.576	4.807.575
Framlög til eflingar tónlistamáms	19.664	20.229	13.845	9.308	1.731	5.983	1.756	1.288	2.220	19.355	11.538	106.917	551.799
Framlög vegna skólábúða og önnur framlög												0	76.111
<b>Samtals</b>	<b>590.238</b>	<b>853.205</b>	<b>1.099.905</b>	<b>818.791</b>	<b>1.161.554</b>	<b>154.922</b>	<b>506.352</b>	<b>906.708</b>	<b>944.734</b>	<b>919.767</b>	<b>998.465</b>	<b>8.954.641</b>	<b>28.819.129</b>

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Tafla 15 sýnir framlög til samanburðarsveitarfélaganna í þúsundum króna árið 2018 frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga önnur en vegna málefna fatlaðs fólks. Einnig sýnir taflan framlögin samtals til þessara sveitarfélaga og til allra sveitarfélaga samtals.

Eins og fram kemur í töflunni sker Seltjarnarnesbær sig nokkuð úr hversu lág framlögin eru í samanburði við hin sveitarfélögin, eða 155 milljónir króna samtals.

Tafla 16: Framlög á hvern íbúa til 11 samanburðarsveitarfélaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2018 önnur en vegna málefna fatlaðs fólks í krónum talið

	Garðabær	Mosfellsbær	Sveitarfélagið Árborg	Akraneskaupstaður	Fjarðabyggð	Seltjarnarnesbær	Vestmannaeyjabær	Sveitarfélagið Skagafjörður	Borgarbyggð	Ísafjarðarbær	Fljótsdals-herað	Samtals 11 sveitarfélög	Samtals öll sveitarfélög
Íbúafjöldi 1. desember 2018	16.299	11.463	9.485	7.411	5.070	4.664	4.301	3.992	3.807	3.800	3.600	73.892	356.789
Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga					46.369						813	3.221	1.153
Framlög vegna sérstakra verkefna										2.632	2.778	271	128
Tekjujöfnunarframlög			16.942	2.681								2.444	3.503
Útgjaldajöfnunarframlög	10.598	21.513	26.594	45.369	45.949	28.981	75.692	127.200	119.231	111.592	136.626	48.437	28.308
Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla	19.967	40.901	47.256	37.001	76.724		2.299	43.650	72.127	46.629	83.161	38.448	25.006
Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda	3.525	6.717	6.089	6.517	5.552	2.005	6.568	2.993	4.938	3.526	5.250	4.998	6.541
Framlög vegna nýbúafraeðslu	917	783	1.110	1.193	3.051	948	1.390	814	1.605	2.018	1.661	1.247	900
Framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna		2.752	16.512	16.466	51.117		31.371	52.151	49.673	70.554	43.858	20.673	13.475
Framlög til eflingar tónlistamáms	1.206	1.765	1.460	1.256	341	1.283	408	323	583	5.093	3.205	1.447	1.547
Framlög vegna skólábúða og önnur framlög													213
<b>Samtals</b>	<b>36.213</b>	<b>74.431</b>	<b>115.963</b>	<b>110.483</b>	<b>229.103</b>	<b>33.217</b>	<b>117.729</b>	<b>227.131</b>	<b>248.157</b>	<b>242.044</b>	<b>277.351</b>	<b>121.186</b>	<b>80.774</b>

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga varðandi íbúafjölda

Tafla 16 sýnir framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á hvern íbúa í þúsundum króna til 11 samanburðarsveitarfélaganna, meðaltalið fyrir þessi sveitarfélög og meðaltalið á hvern íbúa miðað við landið allt, miðað er við íbúafjölda 1. desember 2018. Framlög vegna málefna fatlaðs fólks eru hér ekki meðtalin.

Rauða letrið sýnir framlög sem voru lægri en hjá Seltjarnarnesbæ og hjá Seltjarnarnesbæ þegar framlagið hvar lægst hjá sveitarfélaginu. Seltjarnarnesbær var með lægsta framlagið samtals í þessum samanburði, eða 33.217 krónur. Er framlagið langt undir meðaltali þessara 11 sveitarfélaga og landsmeðaltalinu á hvern íbúa.

Tafla 17: Útsvar, fasteignaskattur, tekjujöfnunarframlög og framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2018 á hvern íbúa í þúsundum króna hjá samanburðar sveitarfélögum

	Fljótalds- hérað	Ísafjarðar- bær	Borgar- byggð	Sveitarf. Skaga- fjörður	Vestmanna- eyjabær	Seltjarnar- nesbær	Fjarða- byggð	Akranes- kaup- staður	Sveitarf. Árborg	Mosfells- bær	Garða- bær
Útsvar	518	537	499	523	565	622	594	554	502	542	613
Tekjujöfnunarframlög											
Samtals	518	537	499	523	565	622	594	557	519	542	613
Fasteignaskattur	103	78	131	107	75	60	158	71	81	76	93
Framlag vegna jöfnunar fasteignaskattstekna	44	71	50	52	31		51	16	17	3	
Samtals	147	149	180	159	106	60	209	87	98	79	93
Samtals	664	685	679	682	671	682	803	644	617	620	706
Mismunur miðað við Seltjarnesbæ	-18	3	-3	0	-11	0	121	-38	-65	-62	24

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar og Jöfnunarsjóður sveitarfélag

Tafla 17 sýnir útsvar, fasteignaskatt, tekjujöfnunarframlög og framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2018 á hvern íbúa hjá samanburðar sveitarfélögum.

Eins og taflan sýnir voru þrjú sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögum með hærri tekjur á hvern íbúa en Seltjarnarnesbær þegar útsvar og fasteignaskattur með tekjujöfnunarframlagi og framlagi til jöfnunar fasteignaskattstekna eru borin saman.

Það sem vekur athygli í þessum samanburði er hátt framlag frá Jöfnunarsjóði til Fjarðabyggðar vegna jöfnunar fasteignaskattstekna þrátt fyrir að tekjur fasteignaskatts á hvern íbúa hafi verið hæstar hjá því sveitarfélagi í þessum samanburði.

Tafla 18: Skattaálagningarhlutfall hjá 11 samanburðar sveitarfélögum árið 2019

	Garða- bær	Mosfells- bær	Sveitarfélagið Árborg	Akranes- kaupstaður	Fjarða- byggð	Seltjarnar- nesbær	Vestmanna- eyjabær	Sveitarfélagið Skagafjörður	Borgar- byggð	Ísafjarðar- bær	Fljótalds- hérað
Íbúafjöldi 1. janúar 2019	16.299	11.463	9.485	7.411	5.070	4.664	4.301	3.992	3.807	3.800	3.600
Álagning útsvars	13,70%	14,48%	14,52%	14,52%	14,52%	13,70%	14,46%	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%
Fasteignaskattur, A-flokkur, íbúðarhúsnæði	0,190%	0,209%	0,275%	0,2865%	0,500%	0,175%	0,330%	0,500%	0,400%	0,625%	0,500%
B-flokkur, opinberar stofnanir	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
C-flokkur, verslunar- og iðnaðarhúsnæði	1,630%	1,600%	1,650%	1,5804%	1,650%	1,1875%	1,650%	1,650%	1,390%	1,650%	1,650%
Lóðarleiga, A-flokkur	0,40%	0,316%	1,00%	0,3815%	0,70%	0,40%	1,00%	1,50%	1,500%	1,80%	0,75%
Lóðarleiga, B-flokkur	1,00%	1,10%	1,00%	1,265%	3,00%	1,75%	3,50%	2,50%	1,500%	3,00%	0,75%
Gjald dagar	10	9	10	10	8	10	10	9	10	8	8

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 18 sýnir skattaálagningarhlutfall hjá 11 samanburðar sveitarfélögum á árinu 2019. Eins og taflan sýnir voru fjögur af samanburðar sveitarfélögum ekki með útsvarsprósenta í hámarki, rauðletrað. Útsvarsprósenta var lægst hjá Seltjarnarnesbæ og Garðabæ, eða 13,70%.

Álagningarprósenta fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði var lægst hjá Seltjarnarnesbæ. Eitt sveitarfélag var með álagninguna í hámarki með álagi, þ.e. 0,625%. Þrjú sveitarfélög voru með álagninguna í hámarki án álags, þ.e. 0,500%.

Leggja má á 0,5% fasteignaskatt í þessum flokki. Síðan er heimilt að leggja tímabundið allt að 25% álag ofan á hámarkið og fara með fasteignaskattinn í allt að 0,625%.

Álagningarprósenta á atvinnuhúsnæði var einnig lægst hjá Seltjarnarnesbæ.

Sex sveitarfélög voru með álagningu í C-flokki í hámarki með álagi að fullu, þ.e. 1,650%, og þrjú sveitarfélög voru með álagningu í hámarki og með álag að hluta.

Lóðarleiga hjá þessum sveitarfélögum vegna íbúðarhúsnæðis var frá 0,316%, þar sem álagningin var lægst, í 1,80% þar sem hún var hæst. Hjá Seltjarnarnesbæ var lóðaleigan 0,40%.

Lóðarleiga vegna atvinnuhúsnæðis var lægst 0,75% en hæst 3,50%. Lóðarleiga vegna atvinnuhúsnæðis hjá Seltjarnarnesbæ var 1,75%.

Tafla 19: Skattálagningarhlutfall og gjaldtaka hjá 11 samanburðar sveitarfélögum árið 2020

	Fljótalds- hérað	Ísafjarðar- bær	Borgarbyggð	Sv. Skaga- fjörður	Vest- mannaeyjabær	Seltjarnar- nesbær	Fjarða byggð	Akranes- kaupstaður	Sv. Árborg	Mosfellsbær	Garðabær
Íbúafjöldi í janúar 2019	3.600	3.800	3.807	3.992	4.301	4.664	5.070	7.411	9.485	11.463	16.299
Álagning útsvars %	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,46%	13,70%	14,52%	14,52%	14,52%	14,48%	13,70%
Fasteignaskattur, A-liður % af fastm.	0,50%	0,625%	0,360%	0,50%	0,291%	0,175%	0,50%	0,2407%	0,2544%	0,207%	0,185%
Fasteignaskattur, B-liður % af fastm.	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Fasteignaskattur, C-liður % af fastm.	1,650%	1,650%	1,390%	1,650%	1,55%	1,1875%	1,650%	1,40%	1,60%	1,5850%	1,59%
Fráveitugjald, A-hluta % af fm	0,32%	0,25%	576,23/14.931*	0,186%	0,20%	0,15%	0,306%	434,96/11.269*	0,2512%	0,105%	0,10%
Fráveitugjald, B- og C-hluta % af fm	0,32%	0,33%	576,23/14.931*	0,275%	0,30%	0,15%	0,306%	434,96/11.269*	0,2512%	0,105%	0,10%
Vatnsgjald, A-liður % af fm	255/8.966 *	0,10%	330,08/7.499*	0,160%	166/108,67*	0,09%	0,294%	203,81/5.252*	0,1721%	0,07%	0,095%
Vatnsgjald, B- og C-liður % af fm	255/8.966 *	0,30%	330,08/7.499*	0,16%	0,207%	0,09%	0,294%	203,81/5.252*	0,1721%	0,07%	0,095%
Sorphreinsgjald	21.429	15.741		20.578	18.233		30.406	18.786	28.570		
Sorpeyðingargjald	9.179	29.984		18.157	41.187		14.431	16.021	23.430		
<b>Sorphreinsi- og -eyðingargjald samtals</b>	<b>30.608</b>	<b>45.725</b>	<b>55.460</b>	<b>38.735</b>	<b>59.420</b>	<b>39.458</b>	<b>44.837</b>	<b>34.807</b>	<b>52.000</b>	<b>29.725</b>	<b>31.000</b>
Lóðaleiga, A-liður % af fastm. lóðar	0,75%	1,80%	1,50%	1,5%	1,00%	0,40%	0,70%	0,303%	1,00%	0,3160%	0,40%
Lóðaleiga, B-liður % af fm	0,75%	3,00%	2,00%	2,5%	3,50%	1,75%	3,00%	1,199%	1,00%	1,1000%	1,00%
Lóðaleiga, C-liður % af fm	0,75%	3,00%	2,00%	2,5%	3,50%	1,75%	3,00%	1,199%	1,00%	1,1000%	1,00%
Fjöldi gjalddaga	9	10	10	9		10	8	10	10	9	10

Heimild: Heimasiður viðkomandi sveitarfélaga og Þjóðskrá Íslands

Tafla 19 sýnir álagningu útsvars, fasteignaskatts, holræsagjalds, vatnsgjalds, sorphreinsi- og sorpeyðingargjalds og lóðarleigu hjá samanburðar sveitarfélögum á árinu 2020. Í sumum tilfella eru upplýsingar um álagningu ekki alveg tæmandi.

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Það er dregið af launum launþega ásamt tekjuskatti ríkisins. Útsvarsprósentan getur verið mismunandi frá einu sveitarfélagi til annars. Samkvæmt tekjustofnalögum getur útsvarsprósentan hæst verið 14,52% en lægst 12,44%. Eins og taflan sýnir eru fjögur af samanburðar sveitarfélögum með útsvarsprósentuna ekki í hámarki árið 2020. Álagningarprósentan er lægst hjá Seltjarnarnesbæ og Garðabæ af samanburðarsveitarfélögum, eða 13,70%.

Fasteignaskattur, sem lagður er á fasteignamat húsnæðis og lóðar, skiptist í þrennt:

A-skattur er lagður á íbúðarhúsnæði og getur verið allt að 0,5% af fasteignamati.

B-skattur er lagður á ýmsar opinberar byggingar og er 1,32% af fasteignamati.

C-skattur er lagður á atvinnuhúsnæði og annað húsnæði, sem ekki fellur undir A- eða B-skatt, og getur verið allt að 1,32% af fasteignamati.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka álagningu A- og C-skatta um allt að 25%. Hámarksálagning A-skatts er þá 0,625% og C-skatts 1,65% með álagi.

Eins og taflan sýnir er eitt sveitarfélag af samanburðarsveitarfélögum með fasteignaskatt í A-lið í hámarki með álagi. Þrjú sveitarfélög eru með fasteignaskatt í A-lið í hámarki án álags. Álagningarprósentan er lægst í þessum samanburði hjá Seltjarnarnesbæ, eða 0,175%. Hafa ber í huga að skoða þarf einnig matsstuðulinn þegar fasteignaskattur er borinn saman á milli sveitarfélaga, sjá hér síðar.

Álagningarprósenta í B-lið er bundin í lög, 1,32%, og er því sú sama hjá öllum sveitarfélögunum. Hér er um að ræða húsnæði í eigu hins opinbera.

Álagning í C-lið getur verið allt að 1,32%. Hins vegar er sveitarfélögum heimilt að leggja allt að 25% álag á þennan tekjustofn og fara með hann í allt að 1,65%. Fjögur af samanburðar sveitarfélögunum nýta sér heimild til að vera með hámarks álag ofan á hámark fasteignaskatts í C-flokki. Sex sveitarfélög eru með álagninguna í hámarki með álagi. Lægsta álagningarprósenta er hjá Seltjarnarnesbæ, eða 1,1875%.

Varðandi önnur gjöld og lóðarleigu bera að hafa í huga að í sumum tilfella er ekki um tæmandi upplýsingar að ræða.

Gera verður nokkurn greinarmun á framangreindum sköttum og skattgildi annars vegar og holræsagjaldi, vatnsgjaldi, sorphreinsgjaldi og sorpeyðingargjaldi hins vegar. Annars vegar er um skatt að ræða og hins vegar gjöld. Gjöldin eru lögð á samkvæmt ákveðinni samþykkt þar um og eru eingöngu ætluð til að standa undir kostnaði við rekstur holræsa og vatnsveitu, við sorphreinsun og sorplosun.

Tafla 20: Matsstuðull 2019, lægsta, hæsta og miðgildi fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt meðaltal fasteignamats fyrir sérbýli annars vegar og fjölbýli hins vegar

Sérbýli:					Fjölbýli:			
	Matsstuðull,	Matsstuðull,	Meðaltal,	Fasteignamat,	Matsstuðull	Matsstuðull,	Meðaltal,	Fasteignamat,
heiti	<b>lægstur</b>	<b>hæstur</b>	<b>miðgildi</b>	<b>meðaltal</b>	<b>lægstur</b>	<b>hæstur</b>	<b>miðgildi</b>	<b>Meðaltal</b>
Reykjavíkurborg	0,700	1,701	1,146	70.553	0,691	1,478	1,149	41.166
Kópavogsbær	0,700	1,077	1,046	70.813	0,895	1,075	1,014	42.895
Seltjarnarnesbær	1,229	1,229	1,229	88.714	1,207	1,207	1,207	48.680
Garðabær	0,941	1,417	1,096	79.882	0,950	1,078	1,040	48.693
Hafnarfjarðarkaupstaður	0,520	1,026	0,977	62.046	0,887	0,981	0,943	38.006
Mosfellsbær	0,700	1,031	0,960	64.539	0,675	0,988	0,916	38.821

Heimild: Þjóðskrá

Tafla 20 sýnir matstuðla 2019 fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Lægsta og hæsta matsstuðul í hverju sveitarfélagi og miðgildi fasteignamatsins. Jafnframt sýnir taflan meðalverð íbúða í sérbýli og fjölbýli.

Við vinnslu skýrsluhöfunda á úttekt á rekstri Garðabæjar var óskað eftir því við þjóðskrá að reikna miðgildi fyrir hvert sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt var reiknað meðalverð íbúða. Þar hefur m.a. áhrif aldur íbúða o.fl. Eftir því sem fleiri íbúðir eru yngri má t.d. gera ráð fyrir að meðalverðið sé hærra. Notast er við þessar upplýsingar hér.

Tafla 21: Matsstuðull 2019, miðgildi fyrir hvert sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu, fasteignaskattsálagning árið 2019 hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu og verðmat eigna í þúsundum króna

	Reykjavíkurborg	Kópavogsbær	Hafnarfjarðar-kaupstaður	Garðabær	Mosfellsbær	Seltjarnarnesbær
Íbúafjöldi janúar 2019	128.793	36.975	29.799	16.299	11.463	4.664
Fasteignaskattstekjur á hvern íbúa 2018	143.318	97.868	107.136	93.024	76.043	59.713
Fasteignastuðull 2019, miðgildi (sérbýli/fjölbýli)	1,146/1,149	1,046/1,014	0,977/0,943	1,096/1,040	0,960/0,916	1,229/1,207
Fasteignaskattur, A-liður % af fm	0,180%	0,220%	0,260%	0,190%	0,209%	0,175%
Matseining 50.000 þús. kr., matsstuðull 1,00 sérbýli	57.300	52.300	48.850	54.800	48.000	61.450
Matseining 50.000 þús. kr., matsstuðull 1,00 fjölbýli	57.450	50.700	47.150	52.000	45.800	60.450
Fasteignaskattur, sérbýli	103.140	115.060	127.010	104.120	100.320	107.538
Fasteignaskattur, fjölbýli	103.410	111.540	122.590	98.800	95.722	105.788

Heimild: Vefir sveitarfélaganna og Þjóðskrá Íslands

Tafla 21 sýnir fasteignaskattstekjur í þúsundum króna á íbúa hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu árið 2018, fasteignamatsstuðullinn 2019, miðgildi í hverju sveitarfélagi fyrir sig og samanburð á mati sambærilegra eigna í þessum sveitarfélögum miðað við miðgildi í hverju sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu. Þar sem verðið er 50.000.000 kr. er matsstuðullinn 1,00. Síðan sýnir taflan hlutfallslega álagningu fasteignaskatts og álagningu í krónum talið miðað við álagningarhlutfall og matsstuðul, miðgildi, í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu.

Eins og taflan sýnir fæst alls ekki rétt mynd af samanburði á fasteignaskatti með því eingöngu að líta á álagningarprósenta. Tvær neðstu línurnar sýna álagningu fasteignaskatts í þessum sveitarfélögum miðað við álagningarprósenta árið 2019 og miðgildi matsstuðla í þessum sveitarfélögum. Miðað er við sambærilegar íbúðir með mismunandi matsstuðla sem gefnir eru út af Þjóðskrá Íslands og fasteignamatið byggir á, sjá fylgiskjal 1.

Eins og taflan sýnir er álagningin í krónum talið lægst í Mosfellsbæ, þ.e. 100.320 krónur á sérbýli, að gefnum framangreindum forsendum. Síðan næst lægst í Reykjavík.

Þegar álagningin í krónum talið er skoðuð á fjölbýli miðað við miðgildi og álagningarprósenta í hverju sveitarfélagi er hún einnig lægst í Mosfellsbæ en nú næst lægst í Garðabæ. Af þessu má ljóst vera að matsstuðullinn skiptir verulegu máli um hver skatturinn er í krónum talið.

## LAUN

Launagjöld sveitarfélaga er stór þáttur í rekstri þeirra. Heildarlaunagjöld allra sveitarfélaga, sem hlutfall af tekjum samtals, A-hluti, á árinu 2018, voru 52%. Hlutfallið hefur verið að hækka og lækka á milli síðustu ára samtals hjá öllum sveitarfélögum.



Tafla 22: Launagjöld, A-hluti, sem hlutfall af tekjum hjá 11 samanburðar sveitarfélögum árin 2002 til 2018

	Fjöldi íbúa, janúar 2019	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Garðabær	16.299	51%	53%	49%	44%	45%	36%	42%	44%	44%	44%	44%	45%	47%	51%	44%	49%	48%
Mosfellsbær	11.463	64%	57%	53%	47%	53%	46%	47%	55%	58%	49%	48%	48%	49%	49%	46%	48%	45%
Sveitarfélagið Árborg	9.485	55%	56%	55%	54%	52%	52%	56%	60%	55%	54%	55%	55%	58%	61%	59%	60%	58%
Akraneskaupstaður	7.411	58%	59%	52%	57%	50%	48%	48%	49%	51%	56%	57%	55%	56%	58%	57%	63%	55%
Fjarðabyggð	5.070	56%	59%	61%	59%	43%	46%	53%	56%	55%	54%	53%	52%	53%	56%	56%	58%	54%
Seltjarnarnesbær	4.664	56%	58%	57%	53%	58%	51%	58%	68%	62%	56%	52%	52%	53%	61%	57%	61%	59%
Vestmannaeyjabær	4.301	57%	60%	56%	62%	58%	53%	47%	53%	49%	43%	42%	42%	47%	48%	46%	53%	48%
Sveitarfélagið Skagafjörður	3.992	53%	60%	59%	63%	61%	56%	58%	61%	63%	63%	61%	57%	59%	62%	60%	65%	61%
Borgarbyggð	3.807	54%	52%	47%	52%	50%	46%	50%	50%	48%	52%	51%	52%	54%	54%	50%	53%	51%
Ísafjarðarbær	3.800	47%	54%	55%	62%	64%	55%	53%	57%	58%	62%	54%	52%	56%	55%	52%	55%	56%
Fljótisdalshérað	3.600	53%	52%	49%	42%	43%	45%	56%	52%	52%	49%	49%	49%	51%	52%	51%	55%	52%
Meðaltal 11 sveitarfélaga		55%	56%	54%	53%	51%	48%	51%	54%	53%	52%	51%	50%	52%	55%	51%	55%	52%
Meðaltal allra sveitarfélaga		52%	53%	51%	50%	48%	44%	49%	52%	52%	51%	50%	50%	52%	54%	51%	53%	52%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 22 sýnir launagjöld án breytinga vegna lífeyrisskuldbindinga sem hlutfall af tekjum hjá 11 samanburðar sveitarfélögum. Fimm fjölmennari og fimm með færri íbúa en Seltjarnarnesbær. Neðst í töflunni er sýnt meðaltal fyrir þessi sveitarfélög og öll sveitarfélög á landinu.

Eins og taflan sýnir var eitt af samanburðar sveitarfélögum með laun sem hlutfall af tekjum hærri en hjá Seltjarnarnesbæ árið 2018. Hlutfallið hjá Seltjarnarnesbæ var 59% árið 2018, til samanburðar var það að meðaltali fyrir þessi 11 sveitarfélög 52% og að meðaltali fyrir öll sveitarfélög á landinu var það einnig 52%. Að teknu tilliti til aukastafa voru launagjöld Seltjarnarnesbæjar 6,3% stigum hærri af tekjum en meðaltalið hjá samanburðar sveitarfélögum var og 6,9% stigum hærri en meðaltalið hjá öllum sveitarfélögum á landinu. Hefði hlutfallið hjá Seltjarnarnesbæ verið það sama og meðaltalið fyrir samanburðar sveitarfélögin var hefðu launagjöld verið 256 milljónum krónum lægri en þau voru árið 2018.

Rauðu prósentutölurnar í töflunni sýna þau sveitarfélög sem voru með herra hlutfall en Seltjarnarnesbær ár hvert.

Tafla 23: Launagjöld, í þúsundum króna, á hvern íbúa hjá 11 samanburðar sveitarfélögum árin 2002 til 2018

	Íbúafjöldi í janúar 2019	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Garðabær	16.299	149	161	158	171	181	191	206	210	214	246	262	282	307	356	364	409	416
Mosfellsbær	11.463	162	165	169	185	208	204	235	267	275	292	307	332	365	394	398	426	412
Sveitarfélagið Árborg	9.485	153	171	177	188	208	227	244	277	271	319	330	353	389	444	465	486	491
Akraneskaupstaður	7.411	162	176	177	203	214	216	240	257	272	332	354	362	388	431	454	536	504
Fjarðabyggð	5.070	200	209	234	241	228	297	343	360	378	389	401	422	461	524	551	608	630
Seltjarnarnesbær	4.664	172	192	198	225	245	269	298	322	325	313	315	329	360	414	426	498	511
Vestmannaeyjabær	4.301	192	209	216	261	283	290	293	307	293	316	319	314	344	367	383	457	444
Sveitarfélagið Skagafjörður	3.992	199	210	234	270	304	329	361	399	423	450	467	472	507	580	648	730	716
Borgarbyggð	3.807	182	190	195	219	249	260	295	322	312	341	358	381	424	468	488	528	531
Ísafjarðarbær	3.800	180	195	206	232	257	280	309	334	354	424	408	446	465	510	548	578	620
Fljótisdalshérað	3.600	198	196	192	190	185	237	289	323	320	373	388	411	444	504	522	592	614

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands

Tafla 23 sýnir launakostnað á hvern íbúa í viðkomandi sveitarfélagi hjá samanburðar sveitarfélögum árin 2002 til 2018.



Rautt letur er hjá þeim sveitarfélögum þar sem launakostnaður var lægri á hvern íbúa en hjá Seltjarnarnesbæ ár hvert.

Árið 2018 voru fimm af samanburðar sveitarfélögunum með lægri launakostnað á hvern íbúa en Seltjarnarnesbær. Árið 2017 voru þau fjögur en þrjú árin 2015 og 2016. Á árunum 2011 til 2014 voru sveitarfélögin tvö sem voru með lægri launakostnað á hvern íbúa af samanburðar sveitarfélögunum en hjá Seltjarnarnesbæ. Taka ber þessum samanburði með fyrirvara því rekstu sveitarfélag er í sumum tilfella nokkuð mismunandi. Sem dæmi má nefna að sum sveitarfélög fela verktökum ýmis verkefni eins og t.d. rekstur leikskóla. Í þeim tilfellum eru launagjöld vegna þeirrar aðkeyptu þjónustu ekki meðtalin o.s.frv.

Tafla 24: Launagjöld hjá Seltjarnarnesbæ árin 2017 og 2018

Árið 2017	Hlutfall af föstum launum og dagvinnulaunum A- og B-hluti			A-hluti	B-hluti	Árið 2018	Hlutfall af föstum launum og dagvinnulaunum A- og B-hluti			A-hluti	B-hluti
	A-hluti	B-hluti	A- og B-hluti				A-hluti	B-hluti	A- og B-hluti		
Föst laun (mánaðalaun)	1.254.244.089	8.926.248	1.263.170.337			Föst laun (mánaðalaun)	1.383.869.723	9.345.382	1.393.215.105		
Dagvinnulaun	76.567.575		76.567.575			Dagvinnulaun	88.956.815		88.956.815		
Föst yfirvinna	48.961.522		48.961.522	15,3%	14,8%	Föst yfirvinna	53.533.028		53.533.028	17,4%	17,0%
Yfirvinna, önnur	105.928.553	1.074.146	107.002.699								
Álag (33%, 45%, 55%)	19.766.359	5.950.365	25.716.724								
Orlof á fasta yfirvinnu	6.384.582		6.384.582								
Orlof á aðra yfirvinnu og álag	15.340.385	915.998	16.256.383								
Nefndir, ráð og stjórnir	34.198.747	617.478	34.816.225			Nefndir, ráð og stjórnir	36.182.006	570.931	36.752.937		
Bifreiðastyrkir	6.196.539		6.196.539	0,46%	0,47%	Bifreiðastyrkir	5.787.844		5.787.844	0,390%	0,393%
Orlofs- og desemberuppbot	37.036.014	314.500	37.350.514			Orlofs- og desemberuppbot	40.379.355	322.000	40.701.355		
Fatapeningar	413.100		413.100			Fatapeningar	610.197		610.197		
Önnur laun <sup>1)</sup>	50.965.193	6.905.260	57.870.453	19,6%	18,6%	Önnur laun <sup>1)</sup>	55.561.528	7.229.509	62.791.037	21,6%	20,7%
Launatengd gjöld	433.753.804	6.800.099	440.553.903			Launatengd gjöld	486.836.855	6.991.853	493.828.708		
<b>Samtals</b>	<b>2.089.756.462</b>	<b>31.504.094</b>	<b>2.121.260.556</b>			<b>Samtals</b>	<b>2.348.014.263</b>	<b>32.624.299</b>	<b>2.380.638.562</b>		

1) Hlutföllin hér eru yfirvinna, álag og orlof á yfirvinnu og álag ásamt öðrum launum sem hlutfall af föstum launum og dagvinnulaunum.

Heimild: Seltjarnarnesbær

Tafla 24 sýnir skiptingu launagjalda hjá Seltjarnarnesbæ árin 2017 og 2018, vegna A- og B-hluta.

Eins og taflan sýnir var yfirvinna og álag ásamt orlof á yfirvinnu og álag sem hlutfall af föstum launum og dagvinnulaunum 15,3% árið 2018 og 17,4% árið 2018, þ.e. A- og B-hluti samtals. Þannig hækkar þetta hlutfall á milli áruna. Hins vegar var hlutfallið nokkuð hátt hjá B-hluta stofnunum, eða 89% og 87,4 hvort ár, í samanburði við A-hlutann þar sem hlutfallið var 14,8% og 17,0% hvort ár.

Rétt er að skoða einnig hlutfall yfirvinnu, álags og orlofs á yfirvinnu og álag að viðbættum öðrum launum samtals af föstum launum og dagvinnulaunum, þá verður þetta hlutfall 19,6% árið 2017 og 21,6% árið 2018.

Bifreiðastyrkir sem hlutfall af föstum launum var vel innan við 1% bæði árin. Hlutfallið lækkaði á milli áruna.

Tafla 25: Hlutfall yfirvinnu, álags og orlofs á yfirvinnu og álag af föstum mánaðarlaunum hjá nokkrum sveitarfélögum

	2017	2018
Sveitarfélagið Árborg	9,2%	
Bolungarvíkurkaupstaður	13,1%	14,9%
Garðabær	23,0%	23,8%
Seltjarnarnesbær	15,3%	17,4%
Seltjarnarnesbær með öðrum launum einnig	19,6%	21,6%

Tafla 25 sýnir hlutfall yfirvinnu, álags og orlofs á yfirvinnu og álag af föstum mánaðarlaunum hjá fjórum sveitarfélögum.

Eins og fram kemur í töflunni var þetta hlutfall nokkuð mismunandi hjá þessum sveitarfélögum. Lægst var hlutfallið hjá Sveitarfélaginu Árborg en hæst hjá Garðabæ.

Tafla 26: Skráð laun, sem greidd voru í veikindum starfsmanna og/eða barna þeirra árin 2017 og 2018 í þúsundum krónum

	Breyting		
	2017	2018	2017/2018
Dagvinna í veikindum	69.409	93.329	34%
Dagvinna í veikindum barns	5.000	4.277	-14%
Samtals	74.409	97.606	31%

Heimild: Seltjarnarnesbær

Tafla 26 sýnir laun sem greidd voru í veikindum starfsmanna og barna þeirra árin 2017 og 2018 hjá Seltjarnarnesbæ.

Eins og fram kemur í töflunni hækka laun sem greidd voru vegna veikinda starfsmanna um 34% á milli árána 2017 og 2018. Árið 2018 voru skráð veikindalaun samtals sem hlutfall af föstum launum og dagvinnulaunum 6,59%.

## STÖÐUGILDI

Miðað við 1. apríl 2019 voru samtals 269,6 stöðugildi hjá Seltjarnarnesbæ, A- og B-hluti.

Tafla 27: Fjöldi stöðugilda hjá samanburðar sveitarfélögum 1. apríl 2019, A- og B-hluti, og íbúafjöldi í janúar 2019

	Íbúafjöldi í janúar 2019	Fjöldi stöðugilda í apríl 2019	Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi
Garðabær	16.299	736,9	22,1
Mosfellsbær	11.463	572,8	20,0
Sveitarfélagið Árborg	9.485	561,0	16,9
Akraneskaupstaður	7.411	461,2	16,1
Fjarðabyggð	5.070	376,6	13,5
Seltjarnarnesbær	4.664	269,6	17,3
Vestmannaeyjabær	4.301	293,1	14,7
Sveitarfélagið Skagafjörður	3.992	340,3	11,7
Borgarbyggð	3.807	290,2	13,1
Ísafjarðarbær	3.800	274,0	13,9
Fljótisdalshérað	3.600	272,3	13,2
<b>Samtals</b>	<b>73.892</b>	<b>4.448</b>	<b>16,6</b>

Heimild: Árbók sveitarfélaga 2019 og Hagstofa Íslands

Tafla 27 sýnir fjölda stöðugilda 1. apríl 2019 hjá samanburðar sveitarfélögum, A- og B-hluti, og fjöldi íbúa á hvert stöðugildi hjá hverju af samanburðar sveitarfélögunum.

Þar sem íbúafjöldi sveitarfélaganna er nokkuð mismunandi er ekki rétt að horfa einungis á tölu stöðugilda. Jafnframt verður að hafa í huga að samsetning stöðugilda hjá sveitarfélögum getur verið nokkuð mismunandi. Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi gefur aftur á móti ákveðna vísbendingu. Hins vegar ber að hafa í huga að rekstur sveitarfélaga getur verið mismunandi, ef t.d. leikskólar eru reknir í einkaframkvæmd þá teljast

stöðugildi þar ekki með o.s.frv. Einnig ef sveitarfélög eru með verkefni í byggðasamlögum, að þá teljast þau stöðugildi yfirleitt ekki með hjá viðkomandi sveitarfélögum. Gæta þarf að þessu við þennan samanburð.

Þegar fjöldi íbúa á hvert stöðugildi hjá samanburðar sveitarfélögunum er skoðaður í þessum samanburði voru tvö þeirra með fleiri íbúa á hvert stöðugildi en Seltjarnarnesbær.

Tafla 28: Fjöldi stöðugilda hjá Seltjarnarnesbæ í apríl ár hvert skipt eftir aðildarfélögum og fjöldi íbúa í janúar ár hvert árin 2010 til 2019

Ár	BSRB	BHM	KÍ	ASÍ	Annað	Samtals stöðugildi	Íbúafjöldi í janúar ár hvert	Fjöld íbúa á hvert stöðugildi
2010	92,7	14,2	99,2	32,1	2,0	240,2	4.395	18,3
2011	89,8	14,5	96,2	26,5	1,0	228,0	4.320	18,9
2012	88,1	13,7	88,4	24,2	2,0	216,4	4.313	19,9
2013	91,8	12,9	87,8	23,6	2,0	218,1	4.322	19,8
2014	97,0	13,7	87,8	24,4	0,0	222,9	4.381	19,7
2015	100,6	11,6	89,9	24,3	2,0	228,4	4.411	19,3
2016	97,7	12,1	89,8	22,8	3,0	225,4	4.415	19,6
2017	100,0	18,6	93,6	17,8	3,0	233,0	4.450	19,1
2018	101,8	18,3	99,4	20,4	2,0	241,9	4.575	18,9
2019	114,1	23,0	106,9	22,8	2,8	269,6	4.664	17,3
<b>Breyting 2012 til 2019</b>	<b>26,0</b>	<b>9,3</b>	<b>18,6</b>	<b>-1,4</b>	<b>0,8</b>	<b>53,3</b>	<b>351,0</b>	<b>-2,6</b>

Heimild: Árbók sveitarfélaga og Hagstofa Íslands

Tafla 28 sýnir fjölda stöðugilda hjá Seltjarnarnesbæ í apríl ár hvert árin 2010 til 2019, skipt eftir aðildarfélögum starfsmanna. Einnig sýnir taflan fjölda íbúa í janúar sömu ár og fjölda íbúa á hvert stöðugildi hjá sveitarfélaginu þessi ár.

Frá árinu 2012 til 2019 fjölgaði stöðugildum hjá Seltjarnarnesbæ um 53,3. Á sama tíma fjölgaði íbúum um 351 og fækkaði því um 2,6 íbúa á hvert stöðugildi á þessu tímabili.

Eins og taflan sýnir hefur stöðugildum hjá sveitarfélaginu fjölgað nokkuð þrjú síðustu árin, þ.e. 2017, 2018 og 2019. Á milli árunna 2018 og 2019 fjölgaði stöðugildum um 27,7 þegar íbúum fjölgaði um 89, eða hlutfallsleg aukning stöðugilda um 11% þegar hlutfallsleg aukning íbúa var 2%. Á árunum 2012 til 2017 var fjöldi íbúa á hvert stöðugildi hjá sveitarfélaginu frá 19,1 upp í 19,9 þegar þeir voru flestir á þessu tímabili. Hins vegar er talan á árinu 2019 komin niður í 17,3 íbúa á hvert stöðugildi.

## ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

Eins og fram kemur hér að framan fóru 59% af tekjum Seltjarnarnesbæjar, A-hluta, í launagjöld árið 2018. Þannig að eftir stóðu 41% fyrir öðrum útgjöldum, fjármagnsgjöldum, afskriftum, afborgun lána og nýframkvæmdum árið 2018.

Tafla 29: Annar rekstrarkostnaður, A-hluti, sem hlutfall af tekjum hjá samanburðar sveitarfélögum árin 2002 til 2018

	Fjöldi íbúa, janúar 2019	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Garðabær	16.299	36%	36%	35%	33%	40%	37%	45%	43%	41%	39%	41%	39%	40%	39%	35%	37%	40%
Mosfellsbær	11.463	39%	32%	30%	25%	30%	33%	38%	37%	35%	37%	39%	40%	43%	40%	39%	39%	40%
Sveitarfélagið Árborg	9.485	41%	44%	40%	36%	36%	38%	40%	34%	35%	33%	33%	35%	36%	33%	32%	32%	33%
Akraneskaupstaður	7.411	33%	39%	36%	33%	41%	42%	44%	35%	35%	35%	33%	31%	31%	29%	28%	25%	26%
Fjarðabyggð	5.070	40%	42%	39%	34%	26%	29%	35%	36%	30%	30%	29%	30%	32%	30%	30%	30%	29%
Seltjarnarnesbær	4.664	35%	35%	33%	29%	35%	35%	45%	47%	37%	35%	35%	35%	37%	38%	38%	39%	42%
Vestmannaeyjabær	4.301	39%	39%	41%	37%	35%	32%	39%	42%	34%	39%	38%	42%	41%	37%	36%	35%	35%
Sveitarfélagið Skagafjörður	3.992	38%	39%	37%	32%	30%	28%	34%	34%	33%	34%	32%	33%	34%	32%	29%	28%	29%
Borgarbyggð	3.807	41%	41%	39%	41%	40%	42%	49%	42%	38%	34%	37%	37%	39%	32%	32%	32%	31%
Ísafjarðarbær	3.800	49%	43%	45%	34%	34%	32%	35%	34%	37%	34%	32%	34%	38%	37%	34%	37%	35%
Fljótshálsa	3.600	42%	43%	40%	33%	35%	36%	49%	43%	34%	30%	30%	32%	31%	31%	29%	30%	28%
Meðaltal 11 sveitarfélaga		39%	39%	37%	33%	35%	35%	41%	39%	36%	35%	35%	36%	37%	35%	33%	34%	35%
Meðaltal allra sveitarfélaga		42%	43%	41%	38%	38%	38%	45%	42%	40%	38%	38%	38%	39%	38%	35%	33%	35%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 29 sýnir annan rekstrarkostnað sem hlutfall af tekjum samanburðar sveitarfélaga, A-hluta, meðaltalið fyrir þessi sveitarfélög og öll sveitarfélög á landinu. Annar rekstrarkostnaður er án launa, afskrifta og fjármagnsgjalda.

Eins og taflan sýnir var þetta hlutfall hæst hjá Seltjarnarnesbæ árið 2018, eða 42%. Árin 2016 og 2017 var hlutfallið hærra hjá einu sveitarfélagi en Seltjarnarnesbæ hvort ár að teknu tilliti til aukastafa. Árið 2015 voru tvö sveitarfélögin með hærra hlutfall en Seltjarnarnesbær.


Þar sem letur er rautt er hlutfallið hærra en hjá Seltjarnarnesbæ.

Til mikils er að vinna að ná öðrum rekstrarkostnaði niður. Ætla má að það sé hægt, t.d. með útboðum. Líka má gera ráð fyrir að hægt sé að ná þessum kostnaði niður að einhverju leyti með hagræðingu án þess að skerða þjónustu. Má þar nefna til viðbótar við útboð aukna eftirfylgni og aga með innkaupum, endurskipulagningu á ræstingum o.s.frv.

## STJÓRNSÝSLAN

Á vef sveitarfélagsins er skipurit Seltjarnarnesbæjar frá október 2010.

Mynd 7: Skipurit Seltjarnarnesbæjar




Heimild: Seltjarnarnesbær

Mynd 7 sýnir skipurit Seltjarnarnesbæjar eins og það birtist á vef sveitarfélagsins (2019).

Stjórnsýslan hefur tekið nokkrum breytingum frá þessu skipuriti. Orðið hefur til nýtt svið, umhverfissvið, þannig að þau mál hafa verið aðgreind frá byggingarfulltrúa. Í einhverjum tilfella hafa mál flust á milli sviða, t.d. hefur félagsstarf aldraða færst yfir á fræðslumálin. Einnig hafa verkefni færst á milli starfsmanna eins og t.d. félagsmiðstöðvar sem hafa færst frá íþrótt- og tómstundafulltrúa yfir á æskulýðs- og tómstundafulltrúa sem er nýlegt starfsheiti. Æskulýðs- og tómstundafulltrúi er jafnframt forstöðumaður frístundamiðstöðva. Undir æskulýðs- og tómstundafulltrúa heyrir m.a. frístundaheimilið, Skjólíð, sem er fyrir nemendur grunnskólans í 1. til 4. bekk. Áður heyrði frístundaheimilið undir grunnskólann, svo nokkuð sé nefnt.

Mynd 8: Skipurit Seltjarnarnesbæjar tekið saman af skýrsluhöfundum




Mynd 8 sýnir skipurit Seltjarnarnesbæjar eins og það var í desember 2019, tekið saman af skýrsluhöfundum.

Eins og þar kemur fram heyrja átta starfsmenn beint undir bæjarstjóra. Fjöldi verkefna er nokkuð mismunandi á milli þessara starfsmanna. Sem dæmi má nefna að heyrir engin starfsmaður undir verkefnastjóra.

## FJÁRHAGS- OG STJÓRNSÝSLUSVIÐ

Á fjárhags- og stjórnsýslusviði eru samtals átta stöðugildi.

Mynd 9: Skipurit fjárhags- og stjórnsýslusviðs



Heimild: Tekið saman af skýrsluhöfundum

Mynd 9 sýnir skipurit fyrir fjárhags- og stjórnsýslusvið.

### Fjármálastjóri

Yfirmaður fjárhags- og stjórnsýslusviðs er fjármálastjóri.

Næsti yfirmaður fjármálastjóra er bæjarstjóri. Undirmenn eru aðalbókari, innheimtufulltrúi, gjaldkeri, launafulltrúi, mannaúðsstjóri, skjalastjóri og bjónustufulltrúi.



Aðalbókari annast bókhald og aðstoðar fjármálastjóra við ýmis verkefni. Hann kemur að áætlunargerð með fjármálastjóra. Innheimtudeild, þar er innheimtufulltrúi. Sér um alla reikningagerð. Sér um eftirfylgni með reikningum. Innheimtufulltrúi innheimtir einnig fyrir hitaveituna, og er innheimt annan hvorn mánuð. Vorið 2019 voru innheimtuferlar hjá hitaveitunni endurskipulagðir. Búið að skipta nésinu upp í sex hverfi. Notendur lesa sjálfir af mælum. Þegar notendur lesa ekki af fer starfsmaður þjónustumiðstöðvar og les af mælunum.

Gjaldkeri greiðir alla reikninga og heldur utan um bankareikning bæjarfélagsins. Svarar einnig í síma í afgreiðslu. Þjónustufulltrúi hefur yfirumsjón í þjónustuveri. Heldur utan um fundargerðir allra nefnda. Heldur utan um allt nefndarfolk og skilar til launafulltrúa hverjir hafa setið fundi.

Launafulltrúi sér um öll launin. Mannauðsstjóri (verkefnastjóri í mannauðsmálum) sér um ráðningasamninga og allt tengt mannauðnum og er launafulltrúa til halds og trausts og annast að auki allt sem tengist starfsmannamálum. Skjalastjóri sér um skjalakerfið. Hefur einnig unnið með fjármálastjóra í „Mínum síðum.“

Fjármálastjóri tekur starfsmannaviðtöl einu sinni á ári í nóvember/desember við starfsmenn sviðsins. Hefur haldið reglulega fundi á sviðinu. Starfsmannafundir hafa verið fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði.

Fjárhagsáætlun og ársreikningar hafa ekki verið kynntir starfsmönnum almennt. En fjármálastjóri hefur kynnt fjárhagsáætlun fyrir stjórnarsýslunni, sviðsstjórum og forstöðumönnum.

Þegar gerð er Greiðsluáætlun er byggt á rauntölum árið á undan. Fjármálastjóri kynnir fyrir bæjarráði mánaðarlega stöðu rauntalna í rekstri samanborið við áætlun.

Þegar stofnun er að fara fram úr áætlun er farið yfir málið með viðkomandi forstöðumanni. Það er gert mánaðarlega að sögn fjármálastjóra.

Yfirlit yfir veikindi er tekið fyrir í bæjarráði og á sviðsstjórafundum.

Einn starfsmaður hefur verið ráðinn tímabundið á fjármálasviðið og er nú að gera umsóknarsíður á „Mínum síðum“ og vinna að ferlavinnu fyrir sveitarfélagið.

Tafla 30: Skipting á kostnaði vegna aðkeyprtar lögfræðipjónustu árið 2018 og janúar til október 2019

	2.018	2019
		jan.- okt.
Velferðarsvið	1.102,6	590,7
Barnavernd	211,1	1.095,1
Umhverfissvið	306,2	
Aðalskipulag		457,8
Deiliskipulag	1.499,2	3.627,6
Lögfræðipjónusta	6.005,7	3.684,0
Bæjarskrifstofa	1.485,4	5.093,0
Sameiginlegur kostnaður		84,3
<b>Samtals</b>	<b>10.610,2</b>	<b>14.632,5</b>

Heimild: Seltjarnarnesbær

Tafla 30 sýnir skiptingu á kostnaði vegna aðkeyprtrar lögfræðipjónustu árið 2018 og fyrir tímabilið janúar til október 2019.

Eins og fram kemur á töflunni er þessi kostnaður að aukast nokkuð á milli árunna 2018 og 2019.

### Aðalbókari

Aðalbókari annast allt varðandi bókhald sveitarfélagsins. Aðalbókari bókar alla reikninga á viðeigandi deildir og lykla. Þeir reikningar sem berast ekki með rafrænni skeytamiðlun eru skannaðir inn og tengdir reikningunum í bókhaldskerfinu sem fer í svokallað uppáskriftarkerfi. Þar sjá forstöðumennirnir um reikninga sem viðkoma þeirra sviðum. Aðalbókari er í samskiptum við forstöðumenn útaf reikningum og gætir þess að þeir liggi ekki of lengi inn í uppáskriftinni ósamþykktir. Kemur fyrir að reka þarf á eftir forstöðumönnum varðandi samþykkt á reikningum.

Gengur frá uppgjöri fyrir endurskoðun þannig að allt er tilbúið til endurskoðunar.

Innkaupakort voru samtals 17 hjá sveitarfélaginu miðað við desember 2019. Þar af eru 11 viðskiptakort í Bónus og sex kreditkort.

Tafla 31: Fjöldi innkaupakorta í desember 2019, skipt niður á stofnanir og samtals verslað árið 2018 í þúsundum króna

	Viðskiptakort Bónus	Kreditkort
Grunnskóli Seltjarnarness	3	1
Eiðismýri 30, aldraðir	2	
Málefni fatlaðra		1
Bæjarskrifstofur	1	1
Sundlaug	1	
Tónlistarskóli	1	
Leikskóli	1	3
Skrifstofa félagsmálastjóra	1	
Sambýli Sæbraut	1	
<b>Samtals fjöldi korta</b>	<b>11</b>	<b>6</b>
<b>Samtals verslað 2018</b>	<b>1.705</b>	<b>3.515</b>

Heimild: Aðalbókari

Tafla 31 sýnir fjölda innkaupakorta í desember 2019 og útgjöld samkvæmt þeim árið 2018.

Reikningar vegna innkaupakorta hafa ekki verið sendir til uppáskriftar hjá viðkomandi forstöðumanni. Færslur eru lesnar inn í bókhaldskerfið og er kerfið þannig sett upp að færslur fara í færslubók sem er svo uppfærð. Verið er að kanna hvort hægt sé að breyta þessu í Navision þannig að reikningar fari í uppáskrift í stað færslubókar.

Verslað er í Hagkaup, Bónus og víðar fyrir stofnanir vegna kaupa á kaffi, mjólk, kexi, brauðvörum o.fl. fyrir starfsmenn.



Tafla 32: Kostnaður vegna kaffi og matvæla samkvæmt viðkomandi bókhaldslyklum hjá þremur verslunum

Númer fjárhagsreiknings:	2111	2110	
Heiti fjárhagsreiknings	Kaffikostnaður	Matvæli	Samtals
Björnsbakari	484.041	1.839.368	2.323.409
Bónus	353.960	992.462	1.346.422
Hagkaup	936.546	2.649.303	3.585.849
<b>Samtals</b>	<b>1.774.547</b>	<b>5.481.133</b>	<b>7.255.680</b>

Heimild: Seltjarnarnesbær

Tafla 32 sýnir gjöld vegna kaffikostnaðar og matvæla hjá þremur birgjum. Ekki er um heildarútgjöld á þessum bókhaldslyklum að ræða.

Tafla 33: Fjöldi bókaðra reikninga í bókhaldi Seltjarnarnesbæjar árin 2012 til 2018 og hluta af árinu 2019

Ár	Pappír	Rafrænis	Samtals	Hlutfall rafrænna reikninga
2012	7.527		<b>7.527</b>	0%
2013	8.066		<b>8.066</b>	0%
2014	5.861	4.213	<b>10.074</b>	42%
2015	4.987	5.716	<b>10.703</b>	53%
2016	5.635	6.891	<b>12.526</b>	55%
2017	5.675	6.928	<b>12.603</b>	55%
2018	5.970	7.557	<b>13.527</b>	56%
2019*	4.273	7.693	<b>11.966</b>	64%


\* Ekki allt árið.

Heimild: Bókhaldsdeild

Tafla 33 sýnir fjölda bókaðra reikninga í bókhaldi Seltjarnarnesbæjar árin 2012 til 2018 skipt eftir reikningum sem bárust á pappír og rafrænt.

Eins og taflan sýnir voru bókaðir 7.527 reikningar í bókhaldinu árið 2011 samanborið við 13.527 árið 2018. Á þessu tímabili hefur fjöldi reikninga nánast tvöfaldast. Hins vegar bárust engir reikningar rafrænt árið 2012 samanborið við 56% árið 2018. Mikil vinnuhagræðing fæst með því að reikningar berist rafrænt. Alla reikninga sem berast á pappír þarf að skanna til að þeir séu einnig til rafrænt.

Mynd 10: Fjöldi bókaðra reikninga í bókhaldi Seltjarnarnesbæjar árin 2012 til 2018 og hlutfallsleg skipting þeirra sem bárust á pappír og þeirra sem bárust rafrænt



Mynd 10 sýnir sömu upplýsingar og fram koma í töflu 31 hér að framan, þ.e. fjölda bókaðra reikninga í bókhaldi Seltjarnarnesbæjar árin 2012 til 2018 skipt eftir því hvort þeir bárust á pappír eða rafrænt. Einnig sýnir myndin hlutfall þeirra sem bárust rafrænt.

Fram kom í máli aðalbókara að setja þurfi skriflegar reglur um ferðakostnað. Þar sem fram komi m.a. hvernig hann er samþykktur, hver geri það, hvernig sé greitt o.s.frv.

### Launafulltrúi

Næsti yfirmaður launafulltrúa er sviðsstjóri/fjármálastjóri.

Launafulltrúi sér um allt sem varðar launavinnslu hjá bæjarfélaginu. Unnið er með rafrænt tímaskráningarkerfi hjá sveitarfélaginu, Tímon. Launatímabilið er frá 16. til 15. hvers mánaðar. Að morgni 16. hvers mánaðar eiga forstöðumenn að geta verið búnir að yfirfara allar tímaskýrslur og samþykkja þær, svo launafulltrúi geti keyrt þá tíma yfir í launakerfið, til úrvinnslu. Það hefur ekki alltaf staðist en hefur farið batnandi að sögn launafulltrúa. Ekki er hægt að keyra úr tímakerfinu nema stjórnandi sé búinn að samþykkja viðkomandi tímaskýrslu. Kerfið er þannig að starfsmenn geta gert athugasemdir í athugasemdardálk, starfsmenn og/ eða hópstjórar geta ekki breytt sínum eigin stimplunum.

Stimpilklukka er á hverjum vinnustað.

Það er algjör undantekning að starfsmenn fái greiðslur umfram fasta yfirtíð.

Áður en lokað er fyrir þá útborgun, sem verið er að vinna með, þurfa allir stjórnendur sem sjá um launamál sinna starfsmanna að yfirfara og samþykkja launin í svokölluðu samþykktarferli í launakerfinu, H3. Hafi stjórnandi athugasemd við launavinnsluna, lagar launafulltrúi það og stjórnandi samþykkir launin. Hver stjórnandi þarf að samþykkja launakeyrluna fyrir sína stofnun/deild svo launafulltrúi geti lokað fyrir þá útborgun sem verið er að vinna með og greitt launin.

Launafulltrúi er kerfisstjóri fyrir „Tímon“. Verkefnastjóri mannauðsmála og sviðsstjóri fjárhags- og stjórnsýslusviðs eru einnig með réttindi sem kerfisstjórar, en launafulltrúi sér um allar stillingar/lagfæringar og uppfærslur í kerfinu sjálfu. Stjórnendur eru svokallaðir hópstjórar, þ.e. þeir geta lagfært allar skráningar í Tímon, nema sínar eigin, og þeir sjá um að samþykkja tímaskráningar sinna starfsmanna.

Árið 2019 hafa um 380 manns að meðaltali fengið útborguð laun yfir vetramánuðina. Á sumrin bætast við launþegar vegna sumarstarfa, þá fá að meðaltali um 580 manns útborgað.

Launafulltrúi og verkefnastjóri mannauðsmála leysa hvor annan af. Sumarstarfsmaður bætist við launadeildina sem hjálpar til við vinnslu vegna sumarstarfanna, einstaka sinnum kemur það fyrir að launafulltrúi og verkefnastjóri mannauðsmála eru í fríi á sama tíma yfir sumartímann, þá kemur til sumarstarfsmaður sem getur tekið við skilaboðum og svarað einstökum erindum. Sumarstarfsmaður er aldrei einn um mánaðamót, eingöngu stöku sinnum í miðjum mánuði.

### **Mannauðsstjóri (verkefnastjóri mannauðsmála)**

Næsti yfirmaður mannauðsstjóra er fjármálastjóri.

Að sögn mannauðsstjóra er starfið í mótnun. Fjármálastjóri er skráður starfsmannastjóri. Vegna þessa hafa komið upp mál þar sem starfsmenn hafa ekki vitað við hvern á að ræða. Þetta hefur valdið misskilningi og óöryggi í stjórnsýslunni. Komið hefur fyrir að þetta fyrirkomulag hafi dregið úr skilvirkni og ekki öllum ljóst hvert hlutverk starfsmannastjóra er og hvert hlutverk mannauðsstjóra.

Mannauðsstjóri vinnur náðið með launafulltrúa og leysir hann af. Þeir fara ekki í frí á sama tíma að sögn mannauðsstjóra.

Bæjarfélagið hefur skipt við Líf og sál í erfiðum starfsmannamálum, sem komið hafa upp.

Hjá bæjarfélaginu er unnið með fjárvista- og endurkomuáætlun samkvæmt stefnu sem nefnist „Veikindi og fjárvistir og endurkoma í starf“. Bæjarfélagið er með sama fyrirkomulag og Mosfellsbær og er miðað við Bradford-kvarða. Reglur Seltjarnarnesbæjar um fjárvistir og starfsendurhæfingu vegna veikinda eða slysa eru á vefnum:

<http://www.seltjarnarnes.is/media/fjarhagssvid/Reglurr-um-fjarvistir-og-starfsendurhaefingu.pdf>

Með þessari áætlun á að vera tekið á skammtímaveikindum og notast við Bradford-kvarða til að grípa út þá sem eru oft fjarverandi sökum veikindum og stýra viðtölum við forstöðumenn-mannauðsstjóra-trúnaðarlækni eftir stigafjölda.

Allir forstöðumenn skrá inn veikindi fyrir hvern starfsmann eigi það við, sem Tímon, tímaskráningakerfi, heldur utanum og forstöðumenn geta hvenær sem er tekið veikindaskýrslu úr kerfinu. Mannauðsstjóri flokkar síðan niður eftir Bradford-kvarða. Mannauðsstjóri sendir forstöðumönnum mánaðarlega yfirlit yfir veikindi sinna deilda til að ýta á viðkomandi forstöðumenn með samtöl og aðgerðir. Eftirfylgni með veikindum í deildum á að vera mánaðarlega og samtöl eftir samþykktum viðmiðunarreglum með Bradford-stigum. En samtöl eru ekki nógu afgerandi/algeng og skráning ekki gerð í H3-mannauð eins og fyrir er lagt eins og t.d. á leikskólanum, að sögn mannauðsstjóra.

Mannauðsstjóri hefur lagt áherslu á við forstöðumenn að þeir eigi samtöl við starfsmenn frekar oft en sjaldnar og leiti skýringa á veikindum og þá til að vinna með það frekar. Í samtölum kemur þá fram ef persónuleg mál valda veikindum eða jafnvel vinnustaðurinn sem getur þá gert eitthvað í aðstæðum. Mannauðsstóri telur núverandi fyrirkomulag ekki vera nógu skilvirk.

Forstöðumenn eiga að skrá viðtöl inn í H3 ef samtal hefur farið fram vegna hárra stiga í Bradford-kvarðanum. Mannauðsstjóri sér ekki að verið sé að skrá samtöl vegna fjarverusamtala mikilla fjarvera. Þar á að skrá stutta skýringu starfsmanna á fjarvist o.s.frv. Það styður svo samtöl mannaúðsstjóra við starfsmenn og síðan samtal trúnaðarlæknis.

Í einhverjum tilfella eiga samtölin sér stað en ekkert skráð og er þá erfitt fyrir mannaúðsstjóra að taka samtöl. Hjá öðrum forstöðumönnum fer ekkert samtal fram.

Í sumum tilfellum hefur sviðsstjóri fræðsluviðs unnið í mannaúðsmálum sem hann er mjög fær í að sögn mannaúðsstjóra en spurning hvort þurfi að auka virkni mannaúðsstjóra á því sviði.

Fram kom í máli mannaúðsstjóra að það væri ekki gott að hafa enga sérstaka aðstöðu til að taka á móti starfsmönnum í viðtöl.

## **Gjaldkeri**

Næsti yfirmaður gjaldkera er fjármálastjóri.

Gjaldkeri annast greiðslu allra reikninga og launa. Reikningar eru greiddir að jafnaði á eindaga þannig að á hverjum degi eru reikningar greiddir.

Það sem er uppáskrifað kemur í greiðslubókina sem gjaldkeri vinnur með.

Gjaldkeri fer daglega yfir helstu bankareikninga, sem eru sex talsins, og uppfærir meðal annars innborganir viðskiptamanna á greiðsluseðlum vegna álagðra gjalda, svo sem fasteignagjalda og hitaveitureikninga.

Gjaldkeri sendir aðalbókara afstemmingarblað einu sinni í viku. Eldri borgarar koma á bæjarskrifstofuna til að greiða reikninga. Vegna þess m.a. er reiðufé hjá gjaldkera sem tekur við greiðslum bæði með peningum og kortum. Fram komi í máli gjaldkera að honum finnist óþarft að boðið sé upp á að taka við peningum – en kortagreiðslur séu áfram sjálfsagt mál

Tekur símann á móti þjónustufulltrúa. Ráðið hefur verið sumarstarfsfólk í sumarafleysingar.

## **Skjalastjóri**

Næsti yfirmaður skjalastjóra er fjármálastjóri.

Í verkefnum skjalastjóra felst m.a. að halda utan um skjöl sem berast. Hann flokkar þau og skráir og sendir á viðkomandi forstöðumenn. Öll erindi sem koma í pósti, bréfléiðis eða rafrænt ([postur@seltjarnarnes.is](mailto:postur@seltjarnarnes.is)) tekur skjalastjóri eða þjónustufulltrúi til skráningar og býr til mál. Öll erindi sem koma til viðkomandi sviðsstjóra skráir hann í skjalakerfi bæjarins eða sendir skjalastjóra til skráningar.

Bæjarfulltrúar hafa ekki rafrænan aðgang að gögnum, sem tekin eru fyrir í bæjarráði og bæjarstjórn. Þeir fá öll gögn send í tölvupósti. Stefnt er að því að virkja

fundagerðagáttina í byrjun árs (2020) fyrir alla nefndar- og ráðsmenn, þar sem bæjarfulltrúar og nefndarmenn fastanefnda munu hafa aðgang að fundargerðum og erindum rafrænt í sérstakri gagnagátt á „Mínum síðum“.

Skjalastjóri hefur umsjón með vefsíðu bæjarfélagsins sem felur í sér m.a. utanumhald og samræmingu. Situr ásamt menningarfulltrúa efni inn á vefsíðuna. Ritstjórn vefsíðunnar hefur færst yfir á menningarfulltrúann.

Skjalastjóri hefur haldið utan um gjaldskrár, að þær skili sér í Stjórnartíðindi o.s.frv.

### **Þjónustufulltrúi**

Þjónustufulltrúi heyrir undir fjármálastjóra.

Í starfi þjónustufulltrúa felst m.a. undirbúningur fyrir bæjarstjórnarfundi. Hann heldur utan um dagskrá bæjarstjórnarfunda, gerir uppkast að þeim fyrir ritara fundarins. Sendir dagskrána út, þ.e. þær fundargerðir og erindi sem á að taka fyrir á hverjum fundi, og sendir í tölvupóst á viðkomandi.

Hann gengur síðan frá öllum fundargerðum í „Go pro“ og merkir, ásamt öðrum bréfum og raðar í skjalaskáp bæjarins.

Tekur á móti og opnar póstinn, tekur saman nefndarlaun til útborgunar mánaðarlega og sendir á launadeild. Sér um tómstundastyrki, útbýr flóðatöflur fyrir Gróttu og bókanir í Fræðasetrið. Les yfir bréf og annað lesefni sem þarfnast yfirlestrar.

Almenn afgreiðsla í þjónustuveri ásamt ljósritun fyrir t.d. félagsstarf eldri bæjarbúa og leikskólana.

Svarar fyrir allar stofnanir, þ.e. ef ekki er svarað innan ákveðins tíma í öðrum stofnunum bæjarins. Oft er skortur á upplýsingaflæði frá öðrum deildum bæjarins, t.d. félagsmáladeild og þjónustumiðstöð. Vantar oft á tíðum viðbrögð við póstum sem sendir eru á starfsmenn sviða.

Allir vinna til kl. 18:00 á fimmtudögum og til kl. 14 á föstudögum. Að öðru leyti er daglegur vinnutími frá kl. 08:00 til kl. 16:00.

### **Innheimtufulltrúi**

Næsti yfirmaður innheimtufulltrúa er fjármálastjóri

Innheimtufulltrúi annast útgáfu allra reikninga fyrir bæjarfélagið, þar með talið vegna hituveitu. Greiðslu fasteignagjalda er dreift á 10 mánuði. Reikningar vegna hitaveitunnar eru sendir út á tveggja mánaða fresti. Síðan eru reikningar vegna skóladagvistunar, skólamatar, tónlistarskólans, félagslegs leiguhúsnæðis og leikskólagjöld. Einnig er innheimt vegna fæðis aldraðra, heimilisþjónustu og námskeiða í félagsstarfi aldraðra. Þá eru sendir út reikningar vegna útgefinna byggingarleyfa og annarrar þjónustu byggingarfulltrúa sem og gatnagerðargjöld og heimæðagjöld. Rukkuð er leiga af ríkinu vegna hjúkrunarheimilisins, Reykjavíkurborg vegna íþróttahúss og Veislan greiðir leigu vegna félagsheimilisins. Eftirlitið með þeirri innheimtu mætti vera betra þar sem Veislan m.a. tilgreinir sjálf salarleiguna. Innheimtufulltrúi sér ekki reikningana sem Veislan sendir sínum viðskiptavinum. World Class greiðir skv. augnscanna fyrir sína gesti sem fara í sundlaugina. Þetta er gert upp mánaðarlega.

Hundaleyfisgjöld eru innheimt einu sinni á ári. Jafnframt er greitt nýskráningargjald þegar hundar eru skráðir. Skráningargjald er greitt þegar kettir eru skráðir. Eftirfylgni með skráningu katta er engin.

Heilbrigðiseftirlitsgjöld eru innheimt einu sinni á ári skv. upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis.

Innheimtufulltrúi innheimtir leigu vegna fræðasetursins sem er í Gróttu.

Eigandabreytingar eru keyrðar mánaðarlega rafrænt eftir upplýsingum frá Þjóðskrá varðandi fasteignagjöld. Kemur fyrir að það þarf að handfæra þær breytingar. Yfirleitt ganga slíkar breytingar vegna innheimtu fasteignagjalda vel fyrir sig.

Innheimtufulltrúi annast eftirfylgni með álestrum vegna notkunar á heitu vatni. Sér einnig um skráningu á nýjum mælum vegna hitaveitunnar.

### **Verkefnastjóri**

Næsti yfirmaður verkefnastjóra er bæjarstjóri.

Megin verkefni verkefnastjóra er að aðstoða bæjarstjóra. Einnig hefur bæjarstjóri óskað eftir að verkefnastjóri sinni afmörkuðum verkefnum hjá byggingarfulltrúa. Í því felst m.a. að undirbúa fundi, ganga frá málum, skanna teikningar, fylgja verkefnum eftir, rita fundargerðir, semja drög að bréfum, uppfæra stefnur, samþykktir, gjaldskrár o.s.frv. í samvinnu við skjalastjóra og þá aðila sem við á hverju sinni. Verkefnastjóri hefur einnig komið að vinnu við innleiðingu á gæðakerfi og gerð verkferla.

Verkefnastjóri hefur stýrt innleiðingu jafnlaunakerfis til vottunar ásamt mannauðsstjóra og launafulltrúa. Seltjarnarnesbær hefur nýlega fengið jafnlaunavottun. Jafnframt hefur verkefnastjóri aðstoðað bæjarstjóra, sviðsstjóra og stjórnendur við innleiðingu persónuverndarlaga í samvinnu með persónuverndarfulltrúa sem er utanaðkomandi aðili. Verkefni persónuverndarfulltrúa eru hins vegar fengin með aðkeyptri þjónustu. Auk þessa felur bæjarstjóri verkefnastjóra ýmis verkefni hverju sinni, sbr. að ofan.

Verkefnastjóri fylgir ýmsum verkefnum eftir sem liggja á borði bæjarstjóra að hans ósk. Má þar nefna samskipti við ráðuneyti og aðrar stofnanir. Skoðar innsend erindi til bæjarins er varða stjórnsýslu og kemur með tillögur. Verkefnastjóri hefur líka það hlutverk að boða til funda og verkstýra vinnu annarra, við verkefni sem búið er að taka ákvörðun um. Á þessum fundum er haldin fundargerð og þess gætt að allir sem koma að ákveðnu verkefni skili sínu á réttum tíma. Nýtt verkefni hvað þetta varðar er að sjá um að boða fundi varðandi nýja heimasíðu og halda utan um ákvörðunartöku hópsins, en sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs er forsvarsmaður þess verkefnis.

Verkefnastjóri hefur skipulagt fundi, m.a. íbúafundi að ósk bæjarstjóra, boðað ræðumenn og skipulagt dagskrá og veitingar.

Verkefnastjóri fylgist með tilkynningum sem berast m.a. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og ráðuneytum er varða stjórnsýslu bæjarins og upplýsir bæjarstjóra.

Verkefnastjóri fylgir eftir verkefnum sem bæjarstjóri óskar eftir, nú nýverið varðandi bílastæðasjóð, þar sem viðkomandi kallaði þá aðila að borðinu sem málið varð og kom því í ferli hjá stjórnsýslu og lögreglu og ráðuneyti.

## FRÆDSLUSVIÐ

Fræðslusvið heldur utan um starfsemi leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, frístundamiðstöðvar Seltjarnarness og daggæslu í heimahúsum. Yfirmaður fræðslusviðs er fræðslustjóri. Á sviðinu er eitt stöðugildi, fræðslustjóri.

Mynd 11: Skipurit fyrir fræðslusvið



Heimild: Tekið saman af skýrsluhöfundum

Mynd 11 sýnir skipurit fyrir fræðslusvið tekið saman af skýrsluhöfundum. Fjöldi stöðugilda miðast við október 2019 gefinn upp af viðkomandi stjórnendum.

Eins og fram kemur á mynd 8 heyrar samtals 182,72 stöðugildi undir fræðslusvið, þar með talinn sviðsstjóri.

### Fræðslustjóri

Öll þjónusta sálfræðinga og talmeinafræðinga er í verktöku og heldur fræðslustjóri utan um þau þjónustukaup. Ef skólastjórnendur telja þörf á þjónustunni kemur beiðni til fræðslustjóra um það. Það hvort kostnaður við talþjálfun greiðist af Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) eða sveitarfélaginu byggist á mati talmeinafræðingsins.

Ef vandinn er mikill greiðir SÍ kostnaðinn en ef lítill greiðir sveitarfélagið.

Um er að ræða í hverju tilfelli þrjár til átta klukkustundir í þjálfun og ráðgjöf. Oft er um börn að ræða á fimmta eða sjötta ári.

Sálfræðiráðgjöf er fengin eftir tilvísun frá nemendaverndarráði.

Tafla 34: Útgjöld vegna sálfræði- og talmeinafræðiþjónustu vegna leik- og grunnskóla í þúsundum króna

	2016			2017			2018		
	Grunnskóli	Leikskóli	Samtals 2016	Grunnskóli	Leikskóli	Samtals 2017	Grunnskóli	Leikskóli	Samtals 2018
Sálfræðiþjónusta	4.406	822	5.228	7.055	1.215	8.270	8.975	1.092	10.067
Talmeinafræðiþjónusta	304	697	1.001	415	1.589	2.004	1.040	1.882	2.922
<b>Samtals</b>	<b>4.710</b>	<b>1.519</b>	<b>6.229</b>	<b>7.470</b>	<b>2.804</b>	<b>10.274</b>	<b>10.015</b>	<b>2.974</b>	<b>12.989</b>
Breyting frá 2016						165%			209%

Heimild: Seltjarnarnesbær

Tafla 34 sýnir útgjöld vegna kaupa á sálfræði- og talmeinafræðiþjónustu vegna leik- og grunnskóla í þúsundum króna árin 2016 til 2018.

Eins og fram kemur í töflunni rúmlega tvöfaldast þessi útgjaldaliður á milli áráanna 2016 og 2018. Var samtals 6.229 þúsund krónur árið 2016 en 12.989 þúsund krónur árið 2018.

Fræðslustjóri situr alla skilafundi hjá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. Fræðslustjóri hefur setið alla fundi þar sem fjallað hefur verið um mál einstakra barna. Þannig að hann er vel upplýstur um öll þessi mál og fær upplýsingar frá fyrstu hendi. Með hliðsjón af því er öll yfirferð á beiðnum vegna kaupa á þjónustu vegna þessa mun nákvæmari en ella mundi vera, að sögn fræðslustjóra.

Nemendur frá Seltjarnarnesbæ eru í Klettaskóla en bæjarfélagið leggur áherslu á að þjónusta nemendur heima í héraði. Í leik- og grunnskóla eru um 30 börn sem eru með greiningu frá Greiningarstöð ríkisins hverju sinni.

Foreldrar með lögheimili á Seltjarnarnesi nýta sér þjónustu dagforeldra alls staðar á höfuðborgarsvæðinu. Fræðslustjóri sinnir jafnframt hlutverki daggæslufulltrúa. Fræðslustjóri heldur utan um samninga vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum og niðurgreiðslur til þeirra. Leikskóli Seltjarnarness tekur við börnum frá 14 mánaða aldri að hausti eftir sumarfrí.

Sjálfstætt starfandi leikskólar taka um 30 börn frá Seltjarnarnesbæ. Að öðru leyti komast öll börn 14 mánaða og eldri inn á leikskóla hjá sveitarfélaginu að hausti eftir sumarfrí. Leikskóli Seltjarnarness tekur inn börn í ágústmánuði ár hvert og undanfarin ár hafa börn frá 14 mánaða aldri komist inn, en síðan komast börn aðeins inn í leikskólann ef pláss losnar. Önnur byrja ýmist hjá dagforeldrum, í sjálfstætt starfandi leikskólum eða eru heima. Biðlisti eftir tilboði er stystur í september ár hvert en lengstur í júlí, u.þ.b. 55 börn.

Ef losnar pláss á leikskóla er barn tekið inn. Verkefnastjóri í Leikskóla Seltjarnarness heldur utan um umsóknir um dvöl á leikskólanum og biðlista.

Frístundamiðstöðin er með þrenns konar starfsemi. Yngri barna starf fyrir 6 til 9 ára nemendur í grunnskólanum (1. til 4. bekkur), frístund, félagsmiðstöðin er fyrir nemendur 10 til 16 ára (5. til 10. bekkur) og Ungmennaráð tengist félagsmiðstöðinni. Síðan er félagsstarf eldri íbúa, sem var flutt á fræðslusviðið s.l. sumar (2019).

Starf fyrir yngri nemendur (1. til 4. bekk) heyrir undir frístundamiðstöðina. Frístundamiðstöðin tók til starfa 1. janúar 2017. Forstöðumaður er yfir frístundamiðstöðinni.

Auk þess sér forstöðumaðurinn um öll sumarnámskeið fyrir nemendur 6 til 10 ára og þá um leið sumarstörf allra sem vinna við námskeiðin.

Frístundin er rekin í viðbyggingu við Mýrarhúsaskóla.

Öll umsýsla um námsvist utan sveitarfélagsins er í höndum fræðslustjóra. Um 45 börn eru í skólum hjá Reykjavíkurborg í sérúrræðum eða í fóstri víða á landinu. Nemendur í almennum grunnskólum í Reykjavík eru 40 (október 2019).

Einnig eru u.þ.b. 20 nemendur í Grunnskóla Seltjarnarness sem eru með lögheimili í öðrum sveitarfélögum.



Tafla 35: Kostnaður vegna nemenda með lögheimili á Seltjarnarnesi í grunnskólum utanbæjar og tekjur vegna nemenda í Grunnskóla Seltjarnarness með lögheimili í öðru sveitarfélagi í þúsundum króna

	2016	2017	2018	Breyting	
				2017/2018	2016/2018
Greiðslur til sveitarfélagsins	-10.895	-11.705	-15.501	132%	142%
Nemendur utanbæjar	55.546	61.820	83.652	135%	151%
<b>Samtals</b>	<b>44.651</b>	<b>50.115</b>	<b>68.151</b>	<b>136%</b>	<b>153%</b>

Heimild: Seltjarnarnesbær

Tafla 35 sýnir útgjöld vegna nemenda frá Seltjarnarnesbæ sem sækja grunnskóla í öðru sveitarfélagi og tekjur vegna utanbæjarnemenda sem sækja nám í Grunnskóla Seltjarnarness.

Eins og taflan sýnir hafa útgjöldin nettó verið að aukast nokkuð a.m.k. frá árinu 2016. Að sögn fræðslustjóra má aukninguna fyrst og fremst skýra með stóru auknum flutningi barnafólks til bæjarins á undanförunum árum, en margir hafa flust úr Vesturbæ Reykjavíkur með börn sem hafa byrjað skólagöngu í skólum þar (Vesturbæjarskóla, Melaskóla og Hagaskóla) og halda áfram skólagöngu sinni þar. Sama útskýring á við um fjölgun þeirra sem sækja skóla á Seltjarnarnesi en eiga lögheimili utan sveitarfélagsins. Þau hafa byrjað skólagöngu á Seltjarnarnesi en flutt yfir bæjarmörkin og halda skólagöngu sinni áfram í Grunnskóla Seltjarnarness.

Forstöðumaður Frístundamiðstöðvar Seltjarnarness er jafnframt æskulýðs- og tómstundafulltrú bæjarins og ber bæði starfsheitin. Var áður yfirmaður félagsmiðstöðvarinnar. Umfang starfsins jókst nokkuð þegar yngri barna starf 6-9 ára og félagstarf eldri borgara fluttist einnig undir forstöðumanninn árin 2017 og 2019, að sögn fræðslustjóra.

Gert er ráð fyrir að 12 til 15 nemendur 1. til 4. bekkjar séu á hvern starfsmann í frístund. Fjöldinn ræðst nokkuð af því hversu mörg börn með sértækan stuðning eru í frístundastarfinu hverju sinni.

Tafla 36: Kostnaður vegna dagvistunar í heimahúsum í þúsundum króna og fjöldi mánaðargilda

	2016	2017	2018	Breyting
				2017/2018
Dagvistun í heimahúsum	13.904	13.727	32.959	240%
Fjöldi mánaðargilda	169	164	259	153%
Fjöldi barna				

Heimild: Seltjarnarnesbær

Tafla 36 sýnir kostnað vegna dagvistunar barna í heimahúsum og fjölda mánaðargilda vegna árána 2016 til og með 2018.

Eins og taflan sýnir aukast útgjöldin nokkuð árið 2018. Voru 13,9 milljónir króna árið 2016 en 40 milljónir króna árið 2018, eða aukning um 140%. Skýringu á mikilli kostnaðaraukningu að sögn fræðslustjóra á milli árána 2017-2018 má að hluta rekja til

Þess að frá 1. mars árið 2018 voru teknar upp svokallaðar heimgreiðslur til foreldra barna sem voru á biðlista eftir plássi í daggæslu eða leikskóla. Greitt var frá þeim tíma sem barn hafði náð 9 mánaða aldri, en það er skilyrði fyrir niðurgreiðslum vegna daggæslu. Mánaðarlegur kostnaður vegna þessa nam að jafnaði um 623.000,- eða alls rúmlega 6.230.000,- á árinu.

Fyrir utan mikla fjölgun mánaðargilda milli áruna 2017 og 2018, má einnig rekja kostnaðarbreytingu til þess að Seltjarnarnesbær hefur frá árinu 2016 greitt foreldrum barna svokallað jöfnunarframlag, þannig að kostnaður þeirra vegna daggæslunnar sé jafn þeim kostnaði sem þeir annars þyrftu að bera vegna leikskóladvalar. Nokkur hækkun varð á gjaldskrá dagforeldra á milli ára sem hafði aukinn kostnað í för með sér fyrir sveitarfélagið. Þar að auki má nefna að inntaka yngstu barnanna varð mánuði síðar en í venjulegu ári þar sem mánaðar seinkun varð á opnun nýrra leikskóladeilda.

Auk aðalstarfa tekur fræðslustjóri þátt í ýmsum samstarfsverkefnum að beiðni bæjarstjóra.

Fræðslustjóri sinnir uppgjöri við dagforeldra, en það verkefni mætti vera annar staðar að hans sögn.

---

## LEIKSKÓLI SELTJARNARNESS

---

Leikskóli Seltjarnarness er 12 deilda leikskóli. Í leikskólanum eru 223 börn (október 2019). Þau eru á aldrinum frá 15 mánaða þegar þau yngstu komu inn í lok ágúst hvert ár. Ef leikskólapláss losnar er barn tekið inn.

Þegar börn eru tekin inn ef pláss losnar er reglan að eldri börn hafa forgang fram yfir þau yngri. Það hefur ekki verið vandamál að taka börn inn þegar pláss losnar. Það er ekki flókið að taka inn ný börn og þá sérstaklega ef þau eru eldri.

Leikskólanum er lokað í fjórar vikur á sumrin.

Leikskólinn er rekinn í fjórum húsum. Í Fögrubrekku eru tvær sextán barna deildir og þar eru yngstu börnin. Í Holti í Seltjarnarneskirkju er ein deild með 16 börnum. Leikskóladeildin hefur verið þar síðan 2013. Þar eru börn fædd 2017 (október 2019). Börnin eru þar í eitt skólaár en flytjast svo á Mánabrekku.

Yngstu börnin eru tekin inn á þessar þrjár deildir, þ.e. tvær deildir í Fögrubrekku (börn fædd 2017 og 2018) og ein deild í Holti.

Í Mánabrekku eru fjórar deildir. Þar eru börn (október 2019) sem eru fædd 2015, 2016 og 2017.

Elstu börnin eru í Sólbrekku. Þar eru fimm deildir, börn fædd 2014 og 2015.

Við skólann er skólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og verkefnastjóri. Allir eru þessir stjórnendur í 100% stöðugildum. Á hverri deild er einn deildarstjóri, eða samtals 12 deildarstjórnendur. Síðan er sérkennslustjóri í 75% starfi. Sérgreinakennarar í 1,5 stöðugildi tónlistarskólakennara og tvö stöðugildi í listgreinum.

Tafla 37: Stöðugildi við Leikskóla Seltjarnarness í október 2019

Leikskólastjóri	1,00	stöðugildi
Aðstoðarleikskólastjóri	1,00	stöðugildi
Verkefnastjóri	1,00	stöðugildi
Sérkennslustjóri	0,75	stöðugildi
Deildarstjóri	11,60	stöðugildi
Tónlistarskólakennari	1,50	stöðugildi
Listgreinar	2,00	stöðugildi
Leikskólakennarar	11,93	stöðugildi þ.a. 3,27 í sérkennslu
Leikskólaleiðbeinandi A	4,05	stöðugildi þ.a. 1,55 í sérkennslu
Leikskólaleiðbeinandi B	6,37	stöðugildi
Afleysing	1,40	stöðugildi
Aðrir starfsmenn	24,80	stöðugildi þ.a. 1 í sérkennslu
Starfsmaður í eldhúsi	0,80	stöðugildi
<b>Samtals:</b>	<b>68,20</b>	<b>stöðugildi</b>

Heimild: Leikskólastjóri

Í eldhúsi er starfandi kokkur og tveir aðstoðarmenn. Starfsmenn í eldhúsi heyra undir mötuneytið í Mýrarhúsaskóla, sem annast matargerð fyrir stofnanir bæjarins.

Annar aðstoðarmaðurinn er í Sólbrekku og hinn í Mánabrekku. Matur fyrir börn í Sólbrekku og Mánabrekku er unninn í eldhúsinu á Mánabrekku. Matur í Fögrubrekku og Holti kemur tilbúinn frá eldhúsi í Mýrarhúsaskóla.

Starfsmaður í eldhúsi í Fögrubrekku er starfsmaður leikskólans. Starfsmaðurinn er í 81,25% starfshlutfalli.

Kokkurinn í Mánabrekku sér um að elda hafragraut á morgnana fyrir Mánabrekku og Sólbrekku.

Leikskólinn er opnaður kl. 7:45 og lokað kl. 17:00. Reglan er að börn yngri en tveggja ára geta verið lengst í leikskólanum í 8 klukkustundir.

Starfsmenn opna kl. 7:45 og hætta fyrr sem nemur mætingunni fyrir kl. 8:00. Fá álag ofan á korterið. Tveir starfsmenn í Sólbrekku annast þessa opnun og tveir í Mánabrekku og síðan einn á hverri af minni deildunum, sem eru þrjár.

Þeir sem loka fá greiddar 15 og 30 mínútur í yfirvinnu. Tveir starfsmenn í Sólbrekku fá 30 mínútur hvor vegna lokunar og þrír í Mánabrekku sem fá 15 mínútur. Til að fyllsta öryggis sé gætt þurfa alltaf að vera að lágmarki tveir starfsmenn við lokun.

Yfirvinnutímar hjá starfsmönnum eru vegna tveggja starfsmannafunda og kennarafunda á önn, samtals 8 fundir á ári. Síðan fá þeir sem loka greidda yfirvinnu, sbr. hér að framan.

Deildarstjórar og aðrir sem eiga rétt á undirbúningstíma skv. kjarasamningi Félags leikskólakennara hafa val um að taka undirbúningstíma heima að hluta í yfirvinnu. Deildarstjórar hafa 7 undirbúningstíma á viku, þar af geta þeir tekið 5 heima og þá í yfirvinnu, sem gerir um 20 klukkustundir á mánuði.

Dagar annast ræstingar sem fara fram eftir að lokað er á daginn. Varðandi viðhaldsmál kom fram í máli leikskólastjóra að þar mætti gera betur.

Öryggismiðstöðin fær greitt mánaðargjald fyrir að sinna vöktun. Öryggiskerfið í Sólbrekku er ónýtt að sögn leikskólastjóra.

Tafla 38: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla árið 2018 í þúsundum króna

	Norður- þing	Kópavogs- bær	Akranesk.	Akranesk.	Rvík	Hafnarfj.	Rvík	Sveitarf. Skagafj.	Rvík	Fljótsdalsh.	Seltjarnarnesk.
	Grænu- vellir	Baugur	Vallarsel	Akrasel	Laugasól	Stekkjars- ás	Langholt	Ársalir	Rauðhóll	Tjarnar- skógur	Leikskóli Seltjarnarness
Fjöld barna	130	136	144	147	151	156	171	175	192	203	222
Fjöldi HDÍG	129,9	138,6	145,9	150,6	156,6	164,1	178,1	176,0	199,4	189,4	228,4
Tekjur	-53.536	-51.080	-55.208	-63.848	-40.995	-64.505	-46.035	-71.652	-50.985	-67.136	-62.964
Laun og launatengd gjöld	287.460	287.079	239.972	238.284	315.690	310.177	326.940	322.206	407.214	345.607	493.119
Annar rekstrarkostnaður án innri leigu	34.167	32.743	32.257	32.216	35.396	36.939	39.446	47.274	45.341	44.023	37.200
Rekstrargjöld samtals	321.627	319.822	272.229	270.500	351.085	347.117	366.386	369.481	452.554	389.630	530.318
Rekstrargjöld nettó án innri leigu	268.090	268.743	217.021	206.653	310.091	282.611	320.351	297.829	401.570	322.495	467.354

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 38 sýnir rekstrargjöld og -tekjur hjá samanburðarleikskólum árið 2018 í þúsundum króna. Um er að ræða leikskóla með samtals fjölda HDÍG frá 129,9 upp í 228,4. Í rekstrargjöldum er innri leiga ekki meðtalin. Ástæða þess er sú, að sveitarfélög nota mismunandi aðferðir við að reikna innri leigu. Vegna þess gæti það skekkt samanburðinn að telja innri leigu með.

Rétt er að fram komi að allur kostnaður Seltjarnarnesbæjar vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum (utan sveitarfélagsins) og barna í framlengdri leikskóladvöl utan sveitarfélagsins er bókfærður á Leikskóla Seltjarnarness. Almennt er þessi kostnaður færður sér hjá sveitarfélögum. Annar rekstrarkostnaður hjá Leikskóla Seltjarnarness hefur verið leiðréttur vegna þessa.

Eitt heildsígildi miðast við átta klukkustundir. Barn sem er í leikskóla í fjórar klukkustundir er þá hálf dagsígildi o.s.frv.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga er Leikskóli Seltjarnarness með flest börn og flest HDÍG af öllum leikskólum á landinu. Vegna þess eru allir leikskólar í þessum samanburði með færri börn og HDÍG en Leikskóli Seltjarnarness. Í samanburðinum er því um að ræða 10 leikskóla sem eru næstir Leikskóla Seltjarnarness með færri börn og HDÍG.

Eins og fram kemur í töflunni sker Leikskóli Seltjarnarness sig nokkuð úr hvað kostnað varðar. Laun og launatengd gjöld voru samtals 493,1 milljón króna. Til samanburðar voru þau 407,2 milljónir króna hjá þeim leikskóla, Leikskólanum Rauðhólum, þar sem launagjöldin voru næst hæst. HDÍG voru 29 fleiri hjá Leikskóla Seltjarnarness en hjá Leikskólanum Rauðhólum.

Fjórir leikskólar voru í þessum samanburði með hærri annan rekstrarkostnað án innri leigu en Leikskóli Seltjarnarness.

Rekstrarkostnaður samtals var hæstur hjá Leikskóla Seltjarnarness. Hafa ber í huga að Leikskóli Seltjarnarness er rekinn í fjórum húsum, sem ætla má að þýði aukinn kostnað í samanburði við leikskóla sem rekinn er í eina og sama húsinu.

Tafla 39: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleiksskóla á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2018 í þúsundum króna

	Norður- þing	Kópavogs- bær	Akranesk.	Akranesk.	Rvík	Hafnarfj.	Rvík	Sveitarf. Skagafj.	Rvík	Fljótsdalsh.	Seltjarnarnesk.
	Grænu- vellir	Baugur	Vallarsel	Akrasel	Laugasól	Stekkjara- ás	Langholt	Ársalir	Rauðhóll	Tjarnar- skógur	Leikskóli Seltjarnarness
Fjöld barna	130	136	144	147	151	156	171	175	192	203	222
Fjöldi HDÍG	129,9	138,6	145,9	150,6	156,6	164,1	178,1	176,0	199,4	189,4	228,4
Tekjur	412	368	378	424	262	393	258	407	256	355	276
Laun og launatengd gjöld	2.213	2.071	1.645	1.582	2.016	1.890	1.835	1.831	2.042	1.825	2.159
Annar rekstrarkostnaður án innri leigu	263	236	221	214	226	225	221	269	227	232	163
Rekstrargjöld samtals	2.476	2.307	1.866	1.796	2.242	2.115	2.057	2.099	2.270	2.057	2.322
Rekstrargjöld nettó án innri leigu	2.064	1.939	1.488	1.372	1.980	1.722	1.798	1.692	2.014	1.703	2.046

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 39 sýnir rekstrargjöld og -tekjur á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2018 fyrir samanburðarleiksskóla. Í rekstrargjöldum er innri leiga ekki meðtalin. Ástæða þess er að sveitarfélög nota mismunandi aðferðir við að reikna innri leigu.

Í þessum samanburði var einn leikskóli með hærri launagjöld á hvert HDÍG en Leikskóli Seltjarnarness. Í samanburðinum voru sex leikskólar þar sem launagjöld voru undir tveimur milljónum króna á hvert HDÍG. Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG var lægstur hjá Leikskóla Seltjarnarness.

Einn leikskóli var með rekstrargjöld samtals hærri en Leikskóli Seltjarnarness. Lægstur var kostnaðurinn hjá leikskólanum Akraseli hjá Akraneskaupstað, þar sem hann var 1.796 þúsund krónur á hvert HDÍG. Til samanburðar var þessi kostnaður 2.322 þúsund krónur hjá Leikskóla Seltjarnarness, eða mismunur upp á 526 þúsund krónur á hvert HDÍG hjá þessum leikskólum. Miðað við 228,4 HDÍG, sem voru hjá Leikskóla Seltjarnarness, gerir þessi mismunur samtals 120 milljónir króna. Taka þess samanburð sem vísbendingu, þar sem leikskólar geta verið mismunandi með hliðsjón m.a. af aldri barna, þjónustupörf barna á viðkomandi leikskóla o.s.frv.

Tafla 40: Skipting launagjalda og önnur rekstrargjöld hjá Leikskóla Seltjarnarness árin 2016 til 2018 í þúsundum króna

				Breyting	
	2016	2017	2018	2017/2018	2016/2018
Fjöldi barna	199	209	222	6,2%	11,6%
Fjöldi HDÍG	209,5	213,3	228,4	7,1%	9,0%
Mánaðarlaun	273.999	300.222	347.372	15,7%	26,8%
Yfirvinna	14.363	23.682	47.746	101,6%	232,4%
Aðrar launagreiðslur	4.466	4.231	3.297	-22,1%	-26,2%
Breytingar áfallins orlofs	2.116	5.588	3.320	-40,6%	56,9%
Launatengd gjöld	69.008	75.880	90.975	19,9%	31,8%
<b>Samtals</b>	<b>363.952</b>	<b>409.603</b>	<b>492.710</b>	<b>20,3%</b>	<b>35,4%</b>
Vörukaup almenn	7.507	9.362	12.338	31,8%	64,4%
Innri viðskipti	55.604	73.681	82.143	11,5%	47,7%
Þjónustukaup	16.909	19.256	20.163	4,7%	19,2%
Styrkir			25		
Samtals annar rekstrarkostnaður	80.020	102.299	114.669	12,1%	43,3%
Samtals gjöld	443.972	511.902	607.379	18,7%	36,8%
Fjárheimild (fjárhagsáætlun)	431.759	477.383	569.876	19,4%	32,0%
Umfram fjárheimild	12.213	34.519	37.503		
Umfram sem hlutfall af fjárheimild	2,8%	7,2%	6,6%		
Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum	5,2%	7,9%	13,7%		
Yfirv. og aðrar launagreiðslur sem hlutfall af mánaðarlaunum	6,9%	9,3%	14,7%		

Heimild: Seltjarnarnesbær, aðalbók

Tafla 40 sýnir skiptingu launagjalda og annarra rekstrargjalda hjá Leikskóla Seltjarnarness árin 2016 til 2018 í þúsundum króna. Hér er eingöngu um að ræða rekstrargjöld vegna leikskólans. Ekki meðtalin gjöld eins og afsláttur á leikskólagjöldum og gjöld vegna barna í öðrum leikskólum. Einnig kemur fram fjöldi barna og HDÍG sem voru í leikskólanum þessi ár.

Á milli þessara ára fjölgaði börnum við leikskólann. Voru 199 árið 2016 en 222 árið 2018. HDÍG voru 209,5 árið 2016 en 228,4 árið 2018.

Eins og fram kemur í töflunni hækkuðu launagjöld samtals um 20% á milli árána 2017 og 2018. Mánaðarlaun hækkuðu um 16% en mikil hækkun á yfirvinnu vekur athygli en hún tvöfaldaðist á milli þessara ára. Á milli árána 2016 og 2018 rúmlega þrefaldast yfirvinnan. Árið 2018 var yfirvinna og aðrar launagreiðslur sem hlutfall af mánaðarlaunum 14,7% samanborið við 6,9% árið 2016. Ef hlutfallið hefði haldist óbreytt árið 2018, frá því sem það var árið 2016, hefði samtala yfirvinnu og aðrar launagreiðslur verið 24 milljónir króna samanborið við 50,9 milljónir króna sem hún var.

Hlutfall yfirvinnu og annarra launa af mánaðarlaunum er nokkuð hátt miðað við það sem skýrsluhöfundar hafa séð hjá öðrum sveitarfélögum.

Vörukaup almennt hækka einnig nokkuð mikið á milli þessara ára, eða um 32% á milli árána 2017 og 2018 og um 64% á milli árána 2016 og 2018. Samtals hækka önnur rekstrargjöld en launagjöld um 12% á milli árána 2017 og 2018 og um 43% á milli árána 2016 og 2018.

Veikindalaun voru samtals 36.247 þúsund krónur árið 2018, eða 10,4% af mánaðarlaunum. Veikindalaunin voru 32.289 þúsund krónur árið 2017, eða 10,8% af mánaðarlaunum. Þannig voru veikindalaun sem hlutfall af mánaðarlaunum nokkuð áþekk bæði þessi ár.

Öll árin fóru rekstrargjöld nokkuð fram úr fjárheimildum. Árið 2017 voru útgjöld umfram fjárheimild 34.519 þúsund krónur, eða 7,2% sem hlutfall af fjárheimild. Árið 2018 voru útgjöld umfram fjárheimild 37.503 þúsund krónur, eða 6,6%.

Tafla 41: Nokkrir útgjaldaliðir hjá Leikskóla Seltjarnarness árin 2016 til 2018 í þúsundum króna

				Breyting	
	2016	2017	2018	2017/2018	2016/2018
Fjöldi HDÍG	209,5	213,3	228,4	7,1%	9,0%
Fatapeningar	146				
Kaffistofa starfsfólks	447	346	711	105%	59%
Dagamunur starfsmanna, starfsmannakostnaður	260	444	409	-8%	57%
Tímarit, blöð, bókasafn	336	201	154	-23%	-54%
Ritföng, pappír, bréfabindi	408	309	390	26%	-4%
Rafmagn	979	1.076	1.176	9%	20%
Verkfæri, áhöld, rekstrarvörur	1.351	3.095	2.952	-5%	119%
Hreinlætisvörur	1.579	1.655	2.518	52%	59%
Vinnufatnaður	385	464	482	4%	25%
Föndur/handavinna/heimilisfræði	793	1.224	1.809	48%	128%
Innri afnot heitt vatn	981	1.323	1.695	28%	73%
Þátttaka í rekstri mötuneytis	30.521	42.215	51.396	22%	68%
Námskeið, ráðstefnur	995	380	1.075	183%	8%
Príf samningsverk	13.700	14.699	15.686	7%	14%
Grænar tunnur	727	714	69	-90%	-91%
Eftirlit, öryggisgæsla	673	846	618	-27%	-8%
Aðkeypt efni og þjónusta	174	1.763	2508	42%	1341%
<b>Samtals</b>	<b>54.455</b>	<b>70.754</b>	<b>83.648</b>	<b>18%</b>	<b>54%</b>

Heimild: Seltjarnarnesbær, aðalbók

Tafla 41 sýnir útgjöld vegna nokkurra kostnaðarliða hjá leikskóla Seltjarnarness árin 2016 til 2018 í þúsundum króna.

Eins og taflan sýnir hækkaði kostnaður samtals fyrir þessa útgjaldaliði á milli árunna 2017 og 2018 um 18% en á milli árunna 2016 og 2018 hækkaði kostnaðurinn um 54%. Um er að ræða mun meiri hækkun en verðlag hækkaði á þessu tímabili. Á milli árunna 2017 og 2018 hækkaði vísitala neysluverðs um 2,7% og um 4,5% á milli árunna 2016 og 2018.



Tafla 42: Nokkrir útgjaldaliðir á hvert HDÍG hjá Leikskóla Seltjarnarness árin 2016 til 2018 í þúsundum króna

	2016	2017	2018
Fjöldi HDÍG	209,5	213,3	228,4
Fatapeningar	0,7	0,0	0,0
Kaffistofa starfsfólks	2,1	1,6	3,1
Dagamunur starfsmanna, starfsmannakostnaður	1,2	2,1	1,8
Tímarit, blöð, bókasafn	1,6	0,9	0,7
Ritföng, pappír, bréfabindi	1,9	1,4	1,7
Rafmagn	4,7	5,0	5,1
Verkfæri, áhöld, rekstrarvörur	6,4	14,5	12,9
Hreinlætisvörur	7,5	7,8	11,0
Vinnufatnaður	1,8	2,2	2,1
Föndur/handavinna/heimilisfræði	3,8	5,7	7,9
Innri afnot heitt vatn	4,7	6,2	7,4
Þátttaka í rekstri mótuneytis	145,7	198,0	225,1
Námskeið, ráðstefnur	4,7	1,8	4,7
Þrif samningsverk	65,4	68,9	68,7
Grænar tunnur	3,5	3,3	0,3
Eftirlit, öryggisgæsla	3,2	4,0	2,7
Aðkeypt efni og þjónusta	0,8	8,3	11,0
<b>Samtals</b>	<b>259,9</b>	<b>331,8</b>	<b>366,3</b>

Heimild: Seltjarnarnesbær, aðalbók, og Samband íslenskra sveitarfélaga varðandi HDÍG

Tafla 42 sýnir sömu útgjaldaliði og tafla 41 en nú á hvert HDÍG í þúsundum króna.

Tafla 43: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í leikskóla Seltjarnarness 2002 til 2018 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Breyting 2013/2018
Heildagsígildi (HDÍG)	200,2	196,6	190,8	183,9	183,8	187,3	185,3	185,8	172,6	175,9	183,3	198,4	199,1	204,9	209,5	213,3	228,4	30,0
Leikskólakennari	12,3	14,7	17,6	13,9	18,9	18,6	20,8	21,3	18,7	25,6	22,7	31,7	35,6	34,5	36,3	18,8	22,0	-9,7
Önur uppeldisfræðimenntun	4,3	6,6	5,0	4,8	7,1	4,9	2,3	2,1	4,9	4,8	2,9	0,0	1,6	3,5	2,4	12,6	17,3	17,3
Aðrir starfsmenn	31,4	31,4	22,7	24,1	22,7	25,4	31,5	22,3	28,1	28,9	20,2	19,3	18,4	17,5	21,3	26,9	31,3	12,0
<b>Stöðugildi samtals</b>	<b>48,0</b>	<b>52,7</b>	<b>45,3</b>	<b>42,9</b>	<b>48,8</b>	<b>48,9</b>	<b>54,6</b>	<b>45,6</b>	<b>51,6</b>	<b>59,4</b>	<b>45,9</b>	<b>51,0</b>	<b>55,6</b>	<b>60,0</b>	<b>58,4</b>	<b>60,0</b>	<b>58,4</b>	<b>19,6</b>
HDÍG á hvert stöðugildi	4,2	3,7	4,2	4,3	3,8	3,8	3,4	4,1	3,3	3,0	4,0	3,9	3,6	3,7	3,5	3,7	3,2	-0,7
Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals	26%	28%	39%	33%	39%	38%	38%	47%	36%	43%	50%	62%	64%	62%	60%	32%	31%	
Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals	35%	40%	50%	44%	53%	48%	42%	51%	46%	51%	56%	62%	67%	68%	64%	54%	56%	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 43 sýnir fjölda HDÍG og stöðugilda hjá Leikskóla Seltjarnarness árin 2010 til 2018. Fyrir árið 2010 voru reknir tveir leikskólar á Seltjarnarnesi. Tölurnar 2002 til 2009 eru samtölur fyrir þessa tvo leikskóla. Jafnframt sýnir taflan hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldisfræðimenntun sem hlutfall af stöðugildum samtals.

Á milli árana 2013 og 2018 fjölgaði stöðugildum um 19,6. Á sama tímabili fjölgaði HDÍG um 30,0.

Fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi var 3,2 árið 2018 samanborið við 3,9 árið 2013.



Hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals var 31% árið 2018 og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldismenntun af stöðugildum samtals var 56%. Rétt er að fram komi að fjöldi stöðugilda árið 2018 hefur verið leiðréttur frá því sem fram kemur á vef Sambands íslenskur sveitarfélaga samkvæmt upplýsingum frá fræðslustjóra.

Tafla 44: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2018

	Norður-þing	Kópavogsbær	Akra-nesk.	Akra-nesk.	Rvík	Hafnarfj.	Rvík	Sveitarf. Skagafj.	Rvík	Fljótsdalsh.	Seltjarnarnesb.
	Grænuvellir	Baugur	Vallarsel	Akrasel	Lauga-sól	Stekkjarsól	Langholt	Ársalir	Rauðhöll	Tjarnarskógur	Leikskóli Seltjarnarness
Fjöld barna	130	136	144	147	151	156	171	175	192	203	222
Fjöldi HDÍG	129,9	138,6	145,9	150,6	156,6	164,1	178,1	176,0	199,4	189,4	228,4
Leikskólakennarar	10,6	8,4	16,0	16,0	15,1	14,6	12,0	18,0	12,9	17,2	22,0
Önnur uppeldismenntun	10,2	4,6	2,8	14,7	7,8	6,4	4,8	0,5	22,4	14,6	17,3
Samtals	20,8	13,0	18,7	30,7	22,9	21,0	16,8	18,5	35,3	31,8	39,3
Ófaglaerðir starfsmenn	16,0	24,9	17,9	4,7	12,9	31,1	24,0	27,4	13,2	20,8	31,3
Önnur störf, eldhús, þríf o.s.frv.	5,3	2,0	1,8	2,4	3,0	1,6	3,5	2,5	3,9	2,1	
Samtals stöðugildi	42,1	39,9	38,4	37,8	38,8	53,7	44,3	48,3	52,4	54,7	70,6
<b>Á hvert stöðugildi:</b>											
Leikskólakennarar	12,3	16,5	9,1	9,4	10,4	11,3	14,8	9,8	15,4	11,0	10,4
Önnur uppeldismenntun	12,8	30,0	53,0	10,3	20,1	25,5	37,1	352,0	8,9	13,0	13,2
<b>Samtals leikskólak. og önnur uppeldism.</b>	<b>6,3</b>	<b>10,7</b>	<b>7,8</b>	<b>4,9</b>	<b>6,8</b>	<b>7,8</b>	<b>10,6</b>	<b>9,5</b>	<b>5,6</b>	<b>6,0</b>	<b>5,8</b>
Önnur stöðugildi samtals	6,1	5,2	7,4	21,2	9,9	5,0	6,5	5,9	11,6	8,3	7,3
Samtaes stöðugildi	3,1	3,5	3,8	4,0	4,0	3,1	4,0	3,6	3,8	3,5	3,2
Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals	25,2%	21,0%	41,6%	42,4%	39,0%	27,1%	27,1%	37,2%	24,6%	31,4%	31,2%
Hl. Leikskólak. og önnur uppeldismenntun af st. samt.	49,4%	32,6%	48,8%	81,2%	59,1%	39,1%	38,0%	38,2%	67,3%	58,2%	55,7%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 44 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólum árið 2018 og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi.

Eins og taflan sýnir voru tveir leikskólar með færri HDÍG á hvert stöðugildi en Leikskóli Seltjarnarness.

Tafla 45: Heildagsígildi, stöðugildi, launagjöld og rekstrargjöld samtals vegna leikskóla hjá samanburðar sveitarfélögum árið 2018 í þúsundum króna

Sveitarfélag	Fjöldi íbúa, janúar 2019	Heilds-dags-ígildi (HDÍG)	Stöðu-gildi	Fjöldi HDÍG á hvert stöðu-gildi	Stöðugildi hjá Seltjarnarnesbæ miðað við HDÍG á hvert stöðugildi í samanburðar-sveitarfélögunum	Umfram stöðugildi hjá Seltjarnarnesbæ	Kostnaður vegna umfram stöðugilda	Launa-útgjöld samtals	Meðallauna-útgjöld á hvert stöðugildi	Rekstrar-gjöld án innri húsaleigu	Launa-gjöld á hvert HDÍG	Rekstrargjöld á hvert HDÍG án innri húsaleigu
Garðabær	16.299	577,6	165,7	3,49	65,5	5,1	35.464	1.180.269	7.123	1.374.317	2.043	2.379
Mosfellsbær	11.463	605,1	154,5	3,92	58,3	12,3	85.791	1.107.353	7.167	1.291.525	1.830	2.134
Sveitarfélagið Árborg	9.485	526,3	152,4	3,45	66,1	4,5	31.216	1.054.116	6.918	1.194.976	2.003	2.271
Akraneskaupstaður	7.411	450,0	116,8	3,85	59,3	11,3	79.191	739.167	6.331	839.483	1.643	1.866
Fjarðabyggð	5.070	337,8	101,0	3,34	68,3	2,3	16.158	660.877	6.545	767.284	1.957	2.272
Seltjarnarnesbær	4.664	228,4	70,6	3,24	70,6	0,0	0	493.119	6.985	530.318	2.159	2.322
Vestmannaeyjabær	4.301	143,6	33,7	4,27	53,5	17,1	119.132	196.248	5.829	235.492	1.366	1.640
Sveitarfélagið Skagafjörður	3.992	227,6	69,3	3,29	69,5	1,1	7.502	464.012	6.697	525.020	2.038	2.307
Borgarbyggð	3.807	183,5	62,4	2,94	77,6	-7,0	-49.110	418.489	6.710	463.501	2.281	2.526
Ísafjarðarbær	3.800	138,3	43,0	3,21	71,1	-0,5	-3.185	304.330	7.076	356.492	2.201	2.579
Fljótsdalshérað	3.600	233,4	68,7	3,40	67,3	3,3	23.295	430.272	6.260	483.999	1.844	2.074
Meðaltal 11 sveitarfélaga		3.651,5	1.038,0	3,52	64,9	5,7	39.633	7.048.254	6.790	8.062.406	1.930	2.208,0

Heimild: Sambandi íslenskra sveitarfélaga


Tafla 45 sýnir HDÍG, stöðugildi, launagjöld og rekstrargjöld samtals hjá hverju af samanburðar sveitarfélögum árið 2018 í þúsundum króna.

Eins og fram kemur í töflunni voru tvo sveitarfélög af samanburðarsveitarfélögum með færri HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólum en hjá Seltjarnarnesbæ. Ef fjöldinn hefði verið 3,92 HDÍG á hvert stöðugildi hjá Seltjarnarnesbæ eins og það var hjá Mosfellsbæ hefði fjöldi stöðugilda verið 58,3 en þau voru 70,6.

Þegar heildarkostnaður allra leikskóla í viðkomandi sveitarfélögum er tekinn saman, að frádreginni innri leigu, voru þrjú sveitarfélög í þessum samanburði með hærri kostnað á hvert HDÍG en Seltjarnarnesbær og tvö sveitarfélög með hærri launakostnað á hvert HDÍG en Seltjarnarnesbær.

Gerður er fyrirvari á þessum samanburði þar sem leikskólar geta verið mismunandi, t.d. aldursdreifing barna, hvort þau fá tilbúinn mat o.s.frv., og einnig að í einhverjum tilfella gætu upplýsingar frá viðkomandi sveitarfélögum ekki verið nákvæmar. Engu að síður er hér um ákveðnar vísbendingar að ræða.

Mynd 12: Leikskólagjöld hjá samanburðarsveitarfélögum árin 2018 og 2019



Heimild: Alþýðusamband Íslands

Mynd 12 sýnir almenn leikskólagjöld miðað við átta klukkustundir og fullt fæði hjá samanburðar sveitarfélögum eins og þau voru árin 2018 og 2019. Sveitarfélögin veita afslætti, svo sem systkinaafslætti o.s.frv., sem ekki er gert ráð fyrir hér.

Eins og þarna kemur fram voru leikskólagjöld lægst bæði árin hjá Seltjarnarnesbæ og munar þar nokkru hvað Seltjarnarnesbær er með lág gjöld samanborið við samanburðar sveitarfélögin. Árið 2019 voru gjöldin hæst hjá Garðabæ, eða 39.618 krónur en hjá Seltjarnarnesbæ voru þessi gjöld 27.180 krónur.

Það er mat skýrsluhöfundar að til framtíðar litið verði vistun á leikskólum gjaldfrjáls. Ef það reynist rétt er mikilvægt að sveitarfélög hugi sem fyrst að því og leita leiða til að hagræða til að standa undir þeim kostnaðarauka sem því fylgir.

## GRUNNSKÓLI SELTJARNARNESS

Grunnskóli Seltjarnarness var stofnaður 2004. Grunnskólinn er með tvær starfstöðvar, í Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla. Í Mýrarhúsaskóla eru nemendur 1. til 6. bekkjar, sem eru samtals 364 skólaárið 2019/2020 og í Valhúsaskóla eru nemendur 7. til 10. bekkjar sem eru 195 skólaárið 2019/2020. Samtals eru við skólann 559 nemendur skólaárið 2019/2020 (október 2019).

Tafla 46: Fjöldi nemenda í Grunnskóla Seltjarnarness 2002 til 2019

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2011/2019	hlutfallsleg
Mýrahúsaskóli, 1. til 6. bekkur	456	454	414	383	358	347	310	296	292	277	284	281	300	303	316	329	355	364	87	31%
Valhúsaskóli, 7. til 10 bekkur	325	314	325	324	314	294	297	277	254	248	219	213	205	198	194	195	196	195	-53	-21%
<b>Samtals</b>	<b>781</b>	<b>768</b>	<b>739</b>	<b>707</b>	<b>672</b>	<b>641</b>	<b>607</b>	<b>573</b>	<b>546</b>	<b>525</b>	<b>503</b>	<b>494</b>	<b>505</b>	<b>501</b>	<b>510</b>	<b>524</b>	<b>551</b>	<b>559</b>	<b>34</b>	<b>6%</b>
Breyting á milli ára		-13	-29	-32	-35	-31	-34	-34	-27	-21	-22	-9	11	-4	9	14	27	8		

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Grunnskóli Seltjarnarness vegna 2019

Tafla 46 sýnir hvernig fjöldi nemenda í Grunnskóla Seltjarnarness hefur þróast á tímabilinu frá 2002 til 2019. Annars vegar er sýndur fjöldinn í 1. til 6. bekk, Mýrarhúsaskóli, og hins vegar vegna 7. til 10. bekkjar í Valhúsaskóla.

Eins og fram kemur á töflunni fækkaði nemendum við skólann öll árin frá árinu 2002 til og með 2015 nema eitt ár, þ.e. árið 2014 þegar nemendum fjölgaði. Á þessum árum fækkaði nemendum um 280. Voru 781 árið 2002 en 501 árið 2014. Síðan hefur nemendum verið að fjölga á milli ára. Frá og með árinu 2016 hefur nemendum fjölgað um 58.

Á milli áranna 2011 og 2019 fjölga nemendum í 1. til 6. bekk, Mýrarhúsaskóla, um 87, eða 31%. Á sama tíma fækkar nemendum í 7. til 10. bekk, Valhúsaskóla, um 53, eða 21%. Samtals fjölgaði því nemendum við skólann þetta tímabil um 34, eða 6%.

Við skólann er skólastjóri og tveir aðstoðarskólastjórar. Aðstoðarskólastjórar eru ekki með kennsluskyldu. Einn deildarstjóri er í hvoru skólahúsi, þ.e. tveir deildarstjórar. Auk þess er deildarstjóri stoðþjónustu í hvoru húsi. Í Mýrarhúsaskóla er deildarstjóri stoðþjónustu í 100% stöðugildi og 50% stöðugildi í Valhúsaskóla og 50% við kennslu. Almennur deildarstóri í Mýrarhúsaskóla er í 50% stöðugildi og í Valhúsaskóla í 100%.

Verkefnastjóri í upplýsingatækni í 50% stöðugildi er í sitt hvoru skólahúsnaðinu. Í Valhúsaskóla er starfsmaðurinn jafnframt í 50% kennslu.

Í starfi verkefnastjóra felst að aðstoða kennara með allt sem snýr að töluvinnslu. Aðstoða við að koma tölvumálum inn í kennsluna. Stýra upplýsingakennslunni. Auk þess að aðstoða við Mentor. Þeir hafa jafnframt séð um heimasíðuna fyrir skólann.

Við skólann eru tveir þroskaþjálfar í hvoru skólahúsnaðinu, eða samtals 4 stöðugildi.

Þá eru tveir námsráðgjafar í tveimur stöðugildum.

Skólaritarar eru á hvorum stað í 2,2 stöðugildi. Tveir starfsmenn deila stöðunni í Mýrarhúsaskóla, annar er í 70% stöðugildi og hinn í 50%. Síðan er ritari 100% stöðugildi í Valhúsaskóla.

Stuðningsfulltrúar eru 12 við Mýrarhúsaskóla og fimm í Valhúsaskóla. Aðeins einn af þeim er í 100% starfi við skólann

Skólaliðar eru fjórir í Mýrarhúsaskóla, sem sjá um ræstingar og fjórir í Valhúsaskóla, sem sinna ræstingum og gangavörslu. Auk þess eru þrjú skólaliðar í hlutastörfum sem sinna gangavörslu, fylgd með yngstu nemendum í íþróttir, sund og tónlistarskólann. Einnig sinna þeir gæslu við gangbrautir á morgnana.

Skólaliðar sem sjá um ræstingar vinna undir stjórn húsvarðar og eru flestir af erlendum uppruna og tala ekki mikla íslensku. Aðrir skólaliðar vinna undir stjórn skólastjóra.

Tafla 47: Skipting stöðugilda við Grunnskóla Seltjarnarness í október 2019

Skólastjóri	1,00
Aðstoðarskólastjóri	2,00
Deildarstjóri í Mýrahúsaskóla	1,50
Deildarstjóri í Valhúsaskóla	1,50
Verkefnisstjóri í upplýsingatækni	1,00
Kennarar	41,55
Sérkennarar	5,30
Námsráðgjafar	2,00
Þrökbjálfar	4,00
Ritarar	2,20
Stuðningsfulltrúar	10,85
Skólaliðar	9,20
Húsvörður	1,00
<b>Samtals</b>	<b>83,10</b>

Heimild: Skólastjóri

Tafla 47 sýnir skiptingu stöðugilda við Grunnskóla Seltjarnarness eins og þau voru í október 2019.

Eins og þarna kemur fram voru stöðugildin samtals 83,1.

Grunnskólinn á í góðu samstarfi við félagsþjónustuna og við sálfræðing. Skólinn hefur aðgang að talmeinafræðingi sem sinnir einnig leikskólanum.

Oft er byrjað á því að senda börnin til námsráðgjafa áður en sálfræðingur er kallaður til.

Skólahúsnæðið er opnað kl. 7:45. Húsvörður opnar skólann á morgnana í Mýrarhúsaskóla. Gangavörður opnar skólann í Valhúsaskóla og húsvörður kemur á kvöldin og lokar. Opnar vel fyrir kl. 8:00. Fyrir þessa opnun er ekki greitt sérstaklega.

Ræsting fer fram á dagvinnutíma. Húsnæðinu er skipt milli starfsfólks út frá uppmælingu. Í Mýrarhúsaskóla sinna skólaliðar einnig ræstingu á húsnæði sem er nýtt undir frístund og Skjól. Hluti af skólaliðum er af erlendu bergi brotnir og nýtast þeir lítið sem eftirlitsaðilar á göngunum.

Kennsla hefst kl. 8:10 og er lokið yfirleitt um kl. 14:10.

3. og 4. bekkur í frístund fer í matsalinn til að fá hressingu síðdegis.

Fjárhagsáætlun er leiðarljós um hvað má gera. Skólastjórinn lítur á fjárhagsáætlun sem fjárheimild. Hann hefur fengið að setja inn það sem er talið brýnast. Skólastjóri og annar aðstoðarskólastjórinn hafa samþykkt reikninga. Hinn aðstoðarskólastjórinn hefur ekki verið settur inn í bókhaldskerfið og hefur ekki aðgang að Navison. Óskað var eftir því í september á s.l. ári (2018) en það hefur ekki fengist gert.

Ef skólinn er að fara fram úr áætlun fær hann viðvörðun en er ekki stoppaður hvað útgjöld varðar. Fræðslustjóri hefur rætt við skólastjóra ef farið er fram úr áætlun.

Grunnskólinn á gott samstarf við fræðslustjóra.

Skólastjóri er reglulega í Valhúsaskóla á þriðjudögum og fimmtudögum og Mýrarhúsaskóla á mánudögum og föstudögum. Miðvikudagur eru eins og þarf á að halda á hvorum stað.

Samnýting er á raun- og verkgreinastofunum. List- og verkgreinakennarar kenna í báðum húsum og þeirra stofur eru samnýttar. Að öðru leyti er reksturinn nokkuð sjálfstæður í hvoru skólahúsnæði.

Fundað er með öllu starfsfólki skólans sameiginlega tvisvar á hvorri önn. Síðan er fundað einu sinni til tvisvar í mánuði á hvorum stað.

Allir kennarar eru með aðgang að tölvum. Flestir eru með fartölvur en nokkrir vilja vera með borðtölvur. Hver kennari hefur sína tölvu.

Í Mýrarhúsaskóla eru 25 sett af krómbókum (tölvum). Að mati skólastjóra þyrfti annan eins fjölda við skólann. Síðan eru skólarnir með um 25 spjaldtölvur.

Í Valhúsaskóla er tölvuver með 25 borðtölvum og 125 krómbækur fyrir um 195 nemendum.

Kennarar þurfa að ákveða að hausti hvernig þeir ætla að borða yfir veturinn. Hins vegar er hægt að fá breytingar. Þetta hefur valdið því að kennarar hafa ekki verið að skrá sig í mat. Ekki er reglulegt eftirlit með skráningu í mat, hvorki hjá starfsmönnum né nemendum.

18 umsjónarkennarar skipta með sér að fylgja nemendum í mat. Sumir eru að fylla upp í stöðurnar sínar með því. Ef ekki er greidd yfirvinna vegna yfirsetunnar, 20 mínútur á dag eða 2,5 kennslustundir á viku sem eru til að fylla upp í stöðu. Í yfirsetu á dag eru 16 kennarar.

Matartíminn er tvískiptur. 1.-3. bekkur (173 nemendur) og svo 4.-6. bekkur (191). Kennarar geta valið að borða með nemendum og sumir gera það, aðrir ekki. Ef þeir borða með nemendum er ekki greitt fyrir matinn.

Hjá Valhúsaskóla annast starfsmenn í mótuneyti og skólaliðar yfirsetu þegar nemendur matast.

Aðstoðarskólastjóri gerir ráðningarsamninga við kennara og starfsmenn í Valhúsaskóla ásamt skólastjóra. Á sama hátt annast aðstoðarskólastjóri í Mýrarhúsaskóla ráðningarsamninga þar ásamt skólastjóra.

Aðstoðarskólastjóri samþykkir reikninga vegna Valhúsaskóla.

Fram komu athugasemdir frá aðstoðarskólastjóra varðandi samþykkt á reikningum vegna hitaveitu, rafmagns og sorphirðu. Fram kom að aðstoðarskólastjóri veit ekki hvað er verið að samþykkja þar sem ekkert liggur fyrir til að styðjast við þegar þessir reikningar eru samþykktir. Fram kom í máli aðstoðarskólastjóra að hann hefur gert bæði skriflegar og munnlegar athugasemdir um það, hvernig staðið er að því að samþykkja þessa reikninga.

Fram kom hjá aðstoðarskólastjóra að hann hefur oft gert athugasemdir vegna reikninga varðandi öryggiskerfið í skólanum og komið hefur fyrir að hann hafi neitað að samþykkja reikninga vegna þess. Komið hafa reikningar m.a. án skýringa á því af hverju kerfið hafi farið af stað. Aðstoðarskólastjóri hefur hafnað slíkum reikningum en veit ekki hvað gerst hefur með þá reikninga í framhaldinu.

Tafla 48: Fjöldi nemenda í Grunnskóla Seltjarnarness 2016 til 2018, laungjöld og annar kostnaður í þúsundum króna

				Breyting	
	2016	2017	2018	2016/2018	2017/2018
Fjöldi nemenda	<b>510</b>	<b>524</b>	<b>551</b>	41	27
Útgjöld:	Hlutfallsleg				
Laun og launatengd gjöld	615.606	666.370	732.291	18,95%	9,89%
Vörukaup	15.694	19.028	25.327	61,38%	33,10%
Þjónustukaup án innri leigu	157.439	178.129	171.252	8,77%	-3,86%
Tekjur	-44.555	-52.341	-63.681	42,93%	21,67%
<b>Samtals</b>	<b>744.184</b>	<b>811.186</b>	<b>865.189</b>	<b>16,26%</b>	<b>6,66%</b>
Innri leiga	98.918	123.653	125.022	26,39%	1,11%
Samtals rekstramiðurstaða	<b>843.102</b>	<b>934.839</b>	<b>990.211</b>	17,45%	5,92%
<b>Á hvern nemanda:</b>					
Laun	1.207	1.272	1.329		
Annar kostnaður að frádregnum tekjum og innri leigu	252	276	241		
<b>Samtals</b>	<b>1.459</b>	<b>1.548</b>	<b>1.570</b>		
<b>Nokkrir útgjaldaliðir:</b>					
Bækur, tímarit og blöð	823	867	2.032	147%	134%
Ritföng, pappír og bréfbindi	1.292	1.609	4.259	230%	165%
Rafmagn	4.745	4.773	3.966	-16%	-17%
Heitt vatn	3.748		4.029	7%	
Verkfæri, áhöld og ýmis stærri áhöld og tæki	1.470	2.596	4.478	205%	72%
Hreinlætisvörur	1.104	1.431	2.111	91%	48%
Vinnufatnaður	154	94	170	10%	81%
Ferðakostnaður	2.212	3.446	3.657	65%	6%
Öryggisgæsla	1.284	2.099	1.698	32%	-19%
Sorphreinsun	1.355	1.333	0	-100%	-100%
<b>Samtals</b>	<b>18.187</b>	<b>18.248</b>	<b>26.400</b>	<b>45%</b>	<b>45%</b>
Þátttaka í rekstri mótuneytis	90.609	<b>97.362</b>	102.188	13%	5%
<b>Nokkrir útgjaldaliðir á hvern nemanda í krónum:</b>					
Bækur, tímarit og blöð	1.614	1.655	3.688		
Ritföng, pappír og bréfbindi	2.533	3.071	7.730		
Rafmagn	9.304	9.109	7.198		
Heitt vatn	7.349	0	7.312		
Verkfæri, áhöld og ýmis stærri áhöld og tæki	2.882	4.954	8.127		
Hreinlætisvörur	2.165	2.731	3.831		
Vinnufatnaður	302	179	309		
Ferðakostnaður	4.337	6.576	6.637		
Öryggisgæsla	2.518	4.006	3.082		
Sorphreinsun	2.657	2.544	0		
<b>Samtals</b>	<b>35.661</b>	<b>34.824</b>	<b>47.913</b>		

Heimild: Seltjarnarveskaupstaður

Tafla 48 sýnir fjölda nemenda frá 2016 til 2018 í Grunnskóla Seltjarnarness. Einnig sýnir taflan útgjöld og kostnað á hvern nemanda þessi ár. Útgjöldin eru sýnd á verðlagi hvers árs í þúsundum króna nema nokkrir útgjaldaliðir á hvern nemanda, sem sköðaðir voru, eru sýndir í krónum.



Nemendum fjölgaði um 14 á milli árána 2016 og 2017 og um 27 á milli árána 2017 og 2018, eða samtals um 41 á tímabilinu.

Það vekur athygli hvað útgjöldin aukast mikið á tímabilinu. Launagjöldin vaxa um 19% á milli árána 2016 og 2018, vörukaup um 61% og þjónustukaup án innri leigu um 9%. Samtals hækkaði rekstrarkostnaðurinn um 17% á tímabilinu. Á milli árána 2016 og 2018 hækkaði vísitala neysliverðs um 4,5%.

Nokkrir útgjaldaliðir eru sýndir sérstaklega til að sýna hvernig útgjöldin hafa verið að þróast. Eins og þar kemur fram hækka gjöld samtals vegna þessara liða um 45% á tímabilinu og hækkunin á sér stað að mestu á milli árána 2017 og 2018.

Tafla 49: Gjöld og tekjur í heild og gjöld og tekjur á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2018 í þúsundum króna

	R.borg	R.borg	Garðab.	Reykjanesb.	R.borg	Seltjarnarn.	Hafnarfj.	R.borg	Garðab.	Kópav.b.	Kópav.b.
	Hóla- brekku- skóli	Háa- leitis- skóli	Garða- skóli	Akurskóli	Laugar- nesskóli	G.skóli Seltjarnar- ness	Öldu- túns- skóli	Haga- skóli	Hofs- staða- skóli	Kársnes- skóli	Sala- skóli
Fjöldi nemenda	520	521	529	546	547	551	568	575	577	583	587
Laun og launatengd gjöld	547.008	734.715	565.996	483.585	597.714	733.232	639.497	556.696	556.496	684.511	734.628
Annar rekstrarkostnaður	97.952	109.132	94.345	77.197	76.225	195.648	102.509	105.588	100.629	95.218	94.959
<b>Rekstrarkostnaður samtals</b>	<b>644.960</b>	<b>843.847</b>	<b>660.340</b>	<b>560.782</b>	<b>673.939</b>	<b>928.880</b>	<b>742.006</b>	<b>662.284</b>	<b>657.125</b>	<b>779.728</b>	<b>829.586</b>
Tekjur	-34.872	-43.591	-10.737	-13.288	-62.425	-63.681	-1.551	-51.685	-5.416	-67.027	-69.016
<b>Nettó rekstrarkostnaður samtals</b>	<b>610.088</b>	<b>800.256</b>	<b>649.604</b>	<b>547.495</b>	<b>611.514</b>	<b>865.199</b>	<b>740.455</b>	<b>610.599</b>	<b>651.708</b>	<b>712.701</b>	<b>760.570</b>
<b>Útgjöld á hvern nemanda:</b>											
Laun og launatengd gjöld	1.052	1.410	1.070	886	1.093	1.331	1.126	968	964	1.174	1.251
Annar rekstrarkostnaður	188	209	178	141	139	355	180	184	174	163	162
<b>Rekstrarkostnaður samtals</b>	<b>1.240</b>	<b>1.620</b>	<b>1.248</b>	<b>1.027</b>	<b>1.232</b>	<b>1.686</b>	<b>1.306</b>	<b>1.152</b>	<b>1.139</b>	<b>1.337</b>	<b>1.413</b>
Nettó rekstrarkostnaður	1.173	1.536	1.228	1.003	1.118	1.570	1.304	1.062	1.129	1.222	1.296

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 49 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði samtals og á hvern nemanda í 11 samanburðarskólum árið 2018. Fimm stærri en Grunnskóli Seltjarnarness og fimm minni hvað nemendafjöldi varðar. Innri leiga hefur verið dregin frá. Reynslan sýnir að það er mjög mismunandi hvernig sveitarfélög reikna innri leigu, sem hefur leitt til þess að ekki fæst rétt mynd af samanburðinum ef innri leiga er tekin með. Þess vegna er hún ekki reiknuð með hér. Gerður er fyrirvari um þennan samanburð því skólahald getur verið mismunandi í þessum skólum sem getur leitt til mismunar í útgjöldum. Engu að síður gefur samanburðurinn ákveðna vísbendingu.

Eins og taflan sýnir var einn skóli með hærri launagjöld í þessum samanburði í krónum talið en Grunnskóli Seltjarnarness. Annar rekstrarkostnaður var hæstur hjá Grunnskóla Seltjarnarness. Þegar nettó rekstrarkostnaður samtals án innri leigu er borinn saman var sá kostnaður hæstur hjá Grunnskóla Seltjarnarness og munar þar nokkru. Hjá þeim skóla sem kom næst var kostnaðurinn 65 milljónum króna lægri. Lægstur var kostnaðurinn hjá Akurskóla í Reykjanesbæ, þar sem hann var 547 milljónir króna samanborið við 865 milljónir króna hjá Grunnskóla Seltjarnarness, eða mismunur sem nemur 318 milljónum króna. Í Akurskóla voru 546 nemendur en 551 nemandi í Grunnskóla Seltjarnarness.

Þegar launagjöld á hvern nemanda eru skoðuð var einn skóli með hærri launagjöld á hvern nemanda en Grunnskóli Seltjarnarness. Annar rekstrarkostnaður á hvern nemanda var hæstur hjá Grunnskóla Seltjarnarness og munar þar nokkru í þessum samanburði.

Þegar gjöldin eru tekin saman á hvern nemanda voru þau hæst hjá Grunnskóla Seltjarnarness.

Tafla 50: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum 2018

	R.borg	R.borg	Garðab.	Reykjanesb.	R.borg	Seltjarnarn.	Hafnarfj.	R.borg	Garðab.	Kópav.b.	Kópav.b.
	Hóla- brekku- skóli	Háa- leitis- skóli	Garða- skóli	Akurskóli	Laugar- nesskóli	G.skóli Seltjarnar- ness	Öldu- túns- skóli	Haga- skóli	Hofs- staða- skóli	Kársnes- skóli	Sala- skóli
Fjöldi nemenda	520	521	529	546	547	551	568	575	577	583	587
Stjórnendur	5,0	7,0	5,0	6,0	3,5	8,3	7,0	4,6	5,0	3,0	5,1
Sérkennarar	1,0	1,0	0,0	3,8	4,3	5,0	10,1	2,5	4,0	4,1	3,2
Kennarar	38,7	53,4	40,7	45,1	43,8	46,0	44,0	38,6	37,3	46,1	43,8
Stg. við kennslu og stjórnun	44,8	61,4	45,7	55,0	51,6	59,3	61,0	45,7	46,3	53,2	52,0
Aðrir starfsmenn	19,2	26,2	19,1	23,2	21,0	24,5	14,7	23,4	32,2	19,5	32,4
Samtals stöðugildi	64,0	87,6	64,7	78,2	72,6	83,8	75,7	69,1	78,5	72,7	84,5

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 50 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarskólum árið 2018. Um er að ræða skóla með 520 nemendur upp í 587.

Stöðugildi stjórnenda voru flest hjá Grunnskóla Seltjarnarness. Einn skóli var með fleiri stöðugildi sérkennara en Grunnskóli Seltjarnarness og tveir skólar voru með fleiri stöðugildi kennara. Þegar stöðugildi kennara og stjórnenda eru tekin saman voru tveir skólar með fleiri stöðugildi samtals en Grunnskóli Seltjarnarness.

Þrjár skólar voru með fleiri stöðugildi annarra starfsmanna en Grunnskóli Seltjarnarness. Þegar stöðugildin samtals eru skoðuð voru tveir skólar með fleiri stöðugildi.

Tafla 51: Fjöldi nemenda á hvert stöðugild í samanburðarskólum árið 2018

	R.borg	R.borg	Garðab.	Reykjanesb.	R.borg	Seltjarnarn.	Hafnarfj.	R.borg	Garðab.	Kópav.b.	Kópav.b.
	Hóla- brekku- skóli	Háa- leitis- skóli	Garða- skóli	Akurskóli	Laugar- nesskóli	G.skóli Seltjarnar- ness	Öldu- túns- skóli	Haga- skóli	Hofs- staða- skóli	Kársnes- skóli	Sala- skóli
Fjöldi nemenda	520	521	529	546	547	551	568	575	577	583	587
Stg. alls við kennslu	11,6	8,5	11,6	9,9	10,6	9,3	9,3	12,6	12,5	11,0	11,3
Stg. við kennslu án stjórnenda	13,1	9,6	13,0	11,1	11,4	10,8	10,5	14,0	14,0	11,6	12,5
Aðrir starfsmenn	27,1	19,9	27,8	23,5	26,1	22,5	38,8	24,5	17,9	30,0	18,1
Stöðugildi samtals	8,1	5,9	8,2	7,0	7,5	6,6	7,5	8,3	7,3	8,0	6,9

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 51 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólunum 11 árið 2018. Eins og taflan sýnir var einn skóli með færri nemendur á hvert stöðugildi kennara við kennslu og tveir skólar þegar stöðugildi kennara og stjórnenda eru tekin saman. Þrjár skólar voru með færri nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna en Grunnskóli Seltjarnarness. Þegar stöðugildin samtals eru skoðuð var einn skóli með færri nemendur á hvert stöðugildi samtals en Grunnskóli Seltjarnarness.

Tafla 52: Fjöldi nemenda og stöðugilda við Grunnskóla Seltjarnarness árin 2002 til 2019

Ár	Fjöldi nemenda	Kennarar / leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Samtals
2002	781	74,2	26,0	100,2
2003	768	70,7	34,2	104,9
2004	739	69,4	28,9	98,2
2005	707	69,3	32,8	102,1
2006	672	68,2	28,4	96,6
2007	641	67,8	27,1	94,9
2008	607	67,8	28,5	96,3
2009	573	64,8	42,4	107,2
2010	546	57,9	38,4	96,3
2011	525	55,2	37,0	92,2
2012	503	52,0	30,9	82,9
<b>2013</b>	<b>494</b>	<b>48,6</b>	<b>30,6</b>	<b>79,2</b>
2014	505	55,9	26,5	82,3
2015	501	51,3	31,8	83,1
2016	510	53,1	34,9	87,9
2017	524	56,3	30,9	87,2
2018	551	59,3	24,5	83,8
<b>2019</b>	<b>559</b>	<b>55,9</b>	<b>27,2</b>	<b>83,1</b>
<b>Breyting 2013/2019</b>	<b>65</b>	<b>7,3</b>	<b>-3,4</b>	<b>3,9</b>

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og skólastjóri vegna ársins 2019

Tafla 52 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda kennara og annarra starfsmanna við Grunnskóla Seltjarnarness á árunum 2002 til 2019.

Eins og taflan sýnir fækkar nemendum frá 2002 til og með 2013 en hefur síðan fjölgað aftur á milli ára með einni undantekningu árið 2015. Á tímabilinu 2013 til 2019 fjölgar nemendum við skólann um 65. Á sama tíma fjölgar stöðugildum kennara um 7,3 en öðrum starfsmönnum fækkar um 3,4 stöðugildi, eða fjölgun stöðugilda samtals um 3,9.

Tafla 53: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi við Grunnskóla Seltjarnarness árin 2002 til 2019

Ár	Fjöldi nemenda	Kennarar / leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Samtals
2002	781	10,5	30,0	7,8
2003	768	10,9	22,5	7,3
2004	739	10,7	25,6	7,5
2005	707	10,2	21,6	6,9
2006	672	9,9	23,7	7,0
2007	641	9,5	23,6	6,8
2008	607	9,0	21,3	6,3
2009	573	8,8	13,5	5,3
2010	546	9,4	14,2	5,7
2011	525	9,5	14,2	5,7
2012	503	9,7	16,3	6,1
2013	494	10,2	16,1	6,2
2014	505	9,0	19,1	6,1
2015	501	9,8	15,8	6,0
2016	510	9,6	14,6	5,8
2017	524	9,3	17,0	6,0
2018	551	9,3	22,5	6,6
2019	559	10,0	20,6	6,7
<b>Breyting 2013/2019</b>	65	-0,2	4,4	0,5

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og skólastjóri vegna ársins 2019

Tafla 53 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Grunnskóla Seltjarnarness frá árinu 2002 til 2019.

Eins og taflan sýnir hefur nemendum á hvert stöðugildi kennara frá árinu 2013 til ársins 2018 fækkað en fjölgað árið 2019. Nemendum á hvert stöðugildi kennara fækkar um 0,2 frá árinu 2013 til 2019. Árið 2013 voru nemendur við grunnskólann fæstir á því tímabili sem hér er skoðað.

Nemendum á hvert stöðugildi annarra starfsmanna hefur fjölgað frá árinu 2013, eða um 4,4. En á árunum 2015 til og með 2017 fækkar nemendum nokkuð. Það fjölgað árið 2018 en fækkar aftur árið 2019. Þegar stöðugildin samtals eru tekin saman hefur nemendum fjölgað um 0,5 á hvert stöðugildi. Voru 6,2 nemendur á hvert stöðugildi árið 2013 en 6,7 árið 2019.

Tafla 54: Skipting á launagjöldum starfsmanna við Grunnskóla Seltjarnarness árin 2017 og 2018

	2017		2018		Hlutfall af mánaðarlaunum				Hlutfallsleg aukning	
	Kennarar og stjórnendur	Aðrir starfsmenn	Kennarar og stjórnendur	Aðrir starfsmenn	Kennarar og stjórnendur	Aðrir starfsmenn	Kennarar og stjórnendur	Aðrir starfsmenn	Kennarar og stjórnendur	Aðrir starfsmenn
Mánaðarlaun	363.537.055	103.918.906	391.918.064	110.295.223					7,8%	6,1%
Yfirvinna	4.168.771	4.920.535	3.539.641	5.516.764	9,4%	5,4%	11,4%	5,7%	30,0%	11,8%
Forfallakennsla	9.836.739	0	15.068.927	0						
Kennsluyfirvinna grunnskóla + frím.g.	16.993.902	0	21.403.342	0						
Orlof yfirvinna	3.231.651	667.002	4.501.948	729.384						
Eingreiðsla	0	0	7.480.560	0						
Desemberuppbót	0	2.831.006	0	2.932.453						
Annaruppbót	9.128.951	0	9.938.076	0						
Orlofsuppbót	0	1.259.126	0	1.227.232						
Önnur laun	919.260	583.882	1.650.454	0						
Launatengd gjöld	106.466.986	27.442.610	116.271.412	28.695.611						
Orlof dagvinna	0	4.331.828	0	3.543.294						
<b>Samtals</b>	<b>514.283.315</b>	<b>145.954.895</b>	<b>571.772.424</b>	<b>152.939.961</b>						
Samtals laun		660.238.210		724.712.385						
Hlutfallsleg skipting	77,9%	22,1%	78,9%	21,1%						

Heimild: Seltjarnarabær

Tafla 54 sýnir skiptingu launagjalda hjá Grunnskóla Seltjarnarness árin 2018 og 2019.

Eins fram kemur í töflunni hækkar yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum á milli árána 2017 og 2018. Hlutfallið fyrir kennara var 9,4% árið 2017 en 11,4% árið 2018. Eða hækkan um 2% stig, sem samsvarar 7.838 þúsund krónum. Yfirvinna annarra starfsmanna hækkar einnig á milli árána, eða úr 5,4% stigum í 5,7%.

Eins og fram kemur á töflunni eru laun og launatengd gjöld vegna annarra starfsmanna sem hlutfall af heildar launagjöldum skólans 21,1% árið 2018.

Tafla 55: Skipting á launagjöldum grunnskóla hjá Seltjarnarabæ og Garðabæ á milli kennara og stjórnenda annars vegar og annarra starfsmanna hins vegar árið 2018 í þúsundum króna

	Fjöldi nemenda	Kennarar og stjórnendur	Aðrir starfsmenn	Samtals	Kennarar og stjórnendur	Aðrir starfsmenn
Grunnskóli Seltjarnarness	551	571.772	152.940	724.712	78,9%	21,1%
<b>Grunnskólar í Garðabæ:</b>						
Garðaskóli	529	529.685	86.324	616.009	86,0%	14,0%
Sjálalandskóli	275	291.866	110.117	401.983	72,6%	27,4%
Álftanesskóli	398	523.731	91.845	615.576	85,1%	14,9%
Flataskóli	477	431.836	91.343	523.179	82,5%	17,5%
Hofsstaðaskóli	577	468.156	84.797	552.953	84,7%	15,3%
<b>Samtals</b>		<b>2.245.274</b>	<b>464.425</b>	<b>2.709.700</b>	<b>82,9%</b>	<b>17,1%</b>

Heimild: Garðabær og Seltjarnarabær

Tafla 55 sýnir skiptingu launagjalda vegna grunnskóla hjá Seltjarnarabæ og Garðabæ á milli kennara og stjórnenda annars vegar og annarra starfsmanna hins vegar árið 2018 í þúsundum króna.

Eins og þarna kemur fram voru 21% af launaútgjöldum Grunnskóla Seltjarnarness vegna annarra starfsmanna. Meðaltalið fyrir grunnskóla Garðabæjar var 17%. Einn skóli í Garðabæ sker sig nokkuð úr með hátt hlutfall í samanburði við aðra skóla í Garðabæ.

Tafla 56: Fjöldi bekkjardeilda og nemenda í hverri bekkjardeild og árgangi í Grunnskóla Seltjarnarness skólaárið 2019/2020 (staðan í október 2019)

	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Samtals
Fjöldi nemenda í bekk	19	18	23	21	19	21	25	17	21	24	208
Fjöldi nemenda í bekk	19	18	24	19	23	23	25	16	24	23	214
Fjöldi nemenda í bekk	19	17		20	22	23		20			121
Fjöldi nemenda í bekk		16									16
Samtals	57	69	47	60	64	67	50	53	45	47	559
Fjöldi bekkkja	3	4	2	3	3	3	2	3	2	2	27
Meðaltal í bekkjardeild	19,0	17,3	23,5	20,0	21,3	22,3	25,0	17,7	22,5	23,5	20,7

Heimild: Skólastjóri Grunnskóla Seltjarnarness

Tafla 56 sýnir fjölda bekkjardeilda og fjölda nemenda í hverjum árgangi í Grunnskóla Seltjarnarness skólaárið 2019/2020.

Engar sérstakar reglur gilda um fjölda nemenda í bekkjardeildum. Reynsla skýrsluhöfundar er að það hafi almennt verið sett nokkuð í hendur skólastjórnenda hvernig nemendum er raðað í bekkjardeildir og þá hvað mörgum. Þó hafa sum sveitarfélög fylgt ákveðnum reglum þar um. Reynslan hefur sýnt að skólastjórnendur almennt hafa haft færri nemendur í hverjum bekk í yngri bekkjardeildum en þeim eldri. T.d. hefur skýrsluhöfundur heyrt því haldið fram að um 20 nemendur að hámarki eigi að vera í fyrsta og öðrum bekk. Síðan 25 nemendur að hámarki í þriðja til sjöunda bekk og svo 27 nemendur að hámarki í áttunda til 10. bekk. Lögð er áhersla á að þetta er engin regla.

Eins og taflan sýnir eru að meðaltali 20,7 nemendur í hverjum bekk skólaárið 2019/2020 í Grunnskóla Seltjarnarness.

Þeirri spurningu er hér varpað fram hvort ekki megi taka upp samkenndu á milli árganga í skólanum með það að markmiði að styrkja enn frekar skólastarfið.

## TÓNLISTARSKÓLI SELTJARNARNESS

Við tónlistarskólann eru um 190 nemendur í einkakennslu og 100 í forskóla í fyrsta og öðrum bekk grunnskólans. Nemendur í fyrsta og öðrum bekk greiða ekki skólagjöld. Einnig eru nemendur úr Valhúsaskóla í valgreinarnámi sem nemur tveim kennslustundum á viku. Nemendur í þriðja bekk grunnskólans byrja að sækja nám í tónlistarskólanum. Tónlistarskólinn annast tónlistarkennslu í leikskólanum að hluta til. Kennir þar almenna tónmenntakennslu. Leikskólinn greiðir fyrir þá vinnu og það er ca. 65% starfshlutfall.

Um 7-10% nemenda í tónlistarskólanum eru ekki nemendur í grunnskólanum. Um 5-6% nemenda tónlistarskólans eru ekki á grunnskólaaldri.

Tónlistarskólinn er í miklu samstarfi við leik- og grunnskólann. Í samstarfinu við grunnskólann felst m.a. að nemendur koma í tíma í tónlistarskólanum á skólatíma í grunnskólanum. Nemendur koma tvisvar í viku, 30 mínútur í senn, og er annar tíminn á skólatíma fyrir þá sem vilja nýta sér það.

Kennslan byrjar kl. 8:30 og er til kl. 19:00 einhverja daga. Nýtingin á skólahúsnæðinu er nokkuð jöfn yfir daginn. Vegna vinnu kennara frá kl. 17:00 til 19:00 er greitt álag. Nemendur sem koma eftir kl. 17:00 eru nemendur sem komnir eru í framhaldsskóla og einnig æfa hljómsveitir eftir kl. 17:00 á daginn. Síðan er í nokkrum tilfellum um að ræða

aðra nemendur sem geta ekki raðað stundatöflunni öðru vísi en á þessum tíma. Í einhverjum tilfella vilja foreldrar eða nemendurnir sjálfir ekki fara úr skólatíma í grunnskólanum í tónlistartíma.

Tónfræðikennsla fer öll fram utan skólatíma og dregst þá jafnvel til kl. 19:00.

Við skólann eru 13,17 stöðugildi, sem 23 kennarar fylla í (október 2019).

Skólinn er með ritara í 50% starfi. Skólagjöld fara í allan annan rekstur en laun kennara.

Ritari svarar í síma, annast ljósritunarvinnu, gerð prógramms þegar eru tónleikar o.s.frv. Ef eru veikindi þarf að koma á framfæri tilkynningum. Hann annast samskipti við foreldra. Á haustin er mikil törn í skólagjaldamálum.

Starfstími skólaritara er frá kl. 11:00 til 15:00.

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri vinna náið saman. Aðstoðarskólastjóri hefur séð um tímaskýrslur starfsmanna við skólann. Unnið er með stimpilklukku, Tímon.

Samþykkt reikninga er hjá skólastjóra.

Aðstoðarskólastjóri er í 60% stöðugildi sem stjórnandi og með 40% kennsluskyldu.

Skólastjóri kennir þrjár klukkustundir á viku.

Auk þeirra eru tveir deildarstjórar sem vinna 15% í stjórnunarstöðu hvor, þ.e. kennsluskylda er 85% hjá hvorum.

Skólastjóri fer reglulega yfir þær fjárheimildir sem skólinn hefur og ber saman við rauntölur.

Starfsmenn fá mat frá eldhúsi í Mýrarhúsaskóla.

Það var biðlisti í tónlistarskólann í fyrsta skipti í haust (2019). Á biðlista eru sex nemendur (október 2019). Allir sem sóttu um skólavist fyrir tilsettan tíma s.l. vor fengu skráningu í skólann í haust. Þannig að þeir sem eru á biðlista eru umsækjendur sem sóttu um eftir að umsóknarfrestur rann út.



Tafla 57: Rekstrartekjur og -gjöld Tónlistarskóla Seltjarnarness árin 2016 til 2018 í þúsundum króna

	Breyting				
	2016	2017	2018	2017/218	2016/2018
Endurgreitt fæði starfsmanna	232	304	306	0,7%	31,9%
Skólagjöld	16.984	17.821	19.068	7,0%	12,3%
Systkinaafsláttur	-924	-703	-1.005	43,0%	8,8%
Aðrar tekjur			150		
Tekjur	16.292	17.422	18.519	6,3%	13,7%
Launagjöld	99.915	120.453	129.639	7,6%	29,7%
Vörukaup	2.893	2.619	2.603	-0,6%	-10,0%
Þátttaka í rekstri mötuneytis	1.064	1.123	1.238	10,2%	16,4%
Önnur þjónustukaup án innri leigu	9.982	11.266	11.755	4,3%	17,8%
Innri leiga	15.740	16.370	17.189	5,0%	9,2%
Samtals gjöld	129.594	151.831	162.424	7,0%	25,3%
Nettó niðurstaða	113.302	134.409	143.905	7,1%	27,0%
Nemendur utanbæjar	1.602	2.362	1.519	-35,7%	-5,2%

Heimild: Seltjarnarnesbær, aðalbók

Tafla 57 sýnir tekjur og gjöld Tónlistarskóla Seltjarnarness árin 2016 til 2018 á verðlagi hvers árs og í þúsundum króna.

Eins og fram kemur í töflunni hækka gjöldin nokkuð á tímabilinu. Hækka um 7% á milli árána 2017 og 2018 og um 25% á milli árána 2016 og 2017.

## MÖTUNEYTI LEIK- OG GRUNNSKÓLA SELTJARNARNESS

Við mötuneytið starfar yfirmatreiðslumeistari.

Næsti yfirmaður yfirmatreiðslumeistara er fjármálastjóri.

Undirmenn yfirmatreiðslumeistara eru starfsmenn í mötuneytinu og í eldhúsi í leikskólanum. Mötuneytið er með 12 starfsmenn í 11,25 stöðugildum. Þrjú starfsmenn eru í leikskólanum, tveir í Valhúsaskóla og 6,25 stöðugildi í eldhúsinu í Mýrarhúsaskóla.

Tveir starfsmenn mæta kl. 6:00 á morgnana og síðan koma aðrir starfsmenn kl. 7:00, 7:30 og kl. 8:00.

Matur er að mestu keyptur forunninn og er síðan eldaður í eldhúsi Mýrarhúsaskóla.

Ávextir og grænmeti er keypt frá Orient og brauð frá Gæðabakstri og Björnsbakarí. Öll kjötvara og álegg kemur fram Matvex. Fiskur kemur frá Hafbergi að undanskyldum fiski í raspi sem kemur frá Grími kokki. Mjólkurvörur koma frá Mjólkursamsölunni. Hreinlætisvörur frá Besta. Þurrvara frá Ekrinni og frystivara einnig, t.d. frosið grænmeti. Ásbjörn Ólafsson er líka með þurrvörur.

Ekki hefur farið fram formlegt útboð vegna matar- og hráefniskaupa en leitað hefur verið verðtilboða. Það er eiginlega gert á hverju ári að sögn matreiðslumanns. Skipt var um kjöt og grænmetisbyrgja fyrir tveimur árum að hans sögn. Ekki hefur verið skipt um fiskbyrgja að sögn matreiðslumanns.

Allar stofnanir bæjarfélagsins fá mat frá eldhúsinu í Mýrarhúsaskóla. Um er að ræða nemendur og starfsfólk leik- og grunnskóla, starfsmenn bæjarins í áhaldahúsi, bæjarskrifstofu, og kennara tónlistarskólans. Jafnframt fá starfsmenn íþróttafélagsins Gróttu mat frá eldhúsinu. Matur er sendur á starfsstöðvarnar. Bílstjóri sem kemur frá áhaldahúsinu annast þessa útkeyrslu. Hann byrjar að keyra út mat kl. 10:20 og er að því til rúmlega kl. 11:00. Starfsmaðurinn fer síðan í það eftir hádegi að safna saman matarleyfum og óhreinum áhöldum sem skilað er í eldhúsið í Mýrarhúsaskóla.

Kostnaði við aksturinn er dreift á stofnanir en ekki bókfært hjá eldhúsinu að sögn matreiðslumanns.

Fjöldinn sem fær mat er sem hér segir að sögn matreiðslumanns: Bæjarskrifstofur eru með um 10 skammta, 8 á tæknideild og þjónustumiðstöð, tónlistarskóli fær frá 10 og niður í einn, og tveir til þrjár fara í Gróttu.

Í Valhúsaskóla eru um 150 matarskammtar, bæði kennara og nemenda, og Mýrarhúsaskóli er með um 400 nemendur og starfsfólk. Í leikskólanum er eldað sérstaklega fyrir Mánabrekku og Sólbrekku. Matur er eldaður í eldhúsi Mýrarhúsaskóla fyrir börn og starfsfólk í Fögrubrekku og ungbarnadeildinni í Holti, sem er í húsnæði kirkjunnar, samtals er um að ræða 48 börn auk starfsmanna.

Allt starfsfólk leikskólans og mötuneytisins er í fríu fæði.

Fólk kaupir mataráskrift í gegnum „Mínar síður.“ Þeim upplýsingum er komið til matreiðslumeistarans, þ.e. fjöldi barna.

Það er einungis í byrjun skólaárs að skoðað er hvort nemandi er í áskrift að sögn matreiðslumanns.

Í Valhúsaskóla er fylgst betur með að nemendur séu í áskrift.

Hann er með skrá yfir alla starfsmenn sem eru í mat.

Ef einhver kemur sem grunur er um að komi í mat án skráningar ræðir yfirmatreiðslumaður það við ritara.

Fram kom í máli matráðs að mikil matarsóun væri í kringum reksturinn sem telur að að minnsta kosti 10% af mat fari í ruslið.

Af hreinum fiski eða kjöti fara um 140 kg á dag í matinn samtals.

Matargerðin í leikskólanum er með sama hætti og í eldhúsi Mýrarhúsaskóla.

Ritarar í skólanum annast umsjón með mataráskrift.

Á morgnana fá börnin hafragraut í báðum skólunum, ávextir eru síðan á mismunandi tíma eftir stundaskrá um kl. 9:00.

Síðan hádegismatur og síðdegis hressing fyrir þá sem eru í frístundinni, sem er ávextir og brauð með áleggji.

Eldhúsið er alltof lítið að sögn matreiðslumanns. Grænkerar eru að sækja á og hann veit ekki hvar hægt er að setja þá.

Búnaður í eldhúsi er kominn vel til ára sinna og þarf að fara að endurnýja hann. Pannan er 16 ára, annar ofninn er 16 ára og eldavélarhella er líka 15 til 16 ára. Allt komið á aldur. Hér þarf að fara að endurnýja tæki og tól að sögn matreiðslumanns.

Í mötuneytinu eru tveir lærðir matreiðslumenn. Annar er yfirmatreiðslumeistari og er í Mýrarhúsaskóla, hinn er á Mánabrekku og annast matargerð fyrir hluta af leikskólanum.

Tafla 58: Kostnaður við rekstur mötuneytis í Mýrarhúsaskóla

	Hlutfallsleg breyting				
	20116	2017	2018	2017/2018	2016/2018
Launagjöld	64.395	67.666	70.416	4,1%	9,4%
Matvæli	72.341	75.214	83.044	10,4%	14,8%
Önnur rekstrargjöld	9.894	8.793	12.650	43,9%	27,9%
Kostnaður við akstur	5.000	5.000	5.000	0,0%	0,0%
<b>Samtals gjöld</b>	<b>151.630</b>	<b>156.673</b>	<b>171.110</b>	<b>9,2%</b>	<b>12,8%</b>
Innri viðskipti	-5.918	-5.415	-6.628		
<b>Samtals án innri viðskipta</b>	<b>145.712</b>	<b>151.258</b>	<b>164.482</b>	<b>8,7%</b>	<b>12,9%</b>

Heimild: Seltjarnarnesbær

Tafla 58 sýnir útgjöld vegna reksturs mötuneytis í Mýrarhúsaskóla árin 2016 til 2018.

Eins og fram kemur í töflunni kostaði rekstur mötuneytisins 146 milljónir króna árið 2016 og 164 milljónir króna árið 2018. Dreginn hefur verið frá kostnaður vegna innri viðskipta.


Miðað er við uppgefinn hámarks fjölda þeirra sem hafa verið í mat, en ekki liggur fyrir nákvæm skráning um fjölda þeirra sem fá mat í hvert skipti, en áætlað að kostnaður við hverja máltíð sé um 1.000 krónur.

## ÆSKULÝÐS- OG TÓMSTUNDAFULLTRÚI

Næsti yfirmaður æskulýðs- og tómstundafulltrúa er fræðslustjóri.

Undirmenn æskulýðs- og tómstundafulltrúa eru forstöðumaður félagsmiðstöðvar Selsins í 100% starfi, forstöðumaður barnastarfsins, Frístundaheimilisins Skjólið, í 100% starfi og forstöðumaður félagsstarfs aldraðra í 60% starfshlutfalli.

Mynd 13: Skipurit frístundamiðstöðvar Seltjarnarness árið 2019



Heimild: Æskulýðs- og tómstundafulltrúi

Mynd 13 sýnir skipurit frístundamiðstöðvar Seltjarnarness ásamt upplýsingum um fjölda stöðugilda sem heyra undir starfseminum.

Samtals eru stöðugildin sem heyra undir frístundamiðstöð Seltjarnarness 17,25. Eins og fram kemur á skipuritinu skiptist starfsemin í þrjár einingar, þ.e. barnastarf, unglíngastarf og félagsstarf eldri borgara.

### Barnastarf


Undir barnastarfið heyrir frístundaheimilið, sumarskólinn og sumarnámskeið. Forstöðumaður barnastarfsins veitir þessum þremur einingum forstöðu. Starfsemi frístundaheimilisins fer fram í Mýrarhúsaskóla og er fyrir nemendum 1. til 4. bekkjar. Starfsemin fer fram á tveimur stöðum innan skólans vegna þrengsla. Annars vegar í viðbyggingu við skólahúsnæðið og hins vegar í sérrými innan skólans. Í Skjól/frístund að hausti 2019 voru 169 nemendur, eða 72,53% af heildarfjölda nemenda í þessum árgöngum, en þeir voru samtals 233. Heildarfjöldi nemenda í fyrsta og öðrum bekk var 126, þar af voru 122 í Skjól/frístund, eða 96,82% nemenda. Heildarfjöldi nemenda í þriðja til fjórða bekk var 107, þar af voru í frístund 47 nemendur, eða 43,92 %.

Nemendur mæta í frístundina eftir að skóladegi lýkur kl. 13:20. Á þeim tíma eru börnin flest á báðum stöðum. Síðdegis fer stór hluti nemenda í ýmsar tómstundir. Hópur nemenda fer á íþróttæfingar hjá íþróttafélaginu Gróttu frá kl. 14-16:30 nokkra daga í viku, tímasetning æfinga fer eftir aldri. Þau börn sem æfa í 1. og 2. bekk eru saman á æfingum. Þau börn sem æfa í 3. og 4. bekk eru saman á æfingum en á öðrum tímum en 1. og 2. bekkur. Einnig fara nokkrir nemendur í tónlistarnám á tímabilinu 13:30-16:30. Klukkan 13:30-14:00 eru öll 169 börnin mætt í Skjól/frístund en svo fara þau í aldurshópum á æfingar frá kl. 14:00 á daginn og koma svo aftur í Skjól/frístund eftir æfingarnar. Nokkrir í 3. og 4. bekk fara beint heim eftir æfingarnar.

Gert er ráð fyrir að hver starfsmaður hafi umsjón með 10-14 börnum að jafnaði. 10-12 börn pr. starfsmann í 6-7 ára hópnum og 12-14 börn pr. starfsmann í 8-9 ára hópnum. Þjónusta og stuðningur við börn með sérþarfir er metið af fræðsluviði og félagsþjónustu í samstarfi við skóla, Skjól/frístund og foreldra.

Samkvæmt upplýsingum frá æskulýðs- og tómstundafulltrúa eru að jafnaði 8-11 starfsmenn í Skjóli (1. og 2. bekkur), að jafnaði eru fimm starfsmenn í Frístund (3. og 4. bekkur). Að jafnaði eru 3-5 starfsmenn í stuðningi við börn með sérþarfir. Starfsmenn eru þó færanlegir og fer það eftir verkefnum og dagskrá hvers dags hve margir starfsmennirnir eru á hverri starfsstöð.

Mynd 14: Fjöldi barna í frístund á hvern starfsmann á tímabilinu frá kl. 13:20 til 17:00 hvern virkan dag haustið 2019




Heimild: Seltjarnarnesbær

Mynd 14 sýnir fjölda barna á hvern starfsmann á tímabilinu frá kl. 13:20 til 17:00 hvern virkan dag haustið 2019.

Eins og fram kemur á myndinni voru flest börn á hvern starfsmann fyrstu 10 mínúturnar eða á tímabilinu frá kl. 13:20 til 13:30. Eftir það fækkar börnunum, eru um sex á hvern starfsmann nema á milli kl. 16:00 til 16:15 og 16:30 til kl. 17:00, þegar þau voru fleiri. Þannig má ljóst vera að eftir kl. 14:00 eru færri börn á hvern starfsmann en gert er ráð fyrir nema á tímabilinu kl. 16:00 til 16:15.

Mynd 15: Fjöldi starfsmanna í frístund á tímabilinu frá kl. 9:00 til 17:00 hvern virkan dag haustið 2019



Heimild: Seltjarnarnesbær

Mynd 15 sýnir fjölda starfsmanna í frístund á tímabilinu frá kl. 9:00 til 17:00 hvern virkan dag haustið 2019.

Fjöldi starfsmanna fyrir kl. 13:20 vekur athygli. Einn dag voru tveir starfsmenn mættir kl. 9:00. Síðan kl. 13:00 eru um 10 starfsmenn mættir með hliðsjón af því að frístundin byrjar kl. 13:20. Starfsmönnum fer fjölgandi alveg til kl. 14:00 þegar þeir eru orðnir 16 til 19 á sama tíma og börnin fara á æfingar o.s.frv.

Frístundaheimilið Skjólíð, frístund, heyrði undir grunnskólann fram til 1. janúar 2017 en þá var starfsemin færð undir aðra stofnun hjá sveitarfélaginu, þ.e. Frístundamiðstöð Seltjarnarness.

Tafla 59: Kostnaður við rekstur Skjólans, frístund, árin 2016 til 2018, í þúsundum króna

	Breyting				
	2016	2017	2018	2018/2017	2018/2016
<b>Skóla- og fæðisgjöld-afslættir</b>	<b>-17.058</b>	<b>-18.963</b>	<b>-18.945</b>	<b>-0,1%</b>	<b>11%</b>
Liðveisla vegna fatlaðs fólks í skóla			-1.475		
Mánaðarlaun	22.612	28.923	41.873	45%	85%
Yfirvinna	1.328	1.380	2.272	65%	71%
Aðrar launagreiðslur			1.933		
Launatengd gjöld	5.840	7.300	11.011	51%	89%
<b>Launatgjöld samtals</b>	<b>29.780</b>	<b>37.603</b>	<b>57.089</b>	<b>52%</b>	<b>92%</b>
Vörukaup almenn	377	1.672	1.162	-31%	208%
Þjónusutkaup*	4.372	4.281	5.074	19%	16%
<b>Samtals</b>	<b>34.529</b>	<b>43.557</b>	<b>63.325</b>	<b>45%</b>	<b>83%</b>
Nettó gjöld	17.471	24.594	42.905	74%	146%
*Án innri húsaleigu					
Nettó gjöld með innri leigu	19.570	26.776	45.197	69%	131%
Fjárheimild (fjárhagsáætlun)	22.642	22.439	37.799		
Umfram fjárheimild (-)	3.072	-4.337	-7.398		
Umfram sem hlutfall af fjárheimild		19%	20%		
Fjöldi nemenda að hausti	155	156	160		
Kostnaður á hvern nemanda	126	172	282		

Heimild: Seltjarnarnesbær

Tafla 59 sýnir rekstrargjöld Skjólans árin 2016 til og með 2018 á verðlagi hvers árs í þúsundum króna.

Eins og taflan sýnir hækka útgjöldin umtalsvert á milli þessara ára. Fara úr 19,6 milljónum króna nettó árið 2016 í 45,2 milljónir króna ári 2018, þ.e. hækka um 131% á milli þessara tveggja ára. Einnig er nokkur hækkun á milli árána 2017 og 2018. Útgjöldin árið 2017 voru 26,8 milljónir króna nettó en 45,2 milljónir króna árið 2018, eða hækkun á milli árána um 69%.


Launagjöldin nánast tvöfaldast á milli árána 2016 og 2018, eða hækka um 92%. Á sama hátt nánast þrefaldast útgjöld vegna vörukaupa almennt á milli þessara ára. Fara úr 377 þúsund krónum árið 2016 í 1.162 þúsund krónur árið 2018, eða hækkun um 208%. Þjónustukaup hækka um 16% á milli þessara ára.

Árin 2017 og 2018 fara útgjöldin nettó hvort ár um 20% fram úr fjárheimildum.

**Haldin hafa verið leikjanámskeið/sumarnámskeið** fyrir börn á aldrinum 6 til 13 ára í júní og júlí ár hvert. Árið 2018 skiptust námskeiðin í Leikjanámskeið fyrir börn fædd 2010 og 2011, Ævintýranámskeið fyrir börn fædd 2008 og 2009, Survivor námskeið fyrir börn fædd 2005–2007 og síðan Smíðavöll fyrir börn fædd 2009 og eldri.



Mynd 16: Fjöldi þeirra sem sóttu leikjanámskeið/sumarnámskeið önnur en smíðanámskeið skipt eftir námskeiðum árið 2018



Heimild: Seltjarnarnesbær

Mynd 16 sýnir fjölda þeirra sem sóttu leikjanámskeið/sumarnámskeið árið 2018 önnur er smíðanámskeið.

Eins og myndin sýnir voru haldin fjögur námskeið sumarið 2018 í þremur greinum. Flest börn sóttu námskeið 1, eða 112 samtals, börn fædd 2010 til 2011. Námskeið 2 sóttu 55 börn, námskeið 3 sóttu 17 börn og námskeið 4 sóttu 52 börn. Á námskeiði 3 og 4 sóttu engin börn námskeið í “Survivor”, sem var ætlað börnum fæddum 2005 til 2007.

Heildarskráning á öll sumarnámskeið sumarið 2018 var 273 börn en sumarið 2019 var heildarfjöldinn 329 börn. Börnunum fjölgaði um 56 á milli þessara ára.

Tafla 60: Kostnaður við rekstur leikjanámskeiða/sumarnámskeiða (06-220) árin 2016 til 2018 í þúsundum króna

	Breyting				
	2016	2017	2018	2018/2017	2018/2016
<b>Skólagjöld</b>	-2.255	-3.089	-2.839	-8%	26%
Mánaðarlaun	6.750	7.154	7.577	6%	12%
Yfirvinna	151	101	49	-51%	-68%
Launatengd gjöld	1.527	1.609	1.654	3%	8%
<b>Laun og launatengd gjöld</b>	<b>8.428</b>	<b>8.864</b>	<b>9.280</b>	<b>5%</b>	<b>10%</b>
Vöru- og þjónustukaup	523	946	2.602	175%	397%
<b>Samtals gjöld</b>	<b>8.951</b>	<b>9.809</b>	<b>11.881</b>	<b>21%</b>	<b>33%</b>
<b>Nettó niðurstaða</b>	<b>6.696</b>	<b>6.720</b>	<b>9.042</b>	<b>35%</b>	<b>35%</b>
Fjárheimild (fjárhagsáætlun)	6.792	7.117	6.975		
Umfram fjárheimild (-)	96	397	-2.067		

Heimild: Seltjarnarnesbær

Tafla 60 sýnir kostnað vegna leikjanámskeiða/sumarnámskeiða árin 2016 til 2018.

Eins og fram kemur á töflunni kostuðu námskeiðin innan við 7 milljónir króna að frádregnum námskeiðsgjöldum árin 2016 og 2017 en fara í rúmar 9 milljónir króna árið 2018. Gjöldin nettó hækka nokkuð mikið á milli áruna 2017 og 2018, eða um 35% þrátt

fyrir að í fjárhagsáætlun hafi verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda á milli þessara ára. Útgjöldin nettó fóru 2.067 þúsund krónur fram úr fjárheimild árið 2018.

### Smíðavöllur

Smíðavöllur hefur verið opinn fyrir börnin frá kl. 9-12:00 og frá kl. 13-16:00 í júní og júlí nema árið 2019 en þá var hann starfræktur í sex vikur, eða frá 11. júní til 19. júlí. Það hefur verið lokað í hádeginu en eftir klukkan 16:00 eru starfsmenn að ganga frá. Það er frjáls mæting hjá börnunum meðan völlurinn er opinn, þ.e.a.s þau þurfa ekki að vera allan daginn frá kl 9-12 eða 13-16:00. Smíðavöllurinn hefur verið á leiksvæði við Valhúsaskóla. Tveir starfsmenn hafa sinnt þessu verkefni í júní og júlí ár hvert.

Tafla 61: Rekstur smíðavallar 2016 til 2018 á verðlagi hvers árs í þúsundum króna

	Breyting				
	2016	2017	2018	2018/2017	2018/2016
Mánaðarlaun	984	1.043	1.105	6%	12%
Yfirvinna	22	15	7	-53%	-68%
Launatengd gjöld	221	231	241	5%	9%
<b>Laun og launatengd gjöld</b>	<b>1.227</b>	<b>1.289</b>	<b>1.353</b>	<b>5%</b>	<b>10%</b>
Vöru- og þjónustukaup	538	78	92	18%	-83%
<b>Samtals</b>	<b>1.765</b>	<b>1.366</b>	<b>1.445</b>	<b>6%</b>	<b>-18%</b>
Fjárheimild (fjárhagsáætlun)	1.396	1.430	1.539		
Umfram fjárheimild (-)	-369	64	94		
Fjöldi barna á smíðavelli	71	31	37		

Heimild: Seltjarnarnesbær

Tafla 61 sýnir rekstrarútgjöld vegna reksturs smíðavalla árin 2016 til og með 2018. Eins og þarna kemur fram kostaði reksturinn 1.445 þúsund krónur árið 2018 þegar 37 börn sóttu smíðavöllinn. Saman borðið við 1.365 krónur árið 2016 þegar 71 barn sótti völlinn.

Eins og þarna kemur fram hefur börnum farið fækkandi sem sótt hafa smíðavöllinn. Árið 2019 voru 22 börn á smíðavellinum. Það er frjáls mæting hjá börnunum þannig að það er ljóst að þau geta verið mismörg á hverjum tíma. Ætla verður að fá börn ef nokkur hafi verið allan tímann, sem smíðavöllurinn var opinn, fimm daga vikunnar í tvo mánuði.

Smíðavöllurinn heyrir beint undir æskulýðs- og tómstundafulltrúa.

### Unglingastarf

Undir unglingastarfið heyrir félagsmiðstöð, ungmennahús, ungmennaráð og sumarstarf unglunga. Forstöðumaður unglingastarfs veitir þessum einingum forstöðu. Starfsemi unglingastarfsins fer fram að Suðurströnd í kjallara heilsugæslustöðvarinnar.

Selið er félagsmiðstöð í kjallara heilsugæslunnar á Seltjarnarnesi. Selið sér um félagslíf Valhúsaskóla sem er grunnskóli fyrir 12-16 ára unglunga á Seltjarnarnesi. Selið er opinn vettvangur fyrir ungt fólk sem getur nýtt sér aðstöðuna til að stunda félagslíf, unnið að einstökum verkefnum, mætt á fræðslukvöld og námskeið eða einfaldlega slakað á.

Opið dagstarf er í Selinu frá klukkan 15:00 á daginn til klukkan 19:00 á kvöldin. Í opna starfinu getur unga fólk nýtt sér það sem aðstaðan hefur upp á að bjóða og hitt starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar.

Kvöldstarfið í Selinu er mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga milli klukkan 20:00 og 22:00. Í kvöldstarfinu fer fram klúbbstarf, fræðslukvöld, námskeið, viðburðir, vettvangsferðir og opin hús. Það eru tveir starfsmenn á vakt á opnunartímum en þrír á vakt á fimmtudagskvöldum sem eru viðburðakvöld félagsmiðstöðvar og skóla.

Æskulýðsfulltrúi og tómstundafulltrúi Seltjarnarness er í 100% starfi á dagvinnutíma og er með skrifstofu sína í félagsmiðstöðinni. Forstöðumaður félagsmiðstöðvar er í 100% starfi og vinnur bæði dag- og kvöldvaktir. Aðrir starfsmenn eru í hlutastörfum.

Tafla 62: Rekstur Selsins 2016 til 2018 á verðlagi hvers árs í þúsundum króna

	Breyting				
	2016	2017	2018	2018/2017	2018/2016
<b>Endurgreiðslur þátttakenda</b>	<b>-530</b>	<b>-721</b>	<b>-679</b>	<b>-6%</b>	<b>28%</b>
Mánaðarlaun	14.909	16.316	17.782	9%	19%
yfirvinna	7.626	8.537	9.044	6%	19%
Starfsmannabílar, styrkir	563	626	597	-5%	6%
Launatengd gjöld	5.009	6.258	6.852	9%	37%
<b>Launatgjöld samtals</b>	<b>28.107</b>	<b>31.737</b>	<b>34.275</b>	<b>8%</b>	<b>22%</b>
Vörukaup almenn	1.058	1.963	1.899	-3%	79%
Þjónustukaup*	4.123	3.104	3.373	9%	-18%
<b>Samtals</b>	<b>32.758</b>	<b>36.083</b>	<b>38.868</b>	<b>8%</b>	<b>19%</b>
*Án innri húsaleigu og þátttöku í rekstri tölvudeildar					
<b>Samtals með innri húsaleigu</b>	<b>36.533</b>	<b>40.685</b>	<b>43.353</b>	<b>7%</b>	<b>19%</b>
Fjárheimild (fjárhagsáætlun)	37.164	40.934	43.675		
Innan fjárheimildar (+)	631	249	322		
Yfirvinna sem hlutfall af mánaði	51%	52%	51%		

Heimild: Seltjarnarnesbær

Tafla 62 sýnir rekstrargjöld vegna Selsins árin 2016 til 2018 á verðlagi hvers árs.

Með rekstri Selsins er talinn kostnaður vegna rekstrar félagsmiðstöðvar nemenda 8. til 10. bekkjar Grunnskóla Seltjarnarness, kostnaður vegna Ungmennahússins Skelin (16 til 24 ára), sem er starfrækt tvö kvöld í viku fyrir utan hljómsveitaæfingar, og launagjöld vegna tómstunda- og æskulýðsfulltrúa. Jafnframt hafa starfsmenn Selsins ásamt starfsmönnum Skjólans séð um námskeið fyrir 10 til 12 ára nemendur. Auk þessa heldur forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Selsins og Skeljarinnar utan um sumarstörf ungmenna, jafningjafræðslu, ungmenni sem sjá um félagsstarf eldri borgara, sérverkefni ungmennaráðs, Nikkuball, ungmennaskipti og fleira.

Eins og fram kemur á töflunni hækkuðu launagjöld samtals um 9% á milli árána 2017 og 2018. Á milli þessara ára hækkaði vísitala launa starfsmanna sveitarfélaga um 5,2% og um 13,4% á milli árána 2016 og 2018 þegar launaútgjöldin hjá Selinu hækkuðu um 22%. Vörukaup almenn hækkuðu nokkuð mikið á milli árána 2016 og 2017. Hins vegar lækkuðu þjónustukaup á milli þessara ára.

**Starfsemi ungmennahús** fer fram í sérrými í kjallaranum.

Skelin er með félags- og tómstundastarf fyrir aldurinn 16-25 ára. Skelin stendur fyrir viðburðum, fræðslu, árgangakvöldum og einnig er þar hljómsveitaraðstaða og stúdíó

fyrir ungt fólk. Ungmennaráð Seltjarnarness hefur aðstöðu í Skelinni og heldur þar sína fundi ásamt því að skipuleggja viðburði á vegum þess.

Skelin er opin tvö kvöld í viku, miðvikudags- og fimmtudagskvöld. Hljómsveitir æfa fyrir utan hefðbundna opnunartíma ásamt því að hægt er að bóka stúdíóið utan opnunartíma. Ungmenni mega einnig mæta og nýta sér aðstöðuna alla daga vikunnar á opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar Selsins. Eyrnamerkt starfshlutverk Skeljarinnar er 25% starf sem er hugsað á kvöldopnanirnar tvær.

**Ungmennaráð** er skipað unglíngum 16 til 24 ára. Ungmennaráð Seltjarnarness var stofnað í október árið 2009. Ungmennaráð er skipað 7 ungmennum á aldrinum 16 til 18 ára sem kosin voru beinni kosningu. Árið 2011 varð breyting á fyrirkomulagi Ungmennaráðsins þar sem breytt var úr fulltrúalýðræði og yfir í beint lýðræði.

Haldin eru fjögur ungmennapíng á hverju ári þar sem allir á aldrinum 16-25 ára eru velkomnir. Á þessum þingum er farið yfir síðastliðinn ársfjórðung og næsti ársfjórðungur skipulagður. Allir sem mæta á ungmennapíngið hafa atkvæðis- og tillögurétt. Yfir öll verkefni sem ákveðið er að fara í á hverjum tíma er skipaður verkefnastjóri sem ber ábyrgð á hverju verkefni fyrir sig.

Með þessu fyrirkomulagi hafa allir möguleika á að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif á málefni sveitarfélagsins. Ábyrgðin dreifist yfir hópinn og fleiri einstaklingar taka virkan þátt í starfi Ungmennaráðs Seltjarnarness. Fulltrúi ungmennaráðs situr sem áheyrnafulltrúi í nefndum bæjarins, s.s íprótta- og tómsundanefnd, skólanefnd, menningarnefnd, umhverfisnefnd, skipulagsnefnd og fjölskyldunefnd.

Ungmenni sem hafa áhuga á að starfa í Ungmennaráðinu geta mætt í ungmennahúsið Skelina við Sudurströnd, á miðvikudögum eða fimmtudögum frá klukkan 20:00 til 22:30. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið, [ungness@gmail.com](mailto:ungness@gmail.com) eða hafa samband við félagsmiðstöðina Selið í síma 595-9177.

Verkefni, sem Ungmennaráð Seltjarnarness hefur tekið þátt í, dæmi:

- Ungmennaráð Seltjarnarness hefur tekið þátt í alþjóðlegum verkefnum, bæði farið til útlanda og tekið á móti erlendum hópum hingað til Íslands.
- Ungmennaráð Seltjarnarness situr í nefndum Seltjarnarbæjar og fjallar þar m.a. um málefni ungs fólks.
- Ungmennaráð Seltjarnarness hefur setið stefnumótunarfund hjá mennta- og menningarmálaráðherra um málefni ungs fólks.
- Ungmennaráð Seltjarnarness heldur reglulega viðburði fyrir Seltirninga og má þar nefna Nikkuball fyrir eldri borgara, mánaðarlega viðburði fyrir eldri borgara í Selinu síðasta miðvikudag mánaðarins, tónleika, fræðslukvöld, jólakaffihús og margt fleira.
- Ungmennaráð Seltjarnarness hefur haldið utan um tölvunámskeið fyrir eldri borgara á Seltjarnarnesi.
- Ungmennaráð Seltjarnarness vann kynningarbæklinga fyrir öll svið Seltjarnarbæjar á ensku og íslensku.

**Forstöðumaður félagsmiðstöðvar** heldur utan um ungmenni sem sjá um síma, og tölvunámskeið og almennt félagsstarf fyrir eldri borgara yfir sumarmánuðina. Ungmenni sjá einnig um jafningjafræðslu fyrir unglínga í vinnuskóla Seltjarnarness. Ýmis önnur verkefni hafa verið unnin af ungmennum yfir sumartímamann svo sem NesTV og kynningabæklingagerð fyrir öll svið Seltjarnarbæjar á íslensku og ensku.

Forstöðumaður heldur einnig utan um og þjálfar upp hóp af ungmennum sem starfa á 17. júní hátíð bæjarins. Hópurinn kemur fram sem trúðar á stultum og sér um andlitsmálningu fyrir börn.

Varðandi félagsstarf aldraðra er vísað í skýrslu HLH varðandi úttekt á félagsþjónustu Seltjarnarnesbæjar ásamt tillögum frá apríl 2019.

Forvarnarstarf heyrir undir félagsþjónustusvið en reyndin hefur verið að æskulýðs- og tómstundafulltrúi hefur farið með þau mál ásamt grunnskólanum að sögn hans. M.a. hefur æskulýðs- og tómstundafulltrúi sótt forvarnarfundi á höfuðborgarsvæðinu fyrir hönd Seltjarnarnesbæjar.

Póstum vegna viðhaldsmála er oft ekki svarað og sama á við um mál er varða tölvumál og fjármálin að sögn æskulýðs- og tómstundafulltrúa. Beðið hefur verið eftir skiptingu á rúðu sem brotnaði fyrir þremur árum. Dúkur á gólfi var tekinn í burtu fyrir tæpu ári. Síðan hefur ekkert gerst. Fyrir sjö árum átti að breyta klósettum og lagfæra þau en ekkert hefur verið gert og eru flisar enn geymdar í geymslurými félagsmiðstöðvar.

Vinnutími æskulýðs- og tómstundafulltrúa er frá kl. 9:00 til 17:00. Hann fylgist með fjárhagsáætlun og rauntölum bókhalds inn á Navision. Samþykkir alla reikninga þeirra stofnana sem undir hann heyra. Á sama hátt samþykkir æskulýðs- og tómstundafulltrúi launlista um hver mánaðarmót o.s.frv.

---

## ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDAFULLTRÚI

---

Næsti yfirmaður ípróttá- og tómstundafulltrúa er bæjarstjóri. Undirmenn eru starfsmenn sundlaugar.

Ípróttá- og tómstundafulltrúi er í 50% starfi. Hann var áður í 100% starfshlutfalli en miðað við minnkandi umfang starfsins var niðurstaðan að minnka starfshlutfallið niður í 50%. Vinnutími ípróttá- og tómstundafulltrúa er frá kl. 8:00 til 12:00.

Tómstundamál hafa að mestu færst frá ípróttá- og tómstundafulltrúa yfir á fræðslusvið þar sem æskulýðs- og tómstundafulltrúi annst sömu verkefni.

Ípróttá- og tómstundafulltrúi vinnur með ípróttá- og tómstundanevnd. Undirbýr fundi nefndarinnar og vinnur þau verk sem vinna þarf fyrir nefndina. Annast alla styrki sem tengjast ípróttá- og æskulýðsstarfsemi, þ.m.t. tómstundastyrki, samskipti við aðildarfélag bæjarins sem eru Ípróttáfélagið Gróttá, Golfklúbburinn Nes og Trimmklúbb Seltjarnarness og smærri aðila, heldur utan um kjör ípróttamanns og -konu Seltjarnarness og afreksmannasjóð, er fulltrúi bæjarins á verkfundum framkvæmda við ípróttamannvirki og sundlaugar, hefur umsjón með viðhaldsmálum ípróttahúss, knattspyrnuvalla og sundlaugar, samskipti við hönnuði og verktaka í verkframkvæmdum við ípróttamannvirki og sundlaug, tekur þátt í að undirbúa knattspyrnuaðstöðu fyrir næsta tímabil knattspyrnudeildar í Pepsí deild karla, er tengiliður bæjarins við Öryggismiðstöðina vegna bruna og öryggiskerfa allra stofnana bæjarins, tengiliður við Landlæknisembættið vegna „Heilsueflandi samfélags,“ tengiliður bæjarins við Samband íslenskra sveitarfélaga og annarra sveitarfélaga í sambandi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í loftlagsmálum.

Af ípróttamannvirkjunum heyrir sundlaugin undir ípróttá- og tómstundafulltrúa. Gróttá rekur ípróttahúsið og knattspyrnuvöllinn og mannvirki tengd honum. Golfklúbbur Seltjarnarness, Nesklúbbur, rekur golfvöllinn, Nesvöll, skv. samningi við

Seltjarnarnesbæ. Bærinn ber áfram ábyrgð á mannvirkjum og er eftirlitsaðili með rekstri íþróttahúss og knattspyrnuvalla þrátt fyrir að starfsmenn Gróttu sjái um daglegan rekstur og starfsmannahald.

### **Sundlaug Seltjarnarness**

Sundlaug Seltjarnarness er opin frá kl. 6:30 til kl. 22:00 á virkum dögum. Um helgar er opið frá kl. 8:00 til 19:30.

Morgunvakt í sundlauginni byrjar kl. 6:00 og er til kl. 15:00. Kvöldvakt er frá kl. 15:00 til 23:00. Á hverri vakt eru þrír starfsmenn. Við sundlaugina eru 8 starfsmenn í 8 stöðugildum. Síðan starfa við sundlaugina sex starfsmenn sem skipta með sér svokölluðum stubbavöktum um helgar frá kl. 16:00 til 20:30. Þessir starfsmenn eru á tímavinnukaupi og fá greidda eftirvinnu þegar unnið er eftir að dagvinnu lýkur. Tveir hlutastarfsmenn sjá um eina helgarvakt frá kl. 7:30 til 16:00. Þessir starfsmenn eru einnig á tímavinnukaupi.

Vaktstjórar eru 3 og einn yfirvaktstjóri sem hefur meiri ábyrgð en aðrir vaktstjórar varðandi viðhald og umsjón sundlaugarbúnaðar og sinnir ýmsu viðhaldi umfram það sem kemur fram í starfslýsingu. Hann ber ábyrgð á tilfallandi viðhaldsmálum sem hann ræður við og þarfnast úrbóta strax. Þannig er einn vaktstjóri á hverri vakt.

Íþróttá- og tómstundafulltrúi gerir vaktaplan fyrir stundlaugina.

Seltjarnarnes greiðir launakostnað vegna tveggja starfsmanna í afgreiðslu sundlaugarinnar, sem er einnig afgreiðsla fyrir World Class. Starfsmennirnir eru starfsmenn World Class og greiðir Seltjarnarnesbær launakostnaðinn til World Class.

Það er sameiginlegur inngangur, sameiginleg afgreiðsla fyrir sundlaugina og World Class. World Class er með sérstaka búningsklefa fyrir sína gesti. Þeir sem eru með World Class kort og fara eingöngu í sund hafa aðgang að klefum sundlaugarinnar.

Íþróttá- og tómstundafulltrúi hefur aðgang að scanna sem telur gesti hjá World Class.

Tafla 63: Rekstrargjöld og -tekjur Sundlaugar Seltjarnarness árin 2016 til 2018 á verðlagi hvers árs í þúsundum króna

				Breyting	
	2016	2017	2018	2017/20	2016/20
Mánaðarlaun	41.218	47.649	55.261	16%	34%
Yfirvinna	21.708	23.404	30.688	31%	41%
Starfsmannabílar	200	281	189	-33%	-6%
Dagpeningar		133	69	-48%	
Breytingar áfallins orlofs	1.207	-79	122	-254%	-90%
Launatengd gjöld	14.954	16.322	19.015	16%	27%
<b>Launagjöld samtals</b>	<b>79.287</b>	<b>87.710</b>	<b>105.344</b>	<b>20%</b>	<b>33%</b>
Matvæli	388	1.599	1.246	-22%	221%
Kaffikostnaður	1.088	474	511	8%	-53%
Rafmagn	3.582	3.740	3.824	2%	7%
Kalt vatn	3.708	4.220	4.002	-5%	8%
Klór	1.378	1.499	1.510	1%	10%
Baðsápa	259	744	650	-13%	151%
Kolsýra	746	337	911	170%	22%
Hreinlætisvörur	1.532	1.234	1.005	-19%	-34%
Vinnufatnaður	460	225	590	162%	28%
Önnur vörukaup	571	514	1.190	132%	108%
<b>Vörukaup samtals</b>	<b>13.712</b>	<b>14.586</b>	<b>15.439</b>	<b>6%</b>	<b>13%</b>
Innri afnot af heitu vatni	7.889	7.602	8.487	12%	8%
Önnu innri viðskipti	65.889	68.271	71.836	5%	9%
<b>Innri viðskipti samtals</b>	<b>73.778</b>	<b>75.873</b>	<b>80.323</b>	<b>6%</b>	<b>9%</b>
Aðkeypt þjónusta	9.437	10.009	10.407	4%	10%
Önnur þjónustukaup	1.797	2.836	2.452	-14%	36%
<b>Þjónustukaup samtals</b>	<b>11.234</b>	<b>12.845</b>	<b>12.859</b>	<b>0%</b>	<b>14%</b>
<b>Ggjöld samtals</b>	<b>178.011</b>	<b>191.014</b>	<b>213.965</b>	<b>12%</b>	<b>20%</b>
Aðgangseyri	-31.294	-27.136	-25.363	-7%	-19%
Skólagjöld o.fl.	-20.142	-21.988	-25.279	15%	26%
Endurgreitt fæði starfsmanna	-363	-230	-394	71%	9%
Innri afnot skóla		-8.848	-5.174	-42%	
Aðrar tekjur	-675		-59		-91%
<b>Tekjur samtals</b>	<b>-52.474</b>	<b>-58.202</b>	<b>-56.269</b>	<b>-3%</b>	<b>7%</b>
<b>Sundlaug alls</b>	<b>125.537</b>	<b>132.812</b>	<b>157.696</b>	<b>19%</b>	<b>26%</b>
Fjarheimild (Fjárhagsáætlun)	114.595	137.245	157.512		
Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum	53%	49%	56%		

Heimild: Seltjarnarnesbær, aðalbók

Tafla 63 sýnir rekstrargjöld og -tekjur Sundlaugar Seltjarnarness árin 2016 til 2018 á verðlagi hvers árs og í þúsundum króna.

Eins og fram kemur í töflunni hækka launagjöld nokkuð á milli árunna 2016 til 2018, eða um 33%. Launagjöld hækkuðu um 20% á milli árunna 2017 og 2018 þegar launavísitala opinberra starfsmanna hjá sveitarfélögum hækkaði um 5,2%.

Vakin er athygli á háu hlutfalli yfirvinnu af mánaðarlaunum, eða 56% árið 2018. Yfirvinna hækkaði um 31% á milli árunna 2017 og 2018.

Vöru- og þjónustukaup hækkuðu nokkru meira en nam almennum verðlagshækkunum á milli þessara ára. Vörukaup hækkuðu um 6% á milli árunna 2017 og 2018 og um 13%



frá 2016 til 2018. Síðan hækkuðu þjónustukaup samtals um 14% á milli áráanna 2016 og 2018. Vísitala neysluverðs hækkadi um 2,7% á milli áráanna 2017 og 2018 og um 4,5% á milli áráanna 2016 og 2018.

---

## MENNINGAR- OG SAMSKIPTASVIÐ

---

### Sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs

Næsti yfirmaður sviðsstjóra menningar- og samskiptasviðs er bæjarstjóri. Næstu undirmenn eru starfsmenn bókasafnsins.

Undir meginábyrgð sviðsins falla annars vegar menningarmál bæjarins og hins vegar samskiptamál og almannatengsl.

Undir fyrri liðinn fellur m.a. lögbundinn rekstur Bókasafns Seltjarnarness sem jafnframt er menningarmiðstöð með fjölnota sýningar- og fundarsalinn Gallerí Gróttu innandyra. Allir reglubundnir menningarviðburðir heyra undir menningarsviðið, samræming og innleiðing á menningartengdri starfsemi og hátíðarhöldum bæjarins sbr. útnefning bæjarlistamanns Seltjarnarness, Barnamenningarhátíð, 17. júní hátíðarhöldin, Menningarhátíð Seltjarnarness sem haldin er annað hvert ár, Jónsmessuganga, Fjölskyldudagur í Gróttu, Bæjarhátíð, áramótabrenna o.fl.

Auk þess að framkvæma ákvarðanir menningarnefndar er skráning listaverka, umsjón með ljósmyndasafni og Náttúrugripasafni Seltjarnarness meðal verkefna sem tilheyra menningarsviði. Náttúrugripasafnið er staðsett og til sýnis í Valhúsaskóla og hluti af því er á bókasafninu. Ákveðin umsýsla tengd Félagsheimili Seltjarnarness, Eiðistorgi, Fræðasetrinu og Vitavardarhúsinu í Gróttu sem og með Lækningaminjasafninu og Ráðagerði. Umsýsla með Nesstofu í samræmi við samstarfssamning Seltjarnarnesbæjar og Þjóðminjasafnsins. Ferðamál heyra ennfremur undir menningarsviðið og kemur sviðsstjóri að stefnumótunartönnu í þeim efnum. Er fulltrúi bæjarins í starfshópi „Reykjavík Loves“ sem er samstarfsvettvangur allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í ferðamálum og til að kynna höfuðborgarsvæðið sem eitt svæði.

Undir síðari liðinn, samskiptamál, fellur umsjón með heimasíðum (hefur þó verið mest hjá skjalastjóra til fjölda ára) og samskiptasíðum Seltjarnarnesbæjar og Bókasafnsins, miðlun fréttu úr bæjarfélaginu, útgáfa kynningarríta fyrir bæjarfélagið, markaðs- og kynningarmál sem og samskipti við fjölmiðla, félagsamtök, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.

Fjölmörg stefnumótandi verkefni, skipulagning og stjórnun viðburða, sem ekki falla beint undir Menningarsviðið, koma reglulega inn á borð þegar sviðsstjóri er beðinn um að taka að sér ýmis sérverkefni eða aðstoða aðrar stofnanir bæjarins við að framkvæma tiltekin verkefni.

Hús/staðir bæjarins sem eru skráð á menningarsviði en eru einnig hjá eignasjóði:

Sviðsstjóri menningarsviðs hefur aðkomu að og ákveðna umsýslu með nokkrum af þeim húsum/aðstöðu sem Seltjarnarnesbær á og hefur getað nýtt í tengslum við menningarviðburði o.fl. Húsnæðið er skráð í eignasjóðinn en í fjárhagsáætlun 2019 var rekstrarliður í bókhaldinu færður undir menningarsviðið. Þjónustumiðstöðin hefur með viðhald og gæslu eignanna að gera.

Húsin í Gróttu sem eru í eigu bæjarins eru tvö, þ.e. Fræðasetrið og Vitavardarhúsið. Fræðasetrið hefur verið leigt út til skólalópa og almennings og alla jafna fer slík

leiga/umsýsla fram beint fyrir milligöngu starfsmanns í móttöku/þjónustuveri bæjarskrifstofunnar. Umfangsmeiri beiðnir, langtímaleiga o.fl. hafa komið inn á borð til sviðsstjóra sem þá tekur ákvarðanir og gerir ítarlegan samning við viðkomandi aðila ef leyfi er gefið. Viðburður á vegum sviðsstjóra menningarsviðs, sem haldinn er í eyjunni einu sinni á ári, er Fjölskyldudagur í Gróttu. Vitavardarhúsið var endurgert á sínum tíma (að mestu búið) þar sem grunnhugsunin var að leigja/lána það út til listamanna sem myndu vilja dveljast í eyjunni til að vinna að listsköpun. Það hefur nær ekkert orðið af því og ennþá eru engin húsgögn í húsinu. Vitavardarhúsið hefur hins vegar stöku sinnum verið notað fyrir myndlistarsýningar, listasmíðjur o.fl. Gróttta er friðuð og því þarf að fara að með mikilli gát varðandi alla umgengni um og við eyjuna og fylgja settum lögum/reglum. Umhverfisstofnun hefur aukið mikið aðkomu sína að þessum málum, var með landverði í eyjunni í fyrrasumar (2019) og nú er verið að skoða aukna friðun á svæðinu og uppfæra á „reglur“ er snúa að umgengni í Gróttu. Sviðsstjóri menningarnefndar var beiðinn að taka sæti í nefnd um þetta efni.

Félagsheimili Seltjarnarness er í eigu bæjarins og hefur sviðsstjórinn haft ákveðna umsjón með því ásamt þjónustumiðstöðinni. Til fjölda ára hefur Veislan haft umsýslu með félagsheimilinu en málefni Félagsheimilisins hafa lengi verið í lamasessi, skortur er á viðhaldi og ábyrgð. Gamalt samkomulag við Veisluna er á þann veg að Veislan sér um að leigja húsið út fyrir viðburði og selur þá veitingar/þjónustu/þrif til viðkomandi aðila. Veislan er með lykllana að Félagsheimilinu, sýnir húsið og afhendir lykllana til þeirra sem fá húsið lánað/leigt. Þjónustumiðstöðin er einnig með lyklla að húsinu en líka er hægt að komast inn í það í gegnum íþróttahúsið. Veislan er með vínveitingaleyfið í Félagsheimilinu og þegar um útleigu á vegum Veislunnar er að ræða fer allt í gegnum hana. Veislan gerir tilboð í þá þjónustu sem viðkomandi óskar eftir, annast allt sem til þarf og rukkar svo viðkomandi. Veislan á síðan að skila leigutekjum af húsnæðinu til Seltjarnarnesbæjar. Það hefur farið þannig fram að Veislan lætur starfsmann í bókhaldi bæjarins vita um leiguupphæð hvers mánaðar og Seltjarnarnesbær útbýr reikning á Veisluna.

Félagsheimilið er mjög mikið notað af stofnunum Seltjarnarnesbæjar enda eina húsið af þessari stærðargráðu í sveitarfélaginu, með svið, hljóðkerfi, tjald o.þ.h. Stofnanir bæjarins (Bæjarskrifstofa, fræðsluvið, félagsþjónustusvið, leikskóli, grunnskóli), Selið félagsmiðstöð, félagsstarf eldri bæjarbúa, íþrótt- og tómstundasvið og stundum nefndir bæjarins greiða ekki fyrir afnot af húsinu. Viðkomandi aðilar eiga almennt að „sjá um sig“ sjálf þegar húsið er nýtt þó auðvitað sé oft keypt þjónusta af Veislunni fyrir veitingar og stundum þrif. Forsvarsmenn viðkomandi stofnana/sviða hafa alla jafna samband við sviðsstjóra menningarsviðs sem þá er meðvitaður um útlánið. Sviðsstjóri er með aðgengi að excel skjali sem Veislan notar til að skrá niður bókanir og sér því hver er með bókað og hvenær. Veislan sér samt um að skrá inn í skjalið þannig að allar skráningar fara þar í gegn. Viðkomandi aðili, sem fær húsið lánað, sækir lykllinn til Veislunnar og sér þá alveg um húsið og á að ganga vel um. Um þetta hefur oft skapast mikil togstreita á báða bóga, þ.e.a.s. viðkomandi aðilum sem fá húsið lánað finnst það oftast en ekki í slæmu standi, illa þrifið o.s.frv. þegar þeir fá það afhent og Veislan kvartar yfir umgengni þeirra sem fá Félagsheimilið lánað.

Stöku sinnum hefur sviðsstjóri menningarsviðsins veitt leyfi fyrir afnotum af Félagsheimilinu til utanaðkomandi aðila sem greiða þá ekki leigu. Almennt er þá um að ræða menningartengd verkefni, t.d. leiklistarhóp sem fær menningarstyrk í formi þess að fá afnot af fríu æfinga-/sýningarhúsnæði. Í einhverjum tilvikum kemur svo „mótframlag“ frá viðkomandi aðila/-um í formi sýningar/viðburðar á einhverri af hátíðum Seltjarnarnesbæjar.

Menningarsviðið nýtir sér svo eðlilega stundum Félagsheimilið fyrir viðburði t.d. á Menningarhátíðinni og þá hefur Veislan milligöngu eins og áður hefur verið lýst.

Að sögn sviðsstjórans hefur hann ekki upplýsingar um hverjar tekjur Veislunnar eru af húsnæðinu. Veislan fær ekki sérstaklega greitt frá sveitarfélaginu fyrir umsýsluna á Félagsheimilinu

Lækningaminjasafnið er í eigu Seltjarnarnesbæjar en ríkið og Læknafélögin lögðu fjármagn í það á sínum tíma. Húsið er fohelt en framkvæmdir við það stöðvuðust eftir hrun og hefur verið mikil pattstaða í málefnum þess í fjölda ára. Ríkið fór m.a. í mál við Seltjarnarnesbæ og í desember sl. var Seltjarnarnesbær sýknaður af kröfu ríkisins um að endurgreiða 102 milljóna króna framlag. Gríðarlegur kostnaður fylgir því að ljúka byggingu hússins og koma því í starfhæft ástand, eitthvað sem Seltjarnarnesbær hefur ekki treyst sér í og hefur til margra ára reynt að fá ríkið til að taka húsið yfir fyrir sína starfsemi. Málið hefur verið mikið rætt en ekki fengist niðurstaða. Þar sem Lækningaminjasafnið er á skilgreindu safnasvæði bæjarins og þar átti að vera menningartengd starfsemi er sviðsstjóri menningarsviðs inni í málefnum húsnæðisins. Þrátt fyrir að húsið sé eingöngu fohelt voru þar fyrir nokkrum árum haldnir örfáir viðburðir, auk þess sem húsið var lánað fyrir sýningar til listnema (ekki leigt) eða fyrir myndatökur. Í tæp tvö ár hefur ekkert slíkt verið, húsið stendur alveg autt og liggur undir skemmdum að sögn sviðsstjóra. Í desember 2018 ákvað bæjarráð að auglýsa húsið til sölu og var sviðsstjóri beðinn um að halda utan um samskipti við áhugasama aðila, sem vildu skoða húsið og skila inn tilboðum/hugmyndum. Nokkrar hugmyndir komu, ekkert fast tilboð en sérstaklega þótti eitt þeirra áhugavert og viðkomandi aðilar eru enn áhugasamir. Seltjarnarnesbær hefur ekki tekið ákvörðun og verið með málið í biðstöðu en í apríl 2019 sýndi ríkið loks áhuga á að fá húsið mögulega fyrir Náttúruminjasafn Íslands. Var í ágúst settur á stofn starfshópur á vegum Menningarmálaráðuneytisins og átti að ljúka störfum í september. Hópurinn byrjaði vinnuna hins vegar ekki fyrr en í september/október 2019 og ekki er enn komin niðurstaða. Sviðsstjóri er enn með lyklna að Lækningaminjasafninu, sýnir það eftir þörfum og fær til sín allar beiðnir um að fá húsið lánað/leigt en mikill áhugi er fyrir því að fá not af húsinu. Öllum slíkum beiðnum er neitað.

Bærinn keypti Ráðagerði í lok árs 2017 og er sviðsstjóri líka með lykil að því húsi, hefur haft einhverja umsýslu með því. Það var nýtt fyrir stóra listasýningu sumarið 2018 auk þess sem það var leigt út fyrir kvikmyndatöku. Ráðagerði er eitt elsta hús Seltjarnarnesbæjar og það sem stendur vestast á Nesinu. Því fylgir mikil saga og þar eru tækifæri hvað varðar menningu og sögu sem og ferðatengd tækifæri, t.d. að færa bílastæði nær húsinu til að fjarlægja þau frá Gróttu, setja upp salerni og veitingahús, móttöku- og fundarstað (leigja út rekstur). Stefnumótunarvinna um ferðamál á Seltjarnarnesi innihélt m.a. Ráðagerði í einhverjum sviðsmyndum. Fyrir áramót tók bæjarráð ákvörðun um að auglýsa húsið til sölu og er slíkt í gangi að sögn sviðsstjóra.

Í Nesstofu er engin starfsemi, Þjóðminjasafnið á húsið en Seltjarnarnesbær hefur gert samning við safnið varðandi umsýslu með húsnæðinu. Sviðsstjóri menningarsviðs er með lyklna að Nesstofu og hefur haldið utan um það litla sem þar hefur farið fram. Fyrst og fremst hefur Nesstofa stundum verið sýnd hópum sem óskað hafa eftir því alveg sérstaklega, Þjóðminjasafnið hefur t.a.m. vísað á sviðsstjóra í því sambandi. Á menningarhátíð Seltjarnarnesbæjar var sett upp myndlistarsýning í Nesstofu sem var þá á ábyrgð sviðsstjóra. Fyrir nokkrum árum var Nesstofa opin og með sýningu á vegum bæjarins yfir sumartímamann en Seltjarnarnesbær kostaði þá starfsmenn til að sitja yfir

sýningunni og vakta húsið. Töluvert strangar kröfur fylgja umsýslunni með Nesstofu og ábyrgðin er mikil enda um þjóðminjar að ræða og eitt elsta steinhús Íslands.

Eiðistorg hefur mikið verið á borði sviðsstjóra menningarsviðs, en torgið er oft notað vegna viðburða á vegum bæjarins og almenningur fær oft leyfi til að nýta það, annað hvort fyrir litla viðburði eða til að setja upp sölubása o.þ.h. Allt í kringum Eiðistorg, eignarhald, viðhald, rekstrarkostnað o.fl. hefur verið í töluverðu rugli og er ekki nægilega skýrt að sögn sviðsstjóra. Sviðsstjóri í samráði við byggingarfulltrúa og verkefnastjóra á bæjarskrifstofunni er að reyna að koma málum í skýrt horf til framtíðar. Fjármálastjóri og sviðsstjóri umhverfissviðs hafa líka verið inni í málum.

Á samskiptasviðinu sér sviðsstjórinn um að upplýsa íbúa og fjölmiðla, sendir út tilkynningar, fréttir o.fl. Leiðirnar eru nokkuð fjölbreyttar, umfangið og tíðnin fer eftir hverju og einu verkefni fyrir sig. Fésbókar- og heimasíða Seltjarnarnesbæjar eru hvað mest notaðar í að upplýsa íbúa sem og fésbókarsíða íbúa. Settir eru inn viðburðir, kynningar og fréttir. Oft eru send dreifibréf í hús, auglýst í Nesfréttum og plaköt sett upp á nokkrum stöðum í bænum. Sviðsstjóri sendir út tölvupósta á póstlista með rafrænum auglýsingum/bodskortum auk þess að vinna og senda fréttatilkynningar fyrir fjölmiðla og skrifa fréttir á rafrænumiðla og senda í Nesfréttir. Stöku sinnum er þörf á hönnun og birtingu á auglýsingum fyrir stóru fjölmiðlana.

Heimasíða bæjarfélagsins heyrir undir skjalastjóra, sem heyrir undir fjármála- og stjórnsýslusvið. En sviðsstjórinn hefur verið með ákveðna upplýsingamiðlun á heimasíðunni, sett inn fréttir og tilkynningar. Heimasíðan sem nú er uppi er orðin 16 ára gömul og er úrelt, þó mikið af upplýsingum þar séu góðar og gagnlegar. Sviðsstjórinn hefur haft það verkefni að undirbúa nýja heimasíðu, farið var í ítarlega þarfagreiningu á síðasta ári með fagaðila og allir hagsmunaaðilar tengdir inn í þá vinnu. Útkoman var ítarleg og góð kröfulýsing, auglýst var eftir tilboðum og samið hefur verið við Stefnu um hönnun á nýrri heimasíðu. Sú vinna er nú að hefjast og stefnt er að því að ný síða fari á vefinn 2020. Mikil heimavinna er vegna þessa, þ.e. skrif á öllum texta fyrir nýja heimasíðu o.s.frv. Ábyrgðin er hjá sviðsstjóra en lykilaðilar innan stofnana bæjarins munu þurfa að koma að málum. Sviðsstjóra til halds og trausts í þessari vinnu allri verður nýlegur starfsmaður sem er tölvunarfræðingur og hefur verið að vinna að gæðaferlum o.fl. síðan í fyrrasumar og svo verkefnastjóri á bæjarskrifstofunni.

Þeir sem helst setja efni inn á núverandi heimasíðu eru skjalastjóri og sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs. Skjalastjóri setur mest inn, svo sem fundargerðir, tilkynningar, skýrslur, myndir o.fl. Sviðstjóri menningarsviðs hefur fyrst og fremst sett inn fréttir og tilkynningar en hefur ekki getað sett inn ljósmyndir með þeim vegna úreltrar síðu og því hefur skjalastjóri séð um það. Nokkrar stofnanir bæjarins hafa eigin heimasíðu sem þó eru tengdar heildarvefnum og hafa forsvarsmenn þeirra, svo sem leikskóla, grunnskóla, bókasafns o.fl., séð um að setja efni á sínar síður. Nokkrar af þessum síðum virðast nú liggja niðri og er hvorki hægt að komast inn á þær né uppfæra þær. Þetta er mjög slæmt fyrir skólana og foreldra. Það er því mjög brýnt að fá nýja heimasíðu í loftið sem allra fyrst að sögn sviðsstjóra.

Til er vísir að innri vef sem sviðsstjóri heldur að hafi ekki verið notaður í mörg ár. Þegar eitthvað þarf að kynna fyrir starfsmönnum sendir sviðsstjóri tölvupóst, sama gerir bæjarstjóri og mannauðsstjóri sem einnig hafa aðgang að póstlista allra starfsmanna.

Auk framanritaðs fær sviðstjórinn fjöldann allan af ýmis konar verkefnum eins og t.d. um ferðamál, stefnumótandi verkefni, hefur samskipti við ólíka starfsmenn og nefndir

innan Seltjarnarnesbæjar, við íbúa og utanaðkomandi aðila. Svára þarf mörgum erindum og hrinda fjölda verkefna í framkvæmd. Hann er í neyðarstjórn Seltjarnarnesbæjar og sér um tilkynningar á vegum almannavarna til bæjarbúa, t.d. vegna óveðurs og röskunar á skólasterfi o.fl.

---

## BÓKASAFN SELTJARNARNES

---

Bókasafnið heyrir undir sviðsstjóra menningar- og samskiptasviðs og er menningar-, mennta- og upplýsingastofnun. Það skal leitast við að jafna aðgang að upplýsingum, þekkingu og afþreyingu og standa vörð um íslenska tungu, bókmenntir og menningararf og hvetja til lesturs, náms og símenntunar. Bókasafnið er með virkt samstarf við stofnanir bæjarins og tekur reglulega á móti hópum úr leikskóla og grunnskóla Seltjarnarness. Einnig á safnið gott samstarf við nágrannasveitarfélögin um útlán, símenntun og menningarstarfsemi.

Á bókasafninu starfa sex fastir starfsmenn og einn með tímabundna ráðningu í tímavinnu. Stöðugildi fastra starfsmanna eru 4,3 (1+0,85+0,75+0,7+ 0,5+0,5). Auk þess er sviðsstjóri forstöðumaður safnsins. Bókasafnið er opið frá kl. 10:00 til 19:00 mánudaga til fimmtudaga. Frá kl. 10:00 til 17:00 á föstudögum og frá kl. 11:00 til 14:00 á laugardögum. Lokað er á sunnudögum. Tveir til þrjú starfsmenn (bókasafns- og upplýsingafræðingar) mæta alltaf kl. 8:00 á morgnana og byrja sinn vinnudag enda þeirra vinna minnst í afgreiðslu. Unnið er samkvæmt vaktafyrirkomulagi og að lágmarki eru alltaf tveir starfsmenn á vakt þegar að safnið er opið, almennt eru flestir starfsmenn á staðnum frá kl. 11:00-14:00. Tveir starfsmenn hafa annast laugardagsvaktirnar, annars vegar einn fastur starfsmaður sem fær þá frídag á móti á virkum degi og hins vegar starfsmaður í tímavinnu. Stöku sinnum þarf að vinna yfirvinnu, fyrst og fremst ef um forföll er að ræða á safninu vegna veikinda/fría því starfsmenn eru fáir og ekkert má út af bregða að sögn sviðsstjóra. Yfirvinna getur líka komið til þegar um meiri háttar viðburði er að ræða á safninu að kvöldi til eða um helgar.

Við bókasafnið er ekki starfandi forstöðumaður heldur er sviðsstjóri menningarsviðs yfir safninu, ber heildarábyrgð á safninu, fjárhagsáætlun, samþykkt reikninga, launavinnslu, samskiptum við leigusala, viðhald o.fl. Starfsmenn safnsins eru mjög sjálfstæðir og ábyrgir og innbyrðis verkaskipting þeirra er mjög skýr þó skörun og samvinna sé á ýmsum sviðum. Hver starfsmaður ber ábyrgð á fjölda verkefna eins og gengur og ýmsum daglegum verkefnum skipta þeir milli sín á milli daga/vikna.

Á safninu eru starfandi 3 bókasafns- og upplýsingafræðingar, 1 barnabókavörður með kennaramenntun og bókasafnsfræði og 2 almennir bókaverðir. Bókasafnsfræðingarnir búa yfir mestri ráðgjafabekkingu um safnkostinn og leit og hafa mesta þekkingu varðandi bókasafnskerfin. Þeir taka að sér almenna þjónustu skv. vaktaskipulagi eða þegar þörf krefur (forföll/frí).

Þar sem að bókasafnið er menningarmiðstöð bæjarins fara alla jafna flestir viðburðir þar fram ýmist að öllu leyti eða að hluta til. Miðrými safnsins er mjög mikið notuð fyrir tónleika og hvers kyns viðburði og sýningar sem og Gallerí Gróttu, fjölnota listasalurinn en þar eru reglubundið settar upp listasýningar, haldin bókmenntakvöld, sögustundir, fyrirlestrar, fundir og kynningar.

Tafla 64: Útlán á bókum hjá Bókasafni Seltjarnarness skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2018


Klukkustund	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Samtals
00:00-00:59	10	4	1		6	6	29	11	5	3	7	3	85
01:00-01:59	4			1	8		1	11			8		33
02:00-02:59	1	1	4		1			8					17
03:00-03:59						4	2					6	12
04:00-04:59										2			2
05:00-05:59	26									3			29
06:00-06:59	1		2			4	4	2		2	1	7	23
07:00-07:59	13	6	6	2	25	17	7	22	9	9	15	1	132
08:00-08:59	37	36	52	50	71	22	49	51	52	51	39	42	552
09:00-09:59	51	49	57	41	89	63	84	79	86	45	67	37	748
10:00-10:59	214	292	286	273	389	324	357	410	309	329	364	249	3.796
11:00-11:59	315	384	427	372	343	453	489	429	378	436	378	394	4.798
12:00-12:59	400	339	379	367	259	380	590	417	390	381	409	349	4.660
13:00-13:59	426	425	360	421	484	448	653	492	493	522	528	548	5.800
14:00-14:59	544	520	493	437	349	486	708	570	361	353	496	402	5.719
15:00-15:59	503	399	555	451	542	452	691	513	453	557	557	427	6.100
16:00-16:59	832	698	701	743	677	749	717	893	773	855	963	597	9.198
17:00-17:59	701	673	669	543	694	637	650	628	632	658	730	544	7.759
18:00-18:59	372	357	250	352	261	269	266	364	372	399	299	277	3.838
19:00-19:59	23	49	13	22	13	45	36	24	25	7	22	25	304
20:00-20:59	44	20	23	25	15	27	50	24	33	17	19	17	314
21:00-21:59	11	46	14	33	9	22	7	19	15	21	20	6	223
22:00-22:59	14	10	20	31	19	13	2	28	23	18	29	19	226
23:00-23:59	13	2	15	33	17	9	14	21	6	20	19	7	176
<b>Samtals</b>	<b>4.555</b>	<b>4.310</b>	<b>4.327</b>	<b>4.197</b>	<b>4.271</b>	<b>4.430</b>	<b>5.406</b>	<b>5.016</b>	<b>4.415</b>	<b>4.688</b>	<b>4.970</b>	<b>3.959</b>	<b>54.544</b>

Heimild: Landskerfi bókasafna

Tafla 64 sýnir fjölda útlána skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2018 hjá Bókasafni Seltjarnarness.

Eins og taflan sýnir voru útlán samtals 54.544 allt árið. Flest voru útlánin í júlí, en þá voru þau 5.406. Fæst voru útlánin í desember, eða 3.959.

Mynd 17: Útlán samtals hjá Bókasafni Seltjarnarness skipt eftir klukkustundum árið 2018




Heimild: Landskerfi bókasafna

Mynd 17 sýnir útlán samtals hjá Bókasafni Seltjarnarness skipt eftir klukkustundum árið 2018.

Eins og myndin sýnir voru útlánin flest á tímabilinu frá kl. 16:00 til 16:59 allt árið 2018, eða 9.198 bækur. Heildarútlánin voru 54.544. Þannig voru útlánin á þessari klukkustund 17% af útlánunum samtals yfir árið. Á opnunartíma safnsins voru útlánin fæst frá kl. 18:00 til 18:59, eða 3.838 allt árið.

Mynd 18: Útlán hjá Bókasafni Seltjarnarness skipt eftir árum árin 2008 til 2018



Heimild: Landskerfi bókasafna



Mynd 18 sýnir útlán bóka hjá Bókasafni Seltjarnarness árin 2008 til 2018. Eins og myndin sýnir fjölgaði útlánunum á milli áráanna 2008 og 2009. Síðan hefur dregið úr fram til ársins 2018 með tveimur undantekningum þegar útlánunum fjölgaði á milli ára. Á milli áráanna 2011 og 2012 fjölgaði útlánunum og svo aftur á milli áráanna 2017 og 2018.

Árið 2009 voru útlánin flest á þessu tímabili, eða 77.463. Fæst voru útlánin árið 2017, eða 48.277. Þannig voru útlánin 29.236 færri árið 2017, þegar þau voru fæst, en þau voru árið 2009 þegar þau voru flest. Árið 2018 voru útlánin 54.544, sem var nokkur fjölgun frá árinu á undan.

Tafla 65: Gjöld og tekjur hjá Bókasafni Seltjarnarness 2016 til 2018

	Breyting				
	2016	2017	2018	2017/2018	2016/2018
Mánaðarlaun	22.024	23.028	23.671	2,8%	7,5%
Yfirvinna	2.420	2.867	2.794	-2,5%	15,5%
Aðrar launagreiðslur	1.127	1.031	1.061	2,9%	-5,9%
Starfsmannabílar styrkir	21	21	8	-63,3%	-63,3%
Launatengd gjöld	5.985	6.151	6.373	3,6%	6,5%
Breyting áfallins orlofs	265	30	551	1738,0%	108,1%
Kaffistofa starfsfólks	377	451			
Dagamunur starfsmanna	61	88			
<b>Samtals launagjöld</b>	<b>32.280</b>	<b>33.667</b>	<b>34.458</b>	<b>2,3%</b>	<b>6,7%</b>
Bækur, tímarit og blöð	4.363	4.497	4.578	1,8%	4,9%
Önnur vörukaup	3.047	3.566	4.147	16,3%	36,1%
Innri viðskipti önnur er innri leiga	7.444	6.643	5.954	-10,4%	-20,0%
Þjónustukaup önnur	6.864	4.869	4.143	-14,9%	-39,6%
<b>Samtals gjöld</b>	<b>53.998</b>	<b>53.242</b>	<b>53.280</b>	<b>0,1%</b>	<b>-1,3%</b>
Styrkir og framlög		21	15	-28,6%	
Innri húsaleiga	19.797	19.598	21.178	8,1%	7,0%
Tekjur alls	-3.378	-3.178	-3.605	13,4%	6,7%
<b>Samtals rekstrarniðurstaða</b>	<b>70.417</b>	<b>69.683</b>	<b>70.868</b>	<b>1,7%</b>	<b>0,6%</b>
Fjárheimild (fjárhagsáætlun)	74.138	74.748	78.227		
Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum	11%	12%	12%		
Yfirvinna og önnur laun sem hlutfall af mánaðarlaunum	16%	17%	16%		

Heimild: Seltjarnarnesbær, aðalbók

Tafla 65 sýnir gjöld og tekjur Bókasafns Seltjarnarness árin 2016 til 2018.

Eins og fram kemur í töflunni hækkuðu launagjöld um 2,3% á milli áráanna 2017 og 2018 og um 6,7% á milli áráanna 2016 og 2018.

Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum var 12% árið 2018.

## BYGGINGARFULLTRÚI

Næsti yfirmaður byggingarfulltrúa er bæjarstjóri. Núverandi byggingarfulltrúi (nóvember 2019) gegnir starfinu tímabundið.

Byggingarfulltrúi hefur notið aðstoðar um ýmis stjórnsýslumál hjá lögfræðingi sem starfar á fjármála- og stjórnsýslusviði.

Byggingarfulltrúi byrjaði tímabundið í 80% starfshlutfalli, sem er komið niður í 70% (nóvember 2019). Að undanfögnu hefur byggingarfulltrúi verið að vinna upp mikið af málum sem dregist hafði að afgreiða en sér nú fyrir endann á að sögn hans. Að mati byggingarfulltrúa miðað við verkefnastöðuna í október 2019 telur hann að starfið eigi ekki að vera meira en 50% starf til framtíðar lítið. Ætti sú breyting að geta tekið gildi frá næstu áramótum (2019/2020).

Fyrirsjáanlegar eru breytingar á verksviði byggingarfulltrúa með hliðsjón af breytingum sem gerðar hafa verið á byggingarreglugerð. Þannig að gera má ráð fyrir að draga muni nokkuð úr umfangi starfsins frá því sem það hefur verið almennt hjá sveitarfélögum.

Samkvæmt lögum um mannvirki skal eftirliti með mannvirkjum hagað í samræmi við eftirfarandi:

- ✓ Ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 viðauka II: Skoðunarhandbók um yfirferð hönnunargagna og framkvæmd áfanga-, öryggis- og lokaúttektar.
- ✓ Skoðunarlista Mannvirkjastofnunar sem má nálgast hér fyrir neðan. Þeir eru byggðir á byggingarreglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum.

#### **Gildissvið**

Ákvæði skoðunarlista þessarar gilda um yfirferð á hönnunargögnum sem lögð eru fyrir leyfisveitanda vegna byggingarleyfisumsóknar skv. ákvæðum laga um mannvirki nr. 160/2010 og reglugerða sem settar eru skv. þeim. Skoðunarlistarnir gilda aðeins um skoðunaratriði sem upp eru talin í 4. kafla hennar.

#### **Markmið**

Markmið með útgáfu þessara skoðunarlista, er að tryggja að yfirferð hönnunargagna vegna umsóknar um byggingarleyfi sé unnin á samræmdan hátt og að uppfyllt séu markmiðsákvæði laga um mannvirki. Þannig að ávallt sé yfirfarið á grundvelli sömu aðferðarfræði og sömu vinnubragða:

- a) Að hönnunargögn sem eru til skoðunar séu unnin af og á ábyrgð hönnuðar sem hefur réttindi til að leggja fram uppdrætti vegna byggingarleyfisumsóknar.
- b) Að mannvirki sé hannað í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010, byggingarreglugerð nr. 112/2012 og viðeigandi staðla.

Skoðunarlistar fyrir yfirferð hönnunargagna.

Aðaluppdrættir, Byggingaruppdrættir, Burðarþósuppdrættir og Lagnauppdrættir.

Að sögn byggingarfulltrúa er nokkuð ljóst að Seltjarnarnes er nánast fullbyggt.

Byggingarðar er eina svæðið sem nú er verið að ljúka skipulagi á og verða lóðir þar til úthlutunar á næsta ári (2020). Verkefni sem byggingarfulltrúar hafa gegnt eru að færast til byggingarstjóra, þ.e. byggingarúttektir og öll skráning fer fram af löggiltum hönnuðum í gegnum app frá Mannvirkjastofnun, sbr. hér að framan.

Með hliðsjón af þessu má ætla að utanumhald hjá byggingarfulltrúa verði mun minna frá og með næstu áramótum. Því má ætla að fram fari skipulagsbreytingar á störfum tæknimanna hjá sveitarfélögum almennt á næstu misserum.

---

## UMHVERFISSVIÐ

---

Undir umhverfissvið heyra allar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins, þjónustumiðstöð, garðyrkjustjóri, fráveita, vatnsveita, hitaveita og eignasjóður. Yfirmaður sviðsins er sviðsstjóri umhverfissviðs og er hann með skrifstofu í sama húsnæði og þjónustumiðstöðin, að Austurströnd 1.

### Sviðsstjóri umhverfissviðs

Næsti yfirmaður sviðsstjóra umhverfissviðs er bæjarstjóri.

Undirmenn eru starfsmenn þjónustumiðstöðvar.

Sviðsstjóri kemur að allflestum málum er varða framkvæmdir hjá sveitarfélaginu. Tekur þátt í störfum ýmissa nefnda á vegum sveitarfélagsins eins og t.d. strætónefnd sem fjallar m.a. um skipulag strætóferða/úrbætur á stoppistöðvum o.s.frv. Aðrar nefndir sem sviðsstjóri situr í eru: Umhverfisnefnd, nefnd um vatnsvernd, nefnd um fráveitumál á vegum Samorku og einnig situr hann fundi í veitustjórn bæjarins.

Hann kemur að hönnun á vegum, göngu- og hjólastígum sveitarfélagsins og stýrir yfirleitt framkvæmdum eftir að ákveðið hefur verið að ráðast í viðkomandi framkvæmd. Sér um samskipti við Vegagerðina vegna sjóvarna og annarra þátta þar sem upp koma hverju sinni. Sér um viðhald hafnarinnar. Kemur að flestum framkvæmdum bæjarins, sama af hvaða toga þær eru.

Starfsstöð þjónustumiðstöðvar er að Austurströnd 1. Þangað mæta starfsmenn til vinnu á morgnana kl. 7:00 eða kl. 8:00 og stimpla sig inn. Vélamenn ásamt aðstoðarmanni og starfsmenn hitaveitu byrja daginn kl. 7:00. Um er að ræða fimm starfsmenn sem mæta kl. 7:00 að jafnaði. Aðrir starfsmenn mæta að jafnaði kl. 8:00. Kemur fyrir að fara þurfi yfir verkefni dagsins áður en farið er úr húsi að sögn sviðsstjóra, að öðru leyti eru menn farnir úr húsi að jafnaði rúmlega kl. 7 eða kl. 8. Kaffi er kl. 9:30 og lýkur kl. 10:00. Matartími er tekinn frá kl. 12:00 til 13:00. Síðan er síðdegiskaffi kl. 15:00 sem stendur til kl. 15:20 eða til kl. 15:30. Starfsmenn hætta að vinna kl. 16:00 eða kl. 17:00 eftir því á hvorum tímanum þeir mæta að morgni. Á föstudögum hætta starfsmenn þjónustumiðstöðvar klukkustund fyrir en á mánudögum til fimmtudaga, eða kl. 15:00, eða kl. 16:00 eftir því á hvorum tíma dags vinnudagurinn byrjar. Að sögn sviðsstjóra er kaffitími á morgnana á föstudögum einnig notaður sem verkfundartími.

Vinnudagurinn er 8 klukkustundir. Ekki er um yfirvinnu að ræða nema sviðsstjóri biðji um það vegna brýnna verkefna. Núna (október 2019) er yfirvinnubann að sögn sviðsstjóra.

Samkvæmt upplýsingum frá launadeild varðandi vinnuskil starfsmanna í þjónustumiðstöð voru þau útfærð sem hér segir í apríl 2013:

„Vinnuskil á dag frá mánudegi til fimmtudags eru 8 klst. og 12 mín.

Vinnuskil á dag á föstudögum eru 7 klst. og 12 mín.

= 40 klst. á viku / Starfshlutfall 1.0.

Yfirvinna byrjar að telja eftir kl 17:12/ 16:12 í Tímon.

Matartími (telst ekki til vinnutíma) 48 mínútur frá kl 12:00-12:48 (vinna 12 mín lengur mánudag til fimmtudags). Þess vegna eru starfsmenn búnir fyrir kl. 15:12/16:12 á föstudögum.

Kaffitími (telst til vinnutíma) 09:40 -10:00 (20 mín samkvæmt kjarasamningi) og eftir hádegi 15:00 -15:15 (15 mín samkvæmt kjarasamningi).“

Farið hefur fram starfsmannakönnun á vegum Gallups einu sinni á ári undanfarin ár sem er mjög góður mælikvarði, „hitamælir á starfseminu“ að sögn sviðsstjóra. Í fyrra var þessi könnun ekki framkvæmd. Að sögn sviðsstjóra var það bagalegt því hann notar niðurstöðuna til þess að sjá hvað hægt sé að gera betur og fer síðan að vinna í þeim þáttum. Vonast hann til að haldið verði áfram með þessar kannanir.

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar og hitaveitu eru 12. Síðan er sviðsstjóri á umhverfissviðinu, eða samtals 13 starfsmenn. Ekki er verkstjóri í þjónustumiðstöð heldur stjórnar sviðsstjórinn daglegum störfum í þjónustumiðstöðinni. Að meðaltali telur sviðsstjóri að 20-50% af hans tíma fari í starfsmannamál í þjónustumiðstöð.

Stöðugildi við þjónustumiðstöð eru sem hér segir:

Sviðsstjóri	1
Pípulagningameistari	1
Vélvirkjameistari	1
Vélamenn	3
Verkamenn	4
Múrarameistari	1
Húsasmíðameistari	1
Garðyrkjustjóri	1
<b>Samtals</b>	<b>13</b>

Sveitarfélagið á og rekur allar veitur hjá sveitarfélaginu, þ.e. hitaveita, fráveita og vatnsveita. Við veiturnar starfa einkum tveir starfsmenn. Annar er pípulagningameistari og hinn vélvirkjameistari. Vélamenn og verkamenn eru þeim til aðstoðar við alla leka sem upp koma og koma eignaumsjónarstarfsmenn að verki þegar ganga þarf frá lögnum inni eða steypa stéttarbúta og gangstéttarkanta. Eignaumsjónarstarfsmenn og verkamenn fara einnig í viðgerðir, þegar að tjón hefur orðið vegna hitaveitu í húseignum.

Hjá þjónustumiðstöð eru þrír vélamenn, sem eru á tækjum hjá þjónustumiðstöðinni. Sveitarfélagið leigir traktorsgröfu, tvær beltavélar (misstórar) sem starfsmenn sveitarfélagsins vinna á. Sveitarfélagið á ekki slík tæki.

Samkvæmt upplýsingum frá sviðsstjóra fjárhags- og stjórnsýslusviðs var greitt fyrir leigu á þessum tækjum 24.073 þúsund krónur árið 2018 og 18.911 þúsund krónur árið 2017. Til viðbótar við þennan kostnað falla til launagjöld starfsmanna þegar þeir eru á þessum tækjum.

Tveir verkamenn eru í malbliksviðgerðum, hreinsun á niðurföllum, hreinsun strætóskýla, þjónustu við skóla og leikskóla og aðstoð við verkframkvæmdir og ýmisleg annað sem til fellur. Síðan er þriðji starfsmaðurinn í þessum hópi sem sér m.a um að líma tilkynningar á bíla sem eru númerslausir og skiltamál eru á hans hendi, niðurtekt, viðgerðir og uppsetning skilta. Einnig er tæming og viðhald ruslatunna bæjarins „túristatunnur“ á hans vegum. Hann sér einnig um greiningu vatns og skráningu fyrir hitaveitu og annað sem þarf að sinna. Einn af þessum þremur starfsmönnum keyrir mat úr eldhúsi Mýrarhúsaskóla til annarra stofnanna sveitarfélagsins. Tíminn sem fer í að annast matarmálin, þ.e. að keyra matinn út og síðan að taka til baka afganga og ílát, er

frá um kl. 10:00 til allt að kl. 14:00. Þannig fara í verkefnið tvær til þrjár klukkustundir á dag að jafnaði.

Skrúðgarðyrkjumeistari, garðyrkjustjóri, sér um rekstur á því sem snertir gróður bæjarins yfir sumarið. Hefur yfirumsjón með gróðri og vökvun á Eiðistorgi og aðstoðar verkamenn m.a. við vökvun gróðurs sem gera þarf vikulega. Annast klippingar á gróðri, umsjón með jólaskrauti og ýmis konar undirbúning að verkefnum fyrir sumarið yfir vetramánuðina. Auk þess að aðstoða við ýmis verkefni í þjónustumiðstöð yfir vetramánuðina, m.a. sendiferðir svo sem að sækja varahluti o.s.frv. Tekur að sér ýmsa þjónustu fyrir aðrar stofnanir eftir þörfum hverju sinni. Sér um samskipti við aðra garðyrkjustjóra og aðra aðila sem að þessum málum koma. Aðstoðar sviðstjóra, með t.d. greiningu á væntanlegum verkefnum sem snerta umhverfismál.

Múrara- og trésmiðjameistari sjá um viðhald á öllum eignum bæjarins. Húsnæðið sem bærinn er með og þessir starfsmenn annast er sem hér segir:

Bæjarskrifstofur, sundlaug, íþróttahús, félagsheimili, tónlistarskólinn, Selið, skrifstofur félagsmálasviðs, Mýrarhúsaskóli, Valhúsaskóli og húsnæði leikskólans. Einnig sjá þeir um viðhald á tveimur húsum úti í Gróttu og um viðhald á fuglaskoðunarhúsi við Bakkatjörn og ljóskastarahúsi (fornminjahús).

Auk þessa sjá þeir um 12 leiguíbúðir, Sæbraut 2, sambýli og Skólabraut 3 til 5, þar sem eru fjórar stúdíó íbúðir, mötuneyti og félagsaðstaða fyrir aldraða.

Viðhaldsmenn ásamt starfsmönnum þjónustumiðstöðvar og veitumönnum sjá yfirleitt um flestar viðhaldsframkvæmdir hjá bæjarfélaginu, nema þær sem snúa að rafmagnsviðgerðum/breytingum, en rafverktaki er fenginn í slík verk að sögn sviðsstjóra.

Starfsmenn skila vinnuskýrslum í excel forriti. Gögn úr þessu excel skjali eru síðan tekin inn í bókhaldskerfið þar sem kostnaðurinn er gjaldfærður á viðkomandi stofnanir bæjarins.

Haldir eru fundir á föstudögum þar sem farið er yfir verk sem unnin voru í vikunni sem er að líða og næsta vinnuvika skipulögð. Þessi fundur er haldinn á kaffitíma starfsfólks að sögn sviðsstjóra.

Þjónustumiðstöðin selur þjónustu til stofnana bæjarins með virðisaukaskatti. Greitt var vegna þessa í virðisaukaskatt 4,1 milljón króna frá janúar til október 2019.

Keypt hefur verið þjónusta af suðumanni/mönnum, en að öðru leyti hefur þjónustumiðstöðin getað unnið önnur tilfallandi verk vegna veitna að mestu leyti, að sögn sviðsstjóra.

Þjónustumiðstöðin og tengdar stofnanir hafa á að skipa 9 bifreiðum.

Tafla 66: Yfirlit yfir bifreiðar þjónustumiðstöðvar

Bifreið:	Notkun:	Árgerð:	Athugasemdir sviðsstjóra:
Bíll Renault Kangoo IRZ50	Grófumenn/ aðrir	2007	Verðlaus, notaður fyrir sumarvinnu í garðyrkju
Bíll Mercedes Benz LKY29	Viðgerðarbíll og aðstaða á verkstað	1987	Fornbíll/ lítið ekinn
Bíll Kangoo II Maxi RV Z80	Hitaveita/ almennar viðgerðir		
Nissan ZKA29 (no 1)	Hitaveita/ almennar viðgerðir	2018	
Nissan OIP 28 (no2)	Matarbíll/ hreinni flutningar	2018	
OGZ Renault Traffic	Viðgerðir húseigna/ þjónusta við stofnanir bæjarins	2017	
KIJ 49, (no 1) Renolt pallbíll	Príf niðurfalla, malbiksviðgerðir, byggingarafgangar, flutningur efnis ofl	2018	
RKS 36, (no 2) Renault pallbíll	Tæma ruslatunnur, henda garðúrgangi ýmis verkefni vegna eignaumsjónar.	2018	
RXG 59 Isuzu Demax 4x4	Garðyrkjan/ ýmislegt s.s fara úr í Gróttueyju.	2018	

Heimild: Þjónustumiðstöð

Tafla 66 er yfirlit yfir bifreiðar sem þjónustumiðstöð hefur til ráðstöfunar. Samkvæmt yfirlitinu hefur þjónustumiðstöðin 9 bifreiðar til ráðstöfunar.

Eftirfarandi myndir eru af bifreiðunum:



Þjónustumiðstöðin er með tvo rafmagnssendibíl Nissan. Annar bíllinn er notaður til að keyra matinn og í minniháttar hreinleg verkefni ásamt þjónustu við stofnanir bæjarins.



Tveir minni bílar og tveir pallbílar eru notaðir fyrir þjónustumiðstöð, garðyrkju, veitur og eignausmjón allt eftir því hvaða verk er verið að vinna. Síðan er ein gömul benz fornþreifrið sem er eingöngu notuð fyrir veitur. Þreifriðin er notuð sem starfsaðstaða á verkstað ásamt því að vera verkfærageymsla. Veitur eru einnig með tvo aðra bíla, þar af annan Nissan rafmagnsbíl, sem notaðir eru fyrir veitur ásamt viðhaldi eigna. Þjónustumiðstöðin lánar einnig starfsmönnum annarra stofnana bæjarins bíla, þegar að þær þurfa á þeim að halda vegna starfsemi sinnar.

Tafla 67: Rekstrargjöld þreifriða og tækja þjónustumiðstöðvar og tengdra stofnana 2018

	Viðhald	Þjónustumiðstöð	Eldsneyti	Skattar	Tryggingar	Samtals	Afskriftir	Samtals
Vélar og tæki án vsk	185			141		326		326
Vélar og tæki með vsk	2.245		547			2.792	3.160	5.952
Bílar án vsk PO019			71	42	96	209		209
Bíll Toyota Hiace OS692	54		166	57	93	370	221	591
Bíll YYY90	141	12	37	21	50	261		261
Dráttarvél KG341		29			174	203		203
Bíll Ford Transit JU259		14	133	69	143	359		359
Bíll VW transporter AV823	9		148	72	142	371	15	386
Bíll Trafic III stuttur OGZ18	172	11	150	26	153	512	461	973
Fendt dráttarvél MOU82	7		61		60	128		128
Can-Am fjórhjól LAL89					55	55		55
Bíll Isuzu RXG59	148		65	21	111	345	453	798
Master III PH2 KIJ49			28	5	197	230	84	314
<b>Samtals</b>	<b>2.961</b>	<b>66</b>	<b>1.406</b>	<b>454</b>	<b>1.274</b>	<b>6.161</b>	<b>4.394</b>	<b>10.555</b>
<b>Hitaveita:</b>								
Vélar og tæki m vsk	3		31	-389		-355		-355
Bíll Renault Kangoo IRZ50 Rautt	10		121	28	101	260		260
Bíll Mercedes Benz LKY29 Blátt vörub VSK	28	27	137	22	61	275	549	824
Bíll Kangoo II Maxi RV Z80 Rautt	19		130	13	161	323	364	687
<b>Samtals</b>	<b>60</b>	<b>27</b>	<b>419</b>	<b>-326</b>	<b>323</b>	<b>503</b>	<b>913</b>	<b>1.416</b>
<b>Eignasjóður:</b>								
Rekstur þreifriða og véla (DBH87)	340		107	6		453	654	1.107
<b>Samtals þjónustumiðstöð, hitaveita og eignasjóður</b>	<b>3.361</b>	<b>93</b>	<b>1.932</b>	<b>134</b>	<b>1.597</b>	<b>7.117</b>	<b>5.961</b>	<b>13.078</b>

Heimild: Seltjarnarnesbær, aðalbók

Tafla 67 sýnir rekstrargjöld þreifriða og tækja hjá þjónustumiðstöð og tengdum stofnunum árið 2018.

Eins og fram kemur á töflunni voru heildargjöld vegna þreifriða og tækja þjónustumiðstöðvar og tengdra stofnana án afskrifta 7.117 þúsund krónur árið 2018. Eldsneytiskostnaður var samtals 1.932 þúsund krónur og tryggingar 1.597 þúsund krónur. Á meðal þreifriða sem þarna koma fram eru þreifriðar sem hafa verið seldar í dag. Einnig er Can am fjórhjól á vegum íþróttavallar að sögn sviðsstjóra.

Eldsneytiskostnaður á vélar og tæki var samtals 639 þúsund krónur. Þá standa eftir 1.293 þúsund krónur sem var eldsneytiskostnaður. Viðhald véla og tækja hjá þjónustumiðstöð var samtals 2.437 þúsund krónur. Í viðhaldi tækja eru allur sláttuvélabúnaður og annar vélbúnaður og einnig geta traktorarnir ásamt búnaði verið viðhaldsfrekir svo eitthvað sé nefnt að sögn sviðsstjóra.


Eins og komið hefur fram hér að framan er starfstöð þjónustumiðstöðvar að Austurströnd 1 í leiguhúsnæði. Í húsnæðinu eru leigðir 420,83 m<sup>2</sup> fyrir þjónustumiðstöðina, þar af eru 225 m<sup>2</sup> vegna skrifstofuástöðu, matsalar starfsmanna og tveggja fundarherbergja, ætlaðir starfsmönnum vegna matar o.s.frv. og 188,15 m<sup>2</sup> sem er



vinnuaðstaða auk hlutdeildar í sameign 15,36 m<sup>2</sup>. Mánaðarleiga miðað við nóvember 2019 var 552.030 kr. krónur vegna skrifstofuáðstöðu matsalar o.fl. og 262.154 kr. vegna vinnuáðstöðu, eða samtals 814.184 krónur. Miðað við heilt ár gerir það í ársleigu 9.770 þúsund krónur.


Á skrifstofu er sviðsstjóri umhverfissviðs með aðstöðu. Starfsmenn þjónustumiðstöðvar hafa tölvuáðstöðu í skrifstofurými til þess að sinna verkefnum sem krefjast slíkrar vinnu, og einnig skrá starfsmenn vinnu sína í lok hvers dags á tölvutæku formi sem síðan er notað í bókhaldi til uppgjörs á milli stofnanna bæjarins.

Eftirfarandi myndir eru teknar á vinnusvæði í þjónustumiðstöðinni Austurströnd 1. Þar er loftpressa í eigu sveitarfélagsins sem ekki er mikið notuð að sögn sviðsstjóra, ca 4-5 sinnum á ári. Þessi pressa er komin til ára sinna og er verðlítill að sögn sviðsstjóra. Pressan er einnig notuð sem rafstöð í neyðartilvikum eins og dæmin sanna.



Þjónustumiðstöðin hefur komið sér upp athafnarsvæði í grennd við Bygggarða tímabundið. Um er að ræða athafnasvæði úti þar sem geymd eru tæki og tól ásamt sand- og saltgeymslum sem og geymslu fyrir jarðefni. Á svæðinu hefur verið komið fyrir inniáðstöðu í fimm gámum. Þar er um að ræða vinnuáðstöðu fyrir viðgerðir á stærri tækjum og búnaði, kaffiáðstöðu fyrir starfsmenn og geymslu fyrir tæki, tól og ýmis konar varahluti. Um er að ræða tímabundna lausn á húsnæðisvanda þjónustumiðstöðvar. Veitt hefur verið leyfi fyrir gámum í eitt ár í senn af umferða- og skipulagsnefnd bæjarins að sögn sviðsstjóra.

Eftirfarandi myndir voru teknar annars vegar innan dyra og hins vegar utan dyra á athafnasvæðinu við Bygggarða af tækjum sem þar eru í geymslu. Einnig er um að ræða áðstöðu fyrir garðyrkjuna og eru þar sláttuvélar af ýmsum stærðum og gerðum ásamt búnaði fyrir garðyrkjuna.



Myndirnar hér að ofan er af tækjum í eigu sveitarfélagsins.

Auk framanritaðs hefur hitaveitan aðstöðu í dæluhúsi við Lindarbraut 13. Á sumrin hefur garðyrkjan aðalaðstöðu í húsi á Vallarbrautarvelli. Húsið er þess á milli notað sem geymsla fyrir ýmsan búnað fyrir stofnannir sem geyma þarf tímabundið.

Tafla 68: Fjöldi stöðugilda í þjónustumiðstöðvum hjá samanburðar sveitarfélögum

	Fjöldi íbúa 01.12.2019	Fráveita	Vatnsveita	Annað/Garð- yrkjudeild	Þjónustumiðstöð	Þjónustumiðstöð samaltals	Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi
Garðabær <sup>1)</sup>	16.299	1	2	8	11,0	22,0	741
Mosfellsbær <sup>2)</sup>	11.463	3	4		7,0	14,0	819
Sveitarfélagið Árborg <sup>3)</sup>	9.485				16,0	16,0	593
Akraneskaupstaður <sup>4)</sup>	7.411				6,0	6,0	1.235
Fjarðabyggð <sup>5)</sup>	5.070	2	2		13,0	17,0	298
Seltjarnarnesbær <sup>6)</sup>	4.664	0,5	1,5		10,0	12,0	389
Vestmannaeyjabær <sup>7)</sup>	4.301	1		1	9,0	11,0	391
Sveitarfélagið Skagafjörður <sup>8)</sup>	3.992	1,5	9		7,5	18,0	222
Borgarbyggð <sup>9)</sup>	3.807				3,0	3,0	1.269
Ísafjarðarbær <sup>10)</sup>	3.800				10,0	10,0	380
Fljótisdalshérað <sup>11)</sup>	3.600				3,5	3,5	1.037

Hvernig er snjómokstri háttáð hjá sveitarfélaginu?

1) Sveitarfélagið er með verktaka í snjómokstri gatna og stíga, en sveitarfélagið hefur til reiðu tæki og mannskap ef með þarf.

Í þjónustumiðstöð er garðyrkjudeild. Starfsmanaföldi þar er mismunandi eftir árstíðum. Undir annað eru átta starfsmenn í garðyrkjudeildar.

2) Snjómokstur er í 80% verktöku og 20% þjónustumiðstöð.

3) Að hluta til sér sveitarfélagið um snjómokstur og að hluta verktakar.

4) Verktakar annast snjómokstur.

5) Í sveitarfélaginu eru sex byggðakjarnar og veitt sambærilega þjónusta á hverjum stað. Kostnaðrsamt að koma mönnum á milli staða. Snjómokstur er í 75% verktöku og 25% á vegum sveitarfélagsins.

6) Sveitarfélagið annast allan snjómokstur. Starfsmenn vatnsveitu annast einnig hitaveitu ásamt öðrum starfsmönnum í þjónustumiðstöð.

7) Einn starfsmaður er á þjónustubífreid fyrir fatlaða. Varðandi snjómokstur er bænum skipt í þrennt. Verktakar annast tvö svæði og sveitarfélagið eitt. Sveitarfélagið annast ruðning á gangstéttum og göngustígum.

8) Starfsmenn vatnsveitu annast líka hitaveitu. Allur snjómokstur er í verktöku.

9) Aðaldráttur moka snjó af gangstéttum og minni svæðum í Borgarnesi og á Hvanneyri.

Verktakar moka götur í þéttbýli. Verktakar moka snjó á þeim vegum úti í héraðinu sem sveitarfélagið ber ábyrgð á.

10) Þjónustumiðstöð annast snjómokstur á Ísafirði. Í minni byggðakjörnum annast verktakar snjómokstur. Verið er að bjóða út snjómokstur fyrir Ísafjörð (des. 2019).

11) Snjómokstur í þéttbýli ásamt heimreiðum lögbýla þar sem börn á grunnskólaaldri eru búsett er að hluta synt af þjónustumiðstöð.

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 68 sýnir fjölda stöðugilda í þjónustumiðstöðvum samanburðarsveitarfélaganna. Upplýsingar vegna sveitarfélaga með 3.992 íbúa til 16.299 voru fengnar í desember 2018. Upplýsingar vegna hinna fjögurra voru fengnar í nóvember 2019.

Eins og fram kemur í töflunni er fjöldi stöðugilda í þjónustumiðstöðvum hjá sveitarfélögum nokkuð mismunandi. Flestir voru íbúar á hvert stöðugildi í þjónustumiðstöð hjá Borgarbyggð, eða 1.269. Til samanburðar voru 389 íbúar á hvert stöðugildi hjá Seltjarnarnesbæ. Þrjú sveitarfélög voru með færri íbúa á hvert stöðugildi en Seltjarnarnesbær í þessum samanburði. Þrjú af þessum sveitarfélögum eru með fleiri en einn byggðakjarna. Taka ber þennan samanburð með fyrirvara þar sem verkefni þjónustumiðstöðva geta verið mismunandi. Sem dæmi má nefna annast þjónustumiðstöð Seltjarnarnesbæjar jafnframt rekstur hitaveitu sem almennt er ekki hjá öðrum sveitarfélögum.

Tafla 69: Gjöld vegna þjónustumiðstöðvar árið 2016-2018

	2016	2017	2018	Breyting	
				2017/2018	2016/2018
Mánaðarlaun	24.041	27.305	33.580	23,0%	39,7%
Yfirvinna	5.012	3.694	7.287	97,3%	45,4%
Aðrar launagreiðslur	8.630	8.476	9.758	15,1%	13,1%
Starfsmannabílar	120	200	200	0,0%	66,7%
Breytingar áfallins orlofs	-793	483	-263	-154,5%	-66,8%
Kaffikostnaður	1.406	891		-100,0%	-100,0%
Launatengd gjöld	9.019	9159	11.709	27,8%	29,8%
<b>Launagjöld samtals</b>	<b>47.435</b>	<b>50.208</b>	<b>62.271</b>	<b>24,0%</b>	<b>31,3%</b>
Vörukakup almenn	9.662	11.975	12.847	7,3%	33,0%
Húsaleiga	8.713	9.519	9.271	-2,6%	6,4%
Innri viðskipti	9.898	8.175	9.572	17,1%	-3,3%
Þjónustukaup	6.729	8.718	7.056	-19,1%	4,9%
Opinber gjöld	131	32	199	521,9%	51,9%
<b>Samtals gjöld</b>	<b>82.568</b>	<b>88.627</b>	<b>101.216</b>	<b>14,2%</b>	<b>22,6%</b>
Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum	21%	14%	22%		

Heimild: Seltjarnarnesbær, aðalbók

Tafla 69 sýnir útgjöld vegna þjónustumiðstöðvar árin 2016 til 2018. Útgjöldin hækkuðu um 14% á milli árána 2017 og 2018.

Eins og fram kemur í töflunni voru heildargjöld vegna þjónustumiðstöðvar 101 milljón króna árið 2018. Þar af voru laun 62 milljónir króna. Launagjöldin hækka nokkuð á milli þessara ára, eða um 24% á milli árána 2017 og 2018. Á milli þessara ára hækkaði launavísitala opinberra starfsmanna hjá sveitarfélögum um 5,2%. Varðandi töfluna óskaði sviðsstjóri umhverfisvið eftir að eftirfarandi komi fram: „Hækkanir á launalið voru eingöngu samningsbundnar hækkanir, ákveðið var að biðja starfsmenn um að vinna yfirvinnu í stað þess að kaupa verktakaþjónustu enda talið mun hagkvæmara. Ekki hefur verið ráðið í afleysingar á sviðinu þegar starfsmenn fara í sumarfrí og í sumum tilfellum var ákveðið að greiða starfsmönnum hluta sumarfrís, sem áttu mikið frí inni. Því er þessi tafla villandi, nema að frekari skýringar fylgi. Samhliða þessu aukast vörukaup, þar sem verið er að vinna að verkframkvæmdum sem að öðrum kosti

hefðu verið boðnar út og sem ekki teljast til almenns viðhalds og því eykst þessi kostnaður.“

Launagjöld tengd starfsmönnum þjónustumiðstöðvar hafa ekki öll verið færð undir þjónustumiðstöðina.

Tafla 70: Samandregin launagjöld þjónustumiðstöðvar og tengdra stofnana árin 2016 til 2018

	2016	2017	2018	Breyting	
				2017/2018	2016/2018
Mánaðarlaun	70.380	90.939	104.925	15%	49%
Yfirvinna	14.772	13.529	18.212	35%	23%
Aðrar launagreiðslur	21.076	21.661	24.067	11%	14%
Starfsmannabílar	120	73	200	174%	67%
Breytingar áfallins orlofs	1.238	718	-1.500	-309%	-221%
Kaffikostnaður	1.406	891	0	-100%	-100%
Launatengd gjöld	27.451	28.742	33.127	15%	21%
<b>Launagjöld samtals</b>	<b>136.443</b>	<b>156.553</b>	<b>179.031</b>	<b>14%</b>	<b>31%</b>
Launagjöld vegna sumarstarfsfólks	48.122	52.152	57.192	10%	19%
Endurgreiðsla Tryggingarstofnum	0	2.297	3.280		
Launagjöld samtals án sumarstarfsfólks og frádreign endurgreiðsla	88.321	102.104	118.559	16%	34%

Heimild: Seltjarnarnesbær, aðalbók, og launadeild

Tafla 70 sýnir samandregin launagjöld þjónustumiðstöðvar og tengdra stofnana árin 2016 til 2018.

Eins og taflan sýnir voru samanlögð launagjöld vegna þjónustumiðstöðvar og tengdra stofnana 179 milljónir króna árið 2018. Launagjöldin hækkuðu um 14% á milli árána 2017 og 2018 og 31% á milli árána 2016 og 2018. Af þessum gjöldum voru launagjöld vegna sumarstarfsfólks 57 milljónir króna árið 2018. Einnig fékkst endurgreiðsla frá Tryggingastofnun að fjárhæð 3,3 milljónir króna það ár. Þegar launagjöld vegna sumarstarfsfólks og endurgreiðslan hafa verið dregin frá voru laun vegna þjónustumiðstöðvar og tengdra stofnana samtals 118.559 þúsund krónur árið 2018 samanborið við að þau voru 102.104 þúsund krónur árið 2017, eða hækkun um 16% á milli árána.

### Garðyrkjustjóri

Garðyrkjustjóri hefur yfirumsjón með öllu sem snýr að garðyrkju hjá sveitarfélaginu. Þar með talið að hafa umsjón með gróðri sem er innandyra á Eyðistorgi. Hirða þarf um þann gróður allt árið. Garðyrkjustjóri stýrir og skipuleggur vinnuskólann. Eftir hver áramót fer tími hjá garðyrkjustjóra í að skipuleggja sumarstarf vinnuskólans og vinnu sumarstarfsmanna þjónustumiðstöðvar, sem vinna við garðyrkju og heyra undir garðyrkjustjóra.

Sumarvinnan byrjar yfirleitt í apríl til maí ár hvert. Fyrst á vorin þarf að ráða starfsfólk. Flokksstjórar koma fyrst til starfa. Um er að ræða fólk á aldrinum 22 til 27 ára. Í þjónustumiðstöðinni eru starfsmenn 18 ára og eldri, sem koma til starfa yfir sumarmánuðina. Í vinnuskólanum eru nemendur á aldrinum 14 til 17 ára. Árlega hafa um 120 nemendur sótt um störf hjá vinnuskólanum. Árlega hafa um 40 til 50 sótt um vinnu 18 ára og eldri. Ráðnir hafa verið 15 til 20 starfsmenn, sem garðyrkjustjóri annast og einnig að ráða starfsmenn við vinnuskólann.



Þessir starfsmenn aðstoða við ýmsar framkvæmdir á vegum þjónustumiðstöðvarinnar eins og t.d. hellulögn. Eru einnig að slá. Þeir elstu sjá um sláttinn. Starfsmenn Seltjarnarnesbæjar annast allan slátt á vegum sveitarfélagsins.

Unglingar á aldrinum 14 til 17 ára eru í sumarvinnu við að hirða bæinn, hreinsa beð, gróðursetja sumarblóm o.s.frv. allt undir stjórn garðyrkjustjóra.

Sumarstarfi vinnuskólans lýkur í lok júlí. Þó eru elstu unglingarnir aðeins fram í ágúst ásamt flokksstjórum. Eftir þann tíma er ekki slegið og beð ekki hreinsuð.

Eftir að sumarstarfsmenn í garðyrkju ljúka störfum um miðjan ágúst ár hvert sér garðyrkjustjóri um að hirða gróðurinn. Hann einn klippir allan trjágróður í gördum bæjarins. Klippingar fara fram yfir vetramánuðina eftir því sem veður leyfir.

Garðyrkjustjóri annast allar jólaskeytingar innan bæjarmarkanna, setur upp og hefur umsjón með vinnu annarra starfsmanna í þessum verkum, fer yfir jólaseríur o.s.frv. Annast pöntun jólatrjáa og skreytingar þar sem það þarf að gera á víðavangi innan bæjarmarkanna.

Auk framanritaðs annast garðyrkjustjóri ýmis innkaup og þrif fyrir þjónustumiðstöðina og aðstoðar stofnanir við innkaup eins og t.d. leikskólann. Yfir háveturinn tekur garðyrkjustjóri að sér ýmis verkefni fyrir þjónustumiðstöð, skóla og leikskóla, sendist fyrir bæjarskrifstofurnar, fer með póstinn fyrir bókasafnið og bæjarskrifstofurnar. Hér er ekki um tæmandi upptalningu á verkefnum garðyrkjustjóra að ræða.

Garðyrkjustjóri hefur undanfarin ár ekki tekið sumarfrí yfir sumarmánuðina.

Garðyrkjustjóri notar bifreiðar þjónustumiðstöðvar í störfum sínum fyrir bæinn eftir þörfum eins og aðrir starfsmenn hennar.

#### Tafla 71: Útgjöld vegna sumarstarfa unglunga árin 2016 til 2018

	2016*	2017	2018
Mánaðarlaun	17.284	19.262	22.441
Yfirvinna	681	273	144
Aðrar launagreiðslur	9		1
Kaffikostnaður			
Launatengd gjöld	6.812	4.263	4.897
<b>Launagjöld samtals</b>	<b>24.786</b>	<b>23.798</b>	<b>27.483</b>
Námskeið, ráðstefnur		64	
Endurgreitt fæði			-30
<b>Samtals</b>	<b>24.786</b>	<b>23.862</b>	<b>27.453</b>
Fjárheimild (fjárhagsáætlun)	38.852	42.597	44.727

\* Undir opin svæði voru færð sumarstöf og eru þau tekin hér með.

Heimild: Seltjarnarnesbær, aðalbók

Tafla 71 sýnir útgjöld vegna sumarstarfa unglunga árin 2016 til 2018. Eins og þarna kemur fram lækkuðu útgjöldin á milli árunna 2016 og 2017 en hækkuðu svo um 15% á milli árunna 2017 og 2018. Öll árin voru útgjöldin nokkuð vel undir áætlun.

Tafla 72: Útgjöld vegna vinnuskóla árin 2016 til 2018

	2016	2017	2018
Mánaðarlaun	13.638	10.470	14.538
Yfirvinna	100	83	138
Laun sumarfólks	13.105		
Aðrar launagreiðslur	4.686	6.616	7.211
Kaffikostnaður	54	4	
Launatengd gjöld	3.424	2.798	3.857
<b>Launagjöld samtals</b>	<b>35.007</b>	<b>19.971</b>	<b>25.744</b>
Vörukaup	159	229	920
Þjónustukaup	505	157	144
<b>Samtals</b>	<b>35.671</b>	<b>20.357</b>	<b>26.808</b>
Fjárheimild (fjárhagsáætlun)	35.231	36.694	38.500

Tafla 72 sýnir útgjöld vegna vinnuskóla árin 2016 til 2018.

Eins og taflan sýnir lækkuðu útgjöldin nokkuð mikið á milli áráanna 2016 og 2017 en hækkuðu síðan á milli áráanna 2017 og 2018. Árin 2017 og 2018 voru útgjöldin nokkuð undir áætlun.

### Vélamenn

Vélamenn eru tveir. Með þeim er að jafnaði aðstoðarmaður sem einnig er liðtækur á gröfur. Vélar sem gröfumenn nota eru að mestu í leigu samkvæmt tímagjaldi saman ber hér að framan. Um er að ræða eftirfarandi leigutæki:

JCB traktorsgrafa,  
6 tonn beltavél,  
ein tveggja tonna grafa,  
ein vélbara.

Bærinn á tvo traktora, einn stóran með efnisvagni, snjótönn og salt Dreifara. Jafnframt gangstéttavél sem er útbúin í gangstéttavinnu, m.a. til að dreifa salti og sandi. Bærinn á sláttuvélar sem vélamenn koma að viðgerðum á sé þess þörf.

Vélar sem leigðar eru standa á vinnustað eða eru geymdar á athafnarsvæði þjónustumiðstöðvar að Bygggördum séu þær ekki í notkun.

Við ákvörðun á töxtum vegna leigu á tækjunum hefur verið stuðst við taxa Reykjavíkurborgar um leigu á tækjum, Mílu, Gagnveitu og Vörubílastöðvarinnar Próttar.

Vélamennirnir eru almennt á vélunum. Næg verkefni eru þar sem stefnan er að þeir annist alla gröfuvinnu hjá bæjarfélaginu, þar með talið vegna veitna. Vinnudagur gröfumanna byrjar í þjónustumiðstöðinni að Austurströnd 1 kl. 7:00. Starfsmennirnir þrír sem vinna við gröfurnar vinna allir á sama tíma, þ.e. byrja vinnudaginn kl. 7:00 og ljúka honum kl. 16:00 nema á föstudögum, þá lýkur honum kl. 15:00. Starfsemi þeirra er að mestu gerð út frá athafnarsvæðinu við Bygggarða. Þar af leiðandi eru þeir mikið þar og taka oft kaffitíma þar.

Að sögn vélamanna er nýlega byrjað á því að leyfa starfsmönnum að velja hvort þeir byrja vinnudaginn kl. 7:00 eða kl. 8:00. Fimm starfsmenn byrja vinnudaginn kl. 7:00. Gröfumennirnir og aðstoðarmaður þeirra og tveir starfsmenn sem vinna að jafnaði við veitur.

Starf verkstjóra var lagt niður í kringum árið 2008, að sögn vélamanns. Vegna þess hefur hluti af stjórnunarstörfum lent á vélamönnum, þar með talið skipulag snjómoksturs. Að sögn vélamanna tekur um tvær klukkustundir að moka/saltbera forgangsgleiðir í sveitarfélaginu, en getur tekið lengri eða skemmri tíma eftir veðurfari.

Á vef sveitarfélagsins að sögn vélamanna er snjómoksturskort sem sýnir forgangsgleiðir og þar segir að búið eigi að vera að moka eða salta fyrir kl. 7:30 á morgnana.

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar önnuðust að stórum hluta frágang á lóð við íþróttahúsið s.l. sumar. Að sögn vélamanna hannaði annar þeirra lóðina upp á nýtt með uppdráttum sem hann setti niður á blað. Til var hönnun af lóðinni upp að ákveðnu marki. Þær teikningar sáu starfsmennirnir löngu eftir að byrjað var á verkinu. Í lóðina var m.a. notast við gamlar hellur og kantsteina sem bærinn átti fyrir sem ætlað var á vistgötu o.fl.



Annar vélamanna smíðaði bekkir sem eru á lóðinni og vatnsfont, sem hann hannaði einnig. Það var gert á atvinnusvæði að Bygggördum, sjá mynd.

Vélamenn hafa óskað eftir að geta

stimplað sig í og úr vinnu á athafnasvæðinu við Bygggarða. Eins og þetta er núna þurfa þeir fyrst að fara á Austurströnd 1 til að stimpla sig inn áður en þeir mæta á athafnasvæðið og á sama hátt þurfa þeir að fara að Austurströnd til að stimpla sig út í lok dags.

### Hita- og vatnsveita

Tveir starfsmenn þjónustumiðstöðvar vinna að jafnaði við verkefni tengd hita- og vatnsveitu. Þeir sjá um allt sem viðkemur vatni í húsum bæjarins. Annar þeirra er pípulagningameistari og hinn vélvirkjameistari. Vinnudagurinn hjá þeim byrjar á verkfundi í þjónustumiðstöðinni, þar sem að þeir skipta með sér verkum.

Þeir annast inntök í öll hús á Seltjarnarnesi, bæði fyrir heitt og kalt vatn. Hitaveitan er með fjórar borholur og dælustöð sem þeir annast.

Daglegur vinnutíma er frá kl. 7:00 til 16:00. Nema á föstudögum, þá lýkur vinnudeginum kl. 15:00.

Starfsmennirnir taka bakvaktir sem þeir skipta með sér þannig að þeir taka bakvaktir aðra hverja viku. Bakvakt er frá því að vinnudegi lýkur, þ.e. frá kl. 16:00 og stendur til kl. 7:00 næsta dag á virkum dögum. Um helgar er bakvakt frá kl. 15:00 á föstudegi til kl.



7:00 á mánudagsmorgni. Komi til útkalls á bakvakt falla bakvaktageiðslur niður þann tíma sem greitt er fyrir útkallið.

Starfsmennirnir sjá um allt vatns- og hreinsikerfið í sundlauginni og öðrum byggingum bæjarins, þ.m.t. snjóbræðslukerfi sem eru um 20 talsins.

Starfsmennirnir hafa sinn bílinn hvor til afnota.

Auk reglubundinna verkefna hafa starfsmennirnir komið að ýmsum stærri verkefnum, þ.m.t. nýframkvæmdum. Sem dæmi má nefna lögðu þeir allar lagnir í kringum íþróttahúsið sem var framkvæmt sumarið 2019. Um var að ræða snjóbræðslukerfi o.fl., samtals um 2.500 m<sup>2</sup>. Vegna anna hafa þeir ekki getað lokið við að tengja snjóbræðslukerfið (október 2019). Auk þessa má nefna að þeir önnuðust tengingu á köldum potti sem starfsmenn þjónustumiðstöðvar sáu alfarið um að útbúa og steypa við sundlaugina. Hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Fram kom að þeir telja að þeir séu undirmannaðir.

### **Umsjónarmaður fasteigna**

Tveir starfsmenn þjónustumiðstöðvar annast viðhald fasteigna hjá bæjarfélaginu. Annar starfsmannanna ber starfsheitið umsjónarmaður fasteigna. Vegna ýmissa tilfallandi verkefna þurfa þeir oft á tíðum að sinna öðrum verkefnum m.a. verkstjórn. Þeir hafa komið að því að gera við jólaskraut og koma því upp ásamt því að skipuleggja vinnu fyrir aðra starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar.

Þeirri stefnu er fylgt að sveitarfélagið annast sjálft að mestu leyti öll viðhaldsverkefni á húsnæði sveitarfélagsins, þar af leiðandi er lítið um aðkeypta verktakaþjónustu. Starfsmennirnir hafa reynt að skipuleggja vinnu sína þannig að þeir séu með eitt til tvö stærri verkefni í gangi á hverjum tíma. En vegna ýmissa tilfallandi viðhaldsverkefna þurfa þeir oft að hverfa frá þessum verkum. Vegna þessa hafa verk dregist og nokkuð um verk sem beðið hafa úrslausnar. Í því sambandi má nefna múrun og frágang á vegg við Valhúsaskóla og Suðurströnd.

Auk viðhaldsverkefna hafa starfsmennirnir séð um að fara með ýmis tæki og búnað í viðgerð fyrir stofnanir bæjarins. Má þar nefna þurrkara og þvottavélar.

Starfsmennirnir skrifa vinnuskýrslu í lok dags í excel skjal þar sem fram kemur hvað þeir hafa verið að gera yfir daginn.

Starfsmenn í viðhaldi hafa einn bíl til afnota. Þeirra daglegi vinnutími er frá kl. 8:00 til 17:00 nema á föstudögum, þá lýkur honum kl. 16:00. Mikil yfirvinna var í sumar vegna framkvæmda við íþróttahúsið. Annar starfsmannanna í viðhaldi var mikið í hönnun á lóð við íþróttahúsið. Teikningum sem komu vegna þess var breytt mikið og var starfsmaðurinn mikið í að endurhanna lóðina með vélamanni sem vann einnig að því verkefni.

Nokkur tími fer í það hjá umsjónarmanni fasteigna að aðstoða sviðsstjóra við að áætla kostnað við ýmis verk sem þjónustumiðstöðin myndi vinna og bera saman við mögulegan kostnað væri verktaki fenginn til verksins.

Mjög erfitt hefur verið að skipuleggja viðhaldsverkefni vegna tilfallandi verkefna og miðað við þann mannskap sem ætlaður er í þessi verkefni hjá sveitarfélaginu.

Umsjónarmaður fasteigna er mikið á fundum hjá sviðsstjóra. Auk þess að svara ýmsum fyrirspurnum sem koma frá þjónustuborði í ráðhúsinu. Ef sviðsstjóri fer í frí leysir umsjónarmaður fasteigna hann af.

# B-hluta stofnanir

## FÉLAGSLEGT ÍBÚÐARHÚSNÆÐI Á SELTJARNARNESI

Seltjarnarnesbær á 17 leiguíbúðir og leigir tvær íbúðir sem eru síðan endurleigðar af sveitarfélaginu.

Mynd 19: Rekstrarreikningur Félagslegs íbúðarhúsnæðis á Seltjarnarnesi árið 2018

Skýr.	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
<b>Rekstrartekjur</b>			
Leigutekjur .....	19.106	18.212	15.454
	<u>19.106</u>	<u>18.212</u>	<u>15.454</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Annar rekstrarkostnaður .....	19.265	13.282	21.135
Afskriftir .....	5 5.253	4.891	4.895
	<u>24.519</u>	<u>18.173</u>	<u>26.030</u>
Rekstramiðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(5.412)	39	(10.576)
<b>Rekstrargjöld</b>			
Vaxtagjöld og verðbætur .....	(5.007)	(4.547)	(3.551)
<b>Rekstrarniðurstaða</b> .....	<u>(10.419)</u>	<u>(4.508)</u>	<u>(14.127)</u>

Heimild: Ársreikningur Félagslegs íbúðarhúsnæðis á Seltjarnarnesi árið 2018

Mynd 19 sýnir rekstrarreikning Félagslegs íbúðarhúsnæðis á Seltjarnarnesi árið 2018. Eins og sjá má á rekstrarreikningnum var halli af starfseminni bæði árin 2017 og 2018. Árið 2017 var rekstrarafkoman neikvæð um 14,1 milljónir króna. Reikningurinn fyrir árið 2018 sýnir neikvæða afkomu upp á 10,4 milljónir króna.

Veltufé frá rekstri var neikvætt um 2 milljónir króna árið 2018 samanborið við 7,5 milljónir króna árið 2017.

Í árslok 2018 skulduðu Félagslegar leiguíbúðir á Seltjarnarnesi 142 milljónir króna.

Fjallað er um Félagslegar leiguíbúðir á Seltjarnarnesi í skýrslu HLH ehf. frá því í apríl 2019 „Úttekt á félagsþjónustu Seltjarnarnesbæjar og tillögur.“ Með vísan til þess er ekki fjallað frekar um leiguíbúðirnar í þessari skýrslu og vísað í það sem fram kemur í áður nefndri skýrslu.

## VATNSVEITA SELTJARNARNESS

Rekstrarreikningur Vatnsveitu Seltjarnarness fyrir árið 2018 sýnir góða rekstrarniðurstöðu og efnahagsreikningurinn sýnir að fjárhagslegstaða Vatnsveitu Seltjarnarness er sterk.

Mynd 20: Rekstrarreikningur Vatnsveitu Seltjarnarness árið 2018 í milljónum króna.

	Skýr.	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
<b>Rekstrartekjur</b>				
Selt vatn .....		108.683	101.686	102.602
		<u>108.683</u>	<u>101.686</u>	<u>102.602</u>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Annar rekstrarkostnaður .....		71.112	87.269	66.480
Afskriftir .....	4	1.964	1.164	1.164
		<u>73.076</u>	<u>88.433</u>	<u>67.643</u>
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>		<u>35.607</u>	<u>13.253</u>	<u>34.959</u>

Heimild: Ársreikningur Vatnsveitu Seltjarnarness árið 2018

Mynd 20 sýnir rekstrarreikning Vatnsveitu Seltjarnarness árið 2018.

Eins og reikningurinn sýnir var rekstrarniðurstaða fyrir 2018 jákvæð um 35,6 milljónir króna. Áætlanir gerðu ráð fyrir að niðurstaðan yrði einungis jákvæð um 13,3 milljónir króna. Árið á undan var rekstrarniðurstaðan nánast sú sama eða jákvæð um 35 milljónir króna eins og árið 2018.

Veltufé frá rekstri var 37,6 milljónir króna árið 2018 og var 36,1 milljónir króna árið 2017. Þannig jókst veltufé frá rekstri um 1,5 milljónir króna á milli áranna.

Vatnsveita Seltjarnarness er skuldlaus og greiddi 25 milljónir króna í arð fyrir rekstrarárið 2018. Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 13,4 milljónir kr.

## FRÁVEITA SELTJARNARNESS

Rekstrarreikningur Fráveitu Seltjarnarness fyrir árið 2018 sýnir vel að reksturinn er góður.

Mynd 21: Rekstrarreikningur Fráveitu Seltjarnarness árið 2018

	Skýr.	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018	Ársreikningur 2017
<b>Rekstrartekjur</b>				
Fráveitugjald .....		170.166	169.477	133.054
		<u>170.166</u>	<u>169.477</u>	<u>133.054</u>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Annar rekstrarkostnaður .....		42.984	68.386	52.565
Afskriftir .....	5	15.109	32.357	14.504
		<u>58.094</u>	<u>100.743</u>	<u>67.069</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>		112.072	68.734	65.985
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>				
Vextir og verðbætur .....		(33.975)	(37.126)	(28.317)
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>		<u>78.097</u>	<u>31.608</u>	<u>37.667</u>

Heimild: Ársreikningur Fráveitu Seltjarnarness árið 2018

Rekstrarniðurstaða árið 2018 var jákvæð um 78,1 milljón króna samanborið við 37,7 milljónir króna árið 2017.

Veltufé frá rekstri var 108,1 milljónir króna árið 2018. Samanborið við 60,7 milljónir króna árið 2017. Þannig hækkaði veltufé frá rekstri um 48 milljónir króna á milli áranna.

Í árslok 2018 skuldaði Fráveita Seltjarnarness aðalsjóði 442 milljónir króna.

---

## HITAVEITA SELTJARNARNESS

---

Rekstrarniðurstaða Hitaveitu Seltjarnarness var jákvæð um 12,2 milljónir króna.

## Mynd 22: Rekstrarreikningur Hitaveitu Seltjarnarness árið 2018

	Skýr.	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
<b>Rekstrartekjur</b>				
Selt heitt vatn .....		171.642	170.534	166.882
Aðrar tekjur .....		1.374	0	3.077
		<u>173.015</u>	<u>170.534</u>	<u>169.959</u>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld .....	19	34.739	24.642	34.574
Annar rekstrarkostnaður .....		91.166	103.450	109.428
Afskriftir .....	11	14.261	14.135	14.235
		<u>140.166</u>	<u>142.227</u>	<u>158.237</u>
Rekstramiðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		32.850	28.307	11.722
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>				
Fjármunatekjur .....		1.765	7.035	1.450
Fjármagnsgjöld .....		(15.340)	(21.070)	(12.960)
		<u>(13.576)</u>	<u>(14.035)</u>	<u>(11.510)</u>
Rekstramiðurstaða fyrir skatta .....		19.274	14.273	212
Tekjuskattur .....	13,18	(7.043)	0	(76)
<b>Rekstramiðurstaða</b> .....		<u>12.232</u>	<u>14.273</u>	<u>136</u>

Heimild: Ársreikningur Hitaveitu Seltjarnarness fyrir árið 2018

Mynd 22 sýnir rekstrarreikning Hitaveitu Seltjarnarness vegna ársins 2018.

Samkvæmt ársreikningnum jukust rekstrartekjur frá árinu 2017 til 2018 um 1,8%, úr 169,9 milljónum króna í 173 milljónir króna. Rekstrargjöld önnur en vegna afskrifta og fjármagnsgjalda lækkuðu á milli árána um 12,9% eða fóru úr 158,2 milljónum króna árið 2017 í 140,2 milljónir króna árið 2018. Mestu munar um lækkingu í öðrum rekstrarkostnaði, en laun og launatengd gjöld stóðu óbreytt milli árána.

Veltufé frá rekstri var jákvætt um 43,0 milljónir króna árið 2018 og var 20,9 milljónir króna árið 2017. Afborganir af langtímalánum voru 8,6 milljónir kr. og fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir um 43,0 milljónir króna.

Langtímaskuldir Hitaveitu Seltjarnarness voru 239 milljónir króna í árslok 2018.

### HJÚKRUNARHEIMILIÐ SELTJÖRN

Í júní 2014 gerði Seltjarnarnesbær samning við heilbrigðisráðherra um byggingu og leigu á hjúkrunarheimili. Seltjarnarnes tók að sér að byggja og leigja ráðuneytinu 2.600 m<sup>2</sup> rými fyrir hjúkrunarheimili í sveitarfélaginu. Hjúkrunarheimilið var síðan tekið í notkun í byrjun árs 2019.

### LÆKNAMINJASAFNIÐ

Enginn rekstur var á Læknaminjasafninu árið 2018. Í árslok skuldaði Læknaminjasafnið aðalsjóði Seltjarnarness 169 milljónir króna.

# Tillögur

## Skuldir sveitarfélagsins

---

### 1. LANGTÍMASKULDIR

---

Lagt er til að kanna hvort hægt sé að endurfjármagna eldri lán með hagstæðari kjörum.

Mikill munur getur verið á kjörum þeirra lána sem í boði eru. Fyrir sveitarfélög hafa kjör á lánnum hjá Lánasjóði sveitarfélaga reynst hagstæðari en lán hjá bankastofnunum almennt. Almennt eru vaxtakjör Seltjarnarnesbæjar mjög góð á þeim lánnum sem sveitarfélagið er með.

Hjá sveitarfélaginu eru tvö lán sem lagt er til að skoðað verði, hvort hægt sé að endurfjármagna með betri vaxtakjörum eða að þau verði greidd upp ef mögulegt.

### Fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun

---

### 2. REKSTUR B-HLUTA STOFNANA VERÐI GERÐUR SJÁLFBÆR

---

Lagt er til að lögð verði áhersla á að gera rekstur allra B-hluta stofnana sjálfbæran.

Með hliðsjón af því að aðalsjóður hefur þurft að leggja B-hluta stofnun, félagslegum leiguíbúðum, til fjármagn á undanförmum árum ber að leggja áherslu á að þessi stofnun verði gerð sjálfbær. Það verði gert annað hvort með því að auka tekjur og/eða lækka rekstrargjöld.

Ljóst er að vextir af þeim lánnum sem tekin hafa verið vegna félagslegra leiguíbúða eru hagstæðir sem á að gera það auðveldara að gera reksturinn sjálfbæran.

---

### 3. FJÁRHEIMILDIR SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN

---

Lagt er til að lögð verði áhersla á það við forstöðumenn að óheimilt er skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun.

Brýnt er að starfsmenn sveitarfélaga séu meðvitaðir um að það sé ekki heimilt skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun. Jafnframt verði forstöðumönnum gert skylt að tilkynna til viðkomandi sviðsstjóra og hann síðan til fjármálastjóra og/eða bæjarstjóra telji hann að rekstur viðkomandi stofnunar standist ekki áætlun.

Verði það niðurstaðan að svo sé verði málið lagt fyrir bæjarráð/bæjarstjórn sem síðan tekur ákvörðun um hvort gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun. Lögð er áhersla á að skv. sveitarstjórnarlögum þarf þetta að gerast áður en stofnað er til útgjalda, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Ekki er heimilt skv. lögnum að samþykkja viðauka eftir á. Jafnframt, ef útgjalda aukning er samþykkt, er skylt skv. lögnum, að gera grein fyrir því hvernig henni verður mætt.



---

## 4. VINNA VIÐ GERÐ FJÁRHAGSÁÆTLUNAR

---

Lagt er til að vinna við gerð fjárhagsáætlunar hefjist á vormánuðum fyrir næsta ár á eftir. Lögð verði þá fram tímasett áætlun um vinnutilhögun fjárhagsáætlunar. Jafnframt að forstöðumenn stofnana komi meira að gerð fjárhagsáætlunar en verið hefur.

Mikilvægt er að forstöðumenn allra stofnana, nefndir og ráð komi að gerð fjárhagsáætlunar. Forstöðumenn geri áætlun fyrir sínar stofnanir sem síðan verði unnið út frá. Mikilvægt er að fjármálasvið móti ákveðna stefnu sem unnið er eftir við fjárhagsáætlunargerðina varðandi m.a. launaáætlun o.s.frv. Jafnframt komi til greina að fjármálasviðið geri launaáætlanir fyrir sveitarfélagið sem forstöðumenn fari síðan yfir.

Gerð verði nákvæm launaáætlun fyrir hvern starfsmann hjá sveitarfélaginu.

Lögð er áhersla á að vinna við gerð fjárhagsáætlunar hefjist á vormánuðum fyrir næsta ár á eftir. Þá verði tímasett hvernig unnið verði að áætluninni o.s.frv.

---

## 5. FJÁRHAGSÁÆTLUN

---

Lagt er til að stuðst verði við núllgrunnsáætlanir við gerð fjárhagsáætlana.

Til þess að ná markmiðum fjárhagsáætlana er mikilvægt að slíkar áætlanir séu skýrar og nákvæmar.

Núllgrunnsáætlanir byggja á því að lagt sé mat á fjárþörf einstakra liða viðkomandi rekstrareiningar. Við skoðun á einstökum útgjaldaliðum hefur komið í ljós að margir hafa verið að hækka langt umfram verðalagshækkunar. Með hliðsjón af því er hér lagt til að hver útgjaldaliður verði skoðaður sérstaklega. Ekki verði gerð áætlun sem byggir eingöngu á útgjöldum næstliðins árs.

---

## 6. GREINARGERÐ MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

---

Lagt er til að með fjárhagsáætlun fylgi ítarlegri greinargerð en gerð hefur verið, þar sem gerð er grein fyrir hverjum útgjaldalið. Tekið sé sérstaklega fram hvernig eigi að ná fram tilsettum markmiðum, fjöldi stöðugilda o.s.frv.

Mikilvægt er að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem þær forsendur, sem lagðar eru til grundvallar í áætluninni, komi skýrt fram. T.d. sé gerð grein fyrir því hvað stöðugildi í hverri stofnun eigi að vera mörg. Þar komi fram þróun fjölda stöðugilda hjá viðkomandi stofnun t.d. fyrir a.m.k. fimm ára tímabil.

Sé um breytingar að ræða í fjárhagsáætlun frá fyrra ári komi það skýrt fram í greinargerðinni.

Í greinargerðinni verði m.a. gerð ítarleg grein fyrir öllum fjárfestingum sem gert er ráð fyrir að ráðast í.

Eftir því sem greinargerðin er ítarlegri því auðveldara verður að fylgja fjárhagsáætlun eftir. Bæjarfulltrúar og almenningur verður betur upplýstur um hvað samþykkt hefur verið með fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun sveitarfélagsins.

Hér er lagt til að greinargerð með fjárhagsáætlun verði ítarlegri en verið hefur hjá sveitarfélaginu.

---

## 7. GREIÐSLUÁÆTLUN

---

Lagt er til að gerð verði greiðsluáætlun fyrir hvern mánuð og hvern útgjaldalið. Launum í hverjum mánuði hjá hverri stofnun verði skipt niður á starfsmenn. Þetta verði gert strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir. Síðan verði rauntölur hvers mánaðar bornar saman við áætlun mánaðarins. Á sama hátt verði gerð áætlun um fjölda stöðugilda hjá hverri stofnun í hverjum mánuði ársins.

Með vel unninni greiðsluáætlun, sem fylgt er eftir, er hægt að koma í veg fyrir umfram eyðslu. Gerð verði áætlun um laun hvers starfsmanns fyrir hvern mánuð. Laununum verði skipt í föst laun og önnur laun. Rauntölur hvers mánaðar verði síðan bornar saman við áætlunina. Fari t.d. launakostnaður fram úr áætlun í einum mánuði verði brugðist við því.

Þannig verði einnig tekið á öðrum rekstrarútgjöldum. Virðist sem svo að útgjaldaliður sé að fara fram úr áætlun verði strax gripið til aðgerða. Það er ljóst að með þessu, miðað við reynslu annarstaðar frá, myndi nást veruleg hagræðing í rekstri sveitarfélagsins. Einnig ber að leggja áherslu á greiðsluáætlanir með hliðsjón af nýjum sveitarstjórnarlögum.

Jafnframt verði gerð greiðsluáætlun yfir framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins og áætlað hvernig þær skiptast niður á mánuði ársins.

Einnig verði gerð áætlun fyrir hvern mánuð í samræmi við fjárhagsáætlun um fjölda stöðugilda fyrir hverja stofnun. Raunfjöldi stöðugilda í hverjum mánuði verði síðan borinn saman við áætlun um fjölda stöðugilda.

Um tíunda hvers mánaðar liggi fyrir samanburður á rauntölum og áætlun um stöðuna í viðkomandi mánuði. Um er að ræða samanburð á áætlun og rauntölum bæði hvað varðar rekstur og stöðugildi. Komi í ljós að áætlun standist ekki eða svo virðist sem stefni í það verði strax gripið til aðgerða.

Í mánuði hverjum leggi fjármálastjóri fram samanburð í bæjarráði á greiðsluáætlun og rauntölum fyrir næst liðin mánuð og það sem af er árinu.

---

## 8. ÁÆTLUN UM SJÓÐSSTÖÐU

---

Lagt er til að á fyrsta virkum degi í hverjum mánuði leggi fjármálastjóri fyrir bæjarstjóra samanburð á áætlaðri sjóðsstöðu sveitarfélagsins og raunstöðu fyrir viðkomandi mánuð.

Hér er lagt til að fjármálastjóri geri bæjarstjóra í byrjun hvers mánaðar grein fyrir stöðu á bankareikningum sveitarfélagsins í samanburði við áætlaða stöðu þeirra. Þessi staða á að geta gefið fyrstu vísbendingu um ef eitthvað er að fara úrskaiðis í rekstri og fjármálum sveitarfélagsins.

---

## 9. REGLULEGIR FUNDIR

---

Lagt er til að fjármálastjóri eigi reglulega mánaðarlega fundi með forstöðumönnum, þar sem farið er yfir rauntölur í rekstri og þær bornar saman við áætlun. Virðist sem svo að kostnaður sé að fara fram úr áætlun verði tekin ákvörðun um hvernig brugðist verði við því.

Mikilvægt er að bókhaldstölur fyrir næst liðinn mánuð liggi fyrir eigi síðar en tíunda hvers mánaðar og forstöðumenn fái þær til sín og beri saman við áætlun. Til að gera þetta enn virkara er lagt til að fjármálastjóri eigi reglulega fundi með forstöðumönnum til að fara yfir rauntölur og áætlun.

Samhliða því að farið verður yfir rauntölur rekstrar og áætlun sé fjöldi stöðugilda í mánuði hverjum borinn saman við þann fjölda sem gert var ráð fyrir skv. fjárhagsáætlun. Á þetta einkum við stærri stofnanir eins og t.d. grunnskóla og leikskóla.

Sömu upplýsingar verði lagðar fyrir bæjarráð í mánuði hverjum.

---

## **10. REGLULEGIR FUNDIR BÆJARSTJÓRA MEÐ ÆÐSTU STJÓRNENDUM**

---

**Lagt er til að bæjarstjóri eigi reglulega fundi með hverjum sviðsstjóra fyrir sig.**

Hér er lagt til að bæjarstjóri eigi reglulegan fund með hverjum sviðsstjóra. Þessir fundir gætu t.d. verið aðra hverja viku.

Mikilvægt er að sviðsstjórar hafi möguleika á að hitta bæjarstjóra reglulega til að fara yfir þau ýmsu mál sem undir þá heyra. Jafnframt gefst bæjarstjóra tækifæri til þess að vera betur upplýstur um málefni sveitarfélagsins.

Samhliða þessu verði haldið áfram með reglulega fundi bæjarstjóra með sviðstjórum eins og verið hefur.

---

## **11. FUNDIR VEGNA FJÁRHAGSÁÆTLUNAR OG ÁRSREIKNINGS**

---

**Lagt er til að haldnir verði fundir með öllum forstöðumönnum sveitarfélagsins um fjárhagsáætlun og ársreikning sveitarfélagsins ár hvert.**

Mikilvægt er, þegar ársreikningur liggur fyrir, að farið sé yfir hann með forstöðumönnum og rætt hvernig til hafi tekist og jafnvel með starfsmönnum almennt. Það sama verði gert þegar fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt nema þá verði jafnframt rætt hvernig unnið skuli eftir henni. Með því móti ættu forstöðumenn og starfsmenn að vera vel meðvitaðir um fjármál sveitarfélagsins.

Einnig er mikilvægt að forstöðumenn og nefndir komi að fjárhagsáætlunargerð og gerð greiðsluáætlana samanber hér að framan.

---

## **12. SAMÞYKKT REIKNINGA UMFRAM FJÁRHEIMILD**

---

**Lagt er til að kanna það fyrirkomulag að ekki sé hægt að samþykkja reikninga rafrænt umfram fjárheimild skv. greiðsluáætlun. Ef það er mögulegt verði því hrint í framkvæmd.**

Til að virkja greiðsluáætlun enn frekar í samanburði við rauntölur er hér lagt til að kannað verði hvort hægt sé að vera með þannig fyrirkomulag, að ekki sé hægt að samþykkja reikninga ef fjárheimild er ekki til staðar. Ef það er gerlegt verði því hrint í framkvæmd.

Með þessu fyrirkomulagi verður greiðslueftirlitið virkara en ella. Þegar fjárheimild skv. greiðsluáætlun er nýtt að fullu er ekki hægt að samþykkja og fá greidda nýja reikninga umfram greiðsluáætlun. Til að fá reikning greiddan þarf að leita til fjármálastjóra og semja við hann um lausn málsins. Með þessu fyrirkomulagi verða forstöðumenn

meðvitaðri um þær fjárheimildir sem þeir hafa á hverjum tíma.

---

### 13. VIÐAUKAR

---

Leggja ber áherslu á að lögum og reglum varðandi viðauka sé fylgt eftir, bæði hvað varðar samþykkt viðauka og tilkynningu þeirra til ráðuneytisins eins og löggin kveða á um.

Með hliðsjón af því að rauntölur rekstrar fóru fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun árið 2018 í nokkrum tilfellum án þess að viðaukar hafi verið samþykktir ber að leggja áherslu á að unnið sé með viðauka eins og lög um sveitarstjórnarmál gera ráð fyrir. Þar sem þetta er mikilvæg lagaleg skylda þykir rétt að geta þessa hér og leggja áherslu á að þetta verði framkvæmt og gert í samræmi við lög og reglur þar um.

Við samþykkt viðauka verði stuðst við leiðbeinandi form um hvernig viðaukinn skuli útfærður og samþykktur. Jafnframt verði samþykktur viðauki tilkynntur til sveitarstjórnarráðuneytisins/Hagstofunnar innan 15 daga frá því hann er samþykktur eins og sveitarstjórnarlög kveða á um.

Hins vegar ber jafnframt að leggja áherslu á að reynt verði að vinna með fjárhagsáætlun þannig að ekki þurfi að samþykkja viðauka, þ.e. að láta fjárhagsáætlun standast.

---

### 14. FJÁRHAGSÁÆTLUN SEGIR TIL UM FJÁRHEIMILD

---

Lagt er til að lögð verði áhersla á það við starfsmenn að fjárhagsáætlun er ekki einungis markmið heldur segi áætlunin til um þá fjárheimild sem viðkomandi stofnun hefur. Strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir geri viðkomandi forstöðumenn grein fyrir því að starfsemin, eins og hún er fyrirhuguð, geti staðist fjárheimild til stofnunarinnar. Jafnframt verði lögð áhersla á að mánaðarlegri greiðsluáætlun verði fylgt. Líti út fyrir að hún ætli ekki að standast verði strax gripið inn í með aðhaldsaðgerðum.

Leggja ber áherslu á það við starfsmenn sveitarfélagsins að fjárhagsáætlun er ekki einungis markmið heldur segir hún til um fjárheimild viðkomandi stofnunar. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum eru greiðslur umfram fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun án þess að gerður sé viðauki við fjárhagsáætlun beinlínis brot á lögnum. Leggja ber áherslu á þetta.

Til að ná markmiðum laganna varðandi fjárheimildir er mikilvægt að gerð sé greiðsluáætlun og henni fylgt eftir.

### Laun

---

### 15. VEIKINDI

---

Lagt er til að fram fari greining á ástæðum þess að launakostnaður í veikindum er jafn hár og raun ber vitni hjá sveitarfélaginu. Jafnframt að unnið verði á ákveðnari hátt með Bradford-kvarða en gert hefur verið hjá sveitarfélaginu til þessa.

Markmiðið með greiningunni væri að finna leiðir til að bæta líðan starfsmanna og þar með auka þjónustugæði. Samhliða þess má ætla að kostnaður vegna veikinda muni lækka. Stefna ætti að því að ná launakostnaði vegna veikinda niður fyrir 5% af föstum mánaðarlaunum.

Misbrestur virðist hafa verið á að viðöl forstöðumanna við starfsmenn vegna veikinda hafi farið fram. Jafnframt að samtöl forstöðumanna við starfsmenn varðandi veikindi megi bæta og einnig skráningu þessara viðtala. Þetta hefur leitt til þess að ekki hefur verið hægt að vinna eins markvisst að veikindamálum og ætla mætti t.d. skv. Bradford-kvarða.

---

## 16. HLUTFALL LAUNA AF TEKJUM SVEITARFÉLAGSINS

---

Lagt er til að bæjarstjórn setji sér ákveðið takmark um hlutfall launa af tekjum. Markmiðið verði tímasett.

Hér er lagt til að bæjarstjórn setji sér ákveðið markmið um hlutfall launa af tekjum sveitarfélagsins. Bæjarstjórn setji sér ákveðin tímamörk um hvenær markmiðinu verði náð.

### Stöðugildi

---

## 17. FJÖLDI STÖÐUGILDA SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN

---

Lagt er til að lögð verði áhersla á að fjöldi stöðugilda hjá hverri stofnun sé í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar. Sé metið að stöðugildi þurfi að vera fleiri en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir þurfi samþykki bæjarráðs/bæjarstjórnar fyrir því.

Hér er verið að leggja áherslu á að stöðugildi hjá stofnunum séu í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar. Mikilvægt er að fjöldi stöðugilda hjá hverri stofnun sé tilgreindur í greinargerð með fjárhagsáætlun. Einnig verði fjöldi stöðugilda í mánuði hverjum skv. launakeyrslu borinn saman við fjölda stöðugilda skv. áætlun í mánuði hverjum. Samþykki bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar þarf ef fjölga þarf stöðugildum.

---

## 18. FJÖLGUN STÖÐUGILDA

---

Lagt er til að ef komi fram ósk um fjölgun stöðugilda verði lagður fram rökstuðningur fyrir því sem síðan mannauðsstjóri og fjármálastjóri fari yfir og meti og geri tillögu um hvort fallist verði á óskina eða henni hafnað.

Leggja ber áherslu á að athuga þurfi vel hvort fallast eigi á fjölgun stöðugilda sé þess óskað. Lagður verði fram sérstakur rökstuðningur fyrir óskinni sem síðan mannauðsstjóri og fjármálastjóri meti og geri tillögu um hvort fallist verði á óskina eða henni hafnað.

Þessi tillaga er hér m.a. sett fram með hliðsjón af því að á undanförunum árum hefur stöðugildum farið nokkuð fjölgandi hjá sveitarfélaginu.

### Annar rekstrarkostnaður

---

## 19. ÚTBOÐ

---

Lagt er til að öll þjónustukaup, svo sem ræstingar, tryggingar, símaþjónusta (internet tenging), raforkukaup o.fl. hjá sveitarfélaginu, verði boðið út reglulega. Þetta verði gert a.m.k. á þriggja ára fresti.

Lagt er til að öll innkaup á rekstrarvörum verði boðin út og leitað eftir hagstæðum tilboðum. Þetta verði gert reglulega.

Mikilvægt er að gætt sé aðhalds í öllum innkaupum og þess gætt að alltaf sé leitað eftir sem hagstæðustu kjörum á hverjum tíma. Með því að leita reglulega eftir tilboðum er hægt að tryggja að innkaup verði með þeim bestu kjörum sem í boði eru. T.d. verður að teljast líklegt að hagstæðari tryggingar muni fást með reglulegu útboði.

Við gerð útboðsgagna vegna ræstinga verði tíðni ræstinga tekin til endurskoðunar. Gerð verði krafa um að unnið verði samkvæmt fyrirfram gerðum gátlista, sem merkt verður inná þegar ræstingu er lokið í hvert skipti. Þannig geti eftirlitsaðili sveitarfélagsins fylgst betur með ræstingum.

Mikilvægt er að þegar hagstæðasta tilboði í rekstrarvörur hefur verið tekið verði forstöðumönnum gert að beina viðskiptum sínum til viðkomandi birgja.

Hér er um hagræðingu að ræða sem hvorki kemur niður á starfsmönnum né þjónustu. Ef eitthvað er væri jafnvel hægt að bæta þjónustuna með þeim aðgerðum sem hér eru lagðar til.

---

## 20. ÖRYGGISGÆSLA

---

**Lagt er til að kanna hvort draga megi úr kaupum á þjónustu vegna öryggisgæslu hjá Seltjarnarnesbæ.**

Hér er lagt til að kanna hvort draga megi úr kaupum á öryggisgæslu hjá Seltjarnarnesbæ.

Tafla 73: Útgjöld vegna kaupa á öryggisgæslu hjá Seltjarnarnesbæ

	<u>Öryggisgæsla</u>
2017	9.616.755
2018	7.459.458
2019	<u>10.800.127</u>
<b>Samtals</b>	<b>27.876.340</b>

Heimild: Seltjarnarnesbær

Tafla 73 sýnir útgjöld vegna kaupa á öryggisgæslu árin 2017 til 2019.

Eins og fram kemur á töflunni kostuðu kaup á þjónustu vegna öryggisgæslu árið 2019 10,8 milljónir króna. Samtals fyrir árin 2017 til 2019 var kostnaðurinn 27,9 milljónir króna.

Samkvæmt upplýsingum frá Sveitarfélaginu Árborg var kostnaður vegna kaupa á öryggisþjónustu á árinu 2017 samtals 5,1 milljón krónur og 5,5 milljónir króna árið 2018 til samanburðar.

---

## 21. ORKUNOTKUN

---

**Lagt er til að forstöðumönnum verði falið að skrá mánaðarlega alla rafmagnsnotkun og hitunarkostnað. Rafmagnið verði skráð í kwst. Síðan verði notkunin borin saman á milli mánaða og ára.**

Mikilvægt er að fylgst sé nákvæmlega með allri orkunotkun, hún sé skráð mánaðarlega og borin saman á milli mánaða og ára. Mörg dæmi eru um það hjá sveitarfélögum, þar sem þetta er gert, að komið hafi verið í veg fyrir óþarfa eyðslu á orku. Jafnvel hafa sum



sveitarfélög farið í að skrá orkunotkun á hvern fermetra og/eða rúmmetra í húsnæði og getað þannig borið saman notkunina á milli einstakra húsa. Með þessu er hægt að grípa inn í ef frávik koma fram. Utanumhald um orkumálin liggi hjá umhverfissviði.

## Fjárhags- og stjórnsýslusvið

### 22. VIÐSKIPTAKORT OG KREDITKORT

Lagt er til að athugað verði að fækka viðskiptakortum og kreditkortum í umferð hjá sveitarfélaginu. Jafnframt að reikningar vegna þessara korta fari til samþykktar eins og aðrir reikningar sem berast sveitarfélaginu.

Samkvæmt upplýsingum frá aðalbókara í desember 2019 voru sex kreditkort í notkun og 11 viðskiptakort í Bónus hjá sveitarfélaginu.

M.a. með hliðsjón af því að lagðar eru til breytingar almennt á innkaupum og einnig að telja verður eðlilegra að notast verði við innkaupakort í stað kredit- og viðskiptakorta er hér lagt til að þetta verði skoðað. Hafa verður í huga, að svo stór innkaupaaðili sem Seltjarnarnesbær ætti ekki að skipta við smásöluverslanir heldur stærri birgja að undangengnu útboði.

Samhliða þessu verði séð til þess að allir reikningar sem berast vegna þessara korta fari til samþykktar eins og aðrir reikningar, sbr. hér að framan.

### 23. KAUP Á MEÐLÆTI MEÐ KAFFI

Lagt er til að skoðað verði að sveitarfélagið hætti að kaupa meðlæti með kaffi fyrir starfsmenn.

Hér er lagt til að skoðaða verði að sveitarfélagið hætti að kaupa meðlæti með kaffi fyrir starfsmenn.

Tafla 74: Viðskipti við þrjá byrgja árið 2018 vegna meðlætis með kaffi og matar vegna starfsmanna

Númer fjárhagsreiknings:	2111	2110	
Heiti fjárhagsreiknings	Kaffikostnaður	Matvæli	Samtals
Björnsbakari	484.041	1.839.368	2.323.409
Bónus	353.960	992.462	1.346.422
Hagkaup	936.546	2.649.303	3.585.849
<b>Samtals</b>	<b>1.774.547</b>	<b>5.481.133</b>	<b>7.255.680</b>

Heimild: Seltjarnarnesbær

Tafla 74 sýnir kostnað vegna viðskipta við þrjá byrgja árið 2018 vegna kaupa á meðlæti með kaffi fyrir starfsmenn.

Ekki lá fyrir nákvæm sundurliðun á kostnaði vegna kaupa á meðlæti með kaffi fyrir starfsmenn sveitarfélagsins. Eins og þarna kemur fram var verslað við þessa þrjá byrgja vegna starfsmanna fyrir samtals 7,3 milljónir króna.

Vísa má til þess að mörg sveitarfélög kaupa ekki meðlæti með kaffi fyrir starfsmenn. Einnig má benda á að matarvenjur fólks hafa breyst mikið á síðustu árum þar sem dregið hefur verulega úr neyslu á slíku fæði.



Lögð er áhersla á að bærinn kaupi áfram mjólk og sykur til neyslu með kaffi fyrir starfsmenn.

---

## 24. FERÐAKOSTNAÐUR

---

**Lagt er til að setja skriflegar reglur um ferðakostnað.**

Hér er lagt til að settar verði reglur varðandi ferðakostnað. Fram komi í reglunum m.a. hver samþykkir ferðakostnað, hvernig hann er greiddur o.s.frv. Kemur til greina að bæjarstjóri samþykki ferðakostnað eftir að viðkomandi sviðsstjóri hefur farið yfir kostnaðinn og lagt til að hann verði samþykktur.

---

## 25. MANNAUÐSSTJÓRI

---

**Lagt er til að starf mannauðsstjóra verði eft.**

Mikilvægt er að starfssvið mannauðsstjóra sé skýrt. Starfsmönnum sé ljóst til hvers eigi að leita komi upp starfsmannamál. Lagt er til að starfsheiti starfsmannastjóri verði lagt af og öll ábyrgð starfsmannamála færð á eftl starf mannauðsstjóra. Mannauðsmál verði hjá mannauðsstjóra. Starfsheitið verði einnig skýrt. Fram komi á vefsíðunni starfsheitið mannauðsstjóri en ekki verkefnastjóri mannauðsmála eins og nú er.

---

## 26. GREIÐSLA REIKNINGA Á BÆJARSKRIFSTOFU

---

**Lagt er til að hætt verði að taka á móti greiðslum vegna reikninga á bæjarskrifstofu.**

Almennt er fólk farið að greiða reikninga í bönkum eða heimabanka. Mörg sveitarfélög hafa hætt að taka við greiðslum á bæjarskrifstofum. Fram kom í máli gjaldkera að ekki væri mikið um að fólk kæmi á skrifstofu til að greiða reikninga. Hér er lagt til að þessu verði alveg hætt.

---

## 27. GÖGN FYRIR FUNDI NEFNDA, BÆJARRÁÐS OG BÆJARSTJÓRNAR

---

**Lagt er til að hætt verði að láta bæjarráð, nefndir og bæjarstjórn hafa ljósrituð gögn send í pósti fyrir hvern fund. Í stað þess fái bæjarfulltrúar rafrænan aðgang að skjalakerfi bæjarins, þannig að þeir geti annars vegar skoðað ný gögn varðandi tiltekið mál og öll eldri gögn sem eru undir hverju máli á dagskrá viðkomandi fundar. Sami háttur verði hafður á varðandi nefndarfólk hjá sveitarfélaginu almennt.**

Hér er lagt til að hætt verði að ljósrita og senda þannig fundargögn til bæjarráðs og bæjarstjórnar. Í stað þess fái bæjarfulltrúar aðgang að þessum gögnum rafrænt. Með þessu fyrirkomulagi fæst mikil vinnuhagræðing og aukin þjónusta fyrir bæjarfulltrúa og nefndarmenn. Auðveldar bæjarfulltrúum aðgang að öllum gögnum sem tengjast einstökum málum o.s.frv. Þetta verði jafnframt gert almennt gagnvart nefndarfólki hjá sveitarfélaginu.

Þessari aðgerð verði hraðað.

---

## 28. STÖÐUGILDI Á FJÁRHAGS- OG STJÓRNSÝSLUSVIÐI

---

**Lagt er til að kanna hvort hægt sé að endurskipuleggja verkefni starfsmanna á fjárhags- og stjórnsýslusviði með það að markmiði að ekki séu fleiri en einn starfsmaður að sinna áþekktum verkefnum. Athugað verði hvort með þessu megi**

**fækka um a.m.k. eitt stöðugildi á sviðinu.**

Hér er lagt til að skoðað verði með hliðsjón af breyttum aðferðum við vinnslu verkefna og með aukinni tækni hvort gera megi störf á fjárhags- og stjórnsýslusviði markvissari. Það er mat skýrsluhöfunda að með þessu megi fækka um a.m.k. eitt stöðugildi. Komi til þess að starfsmaður láti af störfum verði þetta skoðað sérstaklega.

---

## **29. SUMARSTARFSFÓLK Á BÆJARSKRIFSTOFU**

---

**Lagt er til að ekki verði ráðið inn sumarstarfsfólk á bæjarskrifstofu.**

Það er mat skýrsluhöfunda að með því að skipuleggja sumarfrí starfsmanna á skrifstofu, þannig að þeir sem geta gengið í störf hvers annars taki ekki frí á sama tíma, megi komi í veg fyrir að ráða þurfi sumarstarfsfólk. Með þessu fyrirkomulagi verði reynt að koma í veg fyrir að ráðið verði inn sumarfólk á skrifstofu sveitarfélagsins.

**Fræðslusvið**

**Leikskóli Seltjarnarness**

---

## **30. DAGLEG LOKUN LEIKSKÓLANNS**

---

**Lagt er til að kannað verði hvort stytta megi opnunartíma leikskólans. Hann verði lokað kl. 16:30 í stað kl. 17:00.**

Mörg sveitarfélög hafa á undanförunum árum stytt opnunartíma leikskóla með hliðsjón af breyttum vinnutíma almennt hjá starfsmönnum. Sem dæmi má nefna að Reykjavíkurborg hefur tekið ákvörðun um að loka leikskólum borgarinnar kl. 16:30.

Með hliðsjón af framanrituðu er sett hér fram tillaga um að leikskólanum verði lokað í kl. 16:30 í stað kl. 17:00.

---

## **31. YFIRVINNA Á LEIKSKÓLANUM**

---

**Lagt er til að reynt verði að draga úr kostnaði vegna yfirvinnu við leikskólann.**

Á milli árána 2016 og 2018 rúmlega þrefaldaðist kostnaður vegna yfirvinnu við leikskólann. Árið 2018 var hlutfall yfirvinnu og annarra launagreiðslna samtals af mánaðarlaunum 15%. Þetta hlutfall er frekar hátt í samanburði við það sem gerist almennt hjá sveitarfélögum vegna leikskóla.

---

## **32. FJÖLDI STÖÐUGILDA Á LEIKSKÓLA SELTJARNARNESS**

---

**Lagt er til að fjöldi stöðugilda við leikskólann verði tekin til endurskoðunar og Seltjarnarnesbær marki sér stefnu um fjölda stöðugilda á leikskólanum. Sveitarfélagið marki sér stefnu um fjölda HDÍG á hvert stöðugildi.**

Eins og komið hefur fram hér að framan kemur leikskólinn ekki vel út hvað varðar fjölda HDÍG á hvert stöðugildi í samanburði við aðra leikskóla og einnig ef þetta er skoðað fyrir samanburðarsveitarfélögin í heild sinni.

Árið 2018 voru 3,2 HDÍG á hvert stöðugildi hjá Leikskóla Seltjarnarness. Almennt hefur reynslan sýnt varðandi rekstur leikskóla að því fleiri börn sem eru á leikskólum því fleiri HDÍG hafa verið á hvert stöðugildi þó ekki sé hægt að alhæfa að svo sé.

Með vísan til framanritaðs er hér lagt til að endurskoða fjölda stöðugilda við leikskólann og mörkuð verði stefna um fjölda HDÍG á hvert stöðugildi við leikskólann.

## Grunnskóli Seltjarnarness

---

### 33. GÆSLA MEÐ NEMENDUM Í MAT

---

**Lagt er til að skoðað verði að skólaliðar annist gæslu með nemendum þegar þeir matast.**

18 umsjónarkennara skipta með sér að fylgja nemendum í mat. Sumir eru að fylla upp í stöðurnar sínar með því. Ef ekki er greidd yfirvinna vegna yfirsetunnar, 20 mínútur á dag eða 2,5 kennslustundir á viku, sem eru til að fylla upp í stöðu. Í yfirsetu á dag eru 16 kennarar.

Í mörgum tilfella hafa sveitarfélög hætt að láta kennara gæta nemenda þegar þeir matast og hafa almennir starfsmenn við skóla annast þessa gæslu. Það er mat skýrsluhöfundar að með breyttu skipulagi eigi að vera hægt að nýta almenna starfsmenn án þess að fjölga stöðugildum til að hafa gæslu með nemendum þegar þeir matast.

---

### 34. STÖÐUGILDI ANNARRA STARFSMANNA

---

**Lagt er til að fjöldi stöðugilda annarra starfsmanna verði endurskoðaður.**

Með hliðsjón af því m.a. hversu hátt hlutfall launagjöld annarra starfsmanna er af heildar launagjöldum grunnskólans er hér lagt til að fjöldi stöðugilda þeirra verði tekinn til endurskoðunar. Lögð verði áhersla á að aðrir starfsmenn sinni bæði ræstingum og gangavörslu.

---

### 35. STÖÐUGILDI KENNARA, STJÓRNENDA OG ANNARRA FAGMENNTARA STARFSMANNA

---

**Lagt er til að fjöldi stöðugilda kennara, stjórnenda og annarra fagmenntaðra starfsmanna við skólann verði tekið til endurskoðunar.**

Hér er lagt til að endurskoða fjölda stöðugilda kennara, stjórnenda og annarra fagmenntaðra starfsmanna við Grunnskóla Seltjarnarness. Skoðað verði hvort ekki megi nýta fagmenntaða starfsmenn við skólann á öllum skólastigum, þ.e. að ekki verði ráðið við skólann til að starfa eingöngu við Mýrarhúsaskóla eða Valhúsaskóla.

---

### 36. STÖÐUGILDI RITARA

---

**Lagt er til að endurskoða stöðugildi ritara við grunnskólann.**

Með hliðsjón af því að stöðugildi ritara eru 2,20 við skólann er hér lagt til að verkefni ritara verði tekin til skoðunar.

---

## 37. SAMKENNSLA

---

Lagt er til að skoðað verði hvort ekki megi taka upp samkennslu á milli árganga við skólann.

Markmiðið með samkennslu á milli árganga verði að styrkja enn frekar gott skólastarf við skólann.

---

## 38. YFIRVINNA

---

Lagt er til að yfirvinna við grunnskólann verði endurskoðuð m.a. með hliðsjón af hlutfallslegri hækkun yfirvinnu á milli árunna 2017 og 2018

Hér er lagt til að yfirvinna við skólann verði tekinn til skoðunar með hliðsjón af þeirri hækkun sem orðið hefur á yfirvinnu á milli ára meðal annars. Einnig má spyrja af hverju aðrir starfsmenn en kennarar eru með yfirvinnu þegar allt skólastarfið fer fram á dagvinnutíma.

### Mötuneyti leik- og grunnskóla Seltjarnarness

---

## 39. MÖTUNEYTI

---

Lagt er til að skoða verði með að bjóða út matarkaup fyrir grunn- og leikskóla og starfsmenn sveitarfélagsins.

Eins og fram hefur komið í skýrslunni er kostnaður við rekstur mötuneytisins mikill og virðist við lauslega athugun vera mun meiri en ef maturinn væri keyptur tilbúinn af verktaka. Einnig virðist sem nokkuð vanti upp á eftirlit með að greitt sé fyrir alla sem fá mat.

Miðað við hámarksfjölda þeirra sem eru í fæði hjá mötuneyti grunn- og leikskóla reiknast kostnaður á hverja einstaka máltíð um 1.000 kr. Samkvæmt upplýsingum sem skýrsluhöfundar hafa aflað eru verktakar að selja staka skólamáltíð fyrir um 600 kr. Síðan fellur til aukakostnaður vegna ávaxta ef um slíkt er að ræða.

Með vísan til þess er hér lagt til að skoðað verði að bjóða út kaup á mat fyrir stofnanir sveitarfélagsins, þar með talinn skólamat.

### Æskulýðs- og tómstundafulltrúi

---

## 40. FRÍSTUND, SKJÓLIÐ

---

Lagt er til að frístund, Skjólíð, verði fært undir Grunnskóla Seltjarnarness. Samhliða því verði starf forstöðumanns unglinga- og barnastarfs tekið til endurskoðunar.

Margt mælir með því að frístund, Skjólíð, fyrir nemendur 1. til 4. bekkjar, heyri undir starfsemi grunnskólans. Starfsemin fer fram í húsnæði grunnskólans og að hluta til starfar starfsfólk grunnskólans jafnframt við frístund. Einnig má ætla að heyri frístund undir grunnskólann fái betri nýting á starfsfólki. Einnig er rétt að benda á að kostnaður við rekstur frístundar, Skjólísins, hækkaði umtalsvert við að færa reksturinn frá grunnskólanum yfir í sérstaka stofnun.

Samhliða því að færa frístund, Skjólíð, undir grunnskólann er lagt til að skoðað verði hvort til greina komi að endurskipuleggja skóladaginn hjá nemendum 1. til 4. bekkjar. Til greina kæmi að starfsemi frístundar færi fram t.d. að morgni fyrir annan hópinn í frístund. Spyrja má hvort kennsla gæti ekki a.m.k. að hluta til haldið áfram til kl. 14:00 en fram að þeim tíma eru börnin/nemendur flestir í frístund.

Samhliða þessu verði skólastarfið í 1. til 4. bekk tekið til endurskoðunar með það að markmiði að gera gott skólastarf enn betra.

---

## 41. SUMARNÁMSKEIÐ

---

**Lagt er til að leikja-/sumarnámskeið verði endurskoðuð með hliðsjón af því hvernig einstök námskeið hafa verið sótt undanfarin sumur.**

Ljóst er að sumarnámskeiðin hafa verið misvel sótt undanfarin sumur. Hér er lagt til að að fækka námskeiðum sem ekki hafa verið vel sótt. Sjá mynd 16 hér að framan.

---

## 42. SMÍÐAVELLIR

---

**Lagt er til að skoða að stytta opnunartíma smíðavalla t.d. að smíðavellirnir verði opnir annað hvort fyrir eða eftir hádegi yfir þá sumarmánuði sem þeir starfa.**

Með hliðsjón af fjölda barna sem sótt hafa smíðavelli er hér lagt til að skoðað verði að afmarka opnunartíma frekar en að hafa hann opinn allan daginn frá kl. 9:00 til 16:00. Lokað í hádeginu. Smíðavöllurinn verði opinn t.d. í fjórar klukkustundir á dag yfir sumarmánuðina.

---

## 43. ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDAFULLTRÚI

---

**Lagt er til að starfsheiti íþróttá- og tómstundafulltrúa verði íþróttafulltrúi.**

Tómstundafulltrúastarfið hefur að mestu flust yfir á æskulýðs- og tómstundafulltrúa. Tillaga þessi er fram komin með hliðsjón af því og hvernig þetta er í raun í dag. Íþróttafulltrúi er nú í 50% starfshlutfalli, fer áfram með íþróttamál hjá sveitarfélaginu og önnur þau mál sem hann hefur sinnt svo sem lýðheilsumál o.s.frv. Íþróttá- og tómstundasvið verði lagt niður og það fellt undir þjónustu- og samskiptasvið, sbr. tillögu 58 hér síðar.

## Sundlaug Seltjarnarness

---

## 44. YFIRVINNA

---

**Lagt er til að skoðað verði hvort mögulegt sé að endurskipuleggja vaktir við sundlaugina þannig að dregið verði úr yfirvinna.**

Greidd yfirvinna var 56% sem hlutfall af mánaðarlaunum árið 2018 og hafði hækkað um 31% frá árinu 2017 í krónum talið.

Hér er lagt til að kanna hvort hægt sé að endurskipuleggja vaktir við sundlaugina með það að markmiði að draga úr yfirvinna.

## Menningar- og samskiptavið

---

### 45. HEIMASÍÐA SVEITARFÉLAGSINS

---

Lagt er til að heimasíða sveitarfélagsins heyri undir þjónustu- og samskiptasvið, sjá hér síðar. Sviðsstjóri þess verði ritstjóri heimasíðunnar.

Eðlilegt verður að telja að heimasíða sveitarfélagsins heyri undir þann aðila sem fer með samskiptamál hjá sveitarfélaginu og hann sé jafnframt ritstjóri síðunnar. Reynslan sýnir að best fer á að fela einum aðila ákveðin verkefni.

Skjalastjóri gæti áfram haft ákveðin verkefni eins og t.d. að setja fundargerðir á vefinn o.s.frv. Hins vegar er mikilvægt að aðrir en ritstjóri síðunnar hafi takmarkaðan aðgang að heimasíðunni.

---

### 46. REKSTRARAÐILI FÉLAGSHEIMILISINS

---

Lagt er til að sveitarfélagið bjóði út rekstur félagsheimilisins. Viðkomandi aðili yfirtaki reksturinn alfarið.

Hér er lagt til að rekstur félagsheimilisins verði boðinn út og einn aðili verði gerður ábyrgur fyrir rekstri þess. Í útboðinu væri hægt að gera ráð fyrir notum sveitarfélagsins af húsnæðinu og þá með hvaða fyrirkomulagi það yrði.

Mikilvægt er að einn aðili beri ábyrgð á rekstri félagsheimilisins og á húsnæðinu. Eins og þetta er í dag koma nokkrir aðilar að málefnum félagsheimilisins.

---

### 47. HÚSNÆÐI FÉLAGSHEIMILISINS

---

Lagt er til að fram fari ítarleg úttekt á húsnæði félagsheimilisins. Í framhaldinu verði gert við húsnæðið og því komið í gott stand.

Hér er lagt til að fram fari úttekt á ástandi húsnæðis félagsheimilisins og ráðist í endurbætur á húsnæðinu. Þetta verði gert samhliða því að bjóða reksturinn út, sbr. tillaga 46 hér að framan.

Búið verði að ljúka endurbótum á húsnæðinu þegar nýr rekstraraðili tekur reksturinn yfir að undangegnu útboði.

---

### 48. LÆKNAMINJASAFNIÐ

---

Lagt er til að sveitarfélagið skipi starfshóp sem hafi það verkefni að gera tillögu um framtíð læknaminjasafnsins. Starfshópurinn skili niðurstöðu innan þriggja mánaða frá því að hann hefur störf.

Hér er lagt að starfshópur verði skipaður sem hafi það verkefni að koma með tillögu um framtíð húsnæðis læknaminjasafnsins og hann skili niðurstöðu innan þriggja mánaða frá því að hann er skipaður. M.a. verði athugað með að selja húsnæðið.

---

### 49. INNRI VEFUR

---

Lagt er til að skoðað verði að taka upp nýjan innri vef fyrir starfsmenn, sem byggir á eiginleikum Facebook.

Með því að taka upp nýjan innri samskiptamiðil, sem byggir á eiginleikum Facebook, skapast m.a. möguleiki á því að auka tengslin milli starfsfólksins og glæða með því þá tilfinningu að Seltjarnarnesbær sé í raun einn vinnustaður með um 380 starfsmenn sem sinna mjög fjölbreyttum verkefnum. Daglega getur starfsfólk birt myndir úr starfi sínu og frá starfseminni og hjálpað þannig til við að skapa þá fyrirtækjamenningu og samkennd sem gera má ráð fyrir að vilji standi til að sé á svo stórum vinnustað sem Seltjarnarnesbær er.

## Umhverfissvið

---

### 50. SVIÐSSTJÓRI UMHVERFISSVIÐS OG SKIPULAGS- OG BYGGINGAR-FULLTRÚI

---

Lagt er til að sameina starf sviðsstjóra umhverfissviðs og skipulags- og byggingarfulltrúa.

Fram kom í samtali við skipulags- og byggingarfulltrúa að hans mati væri að starf byggingarfulltrúa væri 50% starf með hliðsjón af breytingum á verksviði byggingarfulltrúa hjá sveitarfélögum almennt. Einnig kom fram í máli sviðsstjóra umhverfissviðs að 20 til 50% af hans starfi fari í starfsmannamál þjónustumiðstöðvar.

Með vísan til þessa og breyttu skipulagi þjónustumiðstöðvar m.a. er hér lagt til að þessi tvö störf verði sameinuð í eitt starf sviðsstjóra skipulags- og umhverfissvið.

---

### 51. FJÖLDI STÖÐUGILDA Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

---

Lagt er til að skoðað verði í náninni framtíð hvort til greina komi að fækka stöðugildum við þjónustumiðstöð sveitarfélagsins.

Í samamburði við önnur fjölmenn sveitarfélög vakna spurningar um hvort fækka megi stöðugildum í þjónustumiðstöð sveitarfélagsins í náninni framtíð, t.d. að þau verði 4 til 5 samtals.

Lagt er til að skoðað verði að við þjónustumiðstöðina starfi starfsmenn í tveimur stöðugildum sem annast hita- og vatnsveitu eins og verið hefur, umsjónarmaður fasteigna, sem hafi yfirumsjón með fasteignum sveitarfélögum og sinni minniháttar viðhaldi og garðyrkjustjóri í einu stöðugildi. Samtals er hér um að ræða fjögur stöðugildi auk sviðsstjóra.

---

### 52. VERKEFNI Í VERKTÖKU

---

Lagt er til að öll vélavinna, og þar með talinn snjómokstur, verði boðin út. Jafnframt verði önnur þau verkefni sem starfsmenn þjónustumiðstöðvar geta ekki sinnt keypt af verktökum. Reglulega, t.d. í upphafi hvers árs, fari fram útboð þar sem óskað verði eftir tilboðum frá verktökum í tímagjald vegna uppáfallandi verkefna hjá sveitarfélaginu.

Hér er lagt til að horfið verði frá því verklagi sem verið hefur, að þjónustumiðstöðin sinni sem mestu af verklegum verkefnum sem falla til hjá sveitarfélaginu. Í staðinn verði leitað meira til verktaka en verið hefur. Verkin verði boðin út reglulega.

Með vísan til þess að kostnaður við rekstur þjónustumiðstöðvar hefur verið nokkuð hár og einnig að sveitarfélagið þarf á næstu misserum að ráðast í kostnaðarsamar



framkvæmdir á aðstöðu fyrir þjónustumiðstöðina, ef það ætlar að hafa sama hátt á og verið hefur með rekstur hennar, er hér lagt til að skoðað verði að draga umtalsvert úr rekstri þjónustumiðstöðvarinnar og í staðinn kaupa þjónustuna af verktökum að undanegnum útboðum.

Það er mat skýrsluhöfunda að með þessu fyrirkomulagi muni draga úr kostnaði hjá sveitarfélaginu.

---

### **53. VINNUTÍMI STARFSMANNA ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR**

---

**Lagt er til að vinnutími starfsmanna þjónustumiðstöðvar verði endurskoðaður og samræmdur.**

Hér er lagt til að skoðað verði að breyta vinnutíma starfsmanna þjónustumiðstöðvar í samræmi við það sem gert var ráð fyrir í apríl 2013. Jafnframt verði skoðað hvort til greina komi að síðdegiskaffi falli niður með samkomulagi, a.m.k. hjá þeim starfsmönnum sem hætta kl. 16:00.

Jafnframt að skoðað verði að allir starfsmenn þjónustumiðstöðvar byrji og ljúki vinnudegi á sama tíma.

---

### **54. TÍMASKRÁNING OG VERKBÓKHALD**

---

**Lagt er til að starfsmenn þjónustumiðstöðvar skrái sjálfir þau verk sem þeir vinna í tímaskráningakerfi, þ.e. skrái vinnutíma og unnin verk rafrænt.**

Hér er lagt til að í stað þess að starfsmenn skrá handskrifað hvað þeir gera í verkbókhalda skrái þeir það inn rafrænt í tímaskráningakerfi. Með þessu fyrirkomulagi næst nokkur hagræðing og verið að láta stjórnsýsluna þróast í takt við tímann.

---

### **55. BIFREIÐAR, VÉLAR OG TÆKI**

---

**Lagt er til að skoðað verði með að fækka bifreiðum og tækjum hjá umhverfissviði.**

Eins og kemur fram hér að framan eru 13 starfsmenn á umhverfissviði sem hafa 9 bifreiðar til umráða eða nærri eina bifreið á hvern starfsmann. Rekstrarkostnaður bifreiðanna er lágur sem gefur vísbendingum um hversu lítið þær eru notaðar.

Með vísan til þessa er hér lagt til að kanna hvort hægt sé að fækka bifreiðum og tækjum hjá þjónustumiðstöð umtalsvert.

---

### **56. HÚSNÆÐI ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR**

---

**Lagt er til að skoðað verði að minnka það húsnæði sem leigt hefur verið fyrir þjónustumiðstöðina og umhverfissvið.**

Ljóst er að það húsnæði, sem þjónustumiðstöðin og umhverfissvið hafa til afnota og er leiguhúsnæði, er mun stærra en þörf er á. Á það einkum við um þann hluta sem ætlaður er fyrir skrifstofuaðstöðu. Hér er lagt til að kanna hvort hægt sé að komast af með minna húsnæði.

Miðað við nóvember 2019 var ársleigan fyrir allt húsnæðið 9.770 þúsund krónur.

## 57. FASTEIGNASTJÓRNUNARKERFI

Lagt er til að umsjónarmaður fasteigna fái sem fyrst fasteignastjórnunarkerfi til að vinna með.


Eins og staðan er núna hefur umsjónarmaður fasteigna ekki aðgang að rafrænum stjórnækjum varðandi utanumhald á fasteignum.

Með þessu fyrirkomulagi verður allt utanumhald vegna viðhalds á fasteignum markvissara, auðveldara að koma beiðnum á framfæri varðandi viðgerðir og einnig verður viðhaldssaga viðkomandi fasteignar skráð.

## Stjórnsýslan

## 58. FJÖGUR SVIÐ

Lagt er til að skipurit Seltjarnarnesbæjar verði samsett af fjórum sviðum, fjármálasviði, þjónustu- og samskiptasviði, fjölskyldusviði og skipulags- og umhverfissviði.



Hér er lagt til að skipurit Seltjarnarnesbæjar verði samsett af fjórum sviðum. Undir fjármálasvið heyrir fjármál, innkaupastjórnun, mannaúds- og kjaramál og upplýsingatækni.

Þjónustu- og samskiptasvið fer með önnur þau mál sem áður heyrðu undir fjármála- og stjórnsýslusvið. Auk þess færast undir sviðið menningar-, upplýsinga- og íþróttamál. Þannig sameinast menningar- og

upplýsingasvið og íþróttasvið undir þjónustu- og samskiptasvið. Með þessari breytingu verði lögð enn meiri áhersla á fjármálastjórnun en verið hefur hjá sveitarfélaginu.

Tvö svið, þ.e. fræðslu- og félagsþjónustusvið, sameinist í eitt svið, fjölskyldusvið. Með því að sameina verkefni félagsþjónustu og fræðslumála er m.a. lögð áhersla á mikilvægi þess að það starfsfólk, sem kemur að málefnum fjölskyldna, vinni náið saman. Er þetta í samræmi við þá þróun sem hefur orðið á undanförunum árum hjá sveitarfélögum um mikilvægi þess að starfsfólk, sem sinnir þessum málum vinni náið saman og viðurkenning á mikilvægi þess.

Erfitt er að sjá fram á að markmiðið með snemmtækari íhlutun nemenda leik- og grunnskóla nái fram að ganga nema þeir, sem koma að þeim málum, vinni allir náið saman. Með því að sameina þessa starfskrafta undir einni yfirstjórn má gera ráð fyrir að auðveldara verði að ná miklum árangri í þessum málum.

Mikil tengsl eru á milli mála sem hafa verið annars vegar hjá félagsþjónustusviði og hins vegar hjá fræðslusviði, en síðan lítið samráð eða samvinna um einstök mál á milli sviðanna.

Það er mat skýrsluhöfunda að með því að sameina þessi tvö svið fáið enn meira samráð, samvinna og yfirsýn yfir öll þessi mál.

Lögð er áhersla á að starfsmenn sviðsins vinni náið saman og að starfsfólk í Gamla Mýró verði með aðstöðu að Austurströnd 2.

Eins og komið hefur fram hér að framan er lagt til að starf skipulags- og byggingarfulltrúa og sviðsstjóra umhverfissviðs verði sameinað í starf sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs.

Gert verði ráð fyrir að verkefnastjóri heyri beint undir bæjarstjóra. Auk þess að sinna ýmsum verkefnum fyrir bæjarstjóra sinni hann jafnframt lögfræðimálum og gegni stöðu persónuverndarfulltrúa Seltjarnarnesbæjar.

Sjá tillögu að skipuriti fyrir stjórnslu Seltjarnarnesbæjar á fylgiskjali 2.

---

## 59. SVIÐSSTJÓRAR

---

**Lagt er til að forstöðumenn sviða beri starfsheitið sviðsstjóri.**

Hér er lagt að starfsheiti forstöðumanna sviða verði samræmt og þeir beri starfsheitið sviðsstjóri. Þannig beri þeir starfsheiti sem hér segir:

- ✓ Sviðsstjóri fjármálasviðs
- ✓ Sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs
- ✓ Sviðsstjóri fjölskyldusviðs
- ✓ Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs


Sjá frekar stjórnskipurit á fylgiskjali 2.

---

## 60. FJÁRMÁLASVIÐ

---

**Lagt er til að innheimtufulltrúi heyri undir aðalbókara. Jafnframt verði farið yfir verkaskiptingu starfsmanna sviðsins með það að markmiði að ná fram betri nýtingu á starfsmönnum.**



Hér er lagt til að innheimtufulltrúi heyri undir aðalbókara.

Jafnframt verði farið yfir verkaskiptingu á sviðinu með það að markmiði að ná fram betri nýtingu á starfsmönnum. Má þar nefna að létta af aðalbókara t.d. skönnun á skjölum o.fl., sem spurning er hvort fela megi öðrum starfsmanni. Aðalbókari komi að eftirfylgni með fjárhagsáætlun og aðstoð við fjárhagsáætlunargerð í meira mæli en verið hefur.

Sjá skipurit fyrir fjármálasvið, fylgiskjal 3.

---

## 61. ÞJÓNUSTU- OG SAMSKIPTASVIÐ

---

**Lagt er til að farið verði yfir verkaskiptingu starfsmanna þjónustu- og samskiptasviðs með það að markmiði að ná betri nýtingu á starfsmönnum og sameina störf.**

Hér er lagt til að farið verði yfir verkaskiptingu starfsmanna þjónustu- og samskiptasviðs og þá hvort til greina komi að fækka um a.m.k. eitt stöðugildi frá því sem nú er. Þetta verði gert næst þegar starfsmaður lætur af störfum.

Gert verði ráð fyrir að sviðsstjóri annist sjálfur menningar- og upplýsingamál auk annarra starfa.


Sjá fylgiskjal 4.

---

## 62. FÖLSKYLDUSVIÐ

---

Lagt er til að málefni fjölskyldusviðs skiptist í fjóra málaflokka.



Hér er lagt til að verkefnum á fjölskyldusviði verði skipt á fjóra málaflokka. Fjölskyldusvið veiti heildstæða og samþætta þjónustu þar sem þarfir íbúanna eru hafðar að leiðarljósi. Yfir sviðinu verði sviðsstjóri fjölskyldusviðs. Sjá fylgiskjal 5.

---

## 63. SKIPULAGS- OG UMHVERFISVIÐ

---

Lagt er til að á skipulags- og umhverfissviði verði sviðsstjóri sem fari með byggingar- og skipulagsmál auk þess að vera yfirmaður sviðsins.



Með vísan til þess að á næstu misserum mun draga úr verkefnum byggingarfulltrúa, sbr. breytingu á reglugerð þar um. Einnig er lagt til að breyta fyrirkomulagi á rekstri þjónustumiðstöðvar og m.a. þess vegna er þessi

skipulagsbreyting lögð fram. Sjá fylgiskjal 6.

---

## 64. HÚSNÆÐI STJÓRNSÝSLUNNAR

---

Lagt er til að athugað verði hvort öll stjórnsýslan, sviðin, geti verið í húsnæðinu að Austurströnd 2. Fram fari endurskipulagning á húsnæðinu.

Það er mat skýrsluhöfunda að markvissari stjórnsýsla fái með því að hún sé öll í sama húsnæði. Með þessu færðist félagsþjónustan úr núverandi húsnæði sem þannig yrði hægt að ráðstafa á annan hátt. Gangi þetta upp væri það einnig liður í því að minnka það leiguhúsnæði sem bærinn er nú með fyrir umhverfissvið og þjónustumiðstöðina. Benda má á að núverandi húsnæði, þá sérstaklega á annarri hæð, má opna og bjóða upp á opin rými. Í því sambandi má nefna nýtt skrifstofuhúsnæði hjá Kópavogsbæ.

---

## 65. SKIPULAGS- OG UMHVERFISNEFND

---

Lagt er til að skipulags- og umferðanefnd og umhverfisnefnd verði sameinaðar í eina nefnd skipulags- og umhverfisnefnd. Nefndin verði skipuð fimm fulltrúum.

Skipulags- og umhverfisnefnd verði bæjarstjórn til ráðgjafar í þeim málaflokkum sem tilheyra skipulags- og umhverfissviði, m.a. skipulagsmálum, byggingamálum, umferðarmálum, samgöngumálum, ferlimálum fatlaðra, hreinlætismálum, umhverfismálum, veitumálum, fasteignamálum og framkvæmdum á vegum bæjarins. Nefndin gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnu og markmið í framangreindum

málaflokkum og hefur eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga.

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs undirbýr fundi nefndarinnar í samráði við formann hennar og framfylgir því sem afgreitt er á fundum skipulags- og umhverfisnefndar. Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

Tillagan er fram komin m.a. til að gæta samræmis við tillögu um breytingu á skipuriti Seltjarnarnesbæjar þar sem lagt er til að starf skipulags- og byggingarfulltrúa og starf sviðsstjóra umhverfissviðs verði sameinuð.

---

## 66. MENNINGAR- OG ÍPRÓTTANEFND

---

**Lagt er til að ný nefnd, menningar- og ípróttanefnd, fari með málefni núverandi menningarnefndar og ípróttamál, sem færast frá ípróttta- og tómstundanefnd. Nefndin verði skipuð fimm fulltrúum. Jafnframt fari skólanefnd með æskulýðs- og tómstundamál. Með þessari breytingu verði ípróttta- og tómstundanefnd lögð niður.**

Menningar- og tómstundanefnd verði bæjarstjórn til ráðgjafar í safnamálum, menningarmálum og menningartengdum málefnum, svo sem viðburðum og málefnum bókasafns, ljósmyndasafns og fuglasafns, málefnum félagsheimilis og ípróttamálum. Nefndin gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnu og markmið í framangreindum málaflokkum og hefur eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þeim nái fram að ganga.

Sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs undirbýr fundi nefndarinnar í samráði við formann hennar og framfylgir því sem afgreitt er á fundum menningar- og ípróttanefndar. Sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs situr fundi nefndarinnar með málfrelsi- og tillögurétti. Jafnframt sitji íprótttafulltrúi fundi nefndarinnar þegar fjallað er um málefni tengd ípróttum.

Samhliða þessari breytingu er lagt til að skólanefnd fari auk núverandi verkefna með æskulýðs-, tómstunda- og forvarnarmál. Með þessum breytingum verði ípróttta- og tómstundanefnd lögð niður.

# Lokaorð

Frá árinu 2016 til 2019 fjölgaði íbúum Seltjarnarnesbæjar um 5,6%, eða um 249 íbúa. Samhliða þessari fjölgun fjölgaði nemendum í grunnskólanum um 49 og leikskólanum um 24. Stöðugildum á vegum bæjarins fjölgaði um 44,2 á sama tímabili sem leitt hefur til aukinna launagjalda. Rekstrargjöld almennt hafa jafnframt hækkað nokkuð umfram verðlagshækkunir á síðustu árum.

Samhliða þessu hefur orðið nokkur viðsnúningur í rekstri sveitarfélagsins. Á árunum 2015, 2017 og 2018 var halli á rekstrinum. Þegar lokaorðin voru skrifuð lágu niðurstöður rekstrar vegna ársins 2019 ekki fyrir, en síðasta áætlun um rekstrarniðurstöðu ársins gerir ráð fyrir að það verði einnig halli á rekstrinum árið 2019.

Þrátt fyrir það er mat skýrsluhöfunda að fjárhagsstaða Seltjarnarnesbæjar, að teknu tilliti m.a. til skulda, sé sterk. Skuldahlutfallið í árslok 2018 var 111%.

Til að gera sveitarfélaginu kleift að standast sveitarstjórnarlög, hvað rekstrarafkomuna varðar, og til að gera sveitarfélagið enn betur í stakk búið til að mæta nauðsynlegum nýframkvæmdum, viðhaldi á eignum og greiðslu afborgana af lánum þarf að bæta rekstrarafkomu A-hlutans frá því sem nú er og einnig til að auka við veltufé frá rekstri. Með auknu veltufé frá rekstri er sveitarfélagið í betri stöðu til að ráðast í nýframkvæmdir án þess að auka við lántökur.

Eftir yfirferð á rekstri sveitarfélagsins og stjórnarsýslu er það mat skýrsluhöfunda að möguleikarnir séu margir til að bæta rekstrarafkomu Seltjarnarnesbæjar. Álögur á íbúa almennt í Seltjarnarnesbæ eru lágur í samanburði við önnur sveitarfélög. Þannig mætti ætla að hægt væri að bæta afkomuna einungis með því að hækka álögur. Í þeim tillögum sem settar eru fram í þessari skýrslu er ekki lagt til að það verði gert. Frekar verði leitað leiða til að lækka útgjöld með því að gera reksturinn markvissari og með því markmiði að bæta þjónustuna.

Í skýrslunni eru settar fram 66 tillögur, sem svo til allar miða að því að bæta stjórnarsýslu, rekstur, þjónustu og starfsumhverfi starfsmanna sveitarfélagsins. Lagðar eru fram fleiri tillögur en færri. Ljóst er að þær þurfa ekki allar að koma til framkvæmda til að ná tilsettu markmiði. Skýrsluhöfundar velja þann kostinn að leggja fram fleiri tillögur en færri, þar sem þeir telja mögulegt að bregðast við, síðan er það bæjarstjórnar að velja úr.

Við gerð tillagnanna hefur verið haft að leiðarljósi að þjónusta sveitarfélagsins skerðist á engan hátt, frekar að þær leiði til betri og aukinnar þjónustu.

Það er mat skýrsluhöfunda að ef farið verður eftir þessum tillögum í meginatriðum eigi rekstrarafkoma sveitarfélagsins að geta batnað umtalsvert og reksturinn skili umtalsverðu auknu veltufé frá rekstri.

Frá árinu 2010 til 2020 er Seltjarnarnesbær sautjándi sveitarfélagið þar sem HLH ehf. hefur framkvæmt heildarúttekt á stjórnarsýslu, rekstri og fjármálum og gert tillögur með það að markmiði að bæta stjórnarsýslu, rekstur, fjárhag og þjónustu viðkomandi sveitarfélags. Um er að ræða rúm 20% af sveitarfélögum á Íslandi.

Við vinnslu þessara verkefna hefur verið lögð rík áhersla á sömu efnistöð og úrvinnslu og áður og ekki hvað síst samstöðu um þær tillögur sem gripið hefur verið til. Það er mat skýrsluhöfunda að sá góði árangur, sem náðst hefur hjá þessum sveitarfélögum, sé ekki hvað síst að þakka þeirri samstöðu sem náðst hefur á milli meiri- og minnihluta í

bæjar- og sveitarstjórnnum um þær tillögur sem ráðist hefur verið í. Leggja ber ríka áherslu á þennan mikilvæga þátt til að árangur náist.

Samkvæmt þeim tillögum, sem hér eru settar fram, þarf að grípa til ýmissa aðgerða, sem m.a. munu leiða til breytinga á starfsmannahaldi. Mikilvægt er, þegar grípa þarf til slíkra aðgerða, að samstaða sé innan sveitarstjórnar á milli meiri- og minnihluta um þær eins og segir hér að framan. Slík samstaða er mikilvæg við framgang verkefnisins og ekki hvað síst fyrir íbúa sveitarfélagsins og starfsmenn.

Hafnarfirði, 21.02.2020,

Haraldur L. Haraldsson, hagfræðingur,  
Arnar Haraldsson, viðskiptafræðingur



# Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Íbúðarhúsnæði; Mats og undirmatssvæði 2019, Höfuðborgarsvæðið

Fylgiskjal 2: Stjórnskipurit fyrir Seltjarnarnesbæ


Fylgiskjal 3: Skipurit fyrir fjármálasvið

Fylgiskjal 4: Skipurit fyrir þjónustu- og samskiptasvið

Fylgiskjal 5: Skipurit fyrir fjölskyldusvið

Fylgiskjal 6: Skipurit fyrir skipulags- og umhverfissvið


# Fylgiskjal 1




Heimild: Þjóðskrá Íslands




### Fylgiskjal 3: Fjármálasvið



## Fylgiskjal 4: Þjónustu- og samskiptasvið



## Fylgiskjal 5: Fjölskyldusvið



### Fylgiskjal 6: Skipulags- og umhverfissvið

